
Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpvörjahreppi.

Áfangaskýrsla II: Þjórsárdalur og nærliggjandi jarðir



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson

FS831-18231

Fornleifastofnun Íslands ses.

Reykjavík

2021



*Forsíðumyndin er af Sauðhúsdal/Garðabrekkum ÁR-266:002 í landi Fossness. Myndina tók
Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

© Fornleifastofnun Íslands 2021
Bárugata 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Netfang: fornleif@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem unnin var í Þjórsárdal haustin 2018 og 2019. Þjórsárdalur tilheyrir sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Skráðar voru fornleifar á fjórum lögbýlum og afréttarlandi Gnúpverja og Skeiða- og Flóamanna auk minja sem ná yfir fleiri en eina jörð. Skráningarsvæðið afmakaðist að mestu við Þjórsárdal. Skráðar voru mjög fjölbreytilegar fornleifar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög, sel og samgönguminjar.

Í skýrslunni birtast upplýsingar um 395 fornleifar sem skráðar voru á 272 minjastöðum. Ástand fornleifa á skráningarsvæðinu er tæpur þriðjungur horfinn af yfirborði. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið vegna túnasléttunar, uppblásturs og trjáræktar. Uppblástur hefur haft gríðarleg árif á menningarlandslag á þessum slóðum um aldir.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, Þjórsárdalur, byggðasaga, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Summary

This report presents the results of a general archaeological survey of Þjórsárdalur which forms a part of Skeiða- og Gnúpverjahreppur, a municipality in southern Iceland. The report is a part of a large scale survey project that aims to record all known archaeological sites within the municipality in coming years. The fieldwork was carried out in the autumn of 2018 and 2019. A wide range of archaeological sites was identified, including farm mounds, stables, various types of animal folds, as well as shielings and old tracks.

One third of the archaeological sites known in the survey are no longer visible on the surface. Most of these have been damaged by home field levelling and tree planting in the 20th century. Erosion has also been ongoing in Þjórsárdalur for centuries and has impacted the cultural landscape drastically.

Keywords:

Institute of Archaeology Iceland, archaeology, general survey, Þjórsárdalur, local history, Skeiða- og Gnúpverjahreppur


Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
ÁR-263 Skriðufell	13
ÁR-264 Ásólfstaðir	45
ÁR-265 Hagi	60
ÁR-266 Fossnes	83
ÁR-671 Fornleifar á fl. en einn jörð	101
ÁR-673 Gnúpverjaafréttur	112
ÁR-753 Flóa- og Skeiðamannafréttur	149
5. Saga skráningarsvæðisins	173
6. Samantekt helstu minjaflokka	182
Bæjarhólar, bæjarstæði og býli	182
Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir	184
Útihús, kál- og túngarðar	185
Kvíar og stekkir	189
Brunnar og vatnsból	190
Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir	190
Efnisvinnsla	193
Samgönguminjar	194
Fjárleitir	196
7. Niðurstöður	198
Heimildir	203
Óprentaðar heimildir	208
Viðauki I: hnitaskrá í ISN93	210
Viðauki II: Minjakort	215

1. Inngangur

Í upphafi árs 2018 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Skeiða-og Gnúpverjahreppur með sér samning um aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu.¹ Samningurinn var til eins árs og vegna fyrirætlana um uppbyggingu innan Þjórsárdals, var ákveðið að einblína á dalinn og nærliggjandi jarðir. Framhald varð á vinnunni árið 2019 og aðalskráningu þá lokið í dalnum. Þrátt fyrir að rannsóknarsaga Þjórsárdals sé löng hefur heildstæð fornleifaskráning með þeim aðferðum og skilgreiningum sem nú tíðkast ekki verið gerð fyrir en nú. Á árunum 1999-2001 var unnið að verkefninu Vestnordisk byggeskik i vikingtid og middelalder. Verkefnið var samvinnuverkefni Fornleifastofnunar Íslands ses og danskra og norskra samstarfsaðila. Eitt af markmiðum þess var að endurmeta eldri fornleifarannsóknir í Þjórsárdal og 10 rústir voru teiknaðar upp á völdum bæjarstæðum. Hluti af rannsókninni var einnig hnitsetning á öllum þekktum bæjarstæðum í Þjórsárdal og lýsing á nánasta umhverfi þeirra. Ekki var gefin út heildarskýrsla með umræddum upplýsingum en þær voru færðar inn í Ísleifu, menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands ses. Nauðsynlegt var uppfæra þessa skráningu auk þess að horfa yfir menningarlandslag svæðisins í heild, þar eru minjar frá öllum tímabilum Íslandsögunnar.

Skráningin sem skýrsla þessi fjallar um fór að mestu fram haustin 2018 og 2019. Skráningarsvæðið afmarkaðist við jarðirnar Fossnes, Haga, Ásólfstaði og Skriðufell og fornleifar



Kort sem sýnir skráningarsvæðið. Skráðar fornleifar sjást sem hvítir punktar.

¹ Áður höfðu þéttbýlissvæði innan sveitarfélagsins verið aðalskráð, sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2017.

sunnarlega innan afrétta Gnúpverja og Skeiða – og Flóamanna. Syðsti hluti afréttar Gnúpverja var girtur árið 1938 og friðaður fyrir beit. Skógræktargirðingin náði frá Háafossi um Hólaskóg til Þjórsár við austanvert Sandafell og gróflega var miðað við hana þegar skráningarsvæðið var afmarkað til norðurs. Að auki voru skráðar fornleifar sem náðu yfir fleiri en einna jörð, aðallega samgönguminjar. Að auki eru hér upplýsingar um aðrar fornleifar sem skráðar voru vegna framkvæmda við Búrfell og Sultartangavirkjun og fornleifar sem fundust í rannsókninni Þjórsárdalur úr lofti: Skráning fornminja 2018.² Samtals er í skýrslunni að finna upplýsingar um 395 fornleifar á 272 minjastöðum.

Við skráninguna var farið á jarðirnar sem til rannsókna voru, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var gerð grein fyrir staðháttum, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn sé að finna og fornleifum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki sjást á yfirborði voru þær mældar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Staðsetningarhnit var tekið á öllum þeim minjastöðum sem unnt reyndist að staðsetja og eru þeir sýndir á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið lagði til í landfræðilegum upplýsingakerfum (GIS). Um vettvangsvinnu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, fornleifafraeðingar. Áður hafði Orri Vésteinsson skráð minjar í Þjórsárdal fyrir Fornleifastofnun eins og kom fram hér ofar, sú vinna var notuð og byggt ofan á hana. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands nema annað sé tekið fram. Ragnheiður Gló sá um verkstjórn og ritun skýrslu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið farið yfir aðferðafræði við skráningu Fornleifastofnunar Íslands (3. kafli). Í fjórða kafla er ítarleg fornleifaskrá. Í skránni er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í fimmta kafla er fjallað um byggðasögu innan skráningarsvæðisins. Í kjölfarið er að finna samantekt um helstu minjaflokka sem skráðir voru (6. kafli). Að lokum eru niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (7. kafli). Í skýrslulok fylgir ítarleg heimildaskrá, aftast eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna á því svæði sem fjallað er um.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Nöfn þeirra heimildamanna sem lögðu skrásetjurum lið og miðluðu af þekkingu sinni um minjar á svæðinu er að finna aftast í heimildaskrá.

2 Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019, 2020a, 2020b.

2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skóðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.³

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun var fyrst og fremst gengið á staði sem einhverjar vísbendingar eru um og viðbúið að fleiri minjar geti fundist þar sem ekki var farið yfir.

³ Sjá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingunúmer aftast í töluröðina (dæmi: ÁR-191:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti um skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um. Rétt er að taka fram að skráningu er ekki lokið á þeim afréttum sem birtast í skýrslunni og því eru í henni aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem skráðar voru þar. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni þegar kemur að afréttum.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (t.d. álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur mæling hnattstöðu sem er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Áætlað frávik frá miðju er ekki meira en 1 metri að meðaltali.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem

fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.


Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlurverk Hnattstaða í landsnitakerfi ISN93

Sýslutákn **SP-175-009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt úthús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhláðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hölfir virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hölfir norðvestan við hana. Nokkur hölmýndum er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Hætta sem stöðjar að fornleif

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

ÁR-263 Skriðufell

1686: 23 hdr 80. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 23 hdr 40. Jörðin hafði þá verið í eyði síðan 1693, skv. The Old Icelandic Land Registers, 107.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216.

1847: 8 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 64.

1540: Minnisgreinar Gizurar biskups: “Jtem er siera Einar ecki mann til ad hafa þjngin sem er Nups kyrkiu med bænhusinu skridufelli og haga. þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi,” DI X, 563.

1615: “Um austurskogana j Ärnnessylu fyrir vtan Þiotzä og þeirra ørnefni nordur fra Sandartungu. [...] Jtem sagdist greindur Bryniolfur Eyolfsson hafa bvid [...] v är allz ä skridufelle,” DI XIII, 168-169.

“Kallstader, forn eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni í úthögum, og hefur ekki bygð verið í manna minni,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 217. Til Skriðufells falla einnig eftirtaldar eyðijarðir: Áslákstunga fremri, Áslákstunga innri, Fagriskógur og ónefndur bær í Grjótárkrók.

“Skógarítök tvö á staðurinn [Steinshollt (ÁR-272)], annað í Skriðufellslandi þar sem Dímon heitir, en annað í Sandártungulandi, hálf t Þórðarholt. Þessi ítök hafa brúkast langvarandi átölulaust, en eyðast mjög fyrir sandfalli úr Heklu og so lángsamlegri brúkun,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 223.

“Skógarítak á jörðin [Hamrar (ÁR-275 og ÁR-276)] í Skriðufellslandi í takmörkuðu plátsi, þar sem heitir Dímon; það brúkar jörðin átölulaust, en eyðist nú mjög,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 225.

“Skógarítak á jörðin [Háholt (ÁR-281)] í Skriðufellslandi, norðanvert í Dímon. Það hefur brúkast til kolgjörðar og eldiviðar, en eyðist nú mjög,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 230. Árið 1896 voru 4 bæjarhús og 8 peningshús í Skriðufelli. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 bæjarhús og 7 peningshús mjög skemmd en 1 bæjarhús og 1 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.

“1937, þegar Skriðufellið komst í eigu Skógræktar ríkisins, voru höfð makaskipti á landi við Flóa- og Skeiðahreppa. Þannig féll hluti af landi jarðarinnar undir afrétt Flóa- og Skeiðamanna, en hluti af afréttinum kom á móti,” segir í örnefnaskrá BJ, 1.

“Sama ár 1938 eru höfð makaskipti milli Skógræktar ríkisins og hreppsnefnda Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakahrepps, um að:

1. Hreppsnefndir ofannefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar sem liggur úr kletti við Sandá, norðan Háholtsskógar, norður fyrir Reykholt, austan Rauðukamba, inn með Fossá, að Háafossi, fyrir það land sem um getur í 2. grein.


2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðufells í Gnúpverjahreppi, ofan og vestan fyrrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétti fyrir það land sem um getur í 1. grein,” segir í örnefnaskrá BG, 5.

Ekki er föst ábúð á Skriðufelli. Íbúðarhúsið er nýtt sem heilsárshús, hluti er komin undir sumarbústaði og skógræktin nýttar aðra hluta jarðarinnar.

Túnakort 1919: Tún 8,65 ha, allt slétt. Matjurtagarðar heima og utan túns 6,6 harar.

“Skógur til eldiviðar bjarglegur, til kolgjörðar mjög eyddur. [...] Túninu granda skriður og jarðföll úr brattlendi, ogso sandfjúk og vikur til stórskaða og eyðileggingar. Engjar eru að kalla eyðilagðar fyrir skriðum og sandfoki, og verður þá að þíða sjó fyrir menn og fjenað,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216-217.

“[Jörðin] liggur að afrétti Flóa- og Skeiðamanna, fjallendi að mestu og hlíðarnar skógi vaxnar. Fram yfir 1930 voru nokkur hlunnindi af eldiviðartöku til heimilisnota og sölu í næsta nágrenni. Mýrlendi í Skriðufellsnesi hefur nú verið ræst fram og ræktað í tún. [...] Fjallendið hefur verið tekið til skógræktar, en tún og annað undirlendi verið nýtt til búskapar [...]. Hlunnindi eru af vikurtekju og silungsveiði í Fossá,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 347.



ÁR-263 Skriðufell

Skýringar	
---	Tilgáta
□	Bæjarhóll
■	Minjar
□	Þúst

Skráðar fornleifar í heimatúni Skriðufells.
Túnakort frá 1919 er í bakgrunni.

ÁR-263:001 *Skriðufell* bæjarhóll bústaður
Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1919, nánast í miðju heimatúninu. „Bærinn snýr mót suðvestri.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal sem birtist árið 1884-85 og lögun bæjahólsins ber það með sér. Engin hús eru lengur á bæjarhólnum, núverandi íbúðarhús er 30 m norðar og var byggt árið 1977. Gamla íbúðarhúsið var byggt árið 1936 á miðjum bæjarhólnum. Húsið var rífið um árið 2000. Á ljósmynd í bókinni *Íslands Pompeji* sést bærinn á Skriðufelli árið 1939. Þar er íbúðarhúsið vestast og útihús í einfaldri röð til austurs frá því. Ekki er fóst ábúð á jörðinni, skógræktin á stóran hluta hennar, þar eru nokkur sumarhús og íbúðarhúsið er nýtt sem heilsárshús.

A 453305 N 401492



Bæjarhóll ÁR-263:001, horft til norðvesturs.

Heimatúnið á Skriðufelli er slétt og grasivaxið. Það er ekki nýtt lengur og komið í órækt. Búið er að planta trjám umhverfis allt túnið.

Bæjarhóllinn er 70 x 40 m að stærð, sléttur og snýr VNV-ASA. Malarvegur að núverandi húsum liggur þvert yfir austurhluta hólsins og hefur gerð hans án efa valdið raski. Hóllinn er 1 - 1,5 m á hæð til suðurs en til norðurs fjarar hann út í túninu. Suðurbrún bæjarhólsins brött og búið er að planta trjám ofan á honum. Mikið af njóla er einnig þar að finna. Þessi hluti bæjarhólsins virðist ekki hafa verið sléttaður jafn mikið og norðurhlutinn. Austan við malarveginn er bæjarhóllinn tveggja metra hár og skagar til suðausturs. Í norðvesturhorni hólsins er lítil, gróin þúst en tilgangur hennar er óljós. Járnstaur stendur upp úr bæjarhólnum sunnan við hana. Þústin er 3x2 m að stærð, snýr norður-suður og er 0,6 m á hæð. Hvergi sjást greinileg mannvistarlög annars staðar á yfirborði hólsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Brynjúlfur Jónsson, 48; Steffan Stumann Hansen, 64

ÁR-263:002_01 *Áslákstunga fremri* bæjarstæði býli

A 456606 N 403680

1555-87: “Þa eru Aslakstungur sem stadurinn ä. Sagt er ad Holastadur eigi þar elldevidar jtak i.” segir í skógaskrá Skálhóltsstaðar.

1709: “Áslaks Tungur tvennar, 7da og 8da eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “áslákstungur/Áslákstungur aðrar - hefur sjest til bæjarstæðis.” Ekki er vitað um hvorn bæinn þetta á við, þennan eða Áslákstungu innri 004.

“8. Áslákstunga hin fremri hefir staðið sunnan undir bröttum múla, sem er fremst í Áslákstungnafjalli. Lögun rústarinnar sjest, nema nokkuð af suðurhliðveggnum, sem er runnið sundur í sandinum. Rústin skiptist í 2 aðaltóttir og aðrar 2 bak til. Vestari aðaltóttin er 4 1/2 alin á vidd og 10




Uppmæling af minjum í Áslákstungu fremri ÁR-263:002.

álna löng, ok hefir dyr austast á suðurhliðvegg, og aðrar inn í hina eystri, gegnum millivegg eða miðgaf. Sú tóttin er 20 álna löng og jafnvíð hinni; hún hefir líklega haft dyr á suðurhliðveggnum, þar sem nú er úr fallið. Úr henni er innangengt í hinar 2 tóttir baktíl; er önnur austur við horn, 6 álna löng og 3 álna víð; hin er vestur við miðgafinn 8 álna löng til norður og 4 álna víð. Óglöggar leifar af fjósrúst [002_02], að því er virðist, eru skammt fyrir austan bæjarrústina.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-85.



Skáli ÁR-263:002_01, horft til vesturs.



Uppmæling af skála ÁR-263:002_01.

“11. Áslákstunga fremri er á vesturbakka Sandár á háum rana, sem gengur fram af suðurmúla Áslákstungnafjalls (nú nefnt Áslákstungur) gegnt Vegghömrum. Nánari lýsing ásamt uppdrætti Árb. ‘84-5, nr. 8. Þorsteinn Erlingsson mun eitthvað hafa grafið í rústina 1895 en rústin var öll grafin upp 1939. Þar er einnig greinileg afstöðumynd, sem auðvelt er að finna rústina eftir,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

Um uppgröftinn á Áslákstungu fremri árið 1939 er fjallað í bókinni Forntida gárdar í Island. Þar eru merkt á kort bæjarhús, útihús [002_04] um 20 m VNV af bæ og annað útihús [002_2] um 45 m austur af bæjarrústinni.

“Áslákstunga fremri hefur staðið sunnan undir bröttum múla sem er fremst í Áslákstungnafjalli og á vesturbakka Sandár gegnt Vegghömrum. Lögun rústarinnar sýnir að þarna er bæjarrúst og óglöggar leifar af fjósrúst að því er virðist er skammt fyrir austan bæjarrústina. Bæjarstæðið var grafið upp 1939 og auk þess hafði Þorsteinn Erlingsson grafið dálítið í rústirnar 1895.” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Sandá fellur fast neðan (austan) við Vegghamra og við norðurenda þeirra er rjóður með birkiskógi í hlíðum hamranna en er að mestu gróðursnautt í botninn. Norðvestan við þar sem Sandá gengur lengst í vestur inn í rjóðrið er rúst Áslákstungu fremri uppi á sandöldu, um 70 m frá ánni (bæði sunnan og vestan við hana). Friðlýsingarskilti er á rúst 01. Minjarnar eru á svæði sem er 230 x 40 m að stærð og snýr austur-vestur. Þrjár rústir voru þekktar á bæjarstæðinu en í verkefninu Þjórsárdalur: skráning fornminja úr lofti fannst grjótdreif 4 nokkuð austar.

Melgresisbrúskar eru á bæjarstæðinu en annars er það alveg gróðurlaust. Lúpína vex inn á milli melgresisins. Bærinn er undir háum klettastalli og er brekka niður af bæjarstæðinu að ánni. Undirlendi er því sáralítið næst rústunum, en teygingar eru norður með Sandá og hugsanlega hefur verið engi í rjóðrinu suðvestan við. Handan árinna er hinsvegar sléttlendi, nú sandauðnir.

Skáli 002_01 er vestarlega, fyrir miðju svæðisins. Útlínur hans sjást vel á yfirborði, einkum suðurendinn og er lítið grjót inni í honum. Hann er 35x16 m langur og snýr austur-vestur. Afhýsið sést einnig vel og stendur það um 0,5 m hærra en aðrir hlutar rústarinnar en hún lækkar öll mjög til austurs. Í kringum tóftina, einkum neðan við til austurs er mikil grjótdreif. Árið 1999 sást grjótbíngur um 30 m norðan skálann sem vísast er sérstök bygging. Hann sást ekki árið 2018. Suðvestan og neðan við skálann var önnur grjótdreif árið 1999 sem gæti verið úr garði eða húsrúst. Hún var einnig horfin árið 1999.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 218; Brynjúlfur Jónsson, 48; Ruins of the Saga Time, 61; FGI 113-120; Árbók 1954, 9; ÁFÍ 1996, 96; Friðlýsingaskrá, 59; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 25-27; Minjavefsja Minjastofnunar Íslands

ÁR-263:002_02 þúst fjós

A 456629 N 403708

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1884-85 segir: „Óglöggar leifar af fjósrúst, að því er virðist, eru skammt fyrir austan bæjarrústina [002_01]“. Fjósið er um 15 austan við

skálann, þar er geinilegur hóll þakin hleðslugrjóti. Hann er 14 x14 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur en erfitt er að áætla hæð hans vegna rofs og fyrri rannsókna á hólnum. Á yfirborði má greina óljósa vegg, grjótdreifin er þéttari og örlar fyrir jarðvegi að auki. Hóllinn er gjörblásinn.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

ÁR-263:002_03 þúst útihús

A 456528 N 403705

Í minjavefsja Minjastofnunar Íslands sést grjótdreif sem var mæld upp árið 2008, um 30 m vestan við skála 002_01. Hún er 25x6,5 m að lengd og snýr austur-vestur. Á ljósmyndum sem teknar voru af Áslákstungu fremri árið 1976 og eru aðgengilegar í Sarpi sést minni grjótdreif, skammt norðar en þessi. Sú dreif sést einnig á teikningum frá 1939 og er komin undir svörð að öllum líkindum en gróðurfar hefur breyst mikið á svæðinu á undanförunum árum. Báðar þessar dreifar tilheyrðu að öllum líkindum sama mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs



Fjós ÁR-263_002_02, horft til vesturs.

ÁR-263:002_04 þúst útihús

A 456606 N 403680

Steinadreif fannst við yfirferð loftmynda árið 2018 í verkefninu Þjórsárdalur úr lofti: Skráning fornminja. Grjótið er á stakstæðum hól og er rúmum 90 m austan við skála 002_01. Dreifin er um 20x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Löggun steinaraðanna sem og staðsetning bendir sterklega til mannvistar þar undir sverði. Á teikningum sem gerðar voru á svæðinu árið 1939 er þessi hóll sýndur en ekki er ljóst af hverju mannvirkið sást ekki þá. Líklegasta skýringin er tilfærsla á jarðvegi og grjótið ekki verið sýnilegt.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

ÁR-263:003_01 Áslákstunga innri bæjarstæði býli

A 457151 N 404892

1555-87: “Þa eru Aslakstungur sem stadurinn ä. Sagt er ad Holastadur eigi þar elldevidar jtak i,” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

1709: “Áslaks Tungur tvennar, 7da og 8da eyðijörð,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “áslákstungur/Áslákstungur aðrar - hefur sjest til bæjarstæðis.” Ekki er vitað um hvorn bæinn þetta á við, þennan eða Áslákstungu fremri 002.

“9. Áslákstunga hin innri hefir staðið litlu lengra inn með suðausturhlíð fjallsins. Sjest þar glögggt öll bæjarrústin og líkist að lögun hinni næst töldu á undan. Hún er stærst allra rústanna sem sjást í dalnum, og er hún öll 50 álna löng, frá suðvestri til norðausturs, en skiptist í 2 tóttir; er hin suðvestari 5 1/4 al. við og 14 ál. löng, með dyr á framhliðarveggnum nálægt 3 ál. frá miðgaflinum - sem er 3 ál. á þykkt - og aðrar gegnum hann inn í norðausturtóttina sem er 33 ál. löng og 6 álna víð og þó rúmlega það í norðausturendann. Nálægt 12. ál. frá honum eru aðrar dyr á framhliðarveggnum. Nálægt miðjum bakvegg þessarar tóttar eru dyr, sem ganga inn í aðra tótt, bak til, sem er 5 álna löng og 3 álna víð. Skammt vestur frá bæjarrústinu er fjóstóttin [003_02], 22 álna löng og 6 álna víð. Þar standa nokkrar báshellur (beslur) hvoru megin og tæpur faðmur í milli hverra tveggja. Hlöðudyr hafa verið í miðjum vesturhlíðvegg, og halað verið þeim megin, en tótt hennar sjest ekki nema að nokkru leyti.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-85.

1896: “Áslákstunga hin innri ligger nedenfor en stejl Skrænt og i Nærheden af Sandá, som loper tæt foran Husfronten. Hele Terrænet er nu ikke andet end sort Sand og Grus, uden Vegetation. Der findes tre Ruiner: a) De sammenstillede Beboelseshuse paa Linie med en Udbygning bag ud. Kompleksets Hovedretning er N. O.-S. V., og Hoveddoren vender mod S.O. Væggene, hvis Tykkelse varierer fra 1,83 m til 2,13 m, har aabenbart været bygget af Sten og Græstorv med Jord i Midten. Græstorven og Jorden er nu hensmuldret og foget bort, saa Stenene alene angiver Væggenes Begrænsning. En Doraabning (1,85 m bred) findes, saa vidt skønnes, mod Ost. Den forer ind til Rum A, hvis ostlige Ende synes at have været afdelt fra Hovedrummet. Der ses nemlig en Række Sten tværs over Rummet, hvilke kan have



Uppmæling af minjum í Áslákstungu innri ÁR-263:003.

været Fundament for en Bræddevæg (b-b). A, hvis samlede indv. Længde var 20,61 m, og hvis tilsvarende Bredde varierede fra 3,76 m i Vestenden til 5,2 m i Ostenden, var i den større, vestligere Del (15,1 m lang og 3,76 m Bred) dybere liggende end i den mindre, østlige, idet Gulvfladen, ifølge Erlingsson, her var 25 cm lavere. I det mindre Rum fandtes et Par Sten (c-c1), de syntes at have været udsat for Ild, og rundt om hvilke Aske og Slagger bredte sig. Det formodes, at der her havde været smedet. Lige Nord for dette Ildsted fandtes et firkantet Hul (d) i Gulvet (42 cm x 50 cm samt 34 cm dybt). Det var omsat med sten til Bunden, der bestod af Ler, over hvilket var en meget haardt oksyderet Skorpe, som gjorde det sandsynligt, at der her

havde været en Vandbeholder til Brug i Smedjen. Mod Nord ved Ydervæggene i Rum A, men lige ved Forhøjningerne i dets østre Ende fandtes et Hul (68 cm langt, 63 cm bredt og 40 cm dybt), stensat paa Sider og Bund (g). Da det var fuldkommen fyldt med Trækul og Aske, kunde der ikke være Tvivl om, at der her havde været et Ildsted. - Længs Nordvæggen fandtes en 1,22 m bred og 18-26 cm høj Forhøjning af Jord og Sten (Langpal) (h-h) med enkelte Sten i Randen. Ved dennes vestlige Ende var et stort Hul (p), ligesom ved den østlige Ende (1,68 m langt, 1,22 m bredt og 0,45 m dybt). Det var ikke beklædt med Sten og synes ikke at have været Ildsted, men en større Beholder (til Vand?). Længs Rummets Midte var der tildels brolagt, og her har Langgildene sikkert været tændt, thi der fandtes aske og Kul paa Brolægningen saa vel som ogsaa uden for denne hen langs Rummets Midte (j). - En lille firkantet, hul Fordybning af Sten havde aabenbart været brugt til at bevare Ilden om Natten. Denne "feluhola" (0,30 m lang, 0,25 m bred og 0,46 m dyb) sad midt i Brolægningen. Den var fyldt med Trækul og Aske. - Længs Sydsiden af Rummet var ingen Bænk af Jord eller Sten. Grunden laa her i Højde med Rummets Midte. Længs den nordre Side stod i Randen af Forhøjningerne med visse Mellemrum større flade Sten paa hokant (h1-h1). Om de har dannet Grænserne for mulige Sengesteder er ikke godt at sige. Fra A forte Dore til B og C. Deres Bredde var 1,25 m. Husrum B (7,53 m x 3,76 m i Maal) har baade langs Nord- og Sydvæggen en lille smal Forhøjning (0,35 m bred, 0,15 a 0,20 m høj langs Nordvæggen og 0,15 a 0,46 langs Sydvæggen). Randene var stensat. I rummets ene Hjørne var ind i Væggen anbragt et lidet Rum (0,61 i Firkant) ved Gulvet (u). Det var fyldt med Aske og Kul, var altsaa formentlig et Ildsted, hvis nærmere Bestemmelse dog var uklar. Rum C (5,2 m x 2,50 m) har intet Ildsted og er formentlig Bur. Rum D (5,2 m x 2,82 m) har ej heller noget Ildsted og er formentlig en skemma eller et útibúr. Dets ene Gavll synes at have vendt mod Kompleksets Front. b) Omtrent 50 m Vest for Indhusene ligger, med Længderetning vinkelret mod disse, en Kostald. Murtykkelsen har været ca. 1,50 m. Den Indvendige Længde er ca. 15 3/4 m (50 fod), Bredde 4,8 m (13 Fod). Stalden har Indgang i Gavlen mod Syd. Flere Steder ses flade Baasesten, som rager op over Jordsmonnet i den sædvanlige indbyrdes Afstand af ca. 1 m. Stalden har kunnet have en Besætning af ca. 30 Koer. c) Omtrent 4 1/2 m Vest for Staldens Nordende ligger Fundamentet til en lille Bygning eller Indhegning 2 m i Firkant. Mulig har det været et útibúr. Flere Ruiner findes ikke i Nærheden." segir í bókinni Ruins of the saga time, eftir Daniel Bruun.

"12. Áslákstunga innri er í fjallsrótunum rétt við Sandá örskammt fyrir innan Áslákstungnagilið (klettagil með fossi og skógartorfu á suðvesturbakka. Skógartorfan sést langar leiðir að. Nánari lýsing og uppdráttur Árb. '84-5, nr. 9. Þorsteinn Erlingsson og Brynjúlfur Jónsson grófu bæjarrústina upp 1895 (skýrsla ásamt uppdráttum og ljósmyndum RST, bls. 30-42)," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

"Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MP 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927," segir í friðlýsingaskrá.

"Áslákstunga innri hefir staðið litlu innar með suðausturhlíð fjallsins, nánar sagt í fjallsrótunum rétt við Sandá og örskammt fyrir innan Áslákstungnagil. Er þar klettagil með fossi og skógartorfu á

suðvesturbakkanum er sést langt að. Á nítjándu öld sást þar glöggt öll bæjarrústin. Hún var stærst allra rústanna sem sáust í dalnum, alls um 30 m löng frá suðvestri til norðausturs en skiptist í 2 tóftir, tæplega 4 m breiðar. Skammt vestur frá bæjarrústinni er fjóstóftin, 14 m löng og tæpra 4 m víð. Þar stóðu nokkrar báshellur (beslur) hvoru megin og tæpur faðmur í milli hverra tveggja. Fjósið mun hafa getað hýst um 30 gripi svo þetta hefur ekki verið neinn kotbær. Þorsteinn Erlingsson og Brynjúlfur Jónsson grófu þessa bæjarrúst upp árið 1895. Síðar skoðaði Daniel Bruun rústirnar með Þorsteini [...] Í austurenda skála [...] er steinaröð sem bendir til þess að austurendinn innan við útidyrnar hafi verið skilinn frá skálanum. Í þessum hluta fannst sindur og sérkennileg gröf sem Þorsteinn og Daníel töldu vera kæliker úr smiðju. Kristján Eldjárn ritaði grein sem birtist í bókinni Eldur er í norðri árið 1982 um “að setjast í aflgröf” þar sem hann fjallar m.a. um smiðjuna í Stöng og í Áslákstungu innri. Kristján telur umrædda gröf hafa verið fyrir fætur járnsmiðsins þá er hann settist í aflgröf og lúði járn. Hafi hann með þessu móti getað setið við vinnuna og smíðatólin þá verið innan seilingar,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Rústir Áslákstungu innri eru austan undir klettabelti sem er syðsti hluti Fagraskógarfjalls, um 200 m norðan við kjaft Áslákstungugils, innan við 100 m vestan við Sandá.

Rústirnar eru í brekkurótum, og er brekkan og flatlendið neðan við að mestu gróðurlaust en efri hluti bæjarrústarinnar er gróinn. Lækjargil er fast sunnan við fjósrústina og hefur vatn runnið norðan með henni einnig.

Minjasvæðið er 100x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjartóftin sést sem grjótdreif framan í moldarbarði og má greina steinaraðir sem ganga þvert inn í barðið. Hún er um 33x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Mögulegt er að hluti rústarinnar sé undir barðinu.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 218; Árbók 1884-85, 48-49; Ruins of the Saga Time; Fortisminder, 139-40; Árbók 1954, 9; ÁFI 1996, 97-98; Friðlýsingaskrá, 59; Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands

ÁR-263:003_02 tóft fjós

A 457081 N 404859

Í bókinni Fortidsminder og Nutidshjem paa Island. Orienterende Undersøgelser Foretagne i 1896 eftir Daniel Bruun segir: “b) Omtrent 50 m Vest for Indhusene ligger, med Længderetning vinkelret mod disse, en Kostald. Murtykkelsen har været ca. 1,50 m. Den Indvendige Længde er ca. 15 3/4 m (50 fod), Bredde 4,8 m (13 Fod). Stalden har Indgang i Gavlen mod Syd. Flere Steder ses flade Baasesten, som rager op over Jordsmonnet i den sædvanlige indbyrdes Afstand af ca. 1 m. Stalden har kunnet have en Besætning af ca. 30 Koer.” Fjósrústin er tæpum 60 m vestan við skála 003_01 og er mun skýrari á yfirborði. Vegglinur sjást vel og báshellur einnig. Tóftin er 18x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:003_03 þúst útihús

A 457137 N 404862

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands sjást tvær grjótdreifar (003_04) sem mældar voru upp árið 2008. Grjótdreif 003_03 er um 17 m SSV við skála 003_01 og er einna greinilegust. Hún er niðri á sandinum um miðja vegu milli skálans og fjóssins. Líklega var um einhvers konar útihús að ræða. Dreifin er 8x4 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og lækur rennur fast austan hennar.

ÁR-263:003_04 þúst útihús

A 457101 N 404859

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands sjást tvær grjótdreifar (003_03) sem mældar voru upp árið 2008. Grjótdreif 003_04 er rúmum 10 m austan við fjós 003_02. Dreifin er 4,5x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er ógreinileg en líklega var um einhvers konar útihús að ræða.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

ÁR-263:004 *Fagriskógur* tóft býli

A 457873 N 406371

1555-87: “Fagre skogur og Brúna skogur vestann frá og nordan fra: a stadurinn allt saman,” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

1709: “Fagre skógur, sjötta eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “Fagriskógur, hefur sjest til bæjarstæðis.”

“10. Fagriskógur heitir brekka innarlega austan í sama fjalli. Þar er sagt að bær hafi verið, en rúst sjest ekki önnur en dálítill steinadreif á moldarfles, þar á meðal eru stórir stendur drangar; má sjá líka dranga á einum stað í Stangarfjallseggjum að vestanverðu; eru drangarnir í Fagraskógi líklega fluttir þaðan á hjarni.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

“13. Fagriskógur er talinn meðal bæja í Þjórsárdal (Jb.). Nú er þetta nafn almennt notað um allt fjallið milli Seljamýrar og Sandár, frá Áslákstungnagili að Grjótá (þannig á uppdráttum herforingjaráðsins). Br. J. notar þetta nafn bæði um fjallið allt og eina brekku austan í því (Árb. '84-5, bls. 39 og 48, nr. 11). Bæjarrústin (sem talin er vera) er á móbergsfláa í brekkurótunum austan við fjallið. Er þar stórt vik inn í hliðina milli tveggja múla, er ganga út úr fjallinu (frremst og innst) í áttina að Sandá, og er rústin nálega mitt á milli múlanna. Ber þar mikið á aðfluttum stuðlabergsdröngum, sem liggja á dreif um brekkuna, en engin húsalögun er sýnileg. Hátt uppi í fjallinu, upp undan rústinni er stuðlaberg, en þó geta drangarnir ekki hafa borizt hingað af náttúrunnar völdum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

“Fagriskógur heitir brekka innarlega austan í samnefndu fjalli, þvert vestur frá Reykholti. Þar er sagt að bær hafi verið, en rúst sést ekki önnur en dálítill steinadreif á moldarfles þar sem vik er inn í fjallið á milli tveggja múla. Á meðal rústanna eru stórir strendir stuðlabergsdrangar. Eru drangarnir aðfluttir og líklega ættaðir efst ofan úr fellinu, e.t.v. fluttir þaðan á hjarni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Fagraskógarrúst er neðst í brekkunni undir Fagraskógarfjalli, um 400 m vestan við Sandá, tæpan kílómetra sunnan við lækjargil sem rennur til suðurs úr fjallinu, sunnan við höfða sem er norðaustasti hluti þess, og um 2 km norðan við höfðann sem er norðan við Áslákstungu innri.

Hliðin ofan við rústina er gróin ofantil en upp að henni hafa lagst sand og vikurskaflar og ber mikið á H1 vikri - í lækjarskorningi um 100 m sunnan við sést hvernig H1 vikur myndar um 0,5 m lag ofan á moldarlagi. Norðaustan við rústina er grasfláki neðan við hliðina, sem er óvenjulegt á þessum slóðum og við hann aflangur melhóll nokkuð áberandi en ekkert rústalag er á honum. Framan við eru sléttar, gróðursnaugar áreyrar.

Rústin er í talsverðum halla og samanstendur af 1 - 1,5 m löngum stuðlabergsdröngum sem hefur verið raðað í ferning, um 13 m á kant og snýr eins og brekkan (NA-SV). Dýraop er norðarlega á austurvegg og liggja þar drangar eins og kampar við opið. Rústin er á moldarbing og er talsvert grjót annað en stuðlabergsdrangarnir inni í henni og í kring, mest bæði ofan og neðan en minna til hliðanna. Um 30 m norðar er grjóthrúga sem gæti verið byggingaleifar, fast við lækjarsprænu. Fast sunnan við eru nokkrir steinar á sandöldu sem einnig gæti geymt frekari rústir.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JAM II, 218; Árbók 1884-85, 48; Árbók 1954, 9; ÁFÍ 1996, 98; Friðlýsingaskrá, 59

ÁR-263:005_01 *Karlstaðir* bæjarstæði býli

A 453794 N 401566

1709: “Kallstader, forn eyðihjáleiga, bygð fyrir manna minni í úthögum, og hefur ekki bygð verið í manna minni, en þó sjást hjer byggjamerki af tóftaleifum og girðingum. Enginn veit hvorjir hjer



hafa verið byggingarkostir, og ekki hvað fóðrast hefur. Landið brúkar nú heimajörðin til beitar. En ómögulgt er hjer aftur að byggja fyrir heyskapar og torfleysu.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II.

“7. Karlstaðir stóðu litlu austar undir suðurhorni fjallsins. Þar eru nú fjárhús, og sjer fyrir lítilli tungirðingu. Virðist það hafa verið afbýli frá Skriðufelli.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-1885.

“Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan

Uppmælingar af minjum á Karlstöðum ÁR-263:005.

Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

“9. Karlsstaðir. Skammt austan við túnið á Skriðufelli var bær, sem hét Karlsstaðir. Þar sér lítið eitt til fornlegra rústa og túngarðs á austurbakka Geithúsagils uppi við brekkuna. Þar hafa síðar verið byggð fjárhús. (Sjá Jb. og Árb. -84-5 nr. 7.) ,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Karlsstaðir stóðu undir suðurhorni fjallsins skammt austan túns á Skriðufelli og sér fyrir rústum og lítilli túngirðingu á austurbakka Geithúsagils. Virðist það hafa verið afbýli frá Skriðufelli. Þar voru síðar fjárhús,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Neðan við Kambinn er Gerði, þar voru fjárhús. Karlsstaðir þar rétt hjá, gamalt eyðibýli,” segir í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssoar. “Gerði heitir innan túngarðanna,” segir í örnefnaskrá BG. Karlsstaðir eru um 500 m austan við bæ 001 og um 125 m ASA við Torfuhús 019. Rústasvæðið er um það bil 90x90 m að stærð og eru á því fjórar tóftir; 005_1, 005_2, 005_6 og 005_7, tvö gerði; 005_3 og 005_5 og tvö garðlög; 005_4 og 005_8.

Karlsstaðir eru norðaustan við Skriðufell, fast austan við veg sem liggur norður með fjallinu, norðan við Geithúsgil sem fellur úr Skriðufelli norðan við bæinn. Vegurinn liggur í gegnum rústasvæðið. Bæjarstæðið snýr mót suðaustri. Vestast á rústasvæðinu eru tóftir 005_1, 005_2 og gerði 005_3 sem eru öll saman í hnapp. Suðvestan við þessar minjar er garðlag 005_4 en austan við þær er svo gerði 005_5. Austast á svæðinu eru svo tóftir 005_6 og 005_7. Nyrst á því er svo garðlag 005_8. Á Karlsstöðum eru fjárhús, sem enn eru undir þaki að hluta, og túngarður frá sama tíma sem umgirdir um 70x70 m svæði. Rústaþyrpingin er í stórum hvammi neðan við brattar hlíðar Skriðufells og eru klettahólar hinum megin hans við Sandá. Túnið hefur verið ræktað neðan við bæjarstæðið neðst í hvamminum sem núna hefur verið gróðursett töluvert af trjám í. Einnig er töluverður trjágróður í tóftum 005_1 og 005_2, gerðum 005_3 og 005_5 og garðlögum 005_3 og 005_8 og eru þessar minjar eiginlega bara í stórhættu út af því. Þegar minjarnar voru skráðar 1999 var bara strjáll birkiskógur í hvamminum.



Tóft ÁR-263:005_01, horft til austurs.



Uppmaling af tóftum ÁR-263:005_01, 02 og 03.

Tóft 005_1 er vestast á rústasvæðinu en fast austan við hana er tóft 005_2 og gerði 005_3. Tóftin er 14 x 6m að stærð, einföld og snýr svo til austur-vestur. Veggheðslur eru fornlegar, signar og eru þær um 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í þeim. Búið er að gróðursetja mikið af trjám í og við tóftina, þá sér í lagi í austurgaflinn á henni þar sem stórar aspir eru. Erfitt er því að sjá nákvæmlega hver tengslin eru á milli tóftarinnar og gerðis 005_3 en þó virðist sem gerðið sé yngra en tóftin og jafnvel, að austurgaffli tóftarinnar hafi verið breytt eitthvað eða skemmdur þegar gerðið var byggt.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáreктar

Heimildir: JÁM II, 217; Árbók 1884-85, 48; Árbók 1954, 8-9; ÁFÍ 1996, 96; Friðlýsingaskrá, 59; Ö-Skriðufell BJ, 3; Ö-Skriðufell BG, 4.

ÁR-263:005_02 Karlsstaðir tóft útihús

A 453804 N 401574

Fast austan við tóft 005_01 er önnur tóft. Hún er 10x6 m að stærð, einföld og snýr svo til í norður-suður. Veggheðslur eru mjög signar, 2,5-3 m á breidd og 0,7- 0,8 m á hæð nema austur langhliðin sem er varla meira en 0,2 m. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í veggjunum. Mikið af trjágróðri er í báðum göflum tóftarinnar en þrátt fyrir það má greina op til suðurs. Gerði 005_03 er fast sunnan við tóftina en ekki er

hægt að segja til um það hvort mannvirkin séu sambyggð vegna trjágróðurs sem er orðin mjög þéttur þar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:005_03 *Karlsstaðir* gerði rétt

A 453812 N 401564



Gerði 005_3 er fast suðaustan við tóft 005_01 og fast sunnan við tóft 005_02. Gerðið er 14x10m að stærð og snýr svo til norður-suður. Op er á miðri norðurhlið að því er virðist inn í tóft 005_02 en ekki er ljóst hvort minjarnar séu sambyggðar, mikill trjágróður er í opinu á milli þeirra. Veggirnir eru toppmjóir en neðst eru þeir 1-1,5 m á breidd. Innrabyrði veggjanna er 0,7-0,8 m á hæð en ytrabyrðið um 1,2 m á hæð. Ekki var hægt að sjá neinar grjóthleðslur, trágroður er í gerðinu og þá sér í lagi í syðri enda þess og fast við ytri mörk. Líklega er um rétt að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:005_02 og 03, horft til vesturs.

ÁR-263:005_04 *Karlsstaðir* garðlag túngarður

A 401545 N 453803

Garðlag 005_04 er suðvestan við tóft 005_01 og gerði 005_03. Það er um 45 m langt og liggur frá vesturenda tóftar 005_01 og stefnir til suðausturs, að suðvesturhorni túngarðs 005_05. Garðlagið er 1,2-2 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Víða er búið að gróðursetja svo mikið af trjám í og við það, að því verður ekki fylgt. Þetta garðlag hefur að öllum líkindum áður verið hluti af túngarði Karlsstaða og tengst og eystri- og syðrihlið túngarðs 005_05. Líklega tilheyrir túngarðurinn eldri stigum minja á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Túngarður ÁR-263:005_04, horft til norðvesturs.



Túngarður ÁR-263:005_05, horft til austurs.

ÁR-263:005_05 *Karlsstaðir* garðlag túngarður

A 453843 N 401559

Túngarður 005_05 afmarkar svæði sem er 60x55m að stærð og snýr svo til norður-suður. Það er áfast austurhlið gerðis 005_03, sunnan við tóft 005_07, og í norðausturhorni þess er tóft 005_06. Greina má tvö op á túngarðinum, annað fyrir miðri vesturhlið og hitt sunnarlega á eystrihlið. Túngarðurinn er 1,5 m á breidd og 0,7-1,2 m á hæð. Hann er vel gróinn en í opnu rofsári á norðurhlið sést grjóthleðsla í miðjunni. Trjágróður þrengir að túninu frá öllum hliðum nema að norðanverðu. Norður- og vesturhlið túngarðsins eru líklega yngri en norður og austurhliðin sem hafa líklega tengst garðlögum 005_04 upphaflega.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:005_06 *Karlsstaðir* tóft fjárhús

A 453860 N 401584

Tóft af fjárhúsum 005_06 eru í norðausturhorni heimatúns, innan túngarðs 005_05. Tóftin er ennfremur



Tóft ÁR-263:005_06, horft til norðurs.



Uppmæling af tóftum ÁR-263:005_06 og 07.

10 m vestan við tóft 005_07. Tóftin er 25x14 m að stærð, tvískipt og snýr norður-suður. Hólfin tvö liggja samsíða og snúa þau eins og tóftin. Eystra hólfið er um það bil 20x4 m að innanmáli og skiptist í fjárhús og hlöðu. Hlaðan er innst og nyrst og er hún um 4x4 m að innanmáli og 0,9-1,8 m á dýpt. Í henni sjást grjóthleðslur og má telja 4-6 umför. Fjárhúsin eru um 16x4m að innanmáli og er innrabyrði þeirra 0,5-0,6 m á hæð en ytrabyrði 0,6-0,7 m á hæð. Grjóthlaðinn garði, um 0,3 m á hæð og um 1 m á breidd, er þar. Hluti fjárhúsanna er enn undir þaki úr bárujárni sem hvílir á timburgrind. Þakhæð undir mæni er um 2 m. Vestara hólfið er 16x3m að innanmáli og skiptist það einnig í fjárhús og óljóst hólíf sem hefur að öllum líkindum verið hlaða. Hlaðan sem er innst og nyrst er um 3x2m að innanmáli og snýr vestur austur en fjárhúsin eru umm 14x3m að innanmáli. Innra- og ytrabyrði er sambærilegt og í eystra hólfinu. **Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:005_07 *Karlsstaðir* tóft fjárhús

A 453838 N 401593

Tóft af fjárhúsum 005_07 er tæpum 30 m austan við tóft 005_02 og 10 m vestan við tóft 005_06. Hún er þrískipt, tvöföld fjárhús og hlaða. Tóftin er 12x10 m að stærð og snýr austur vestur. Hún var líklega stærri en suðurendi hennar virðist hafa verið sléttaður þegar norðurhlið túngarðs 005_05 var byggð. Hlaðan er nyrst í tóftinni og er um 6x3 m að innanmáli og snýr austur vestur. Sunnan hlöðunnar eru fjárhúsin sem hvoru tveggja eru um 3x3 m að innanmáli. Allar vegghleðslur eru mjög signar og má draga þá ályktun af útliti tóftarinnar að hún hafi öll verið sléttuð að einhverju leiti. Innrabyrði er um 0,8 m á hæð en ytrabyrði um 0,6-0,7 m á hæð. Hvergi sér í grjóthleðslur en þó má gera ráð fyrir því að hún hafi verið byggð úr torfi og grjóti. Allur austurhluti tóftarinnar er komin á kaf í lágvaxin trjáróður. **Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft ÁR-263:005_07, horft til norðurs.

ÁR-263:006_01 í *Grjótárkrók* þúst býli

A 456713 N 408153

“11. Í Grjótárkróknum er bæjarrúst sunnan í melöldu einni. Hún er nokkuð óglögg og sundurgráfin af aurrennsli. Bærinn hefir snúð við austlægu suðri. Af bakveggnum sjást nál. 30 ál. en gaflar engir, nema hvað sjer fyrir miðgaffli, nál. 7 ál. frá austurenda. Af framveggnum sjást að vestanverðu nál. 15 ál.; þar eru dyr á 1 1/2 ál. víðar, 12 ál. frá vesturenda. Vídd tóttarinnar er nálægt 4 ál. Bak til virðist ekkert hús hafa verið. Nálægt 12 ál. frá vesturenda rústarinnar sjer fyrir þvergarði 12. ál. löngum eða meir, líklega fjós- eða hlöðu-vegg. Um nafn þessa bæjar vita menn ekkert,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“15. Norðan við Seljamýri er bæjarrúst, austan í suðurmúla melöldu þeirrar, er nær frá læknum, sem fellur úr Hafragljúfri, inn undir Grjótá. Rústin er blásin og sést vel tilsýndar, svo að auðvelt er að finna



Uppmælingar af minjum Í Grjótárkrók ÁR-263:006.

hana. (Lýsing og uppdráttur Árb. '84-5, nr. 11),” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Í Grjótárkróknum. Norðan við Seljamýri er bæjarrúst austan í suðurmúla melöldu þeirrar er nær frá læknum sem fellur úr Hafragljúfri inn undir Grjótá. Rústin er blásin og sést sæmilega tilsýndar. Bærinn hefur snúið við austlægu suðri. Af bakveggnum sjást nálega 18 m en gaflar engir, nema hvað sér fyrir miðgafli liðlega 4 m frá austurenda. Af framveggnum sést dálítið. Um 7 m vestur frá vesturenda rústarinnar sér fyrir þvergarði sem líklega er fjós- eða hlöðuveggur. Um nafn þessa bæjar vita menn ekkert,” segir

í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornar í Þjórsárdal, bæjanna Áslákstungu fremri, Áslákstungu innri, Karlsstaða, ennfremur í Fagraskógi og í Grjótárkróknum, sunnan í melöldu fyrir innan Seljamýri. Sbr. Árb. 1884-1885: 47-48. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Rústin í Grjótárkrók er um 300 m norðaustan við lækinn sem fellur úr Hafragljúfri, sunnan við suðurendann á melhólaröð sem er milli fjallsróta og Seljamýrar. Auðvelt er að finna staðinn með því að ganga suður vestan með melhólaröðinni frá Grjótá (beint í suðvestur ef gengið er frá sæluhúsinu Kletti norðan við Grjótá). Rústin er þar sem melhólarnir dragast saman norðan við Hafragljúfur. Rústasvæðið er mjög blásið og eru engar veggjaleifar sýnilegar eða hólf. Rústasvæðið er um 55x20m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Kvarnasteinn fannst í rústinni fyrir um 30-40 árum og er á Þjóðminjasafni.

Undir melhól, algerlega gróðurlausum, en norðaustan-suðaustan við er breiður mýrafláki - Seljamýri. Gróðurlendi nær einnig inn að fjallinu sunnan við rústina, meðfram læknum.

Rústin snýr norðaustur-suðvestur og er 20-25 m löng og 7-8 m breið. Rústahóllinn er 1-1,5 m hár, gróinn mosa en upp úr mosanum má greina steinaraðir. Í kring eru rofsvæði og þar eru breiður af grjóti sem sumt er komið úr rústahólnum (einkum austan við hann) en annað gæti verið sérstakar byggingar. Suðvestan við er stök hrúga, um 4x3 m að stærð sem gæti verið sérstök bygging. Suðvestan við rústahóllinn er gróinn sandskafl sem gæti geymt byggingaleifar.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1884-85, 49; Árbók 1954, 10; ÁFÍ 1996, 98; Friðlýsingaskrá, 59



Rúst ÁR-263:006_01, horft til suðvesturs.



Rúst ÁR-263:006_02, horft til norðvesturs.

ÁR-263:006_02 þúst útihús

A 456720 N 408164

Lítil þúst 006_02 er alveg norðaustast á svæðinu, tæpum 4m norðaustan við rústahól 006_01. Hún er 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin sést eingöngu sem óljós grjótdreif sem ber þess merki að vera aðflutt. Sé það rétt að hér hafi mannvirki staðið gæti það hafa verið nýtt sem útihús af einhverju tagi.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-263:007 frásögn brunnur

A 453291 N 401437

Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, var brunnur um 50 m sunnan við bæ 001, rétt vestan við malarveginn að bænum. Þessi brunnur var eldri en brunnur 038 og fyllt var upp í hann fyrir alllöngu. Brunnurinn var í smá kvos eða lægð í túninu, sunnan við bæjarhólinn.

Slétt, ræktað tún sem komið er í órækt. Skjólbelti er meðfram vesturhlið malarvegarins.

Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-263:008 tóft sel

A 455003 N 402400

“10. Selrúst á Selfitjum. Á Selfitjum, sem eru vestan við Selhöfða í Skriðufellsskógi, er gömul selrúst, óglögg og skógivaxin. Hjá rústinni [sjá 023] var Ólafur Bergsson frá Skriðufelli, sem lengi var fjallkóngur Gnúpverja, jarðsettur í september 1944, en uppáhaldshestur hans hafði verið heygður á þessum stað 18 árum áður. Girðing er umhverfis leiðið, og eru selrústirnar rétt utan við suðvesturhorn girðingarinnar,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Litlu austar [en Karlsstaðir 005] í Selfitjum, vestan undir Selhöfða í Skriðufellsskógi, stóð sel. Þar var jarðsettur árið 1944 Ólafur Bergsson á Skriðufelli,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Selið er tæpum 2 km norðaustan við bæ 001 og 12 m suðvestan við legstað 023.

Selið er í miðjum Skriðufellsskógi, umhverfis er þéttur barrskógur. Göngustígur liggur að heimagrafreit 023, selið er rétt utan við girðinguna sem afmarkar hann. Selrústin er 5-7 m suðvestan við girðinguna. Líkt og segir hér ofar þá er tóftin ólögg og umhverfis hana þéttur skógur, bæði barrtré og birki. Hún er 12x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rætur trjánna hafa skemmt tóftina mikið og til vesturs er hún nánast horfin, þar er einungis þúst eftir. Þústin er 0,3-0,4 m á hæð, kjarrivaxin og greinar lagðar ofan á hana við síðustu grisjun. Til austurs mótast enn fyrir einni skammhlið selsins. Hún er bogadregin, 3-4 m á breidd, 0,5 m á hæð og aflíðandi. Þar mótast fyrir hólfi til vesturs. Það er 2,5x1 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólfið virðist vera opið til suðurs. Hafa ber í huga að öll tóftin er aflöguð og sigin. Grenitré vaxa til að mynda í miðri tóftinni. Ekki eru þekktar fleiri tóftir á þessu svæði né vitað hvort að lækur er nærri, skógurinn byrgir alla sýn.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árb 1954, 9; ÁFÍ 1996, 96

ÁR-263:009 kuml legstaður

A 457831 N 406285

“14. Dys (?) hjá Fagraskógi. Í brekkurótunum um 100 m suðvestur frá síðastnefndri rúst [Fagraskógi] fundum við í júnímánuði 1951 spjótsodd (Þjms.) og hrosstennur. Gætu þetta verið leifar af heiðinni dys. Staðinn auðkenndum við með smávörðu. Spjótsoddurinn var nokkru neðar, í þurri vatnsrás,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Í brekkurótunum um 100 m suðvestur frá bæjarrústunum [í Fagraskógi] fannst árið 1951 spjótsoddur og hrosstennur sem gætu verið úr fornri dys,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Meiri líkur eru til að kuml hafi verið í Fagraskógi í Þjórsárdal. Í brekkurótunum um 100 m SV frá bæjarrústunum þar fannst spjót sumarið 1951 (kom á safnið 2.7.1951) og hrosstennur rétt hjá,” segir í bókinni Kuml og haugfé. Um 90 m suðvestan við Fagraskógarrúst 004, í sömu hæð í brekkunni, á norðurbakka lækjargils, er grjótdreif í moldarflagi, eins og aðrar á þessu svæði að öðru leyti en því að hellur eru samanvið. Það er helst þessi staður sem kemur til greina en ekki er útilokað að gripirnir hafi



Sel ÁR-263:008, horft til austurs.

verið sunnan við gilið.

Örfoka fjallshlíð. Gróðurteygingar eru ofar í hlíðinni en neðan við eru skaflar af H1.


Spjótið er 26 sm að lengd, K-gerð að því er virðist skv. Kumlum og haugfé. Engin ummerki sjást á yfirborði um meint kuml utan grjótdreifarinnar.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árb. 1954, 9-10; KEKH 2000, 83; ÁFÍ 1996, 98

ÁR-263:010_01 Seljamýri tóft sel

A 457063 N 408518



“[L]áglendið í [Grjótárkrók] er lítið eitt hærra en í Þjórsárdal sjálfum; nálægt helmingur þess er mýri, sem Seljamýri heitir - þar eru seltóptir frá seinni tímum - hinn hluti þess er smáöldur og grastór í milli.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“Br. J. getur þess (Árb. ‘84-5, bls. 39), að á Seljamýri séu seltættur frá síðari tímum. Við leitunum þeirra mikið, en fundum ekkert, sem benti á þær. Þeir, sem kunnugastir eru á þessum slóðum, höfðu heldur aldrei orðið þeirra varir. Okkur þykir líklegast, að engar leifar af þessum seltóftum sé að finna ofanjarðar,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

Selið er nyrst í Seljamýri, neðan við brekkur fjallsins Kistu. Selið er 7,7 km norðan við bæ 001 og tæpum 500 m NNA við býlið í Grjótárkrók 006. Gangnamannakofinn Kettur ÁR-753:008 er 750 m norðaustar, austan við Grjótá. Reiðgötur eru rúmum 20 m vestan við tóftina og liggja að Kletti. Melhólar eru á milli fjallshlíðarinnar og mýrarinnar, selið er við einn melhólinn á þurru svæði sem er 30x13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar eru mjög signar, illgreinilegar og eru þrjár talsins.


Seljamýri er gróin og smápýfð. Hún er deiglend og lækir renna eftir henni til austurs. Mosi, gras og mýrargróður eru þar um allt. Áveita 049 er í Seljamýri en er mun yngra mannvirki.

Uppmælingar af seli ÁR-263:010.

Tóft 010_01 er stærst og suðvestust á svæðinu. Hún er 13x8 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er nánast egglega og nokkuð aflöguð. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og algrónir. Tóftin er einna best varðveitt til norðurs og veggirnir rísa hæst þar. Op er til norðausturs. Þúst er utan við suðurvegginn, tilgangur hennar er óljós.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1884-85, 39; Árbók 1954, 10; Ö-Skriðufell ÞB, 1



Tóft ÁR-263:010_01, horft til suðvesturs.



Tóft ÁR-263:010_02, horft til norðurs.

ÁR-263:010_02 þúst stekkur

A 457072 N 408529

Þúst 010_02 er 10 m norðan við tóft 010_01. Hún er 5x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,2 m á hæð og algróin. Ekki er útilokað að þetta hafi verið stekkur. Það sést ekki móta fyrir hólfum eða öðrum mannvirkjum á yfirborði þústarinnar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:010_03 garðlag túngarður

A 457073 N 408529

Garðlag 010_03 er mitt á milli tóftar 010_01 og þústar 010_02, rétt við mýrarjaðarinn. Það er 7x2 m að lengd og snýr NNA-SSV. Það er 0,2-0,3 m á hæð og algróið. Ekki er útilokað að það hafi tengst tóft 1 en tengslin á milli eru horfin.

Hættumat: engin hætta



ÁR-263:010_03, horft til norðausturs.

ÁR-263:011 heimild um bænhus

SKRIÐUFELL Í GNÚPVERJAHREPPI (Á)
(GNÚPSPING) – BÆNHÚS

1540: Jtem er siera Einar ecki mann til að hafa þjngin sem er Nups kyrkiu með bænhusinu skridufelli og haga. Þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi. DI X, 563.

1592: Suo morg bænhus hafa verit j stadarjordum j nupsþingä ad fornu. j fyrstu a skridufelli og auslustodum, haga og storu mostungum. AM 2624to bl. 91-b.

um 1600: Steinshollt. Þar er einn litill silfur caleikur og sloppur fra skridufelle. og ann hoklar tueir. og sloppur gamall. JS 143 4to bl. 287.

1709: Munnmæli segja hjer hafi að fornu bænhus verið, en ekki sjást þess nú merki. JÁM II, 216. Enn fremur segir: Skriðufell, hálfkirkja, og það stóð í miðri sveit. JÁM II, 218 nm, - minnisbl. ÁM.

Ekki er vitað hvar bænhusið á Skriðufelli var staðsett en líklega var það suðaustan við bæ 001, þar skagar bæjarhóllinn fram til austurs í mýri. Ekki hafa fundist mannabein þar á yfirborði né í heimatúninu svo vitað sé. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja bænhusið með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI X, 563; AM 2624to bl. 91-b.; JS 143 4to bl. 287; JÁM II, 216, 218.

ÁR-263:012 heimild um traðir

A 453358 N 401485

Traðir sjást liggja til austurs frá bæ 001 á túnakorti frá 1919. Ekki er vitað hvort að þetta var reiðgata eða upphlaðnar traðir. Þjóðleiðin um Sprengisand ÁR-671:002 lá þarna um en ekki er vitað hvort farið var um heimatún Skriðufells. Ennþá er vegur á sama stað, hann liggur til austurs út heimatúnið og áfram inn í skógrækt.

Gróið tún er beggja vegna við veginn.

Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-263:013 heimild um traðir

A 453311 N 401449

Traðir lágu til suðurs frá kálgarði 045, sunnan bæ 001 samkvæmt túnakorti frá 1919. Líkt og um traðir 012 lá þjóðleiði ÁR-671:002 einnig hér um að öllum líkindum. Núverandi heimreið að bænum er á sama stað.

Til beggja átta er gróið tún og búið að planta trjám.

Öll ummerki um traðirnar eru horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-263:014 *Lambhúshóll* heimild um lambhús

A 453298 N 401330

„Gráviðarföt er neðst í túninu, vestur af henni Lambhúshóll, þar fyrir vestan Lambhúsklettur,” segir í örnefnaskrá. Um 170 m sunnan við bæ 001, syðst í heimatúninu, er útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Útihúsið var sléttað út á seinni hluta 20. aldar og var lambhús að sögn Bergs Þórs Björnssonar, heimildamanns, um sama stað er því að ræða. Lambhúsið var á lágum ás sem skagar fram í túnið til norðurs og kallast Lambhúshóll.

Gróið tún. Það er enn nýtt til beitar, þarna er afgirt beitarhólf. Ásinn er 6-10 m á hæð, grasivaxinn og sléttur.

Engin ummerki um lambhúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Skriðufell BJ, 3

ÁR-263:015 heimild um kálgarð

A 452982 N 401740

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var matjurtagarður utan túns. Á túnakortinu segir: “Matjurtagarðar heima og utan túns: 6,6 arar”. Engin stakstæður kálgarður er sýndur á túnakortinu. Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, fannst líklegt að kálgarðurinn hefði verið í svokölluðum Kornásam, um 400 m norðvestan við bæ 001. Við vegslóða að sumarbústað sem þar er, var alltaf rabbarbari og engin vissi af hverju.

Þetta svæði er kílræst og búið að planta trjám. Rabbarbarinn er horfinn sem og önnur ummerki um ræktun.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-263:016 garðlag túngarður

A 453402 N 401603



*Túngarður ÁR-263:016, horft til vesturs.
Myndin er af hluta 1.*

Túngarður umhverfis allt heimatúnið er merktur inn á túnakort frá 1919. Hann er ennþá varðveittur fyrir norðan bæ 001 og í suðvesturhorni túnsins, aðrir hlutar voru sléttaðir út um miðja síðustu öld. Meðfram vesturhliðinni er búið að planta trjám en það sér móta fyrir henni sem sléttum hrygg fast austar á litlum kaffa. Samkvæmt túnakortinu náði túnið lengra til austurs en túngarðurinn sem enn sést. Heimatúnið er slétt en komið í órækt, hlutar þess eru afmarkaðir í beitarhólf. Allt umhverfis túnið er skógræktarsvæði.

Túnið er 8,5 ha að stærð og bærinn er í því miðju. Hverjum hluta túngarðsins sem sést er gefið númer til aðgreiningar í lýsingu þessari. Hluti 1 er fyrir norðaustan bæinn og er bogadreginn. Hann er 170 m að lengd og liggur til austurs, sveigir til suðurs og fjarar út í túninu. Hann er 0,2 - 0,4 m á hæð og 1-2

m á breidd. Hann er algróinn en það glittir hér og þar í grjóti án þess að hægt sé að greina hleðslur. Op er þar sem túngarðurinn sveigir til suðurs, rétt ofan við þúst 040, að öllum líkindum einungis rof. Hluti 2 er fyrir norðvestan bæ 001, á móti hluta 1. Ekki er ljóst hvort að op var á túngarðinum þar eða honum raskað síðar. Hann er tæplega 110 m að lengd og bogadreginn. Hann liggur til vesturs, sveigir til suðurs og hverfur á móts við útihús 046. Búið er að slétta túngarðinn út þar og planta trjám meðframt hliðunum. Ástand hans er eins og hluta 1, innan túns. Fyrir norðvestan túngarðinn, utan túns, er brött bekka. Þar er garðurinn 1,5 m háur að utan en einungis 0,3 - 0,5 m á hæð að innan. Hluti 3 er suðvestast í túninu. Hann liggur norður-suður, rúmlega 30 m að lengd og sveigir lítilliga til austurs syðst. Hann er 1,5 m á hæð, 3 m á breidd og algróinn. Veggstubbur er fast vestan við túngarðinn, innan túns, sem bendir til þess að mögulega hafi verið sambyggt rétt eða hólf þar. Til vesturs er gróinn kantur, mögulega sambyggt gerði. Einnig gæti þetta mannvirki tengst skógrækt sem þar er. Kanturinn er um 1 m á breidd, 0,3 m á hæð en mjög óskýr til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-263:017 *Kornásar* örnefni akur

“Norður frá ásum [Klofás] er Hundastapi, inn af honum er Hallshöfði, innan við Hallshöfða er Kornásagil og Kornásar,” segir í örnefnaskrá (PB). “Fram af honum [Fagurhól] eru Eystri-Kornásar, þá Kornásklif [041], og síðan Vestri-Kornásar,” segir í örnefnaskrá (BJ). Ekki er vitað hvort að korn eða akur voru á Skriðufelli. Á jörðinni eru þó nokkur örnefni sem innihalda orðið Kornás líkt og sést hér ofar. Frekari heimildir eða rannsóknir þarf til þess að staðfesta kornrækt á jörðinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skriðufell PB, 1; Ö-Skriðufell BJ, 4

ÁR-263:018_01 *Selklif* heimild um leið

A 453208 N 402322

“Vestan í Kornásum [017] er Fitarbrekka, en sunnan í ásunum er Ófeigshöfði. Hjá honum er Krókagil og Selklif. Er Selklif upp við Skriðufellsfjall að vestan,” segir í örnefnaskrá (PB). “Selklif heitir skarð milli Fagurhóls og sjálfs Skriðufells. Þar var farið með heybandslestir áður fyrr,” segir í örnefnaskrá (BG). Ummerki um leiðina sjálfa sjást ekki en þrjár vörður eru á hólum við hana og án efa vegvísar/samgöngubætur. Vörðurnar eru á 400 x 20 m löngu svæði sem snýr norður-suður.

Að austan er Skriðufell en skógrækt er til vesturs. Hlíðar fjallsins eru brattar og melur víða.

Engin ummerki um götur sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell PB, 1; Ö-Skriðufell BG, 2



Selklif ÁR-263:018_01, horft til suðurs.



Varða ÁR-263:018_02, horft til norðurs.

ÁR-263:018_02 varða samgöngubót

A 453076 N 402201

Varða er um 730 m norðan við bæ 001 og um 130 m SSV við vörðu 018_03 sem stendur á Fagurhól. Varðan er á flötum og gróðurvana klapparhól en umhverfis hann er mosagróið kjarlendi.

Varðan er 1 x 1 m að stærð, svo til ferhyrnd og er um 0,9 m á hæð. Hleðslugrjótið í henni er frekar stórt og þá sér í lagi neðstu umförin en telja má 4-5 umför í henni. Nokkuð er um smærra grjót í henni efst sem gera má ráð fyrir að fólk sem leið hefur átt framhjá hafi týnt í hana. Umhverfis hana er mosavaxinn gróðurkragi. Vel sést á milli þessarar vörðu og vörðu á Fagurhól 018_03.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:018_03 *Fagurhóll* varða samgöngubót

A 453137 N 402318

“Selklif er milli fjallsins og Fagurhóls; á honum er varða,” segir í örnefnaskrá. Fagurhóll er gróinn klapparhóll og er hann nokkuð afgerandi í nærumhverfi sínu með frekar brattar hlíðar. Lúpína grær í gisnum flákum í hólum. Varðan á Fagurhól er um 830 m norðan bæ 001 og um 130 m NNA við vörðu 018_02. Varðan stendur á grjóthlöðnum stelli sem er 3x2m að stærð og 0,3-0,6 m á hæð. Að utanverðu er stallurinn hlaðinn úr frekar stóru hleðslugrjóti og má telja í því um 3 umför en þá virðist sem smærra hleðslugrjót hafi verið notað innst. Varðan sjálf er um 1,7 m á hæð og um 1 m í þvermál. Hún er hlaðin úr flötum og þunnum grjótskífum og er hægt að telja um 15 umför. Heildar hleðsluhæð stalls og vörðu eru rúmalega 2 m. Vel sést á milli vörðunar og vörðu 018_02 sem er sunnar og vörðu 018_04 sem er norðar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 4



Varða ÁR-263:018_03, horft til norðurs.



Varða ÁR-263:018_04, horft til suðurs.

ÁR-263:018_04 varða samgöngubót


A 453216 N 402553

Varða er rúmum 1 km norðan við bæ 001 og tæpa 250 m NNA við vörðu á Fagurhól 018_03. Varðan er á ávölu gróðurvana holti en umhverfis hana er þykkur gróðurkragi. Varðan er svo til ferhyrnd, um 0,8x0,8 m að stærð og um 0,7 m á hæð. Hún er hlaðin úr flötu stóru grjóti og má telja 5-6 umför. Vel sést til vörðu 018_03 á Fagurhól.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:019_01 Torfuhús tóft fjárhús

A 453656 N 401594



Uppmælingar af Torfuhúsum ÁR-263:019.

“Stöðultorfur [035] eru ofan við Torfuhús sem er norðaustan við bæinn,” segir í örnefnaskrá. Þrjár tóftir og garðlag eru á svæði sem er 85x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, neðarlaga í brekkum Skriðufells. Þetta eru svokölluð Torfuhús sem eru rétt austan heimatúnsins. Minjarnar eru rúmum 350 m norðaustan við bæ 001 og um 100 m norðvestan við Karlsstaði 005.

Gróið svæði, líklega tún sem komið er í órækt. Mikið af trjágróðri er inn á milli, m.a. í tóftunum sjálfum. Minjarnar eru á mörkum gróins túns og skógræktar, sunnarlega í Skriðufelli. Efst í fjallinu eru klettur en þegar neðar dregur eru

grónar hlíðar með miklum trjágróðri. Birki og lerki eru ríkjandi.

Tóft 019_01 eru fjárhús fyrir miðju svæðisins. Tóftin er 20 x 8 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru 1 - 1,2 m á hæð og hlaðnir úr stóru grjóti. Hólf 1 er sunnar. Það er 12 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og opið til suðurs. Veggirnir eru algrónir að utan, að innan glittir í 3-4 umför af grjóti. Þeir hafa fallið inn að hluta. Hólf 2 er norðar og grafið inn í brekkuna. Það er 4 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er um 1,5 m á dýpt en veggirnir eru grónir að innan og sjást ekki að



Tóft ÁR-263:019_01, horft til norðurs.

utan, þeir afmarkast af kanti þar. Það glittir í 4 - 5 umför af grjóti hér og þar. Ekkert op sést inn í hólfið.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 2

ÁR-263:019_02 tóft fjárhús

A 453624 N 401602

Tóft 019_02 er rúmum 20 m norðvestan við Torfuhús 19_01. Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, var þetta að öllum líkindum fjárhús. Tóftin er 10,5 x 7,5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er opin til suðurs, niður aflíðandi brekku. Veggirnir eru 0,2 - 0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Víðirunni er í norðurhluta tóftarinnar og rask af hans völdum er töluvert. Ekki sést hvort að annað hólfi var inni í tóftinni en ekki ólíklegt að þarna hafi verið niðurgrafin hlaða að norðan. Veggirnir eru algróinir og hvergi glittir í grjót.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 3



ÁR-263:019_02, horft til NNA.



Tóft ÁR-263:019_03, horft til austurs.

ÁR-263:019_03 tóft fjárhús

A 453676 N 401624

Tóft 019_03 er tæpum 18 m norðaustan við tóft 019_01. Tóftin er öll óljós og erfitt að greina útlínur hennar. Tóftin er egglega, hlaðin upp við brekku sem nánast skiptir tóftinni í tvennt. Það er efri og neðri hluti ef svo má að orði komast. Hún er 11 x 7 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir að norðan eru afar óljósir, mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni og minjarnar útlattar. Neðri hlutinn, þ.e. suðurveggur, er 1,5 m á breidd, 0,3 m á hæð og algróinn. Það glittir í þrjá steina inni í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:019_04 garðlag vörslugarður

A 453689 N 401600

Vallargarður er sunnan við tóftirnar en ekki er ljóst hvort að hann afmarkaði tóftirnar/svæðið til annarra átta. Garðurinn er 80 m langur og liggur ANA-VSV. Hann er algróinn en aflagaður og rofinn vegna trjáræktar. Hann er 0,5 - 2 m á breidd og 0,1 - 0,4 m á hæð. Það glittir hér og þar í grjóti í garðlaginu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:020 Húsagróf örnefni geitakofi
“Norðan við bæinn Skriðufell er Skriðufellsfjall, en austan við túnið er Geithúsgil. Rennur það eftir gróf, sem heitir Húsagróf,” segir í örnefnaskrá. “Skömmu eftir aldamót voru fengnar geitur úr Bárðardal að Skriðufelli. Þær voru hafðar í nokkur ár, en gefizt upp á þeim. Lýður [Pálsson] gizkar á, að nafnið Geithúsgil í örnefnaskrá eftir Þorstein Bjarnason sé frá þessum



Garðlag ÁR-263:019_04, horft til austurs.

tíma. Eystrihreppsmenn kynntust Bárðdælingum, er verið var að hlaða vörðurnar á Sprengisandsleið [árin 1905-1906], og hafa þau kynni trúlega orðið til þess, að geiturnar voru fengnar. [...] Skriðufellsmenn telja, að nafnið Geithúsgil í örnefnaskrá Þorsteins Bjarnasonar sé eldra en frá því eftir aldamót, þegar geiturnar voru fengnar úr Bárðardal,” segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Það er vitað hvar Húsagróf er, hún liggur þvert í gengum suðurhlíðar Skriðufells, skammt austan við Bæjarás. Ekki er vitað hvar geitakofinn var staðsettur, ekki reyndist unnt að leita á því svæði þar sem tóftin átti að vera sökum þess hve trjágróðurinn á þessu svæði er orðinn þéttur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell ÞB, 1; Ö-Skriðufell ath við örnefnaskrá (LP), 1-2

ÁR-263:021 *Brunntorfur* örnefni brunnur A 453251 N 401647

“Framan í Skriðufellsfjalli eru Brunntorfur og Sælubrekka (austan við Brunntorfur),” segir í örnefnaskrá. Að sögn Bergs Þórs Björnssonar, heimildamanns, eru Brunntorfur norðan við heimatúnið ekki fjarri sumarbústað hans. Ekki er vitað um brunn eða lind á þessu svæði sem er um 150 m NNV við bæ 001. Á milli túngarðs 016 og sumarbústaðsins er mýrardrag, mögulega er nafnið degið af því frekar en brunni. Gróið svæði og mikil trjárækt. Búið er að planta miklu af lerki og reynittrám, mosi og grasivaxin svæði eru inn á milli.

Engin ummerki um brunn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell ÞB, 1

ÁR-263:022 *Vörðuás* varða samgöngubót A 455144 N 403645



“Innst á fjallinu [Skriðufellsfjalli] er Vörðuás. Inn af honum er Mosfell,” segir í örnefnaskrá. Austan við Seljasand og nyrst á Vörðuás er varða. Hún er 2,8 km norðaustan við bæ 001 og um 400 m norðan við vörðu 034. Hugsanlega var hún á leið 053 sem lá suður frá Ásólfstöðum norður í Seljatungur.

Varðan stendur á berum gróðurvana kletti.

Varðan er 0,8 x 0,5 m á stærð og snýr norður suður. Hún er hlaðin úr frekar stóru grjóti, er um 1 m á hæð og 5 umför sjást í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skriðufell ÞB, 1

Vörðuás ÁR-263:022, horft til norðurs.

ÁR-263:023 mannabein legstaður A 455016 N 402410

“Hjá rústinni [008] var Ólafur Bergsson frá Skriðufelli, sem lengi var fjallkóngur Gnúpverja, jarðsettur í september 1944, en uppáhaldshestur hans hafði verið heygður á þessum stað 18 árum áður. Girðing er umhverfis leiðið, og eru selrústirnar rétt utan við suðvesturhorn girðingarinnar,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Litlu austar [en Karlsstaðir 005] í Selfitjum, vestan undir Selhöfða í Skriðufellsskógi, stóð sel [008]. Þar var jarðsettur árið 1944 Ólafur Bergsson á Skriðufelli,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Þessi heimagrafreitur er um 1,9 km norðaustan við bæ 001 og 660 m suður af Verki 024. Sel 008 er 7 m norðaustan við grafreitinn.

Heimagrafreiturinn er inni í þéttu skógarrjóðri og er ekkert útsýni þaðan.

Heimagrafreiturinn er um 12 x 12 m að stærð og girt umhverfis hann með timburgrindverki. Hann liggur í landi sem hallar nokkuð bratt til suðurs en efst og nyrst í grafreitnum er bakki eða smá flatlendi og eru tvo leiði þar. Annað leiðið er girt með járnörum og girðingarneti en hitt er girt með timbri. Síðast var Björn Jóhannsson, fyrrum ábúandi, grafinn í garðinn árið 2007. Neðst og syðst í grafreitnum er hestgröf. Allar grafirnar ásamt hestgröfinni hafa legstein, 6-7 tré eru innan grafreitsins.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árb 1954, 9; ÁFÍ 1996, 96



Heimagrafreitur ÁR-263:023, horft til norðausturs.

ÁR-263:024 *Verk* heimild um legstað

A 455073 N 403073

“Innarlega á fjallinu, á mótis við Konubrekku, heitir Verk. Þar fann Magnús Bergsson mannsbein,” segir í örnefnaskrá. “8. Dys á Skriðufellsfjalli. Á austurbrún Skriðufellsfjalls er forn dys. Hún er á moldarfláa um 80 m innan við læk þann (Mígandalæk), sem fellur í háum fossi austur af hömrum fellsins innan við Selfitjar. Frá dysinni eru um 150 m fram á hamrabrúnina, en rétt fyrir ofan dysina er klettahaus með grunnu skarði og stuðlabergi neðst. Dysin er nú aðeins lítil steinadreif á moldinni, en áður hefur fundizt þar beinagrind úr manni og járnþútur, en nú er flest allt glatað. (Nokkur mannsbein komu til safnsins 1941, Þjms. 12908.)” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Inni á Skriðufellsfjalli, á austurbrúninni skammt frá læknum Míganda, er forn dys mjög blásin og hafa bein og járnþútur er þar fannst verið færð á Þjóðminjasafn,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. “Beinafundur á Skriðufelli, Gnúpverjahreppi, Þjms. 12908: Fyrir löngu fann Ólafur bóndi Bergson mannsbein í uppblásinni dys á austurbrún Skriðufellsfjalls í Þjórsárdal, 80 m innan við Mígandagil. Nokkuð af beinunum barst safninu 1941. Matthías Þórðarson rannsakaði staðinn það ár og sá, að grjótt mikið hafði borist til dysjarinnar, sem raunar var örfoka og ekki fróðleg. Einhvern slæðing segist Matthías hafa heyrt um, að fleira en bein myndist í dysinni, en ekki getur Ólafur Bergsson þess í bréfi um þennan fund. Beinir eru sennilega úr karlmanni. Ekki verður fundurinn örugglega talinn til fornra kumla,” segir í Kumlum og haugfé. Staðsetningin á legstaðnum og hvar beinin fundust er ekki fullkomlega örugg en Verk er um 2,3 km norðaustan við bæ 001, um 150 m suður af vörðu 034 og um 660 m norður af heimagrafreit 023. Á svæði sem er 60 x 30 m stórt eru þrjú eggjala hólar, um 0,5-0,6 m á hæð og snúa þeir norður suður. Landið hallar til suðvesturs en hólarnir eru á flötum bakka. Svæðið er mjög blásið og gróðurhulan þunn, mosapembur hér og þar. Frá þessum hólum er mjög gott útsýni yfir sveitina og Þjórsá. Engin mannaverk sjást á þessum hólum eða á svæðinu í kring.



Verk ÁR-263:024, horft til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 3; ÁFÍ 1996, 96; Árbók 1954, 8; KEKH, 61

ÁR-263:025 *Ormssteinn* þjóðsaga

“Framan við Konubrekku er Konubrekkgil. Framan við gilið er Ormssteinn. (Gömul sögn, að Ormur Stórolfsson hefði sett steininn á hlóðir. Steininn er svo stór, að það mun næstum ókleift að komast upp á kollinn á honum.)” segir í örnefnaskrá. Ormssteinn er týndur, á þessu svæði hefur verið gríðarleg skógrækt undanfarna áratugi, aðallega grenitré og allt aðgengi gríðarlega erfitt. Ekki var unnt að staðsetja steininn af þeim sökum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Skriðufell ÞB, 1-2

ÁR-263:026 *Skothúsgil* örnefni skotbyrgi

“Framan við Selhöfða [024] er Selhöfðagil og Selfitar. Fram af fitunum er Skothúsgil,” segir í örnefnaskrá (ÞB). “Skothúsgil er innan við Fjánhúsmýri [027], Skothúsbakki framan við gilið,” segir í örnefnaskrá (BJ). Þetta örnefni er týnt og ekki reyndist unnt að staðsetja Skothúsgil. Örnefið er sýnt fast austan við Fjánhúsmýri í örnefnaþekju LMÍ eða Bergur Þór Björnsson, heimildamaður, telur það ekki rétt, Selhöfði er langt þaðan. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja skothúsið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skriðufell ÞB, 2

ÁR-263:027 *Fjallmannabrekka* heimild um tjaldstæði A 452936 N 400382

“.. Kemur Vatnsás, framan í honum er Fjallmannabrekka, undir henni Fjallamannaftit. Þar var tjaldstaður fjallmanna,” segir í örnefnaskrá. Tjaldstaður Skeiðamanna var nálægt Skriðufelli í Þjórsárdal skv. Göngum og réttum II og líklega er um sama stað að ræða. Tjaldstæðið er tæpan 1,2 km sunnan við bæ 001 og 560 m norðan við rétt 053.

Fjallamannaftit er sunnan við hjólhýsasvæði í Þjórsárdal. Svæðið afmarkast af Sandá til suðurs og lækjardrögum til annarra átta. Svæðið er gróið og flatt, allt umhverfis er þéttur skógur.

Engin ummerki um tjaldsvæðið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell, 1; GR II, 110

ÁR-263:028 *Hallslaut* heimild um áfangastað A 455349 N 402263



Hallslaut ÁR-263:028, horft til norðausturs.

“Vegghamrar austan Sandár, innan við Dímon. Nokkru framar er grasflöt við Sandá, sem heitir Hallslaut; þar um liggur Sprengisandsleiðin [ÁR-671:002] vestur yfir Sandá, heim að Skriðufelli,” segir í örnefnaskrá. Hallslaut er tæpum 2,2 km norðaustan við bæ 001 og um 250 m norðaustan við Klapparvað 042.

Svæðið er gróið, aðallega gras og mosi. Grasflötin sést enn, þar er nú sjálfssáður skógur aðallega birki og víðirunnar.

Engin ummerki um tjaldstaðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 2

ÁR-263:029 heimild um geitakofa

„Á tímabili hafði pabbi svolítinn geitabúskap; munu þær hafa nálgast það, að vera um tuttugu talsins. Þegar vörðurnar voru hlaðnar milli byggða, Sprengisandsleið, þá kynntist pabbi þessum körlum sem unni verkið. [...] eEssir karlar töldu pabba á að fá sér geitfé [...] Þessi geitabúskapur förður míns mun hafa varað til ársins 1916.“ Segir í bókinni Gengnar leiðir. “Úrrennsli úr þeirri mýri [Fjánhúsmýri (005)] rennur þvert í gegnum Lambaholtið og heitir Engjagil. Engjagilsklettur [er] framan við gilið, fast við Sandá. Þar er gömul geithústóft,” segir í örnefnaskrá. “Skömmu eftir aldamót voru fengnar geitur úr Bárðardal að Skriðufelli. Þær voru hafðar í nokkur ár, en gefizt upp á þeim. [...] Eystrihreppsmenn kynntust Bárðadælingum, er verið var að hlaða vörðurnar á Sprengisandsleið [árin 1905-1906], og hafa þau kynni trúlega orðið til þess, að geiturnar voru fengnar,” segir í athugasemdum við örnefnaskrá. Ekki reyndist unnt að leita á því svæði þar sem tóft geitakofans á að vera sökum þess hve trjágróðurinn á þessu svæði er orðinn þéttur. Tóftin var nærri Sandá, þar sem gilið opnaðist en ekki fundist í ca 30 ár. Ekki reyndist unnt að staðsetja tóftina með nákvæmni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Jón Gísli Högnason, 58; Ö-Skriðufell BJ, Ö-Skriðufell ath við örnefnaskrá (LP), 1-2

ÁR-263:030 *Bauravað* heimild um vað

A 454310 N 401445

“Engjagilsklettur [er] framan við gilið [Engjagil], fast við Sandá [...] Bauravað á Sandá er skammt fyrir framan Engjagilsklett,” segir í örnefnaskrá. Bauravað er rúmum 950 m austan við bæ 001 og rúmum 450 m suðaustan við Karlsstaði 005. Stígur 031 lá yfir vaðið en hvert sú leið lá beggja vegna við Sandá er ekki vitað. Norðan við ána er þéttur skógur, 10-15 m háir hamrar og klettabelti. Sunnan við ána er gilið lægra og víða hægt að komast upp úr því. Líklega hefur verið sneiðingur niður að ánni til norðurs sem sést ekki lengur vergna skógræktar.



Allt svæðið við Sandá er skógivaxið. Birki og greinitré eru áberandi sem og lúpína. Ekki er hægt að sjá hvar farið var að vaðinu vegna gróðurs beggja vegna við ána.

Bauravað ÁR-263:030, hrft til vesturs.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 2

ÁR-263:031 *Stígur* heimild um leið

A 454437 N 401574

“Stígur er fast við Sandá,” segir í örnefnaskrá (BJ). “Framan við gilkaftinn [á Geithúsagili] eru klettur sem heita Stígur,” segir í örnefnaskrá (BG). Klettarnir sunnan við Sandá, andspænis Geithúsagili, sjást enn en leiðin er horfin. Hún fór yfir Bauravað 030, og líklega að bæ 001.



Allt svæðið við Sandá er skógivaxið. Birki og greinitré eru áberandi sem og lúpína.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 3; Ö-Skriðufell BG, 4

Stígur ÁR-263:031, lá á þessum slóðum.

ÁR-263:032 frásögn útihús

A 453410 N 401583

Að sögn Bergs Þórs Björnssonar, heimildamanns, voru tvær hringlaga þústir um 130 m norðaustan við bæ 001, norðanlega í heimatúninu. Þústirnar voru um 30-40 m NNA við núverandi húsakost á bænum, nærri túngarði 016 og sé tekið mið af staðsetningu þeirra voru þetta útihús.

Þústirnar voru ofarlega í brekku sem hallar til suðurs frá túngarði 016. Þær voru signar og svæðið er grasivaxið og sléttað.

Engin ummerki um þústirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-263:033 *Kirkjuskarð* gata leið

A 453084 N 401115

“Kirkjuskarð [er] vestan við Tjarnarlæskletta, þar var gamla leiðin heim að Skriðufelli,” segir í örnefnaskrá (BJ). “Framan við túnhlíðið er Miðmundarflöt. Er hún við veginn að sunnanverðu. Suður af flötinni er Kirkjuskarð og Gamla-Kirkjuskarð, austur,” segir í örnefnaskrá (BG). Vagnvegur er merktur inn á herföngjaráðskort frá 1910. Hann liggur frá leið ÁR-671:052 suður af Ásólfstöðum ÁR-264, austur að Hvammsá og þaðan til norðausturs að Skriðufelli. Kirkjuskarð er sunnan við heimatúnið og vagnvegurinn liggur eftir Kirkjuskarði, báðar leiðirnar sjást enn.



Vestari leiðin um Kirkjuskarð ÁR-263:033, horft til suðvesturs.

Leiðin lá til suðurs, frá heimatúninu, austan við klettaás sem þar er. Leiðin lá eftir þekktum þjóðleiðum að Stóra-Núp. Hliðar ássins eru brattar en þar er nú tré, bæði í nýja og gamla hlutanum.

Báðar útgáfur leiðarinnar fá númer til aðgreiningar í lýsingu þessari. Leið 1 er austar og kallast Gamla-Kirkjuskarð. Skarðið er á milli tveggja kletthryggja og sameinaðist líklega Þröngugötu ÁR-671:003. Skarðið er 10-15 m breitt og flatt. Þar vaxa nú aðallega lerkir og birki og ekki sér til gatna. Yngri leiðin, leið 2, er vestar og enn í notkun af hestamönnum. Þar við klettaásinn sést moldargata sem ekki er niðurgráfin.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 3; Ö-Skriðufell BG, 1; Ö-Skriðufell Aths JÓ, 1; Hkort 47 Skálholt NA

ÁR-263:034 varða óþekkt



Varða ÁR-263:034, horft til suðurs.

A 455112 N 403217

Varða er 400 m sunnan Vörðuáss 022 og um 150 m norðan Verks 024. Hún er tæplega 2,5 km norðaustan við bæ 001.

Varðan er á lágu aflöngu klapparholti sem liggur norður suður. Varðan er nokkuð miðsvæðis á því.

Varðan er alveg hrunin og er bara neðsta umfarið sýnilegt. Hún hefur sennilega verið ferhyrnd og um 1 x 1 m á stærð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:035 Stöðultorfur heimild um kvíar

A 453579 N 401605

“Stöðultorfur eru vestan við Geithúsgilið [Húsagróf 020] á móts við Oddatorfu, þar er fjárhús [019],” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn var skammt norðan við heimatúnið, um 290 m norðaustan við bæ 001 og um 40 m VNV við fjárhús 019. Ekki er vitað hvar stöðullinn var nákvæmlega, ekki er neinn hóll þar né vitneskja um tóftir.

Svæðið er grasi- og mosavaxið í brekkutótum Skriðufells. Það er búið að planta trjám þar víða og svæðið er mjög gróð.

Engin ummerki um stöðulinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 4

ÁR-263:036 garðlag vörslugarður

A 452863 N 401406

Norðan við Fremra-Hundastapagil er garðlag sem liggur frá vesturmörkum heimatúns Skriðufells og út að Hvammsá. Það er um 290 m VSV við bæ 001 og um 170 m norðan við útihús 043.

Garðlagið er innan skógræktargirðingar og er erfitt að fylgja því sökum þétts trjávaxtar í og við garðlagið.

Garðlagið er um 290 m langt, 0,5-0,8 m hátt og 0,8-1 m breitt. Um miðbik þess er það rofið af bílfærum slóða. Það er nokkuð toppmjótt og í því má sjá örfáa járnstaura.



Garðlag ÁR-263:036, horft til vesturs.

Stefna þess er mjög bein og því bendir allt til þess að það hafi verið byggt sem hluti af girðingu.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:037 *Fjóshóll* örnefni fjós A 453275 N 401509
“Fjóshóll rétt fyrir vestan gamla íbúðarhúsið; þar rétt hjá er gamall brunnur [038],” segir í örnefnaskrá. Gamla íbúðarhúsið var rífið fyrir allöngu og sléttað fyrir bæjarhólinn. Ekki er vitað hvar eða hvort Fjóshóll var á bæjarhólnum. Hólbarð er um 9 m vestan við bæjarhól 001 og var hnitíð tekið þar. Heimatúnið er slétt og ræktað. Það er ekki slegið og komið í órækt. Engin ummerki um fjósið sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 4

ÁR-263:038 brunnur brunnur A 453280 N 401482
“Fjóshóll [037] rétt fyrir vestan gamla íbúðarhúsið; þar rétt hjá er gamall brunnur,” segir í örnefnaskrá. Brunnurinn er 3 m sunnan við bæ 001 og rúmum 40 m NNV við brunn 007. Hann er fast vestan við kálgarð 045, við suðvesturhorn bæjarhólsins. Til norðurs og austurs er búið að planta trjám og ljóst að rætur þeirra hafa raskað brunninum. Þetta eru aðallega reyni- og barrtré. Til allra átta er slétt, ræktað tún. Tré eru sunnan við bæjarhólinn. Brunnopið er 1x1 m að stærð og hulið með bárujárni og vagnhjóli. Til suðvesturs sést ílangur steinn í brunnopinum. Líklega er búið að fylla upp í brunninn en skrásetjari sá ekki ofan í hann vegna fargsins. Umhverfis brunnopið eru hlaðnir veggir, 0,2 m á hæð og algrónir.



Brunnur ÁR-263:038, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 4

ÁR-263:039_01 tóft beitarhús A 453193 N 401846
“Upp með Kornásagili er sumarbústaður og upp undir fjalli eru beitarhús frá Skriðufelli,” segir í örnefnaskrá. Beitarhús, um 400 m norðaustan af bæ 001, eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hér er um sama stað að ræða. Beitarhúsin eru 350 m norðan við bæ 001 og um 470 m sunnan við vörðu 018_3 og voru notuð fram á seinnihluta 20. aldar. Það vottar fyrir túngarði fyrir suðvestan tóftina og þúst er fast norðan þeirra. Minjarnar eru á hól og bratt er niður hann til norðurs og austurs. Hóllinn er 1-1,5 m á hæð. Minjarnar eru á svæði sem er 31 x 26 m að stærð og snýr austur-vestur.



Uppmælingar af minjum ÁR-263:039.

Beitarhúsið er grafið inn í hólhrygg að austan og þar er þéttur birkiskógur. Umhverfis minjarnar er gróið svæði, í grunninn líklega tún. Allt umhverfis er þéttur birki- og víðiskógur. Tóft 039_01 er 20x10 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru úr tofi og grjóti

og það glittir í 4-6 umför af grjóti í þeim til vesturs. Til austurs glittir í 7-10 umför af grjóti. Að innan eru veggirnir 0,7- 1 m á hæð en að utan eru þeir mun lægri, eða 0,3 m. Bæði hólfin eru niðurgrafin. Bárujárn úr þakinu eru yfir allri tóftinni, timbur og gaddavír. Ekki er ólíklegt að tóftin hafi verið nýtt sem rétt eftir að hún féll úr notkun. Til vesturs er hólfi 1. Það er 11,5 x 6,5 að innanmáli og snýr austur-vestur. Innan í hólfinu eru tveir grjóthlaðnir garðar og op er til vesturs. Garðarnir eru 0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Hólfi 2 er austar og er hlaða. Hún er 1 m dýpri en hólfi 1, er 6,5 x 3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru 2 m á hæð að innan og sjást ekki að utan. Veggirnir eru fallnir að hluta inn í hólfið og í þeim vaxa víða tré.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 2; Hkort 47 Skálholt NA



Tóft ÁR-263:039_01, horft til suðausturs.



Túngarður ÁR-263:039_02, horft til suðurs.

ÁR-263:039_02 garðlag túngarður

A 453183 N 401830

Garðlag sést sunnan við beitarhús 039_01 og liggur til norðurs í átt að þústi 039_03. Líklega er þetta hluti úr túngarði sem afmarkaði tún. Sunnan við beitarhúsið sést L-laga garðlag. Það er 12 x 5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er 1,2 m á breidd, 0,3 m á hæð og algróið. Líklega var vírgirðing ofan á því. Ekki er ljóst hvort að það náði lengra til annarra átta. Það lá alveg að beitarhúsinu til norðurs. Fyrir norðan beitarhúsið sést lítill bútur, líklega úr sama garðlagi. Hann er 5 x 1,5 m á lengd og liggur NNV-SSA, frá beitarhúsinu og fjarar út. Þessi hluti er grasvaxinn en fornlegri ásýndar en syðri hlutinn.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:039_03 þústi beitarhús

A 453190 N 401851

Þústi 039_03 er 1,5 m norðan við beitarhús 039_01. Hún er 8,5 x 7,6 m að utanmáli, 0,2 m á hæð og snýr norður-suður. Þústin er á brún Dýjahóls, sem minjarnar eru á, og bratt er niður til austurs og norðurs. Sé tekið mið af lögun og stærð þústarinnar er afar líklegt að hún sé manngerð og ekki ólíklegt að eldri beitarhús gætu verið hér. Túngarður 039_02 stefnir að þústin en tengslin á milli eru horfin, einungis sér móta fyrir óljósum hrygg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:040 þústi útihús

A 453469 N 401552



Þústi ÁR-263:040, horft til norðurs.

Þústi er rúmum 170 m norðvestan við bæ 001, fast við túngarð 016. Hún er innan heimatúnsins en ekki er ljóst hvort að hún var sambyggð túngarðinum. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu þústarinnar var þetta útihús ofarlega í heimatúninu. Mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjari var á ferðinni sem gerði þústinu óljósa.

Heimatúnið er slétt en komið í órækt. Hlutar þess eru afmarkaðir í beitarhólfi. Allt umhverfis túnið er skógræktarsvæði.

Þústin er 6,7 x 5 m að stærð og snýr norður-suður.

Hún 0,2 m á hæð og flöt að ofan. Það er búið að slétta yfir hana og hún er algróin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-263:041 *Kornásaklif* heimild um leið

A 452891 N 401724

“Vestan Fagurhóls og neðar eru Kornásar [017], lágir skógivaxnir ásar og ná þeir fram að Hvammsá. Kornásaklif heitir laut undir brekkurótum Skriðufells, austan við Kornása. Var þar áður reiðgata,” segir í örnefnaskrá. Vegurinn er horfinn, þar er nú malarvegur í skógrækt. Ekki er ljóst hvert gatan lá en líklega lá hún að seljum þar norðar eða yfir í land Ásólfstaða.

Þar sem leiðin lá er mikil skógrækt, aðallega barrtré.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 2

ÁR-263:042 *Klapparvað* gata vað

A 455182 N 402074

“Hallslaut [038] er vallendistorfa. Við fremri enda hennar er vað á Sandá er heitir Klapparvað og er það eitt af fáum góðum vöðum á Sandá,” segir í örnefnaskrá. “Einu sinni var þó maður mjög hætt kominn í Sandá. Félagar hans fóru yfir Sandá niður á vegi og héldu inn Tungu, á meðan hann skrapp heim að Skriðufelli. Fór hann svo skemmstu leið og ætlaði yfir ána á vaðinu hjá Hálslaut. En áin var flugmikil og er mjög straumhörð þarna, og hrakti bæði hest og menn undan straumi og á hrokasund. Maðurinn hélt sér á hestinum, og hesturinn var tápmikill og komust þeir félagar heilir á húfi til lands,” segir í Göngum og réttum II. Vaðið er tæpum 2 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 360 m sunnan við sel 008. Það var notað á Sprengisandsleið ÁR-671:002. Skriðufellsskógur er vestan við Sandá en austan hennar eru sandar. Skógræktarvegur er á sama stað og vaðið er bílfært.

Sandá rennur í litlum bug til suðurs þar sem vaðið er. Þar eru klappir í ánni líkt og nafnið gefur til kynna. Áin er 20-30 m á breidd og grunn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 3; GR II, 59

ÁR-263:043 *Sandártunga* tóft rétt

A 453091 N 399778

“Rústir í Sandártungu. Á milli Þjórsár og Sandár heitir Sandártunga fremst. (Þessu örnefni má ekki rugla saman við bæjarnafnið Sandártungu ...) tungan er öll úr hrauni, og falla árar meðfram hraunbrúnunum. [...] Í 250 m fjarlægð frá þessari rúst [sjá 052], í stefnu á hákoll Stangarfjalls, er önnur rúst af rétt eða



Klapparvað ÁR-263:042, horft til vesturs.



Rétt ÁR-263:043, horft til vesturs.



Uppmæling af rétt ÁR-263:043.

gerði, 20x30 m að stærð og opin til suður. Þjórsárdalsgirðingin liggur yfir hana miðja. Bæjarrústir hafa ekki fundizt í Sandártungu, og eru engar sagnir um að þar hafi verið bær,» segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Réttin er rúmum 1,7 km sunnan við bæ 001 og tæpum 330 m norðvestan við tóft 052.

Réttin er á lágri og ávalri hólþungu í annars flötu sendnu landi sem liggur að bakka Þjórsár. Svæðið er innan Skógræktarinnar í Þjórsárdal og er búið að græða það með trjárækt og lúpínu.

Réttin er 27x24m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vegghleðslurnar eru úr hraungrýti en umför verða ekki talin þar sem þær eru yfirgrónar af lúpínu og trjám. Þær eru 0,2-0,6 m á hæð og um 1m á breidd en þær eru mjög signar. Tóftin hefur enga suðurhlið en op er á norðurhlið sem snýr til suðvesturs. Annað op er fyrir miðri norðausturhlið en það er sennilega vegna rofs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árbók 1954, 11

ÁR-263:044_01 *Dagmálaás* varða eyktamark

A 453595 N 401339



Varða ÁR-263:044_01, horft til norðvesturs.

“Sunnan við túnið er Bolagróf, hjá henni er Dagmálaás,“ segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, var hádegi á Dagmálaás. Þar eru tvær vörður og sú þriðja er hálfhlaðin, á svæði sem er 18 x 9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Vörðurnar eru rúmum 320 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 250 m sunnan við tóftir 019.

Dagmálaás er stór klapparás. Hann er um 20 m á hæð til norðausturs en lækkar til annarra átta. Melur og mosi er efst á ásnum, trjágróður er neðar í honum.

Varða 044_01 er norðaustust. Hún er 0,8 m á hæð, 1,5 x 1 m að grunnfleti og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og má sjá 10 umför af grjóti í henni. Það er fremur stórt og tekið úr ásnum. Birkitré er fast vestan við vörðuna og ekki mun líða á löngu áður en það skemmir vörðuna. Stærri grjót er neðarlega í

vörðunni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell, 1

ÁR-263:044_02 varða eyktamark

A 453590 N 401331

Varða 044_02 er 9 m suðvestan við vörðu 044_01, hlaðin á flata klöpp. Hún er stærri en varða 01 en báðar sjást engu að síður vel. Hún er 1 m á hæð, 2 x 2 m að grunnfleti og strítulaga. Sjö umför af grjóti sjást til vesturs, 10-12 til austurs og grjótið er smærra. Sá hluti er einnig verr hlaðin. Botn vörðunnar er gróinn til vesturs og að öllum líkindum er sá hluti eldri.

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-263:044_02, horft til suðvesturs.



ÁR-263:044_03, horft til suðvesturs.

ÁR-263:044_03 varða óþekkt

A 453581 N 401333

Grjóthlaðinn hringur er 8 m vestan við vörðu 044_02. Þetta er lítið annað einfaldur grjóthringur, á brún holtsins og ætlað sem undirstöður vörðu. Þetta er líklega ekki forn varða, sjö steinar mynda hring sem er um 1 m í þvermál og 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:045 heimild um kálgarð

A 453300 N 401482

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan við bæ 001, traðir 012 lágu á milli þeirra. Kálgarðurinn var í suðurhluta bæjarhólsins, í afliðandi brekku til suðurs. Núverandi vegur að Skriðufelli liggur fast austan við kálgarðinn.

Suðurhlið bæjarhólsins er 1-1,5 m á hæð og grasivaxin. Þar sést ekki til mannvirkja. Tré eru til austurs og vesturs. Brekkan er mjög gróin og mikið af njóla.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-263:046 tóft útihús


A 453248 N 401574

Útihús er rúmum 70 m norðvestan við bæ 001, fast austan við túngarð 016. Tóftin er innan og ofarlega í heimatúninu. Staðsetning og lag tóftarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða. Sumarbústaður er rúmum 20 m NNV við útihúsið, utan túns. Timburkofi er grafinn inn í hrygginn sem túngarðurinn liggur eftir um 15 m norðar, utan túns. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1919.

Gróið heimatún. Því hallar til suðurs, í lágri afliðandi brekku.



Tóft ÁR-263:046, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft ÁR-263:046.

Tóftin er 6 x 4 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er opin til suðvesturs og ekki sér móta fyrir garða né jötu inni í húsinu. Veggirnir eru hlaðnir úr tofi og grjóti og hún er grafinn inn í brekkuna til norðurs. Veggirnir eru 0,2 - 0,5 m á hæð að utan en 1 m að innan. Ekkert grjót sést utan í veggjum en að innan eru 5-7 umför af grjóti sjáanleg. Veggirnir eru grónir, grenitré vex einnig á milli tóftarinnar og túngarðsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-263:047 tóft beitarhús

A 452733 N 400940


Að sögn Bergs Þórs Björnssonar, heimildamanns, er hrútakofi skammt norðaustan við starfstöð Skógræktarinnar í Þjórsárdal. Tóftin er rúmum 100 m norðvestan við hús Skógræktarinnar og tæpum 800 m suðvestan við bæ 001. Stórt lerkitré er í opi tóftarinnar, grenitré í suðausturshorni og víðirunnar fyrir ofan. Ljóst er að tóftin er röskuð og mun hverfa á næstu árum vegna gróðurs.

Tóftin er norðan við bratt lækjargil, Klofásgil, í þéttum skógi. Brekkan er þakin trjám og er um 2 m á hæð. Tóftin sést ekki fyrr en að henni er komið, skógurinn er það þéttur, þar eru aðallega lerki, birki og barrtré. Svæðið umhverfis tóftina sjálfa er vaxið elftingu.

Tóftin er 10x8 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er grafinn inn í brekku til norðurs, þar sjást veggirnir sem kantur. Til suðurs eru þeir hlaðnir úr torfi og grjóti. Þeir eru 1,2 m á breidd og 0,3 m á



Tóft ÁR-263:047, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-263:047.

hæð. Kanturinn er 1,2 m á hæð og þar glittir í 3-4 umför af grjóti. Mikið hrun er í tóftinni til austurs og suðurs. Grjót er jafnframt inni í tóftinni. Hlaðinn garði liggur eftir tóftinni endilangri, hann er 0,3 m á hæð og 1 m á breidd.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-263:048 Nautarétt heimild um rétt

Í örnefnaskrá Brynjúlfs Jónssonar um Skriðufelli er örnefnið Nautarétt talið upp. Ekki er vitað hvar það er staðsett og öll þekking um hana er horfin. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja réttina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skriðufell BG, 2

ÁR-263:049_01 garðlag áveita



Uppmæling af áveitu ÁR-263:049 í Seljamýri.

A 457223 N 408367

Í Seljamýri er áveita frá síðari hluta 19. aldar. Vatn á áveituna kemur úr Grjótá sem er rúmum 200 m austar sem og uppsrettu norðarlega í mýrinni. Áveitan er tæpum 7,8 km NNA við bæ 001 og rúmum 200 m ANA við býlið í Grjótárkrók 006. Minjarnar eru á svæði sem er 760 x 430 m stórt og snýr norður-suður. Áveitan samanstendur af þremur hólfulum, rennu, þúst og garðlagi.

Seljamýri dregur nafn sitt að öllum líkindum af seli 010 sem er norðan við mýrina og mun eldra mannvirki. Seljamýri er gróin, þýfð og blaut. Til austurs eru lágir hólar við Grjótá en brött fjallshlíð til norðurs og vesturs. Flóðgarðar afmarka áveituhólfina til allra átta en þau eru þrjú talsins. Vestasta hólfíð er 3,2 ha, miðhólfíð er 6 ha og austasta hólfíð er 0,7 ha. Flóðgarðarnir afmarka áveituna að utan, eru 1,2 - 2,2 m á breidd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Þeir eru torfhláðnir og algrónir. Flóðgarðarnir eru víða rofnir vegna vatnsaga eða nánast sokknir í mýri. Á milli stærri hólfanna að norðan er uppspretta og vatni án efa veitt þaðan að auki á mýrina. Á milli austasta hólfins og þess í miðjunni eru flóðgarður. Vatni var veitt á áveituna í rennu 049_02 en rann að auki eftir skurðum innan hólfanna, þar sem efni var tekið við gerð flóðgarðanna.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:049_02 renna áveita

A 456987 N 408370

Vatni var veitt úr Grjótá til norðurs, í rennu inn í áveituna í norðausturhorni og dreift um svæðið sem



Flóðgarðar ÁR-263:049_01, horft til NNA.

og meðfram flóðgördunum. Rennan er um 730 m löng en horfinn í miðhólfinu til suðvesturs. Hún sést aftur skammt suðvestar og opnast til suðurs, í mýrina. Líklega var stífla eða loka þar sem er horfin. Að auki kom vatn úr uppsrettu til norðvesturs, inni í áveitunni. Rennan er 0,5 m á breidd og 0,2 - 0,4 m á dýpt. Víða er hún fallin saman eða uppgróin og við það að hverfa.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:049_03 þúst heystæði

A 456966 N 408386

Þúst 049_03 er norðvestan við áveituhólfin, skammt frá uppsrettu. Hún er 14 x 7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin, 0,3 - 0,2 m á hæð og er hærri til vesturs. Engin mannvirki sjást ofan á henni. Hlutverk hennar er óljóst, mögulega var þetta heystæði.

Hættumat: engin hætta



Þúst og garðlag ÁR-263:049_03 og 04, horft til NNA.



Renna ÁR-263:049_02, horft til suðurs.

ÁR-263:049_04 garðlag óþekkt

A 456957 N 408389

Garðlag 049_04 er fast vestan við þúst 049_03. Það er 16 x 1,7 m að stærð, 0,3-0,4 m á hæð og snýr norðaustur-suðaustur. Hlutverk þess er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:050 heimild beitarhús

“Á þessum árum mun féð hafa verið eitthvað á fjóra hundraði. Hautið 1918 [...] Þá voru sauðir hafðir í Dímon, en mun hafa verið hætt skömmu síðar., segir í bókinni Gengnar leiðir. Samkvæmt Bergi Þór Bjönssyni, heimildamanni, er hrútakofi í fjallinu Dímon. Hann sést frá þjóðveginum að hans sögn. Þegar skrásetjari var á ferðinni var mikill gróður á svæðinu og hann sást ekki frá veginum. Aðgengi að svæðinu er erfitt, þar er þéttur skógur og yfir ár að fara. Hann gæti sést þegar gróður á svæðinu er minni.

Samkvæmt Bergi var tóftin hlaðin upp við áberandi kletta sem hrunið hafa niður úr fjallinu. Svæðið er skógivaxið, að mestu náttúrulegur birkiskógur. Sandá rennur þarna við fjallshlíðina og undirlendi er lítið.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Jón Gísli Högnason, 59

ÁR-263:051 varða óþekkt

A 453109 N 401110



Varða ÁR-263:051, horft til suðurs.

Vörðubrot er á klapparás, á milli Kirkjuskarðanna, sjá 033. Hún er um 430 m sunnan við bæ 001. Ekki er ljóst hversu gamalt þetta mannvirki er, ef hún tilheyrði leið 033 þyrfti hún að vera hærri. Varðan er hlaðin á lágrí klöpp og sést ekki úr hvorugu Kirkjuskarðinu.

Uppi á klapparásnum er mosi og möl. Inn á milli er sína og klappir.

Varðan er hringlaga og líklega ekki forn. Hún er hálfhlaðin, stórir steinar eru yst í henni en að innan eru smásteinar. Þetta er í raun einungis grunnur vörðunnar. Hún er 1,5 m í þvermál og 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-263:052 tóft skotbyrgi

A 453293 N 399503

“Rústir í Sandártungu. Á milli Þjórsár og Sandár heitir Sandártunga fremst. (Þessu örnefni má ekki rugla saman við bæjarnafnið Sandártungu ...) tungan er öll úr hrauni, og falla árar meðfram hraunbrúnunum.



Tóft ÁR-263:052, horft til norðurs.

Á þeirri hrauntotu, sem skagar lengst til útsuðurs, er rúst 2x4 m að stærð, einhlaðin úr hraunsteinum, opin til landnorðurs. Rústin er tæpt á þverhníptri hamrabrúninni Þjórsármegin,“ segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Óljósar minjar eru tæpum 2 km sunnan við bæ 001 og rúmum 320 m SSA við rétt 043. Ekki er ljóst hvort að um sömu minjar og Gísli fjallar um í grein sinni er að ræða en það verður að teljast líklegt. Bergur Þór Björnsson, heimildamaður, sagði þetta vera hringhlaðna, einfalda tóft. Tóftin er á nesinu sem skagar lengst til suðvesturs fram í Þjórsá, ekki á blábrúninni.

Sendið, uppblásið svæði. Víða er grjótdreifar inn á milli lúpínu, víðirunna og birkis. Svæðið er að gróa aftur upp.

Tóftin er 3 x 3 m að stærð, grjóthlaðin og einföld.

Hún er opin til suðurs. Veggirnir eru 0,3 m há og hún líkist einna helst skotbyrgi. Um 10 m austar er hlaðinn garður, líklega undir girðingu. Hann er 5 m langur, 1 m á breidd og í halla til suðurs að Þjórsá. Girðingarsturar sjást nærri hvorum enda hans. Garðurinn er uppi á jarðlægum klettum sem eru um 0,3 m á hæð og það glittir í 1-2 umför.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

ÁR-264 Ásólfstaðir

1592: Í handriti frá 1592 eru talin upp bænhús í Núpshinghá að fornu. Ásólfstaðir eru þar í listanum en strikað er yfir nafn jarðarinnar. AM 2624to bl. 91-b.


1686: 23 hdr 80 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 20 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign. “Skallakot heita girðingar hjer skamt frá heimatúninu, sem menn ætla að fornu hafi hjáleiga verið af heimajörðunni, en ekki bygt í manna minni,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216.

1847: 16 2/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 64.

“Stórólshlíð heitir skógarhlíð í Ásólfstaðaskógi, austan í fellinu, fyrir innan bæinn. [...] Hefir þar verið annað afbyli frá Ásólfstöðum, og heitið að líkindum Stórólshlíð,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal, Árbók 1884-85, 48.



Árið 1896 voru 9 bæjarhús og 17 peningshús á Ásólfstöðum. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 3 peningshús gjörfallin, 2 peningshús mjög skemmd en 4 bæjarhús lítið skemmd, skv. Landskjálfum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.

“Árið 1962 keypti Skógrækt ríkisins allt fjall- og skógendi jarðarinnar,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 349. Á Ásólfstöðum er tvíbýli og var nýbýlið Ásólfstaðir II byggt 1954 á helmingi jarðarinnar skv. Sunnlenskum byggðum I, 348-349.

“Skógarítök tvö á jörðin [Hlíð (ÁR-280)] á Þjórsárdal, annað í Skriðufellslandi (bæði í takmörkuðum plátsum), hitt í Ásólfstaðalandi, og hvort um sig kallað Hlíðartorfa, og er sá skógur nú nærri gjöreyddur af lángrarandi brúkun og sandfalli úr Heklu,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 228. Túnakort 1919: Tún 6,46 ha, slétt og greiðfært. Aukatún 1,45 ha. Matjurtagarðar 6,5 arar.

“Skógur til eldiviðar bjarglegur, þrotinn að kalla til kolgjörðar. [...] Túninu grandar aur og grjót úr brattlendi í leysingum og so sandfok ut supra á Haga. Engjar eru öngvar nema lítið í vallendismóum og einu mýrarsundi, sem mjög spillist af skriðum og grjóti úr brattlendi, ogso af stórfeldum átroðningi þeirra manna, er brúka skóginn í almenníngi og æja hjer hestum sínum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 216-217.

“Mestur hluti landsins er fjallendi með skógivöxnum hlíðum. [...] Landið er allt grasgefið, og túnin jafnan snemmsprottin. Ásólfstaðanes er mýrlent, og er nú að mestu ræst fram og ræktað í tún. Á Ásólfstöðum voru eins og á Skriðufelli hlunnindi af skógum til eldiviðar, og einnig var nokkuð um skógarhögg til sömu nota út af bænum til bænda í nágrenninu,” segir í Sunnlenskum byggðum I, 349.

ÁR-264:001 *Ásólfstaðir* bæjarhóll bústaður

A 452018 N 400821



Bæjarhóll Ásólfstaða ÁR-264:001, horft til norðurs.

Bærinn var ofarlega í túninu, í norðvesturhorni heimatúnsins samkvæmt túnakorti frá 1919. Brött brekka er þar til norðurs og lækur til vesturs. „Bærinn stóð upphaflega á litlum hjalla neðst í fjallsbrekkunni og þar stendur enn annað íbúðarhús jarðarinnar og gripahús nýbýlis, sem var stofnað 1954,” segir í Sunnlenskum byggðum I. “Bærinn snýr mót suðlæggu suðaustri.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Gamli bærinn snéri stöfnum til suðurs og þaðan var víðsýnt. Á bæjarhól Ásólfstaða er búið að rífa öll hús fyrir utan súrheysturn byggðan 1952 og íbúðarhús, byggt 1928. Bærinn á Ásólfstöðum 1 er um 200 m austar sem og íbúðarhúsið á Ásólfstöðum 2 sem er rúmum 100 m sunnar. Í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni, eru myndir sem sýna bæinn um 1930 ásamt útihúsum. Á ljósmynd á bls. 64 í bókinni *Íslands Pompeji* eftir

Steffan Stummann Hansen er mynd sem var tekin sumarið 1939. Þar sést vel hversu mikið bæjarhóllinn hefur breyst á síðustu áratugum.

Bæjarhóllinn er sunnan undir brekku en í henni er mikil trjárækt. Ekið er sunnan við bæjarhóllinn, á leið að Ásólfstöðum 2. Bæjarhóllinn sjálfur er gróinn en malarplan er ofan honum.

Mikið rask er á hólnum vegna sléttunar og ýmissa framkvæmda. Íbúðarhúsið frá 1928 er austast á bæjarhólnum, austast í bæjarröndinni. Þar er flatt svæði til vesturs og greinilegt að jarðvegur var tekin þegar útihúsin voru rifin. Ekið er að húsinu, sem enn er nýtt sem heilsárshús, að vestan og yfir allan bæjarhóllinn. Ekki er hægt að greina uppsöfnuð mannvistarlög á yfirborði sökum rasks. Það er jafnframt erfitt á gömlu myndunum, bærinn er á hól eða stalli undir fjallshlíð. Bæjarhóllinn var líklega um 55 x 20 m að lengd og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Árbók 1884-85, 47; SB I, 348; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=694375>; Steffan Stumman Hansen, 64.

ÁR-264:002 *Stórólfshlíð* tóft býli

A 452438 N 401816

“Rústir Stórólfshlíðar og Skallakots í Þjórsárdal. Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

“5. Stórólshlíð heitir skógarhlíð í Ásólfstaðaskógi, austan í fellinu, fyrir innan bæinn. Á fles einni undir hlíðinni var 1873 höggvið rjóður, og fannst þar rúst, mjög svipuð Snjáleifartóttum, en húsaskipun eigi jafnglögg. Þar sást og túngirðing, er að var gætt, en mjög er hún lítil. Hefir þar verið annað afbýli frá Ásólfstöðum, og heitið að líkindum Stórólshlíð.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“5. fyrir botni Langagils í Ásólfstaðaskógi er nafnlaus bæjarrúst undir brekku, sem í daglegu tali er nefnd “Stórólshlíð”. (Br. J. “Stórólshlíð”, Fg “Stórhólshlíð”). Rústin fannst árið 1873 og var þá skógivaxin. Enn var þar nokkurt kjarr, þegar hún var grafin upp 1939. Nú er þar moldargröf, sem fyllist smátt og smátt af aurrennsli. (Sjá Árb. ‘84-5 nr. 5 og Fg.)” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Um uppgröftinn á Skallakoti undir stjórn Jouko Voionmaa árið 1939 er fjallað í bókinni Forntida gærdar í Island.

Stórólshlíð er vinstra megin (vestan við) slóða sem liggur um skógræktar- og sumarbústaðaland norður af Ásólfstöðum, tæpum 1,1 km norðan við bæ 001 og tæpum 1,7 km sunnan við sel 005. Tóftin er í lægð, efst í lækjargili sem opnast til austurs ofan við Ásólfstaði. Sléttlendi í kringum tóftina er lítið og hefur þar ekki getað verið stórt túnstæði en þar er nú allt skógivaxið og erfitt að greina aðrar mögulegar minjar. Helst væri þeirra að leita sunnan við tóftina. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum.

Stórólshlíð er innan landsvæðis sem tilheyrir Skógrækt ríkisins og þar er umfangsmikil skógrækt. Austan tóftarinnar er mikið af greni- og furutrjám en í tóftinni sjálfri eru einnig birkitré. Erfitt er að átta sig á umfangi minjanna vegna trjána sem þekja hana alla og svæðið umhverfis. Skógur (birki og greni) er allt í kring um tóftina og hafði verið gróðursett í hana en þær hríslur hafa nýverið verið höggnaðar burt.

Minjasvæðið í Stórólshlíð er 32 x 17 m að stærð og snýr norður-suður. Lag tóftarinnar sést ennþá en er óljóst vegna trjáræktar. Að innan er slétt svæði þar sem grafið var 1939. Óljós ummerki uppgraftarins sjást einnig meðfram tóftinni. Uppmökstri var hent út fyrir veggina sem sjást lítið sem ekkert á yfirborði. Eftir uppgröftinn 1939 hafa haugarnir verið skildir eftir á skurðbörmunum og hefur rústin síðan gróið upp þannig.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árbók 1884-85, 48; Árbók 1954, 8; FGI, 137-144; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 155

ÁR-264:003_01 Skallakot bæjarstæði býli


A 451576 N 400712

“Rústir Stórólshlíðar og Skallakots í Þjórsárdal. Sbr. Árb. 1884: 46-47. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

1709: “Skallakot heita girðingar hjer skamt frá heimatúninu, sem menn ætla að fornuhafi hjáleiga verið af heimaörðunni, en ekki byggt í manna minni. Veit því engin hvorjir kostir voru, eður hvað fóðrast kunni, og ekki má hjer aftur byggja fyrir heyskapar- og torf-leysi,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II.

“4. Skallakot hjét afbýli frá Ásólfstöðum. Það var vestur í gilinu, sem kemur ofan milli Hagafjalls og fellsins og rennur í bæjarlæk á Ásólfstöðum. Í Skallakoti er nú stekkur, en sjer fyrir bæjarrúst og lítilli túngirðingu.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

Um uppgröftinn á Skallakoti undir stjórn Aage Roussel árið 1939 er fjallað í bókinni Forntida gærdar í Island. Þar eru merkt á kort bæjarhús, útihús um 35 m norðaustan af bænum og túngarður sunnan við bæ



Uppmæling af minjum í Stórólshlíð
ÁR-264:002



Stórólshlíð ÁR-264:002, horft til norðurs.



Uppmælingar af minjum í Skallakoti ÁR-264:003. ©Loftmyndir ehf.

með viðbyggðu útihúsi. Skallakot var rannsakað að nýju undir stjórn Orra Vésteinssonar og Steffen Stummann Hansen árið 2001.

“4. Skallakot. Svo sem 500 m fyrir vestan Ásólfstaði, á innri bakka Illagils, er rúst, sem nefnd er Skallakot. Hún var grafinn upp árið 1939 (sjá Fg). Nú er grófturinn smátt og smátt að fyllast af áfoki. (Árb. ‘84-5 nr. 4.)” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Skallakot hét afbyli frá Ásólfstöðum. Það var á innri bakka Illagils, gilsins sem kemur ofan

milli Hagafjalls og Ásólfstaðafells og gegnt Nóngljúfri. Í Skallakoti var lengi stekkur en þar sér þó fyrir bæjarrúst og lítilli túngirðingu. Rústirnar voru grafnar upp 1939. Þar mátti greina leifar af skála með víkingaaldar sniði. Þar mun bærinn á Ásólfstöðum upphaflega verið reistur en hafði þó verið aflagður á þeim stað áður en Hekla gaus 1104. Frá Skallakoti er hæg gönguleið vestur yfir hálsinn og að Sneplafossi í Þverá,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Skallakot er talsvert hátt ofan við bæinn á Ásólfstöðum, á lítilli sléttu milli tveggja gilja. Vegarslóði liggur frá Ásólfstöðum til suðurs upp bratta brekku en þegar upp á hæðina er komið beygir slóðinn til SSV og þá kemur á vallendisléttu sem ekki er meira en 300 m í þvermál. Alls eru sex fornleifar tilheyrandi Skallakoti á svæði sem er 90x80 m og snýr austur-vestur.

Bærinn stendur í jaðri á vallendisléttu en fast sunnan við skálann er gil með flötum botni og deiglendi, en ofan við er allbrött móabrekka. Norðan í henni er vallendisrák, í framhaldi af sléttunni neðan við, sem veit niður að gilinu norðan við. Austan við vallendisléttuna er hóll með móagróðri. Birkírhíslur og víðikjarr vex í skálatóftinni.

Skáli 003_01 er byggður fast við brekkurætur og er allbratt strax fyrir ofan hann. Vel sést móta fyrir skálanum og afhýsum. Að uppgrefti loknum 1939 hefur tóftin verið skilin eftir opin og hafa haugarnir gróid upp á skurðbökkunum. Grafið var innan eldri uppgrafter að mestu árið 2001. Uppgrafter svæðið er 27x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Mögulegt er að merki umbygginga sjáist á suðurgaffli en þar er eins og tveir gaflar að sjá á yfirborði. Vestari langveggur styðst því við brekkuna og afhýsin við norðvesturhorn eru byggð inn í brekkuna og því varla um að ræða torfveggi að vestan eins og sýnt er á teikningum.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM II, 216; Árbók, 1884-85, 46-47; FGI, 55-71; Árbók 1954, 8; ÁFÍ 1996, 94; Friðlýsingaskrá, 58; Steffen Stummann Hansen og Orri Vésteinsson, 2001

ÁR-264:003_02 tóft stekkur

A 451593 N 400740

Nyrst er yngsta tóftin á svæðinu, hún er 18 m norðaustan við skála 003_01. Þetta er stekkur, tóftin er 11x9 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er grafinn inn í hlíð og veggir afar greinilegir, 0,3-0,6 m á hæð. Syðra hólfið er nánast ferkantað, 2,3x2,3 m að innanmáli og op til suðurs. Nyrðra hólfið er 4,5x1 m og snýr austur-vestur. Op er til norðvesturs, að hlíðinni,

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

ÁR-264:003_03 tóft útihús

A 451586 N 400673

Fast sunnan við túngarð 003_04 er sambyggt útihús. Það er 15,3x3,3 m að stærð, snýr VNV-ASA og

skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er suðaustar og þar er gengið inn í tóftina. Það er 8,3x1,7 m að innanmáli, veggir algrónir og signir. Op er inni tóftinni til VNV og komið inn í hólf 2. Það er 2x1 m að innanmáli. Sé tekið mið af stæðsetningu er um útihús að ræða.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:003_04 garðlag túngarður

A 451615 N 400669

Túngarðurinn liggur í sveig fyrir sunnan og austan meint tún og sést vel. Norðurhlið túngarðsins er ógreinileg en vesturhliðin er í brekkunni ofan við skálann og sést lítið sem ekkert. Hann er um 150 m langur, er 2-2,5 m á breidd, siginn og algróinn. Til norðausturs, innan túns, mótast óljóst fyrir sambyggðri tóft. Hún er 5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Líklega er þetta rétt sem er opin til austurs. Þetta er afar óljóst og haft með túngarðinum af þeim sökum.



Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Túngarður ÁR-264:003_04, horft til austurs.

ÁR-264:003_05 garðlag túngarður

A 451591 N 400666

Annar túngarður er sunnan við túngarð 003_04, Hann liggur til suðausturs, sunnan við tóft 003_03 og fjarar út. Hann er tæplega 60 m að lengd, 0,2-0,35 m á hæð og algróinn.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:003_06 þúst útihús

A 451563 N 400728

Um 5 m norðan við nyrsta afhýsi skála 003_01 eru útihúsleifar á rústabungu, uppi í brekkunni. Þarna eru sennilega yngri byggingar á fjósstaði miðaldabæjarins. Tvisvar hefur verið grafið í þessa þúst. Fyrst var það að öllum líkindum gert árið 1939 án þess að heimildir geti þess. Aftur var tekin könnunarskurður í þústina árið 2001 og í ljós kom torfveggur sem innihélt gjösku úr Heklu 1104. Þústin er 10,5x7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:004 heimild um sel

A 402437 N 452599

“7. Sel í Seljatungum. Á tveimur stöðum [sjá 005] í Seljatungum eru líkur til að sel hafi staðið. Vestri rústirnar eru á flötum móa örskammt upp frá horninu á skógræktargirðingunni (Þjórsárdalsgirðingunni), og er hornstólpinn múraður niður, en vatnsból er innan girðingarinnar, ekki steinsnar frá horninu. Þarna er aðeins um að ræða þúfnabala, sem ekki eru tvímælalaus mannaverk á, en fornar götur sveigja fyrir þá á eftirtektarverðan hátt,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Innan við Ásólfstaði eru Seljatungur og er talið að fyrrum hafi hafi verið þar a.m.k. tvö sel,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, er minjastaðurinn 1,7 km NNA við bæ 001 og um 60 m suðvestur af Seljatungufossi, vestan við vað sem er neðan við áður nefndann foss.

Minjastaðurinn er á gilbarmi í brekku sem hallar til suðurs.

Minjastaðurinn er innan skógræktargirðingar og fannst ekki þrátt fyrir leit sem var mjög takmörkuð sökum mikils trjágróðurs á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árbók 1954, 8; ÁFÍ 1996, 96

ÁR-264:005 þúst sel

A 403374 N 453002

“7. Sel í Seljatungum. Á tveimur stöðum í Seljatungum [sjá 004] eru líkur til að sel hafi staðið. ... Eystri rústirnar eru á austurbakka vestra gilsins, sem sker Seljatungurnar, uppi undir brekkunni. Gamla götur [ÁR-671:103] liggja rétt neðan við þær. Þetta eru aðeins nokkrar reglulegar lautir, sem ekki eru tvímælalaus mannaverk,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Innan við Ásólfstaði eru



Rústahóll ÁR-264:005, horft til norðausturs.

Seljatungur og er talið að fyrrum hafi hafi verið þar a.m.k. tvö sel,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, var rústahóll suður undan Seljatunguhæðum um 2,7 km NNA við bæ 001.

Á litlu, opnu graslendi er þýfður hól sem er mögulega rústahóll. Hann er um 12 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Að honum þrengir trjágróður frá öllum hliðum. Ekkert tóftarbrot er á hólnum en hann er áberandi þýfður og má vera að hann hafi verið sléttaður að einhverju leiti.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árb. 1954, 8; ÁFÍ 1996, 96

ÁR-264:006 á Leiti heimild um sel

A 452457 N 402687

“6. Sel á Leiti. Nálægt miðju Leitinu, sem er innsti hluti Ásólfstaðaskógar, er selrúst á svonefndri Seltorfu. Rústin er við götuna [sjá 029], sem liggur norður eftir Leitinu, beint niður undan því eina klettagili, sem klýfur hamrabeltið efst í Leitinu, en Seltorfa nefnist brekka sunnan við lækinn úr gilinu. Rústin er nú skóglaus, en þéttur skógur allt umhverfis,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Innan við Ásólfstaði eru Seljatungur og er talið að fyrrum hafi hafi verið þar a.m.k. tvö sel [004 og 005], auk hins þriðja sem staðið hefur á Leiti innst í Ásólfstaðaskógi,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Böðvar Guðmundsson, fyrrum Skógarvörður hjá Skógræktinni, sagði að selið hefði verið sléttað út fyrir um 30-40 árum þegar gamla gatan var rudd og gerð bílfær. Selið var rúmum 1,9 km norðaustan við bæ 001 og rúma 870 m norðan við Stórólfsahlíð 002.

Þéttur skógur er í Seljatungum og vegurinn ófær af þeim sökum. Selið var ofarlega í brekku og lækir runnu beggja vegna við það.


Engin ummerki um selið sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Árb 1954, 8; ÁFÍ 1996, 96



Beitarhús ÁR-264:007, horft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft ÁR-264:007. ©Loftmyndir ehf

ÁR-264:007 tóft beitarhús

A 452543 N 401044

Tóft er tæpum 570 m ANA við bæ 001, fast sunnan við sumarbústað í svokölluðum Akurhólum. Sé tekið mið af lagi og gerð tóftarinnar er hér um fjárhús að ræða.

Allt umhverfis tóftina er slétt tún, nýtt til beitar. Vírgirðing liggur fast við suðurenda tóftarinnar, hún afmarkar svæði umhverfis bústaðinn.

Tóftin er 18 x 17 m að stærð og snýr norður-suður. Búið er að slétta yfir tóftina en það má greina tvö hólf í henni sem bæði eru opin til suðurs. Tóftin er röskuð til norðurs, þar er upphækkuð grasflöt og rotþró við sumarbústaðinn. Veggirnir eru algrónir en neðst í þeim glittir í 2-3 umför af grjóti. Þeir eru 1 m á hæð og 2 m á breidd. Eystra hólfíð er grafið inn í brekku eða hól til norðurs og afmarkast af kanti. Vestara hólfíð er mun stærra og þar inni er kartöflugarður sem er í notkun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-264:008 heimild um traðir

A 452066 N 400836

Traðir sem lágu til austurs frá bæ 001 eru merktar inn á túnakort frá 1919. Leiðin lá til austurs frá bæ 001, út heimatúnið. Hún sameinaðist án efa götum sem lágu áfram að Skriðufelli ÁR-263.

Malarvegur að íbúðarhúsi á bæjarhólum og Ásólsstöðum 2 er á sama stað og traðirnar voru.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:009 heimild um traðir

A 452033 N 400761

Traðir lágu til til suðurs frá bæ 001 og eru sýndar á túnakorti frá 1919. Leiðin liggur milli kálgarða 018 og sameinaðist þjóðleið 671:052 utan heimatúnsins. Þjóðvegur sem lagður var á fyrri hluta síðustu aldar liggur á sama stað og traðirnar gerðu.

Vegurinn liggur meðfram læknum, allt að bænum. Hann er ekki í notkun lengur.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:010 þúst kálgarður

A 451991 N 400762

Um 60 m frá bæ 001 er afmarkað svæði, líklega kálgarður, merkt inn á túnakort frá 1919. Að sögn Jóhannesar H. Sigurðssonar, heimildamanns, voru þarna fjós og hesthús í seinni tíð. Hann vissi ekki hvort að svæðið hafi verið notað sem kálgarður áður. Kálgarðurinn var tæpa 70 m suðvestan við bæ 001 og tæpa 120 m austan við lambhús 011.

Gróið svæði, á austurbakka lækjarins. Þarna var tún sem komið er í órækt.

Mínjarnar sem sjást á túnakortinu eru að öllum líkindum horfnar. Þarna er enn uppistandandi hús sem komið er að hrúni, fjósið og hesthúsið frá bænum. Veggir hússins eru steiptir en ekki er útilokað að hluti þeirra sé hlaðinn að innan. Húsið er grafið inn í hól eða hrygg til norðurs. Grasivaxin þúst er fyrir norðan húsið. Hún er 6,5 x 4 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr norður-suður, líkt og húsið. Hvergi sést glitta í mannvist enda líklega tengd framkvæmdum við húsið. Hlaðinn veggur er vestan við húsið. Hann er 0,8 -



*Uppmæling af mínjum ÁR-264:010.
©Loftmyndir ehf*



Kálgarður ÁR-264:010, horft til NNA.

1,5 m á hæð, 0,3 - 0,5 m á hæð og algróinn. Hann er 7 x 1,5 m að stærð og sem fyrr fylgir hann húsinu. Önnur þúst er fyrir austan húsið og gæti tengst kálgarðinum. Hún myndar grænan hrygg í túninu, er 17 x 6 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:011 tóft útihús

A 451880 N 400704


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 160 m suðvestan við bæ 001 og eru þar tóftir af tvöföldum fjárhúsum og hlöðu. Tóftin er austan Lambhúsholts, á Lambhústúni en milli Lambhústúns og bæjarins rennur Bæjarlækur til suðurs.

Tóftin er í þónokkrum halla sem liggur til norðausturs niður að bænum.

Tóftin er 18 x 14 m að stærð, snýr NNV-SSA og hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er niðurgráfin og er ytrabyrði hennar er vel gróið grasi og 0,2 - 1 m á hæð. Tóftin skiptist í tvö fjárhús og hlöðu. Fjárhúsin liggja samsíða, hafa sömu stefnu og tóftin en eru misstór. Það minna og vestara er 5 x 3 m að innanmáli með garða áfastan norðvesturgaffli en op er á suðausturgaffli. Innrabyrði hennar er 0,9-1 m á hæð, grjóthlaðið og má telja í því 6-7 umför. Hleðslur eru byrjaðar að síga. Garðinn er um 0,5 m á hæð og einnig grjóthlaðinn. Stærra fjárhúsið er austan við það minna og er það 11 x 3 m að innanmáli. Innrabyrði þess er 0,9 - 1,5 m á hæð, grjóthlaðið og 4-6 umför sjást. Það hefur einnig op til suðausturs og garða



Tóft (hlaða) ÁR-264:011, horft til suðausturs.



Uppmæling af útihúsi ÁR-264:011.

áfastan norðvesturgaffli. Ofan við (norðar) er hlaða sem er 6 x 5 m að innanmáli. Hlaðan er grjóthlaðin að innan en mjög gróin svo að umför verða ekki greind. Hlaðan hefur lítið sem ekkert ytrabyrði en er um 2 m að dýpt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:012 garðlag túngarður

A 451861 N 400703



Túngarður ÁR-264:012, horft til suðurs.

Túngarður umhverfis stakstætt tún er merktur inn á túnakort frá 1919. Garðlag er tæpa 200 m suðvestan við bæjarstæði Ásólfstaða 001, um 10 m vestan við fjárhústóft 011 og tæpa 215 m austan við túngarð Skallakots 003_04. Þetta er vesturhlið túngarðsins og sú eina sem enn er varðveitt.

Garðlagið er í grösugu landi sem hallar til suðausturs en mikið af trjám hefur verið gróðursett umhverfis. Lambhústún er afmarkað af garðlagi til vesturs en til norður, suðurs og austurs er það afmarkað af lækjarfarvegum, túngarður var þar áður sé tekið mið af túnakorti. Túngarðurinn er um 35 m að lengd og um 0,5 m á hæð og 0,7-0,8 m á breidd. Rof kom í túngarðinn á tveimur stuttum köflum sem eru grónir

núna. Ekkert opið rof sást þegar túngarðurinn var skráður. Hann er á kafi í grasi og engar grjóthleðslur sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:013 garðlag túngarður

A 451991 N 400868

Túngarður umhverfis stóran hluta heimatúns er merktur inn á túnakort 1919. Hann afmarkaði túnið til allra átta nema suðausturs, ekki er ljóst hvað réð afmörkuninni þar. Túngarðurinn er horfinn nema til norðurs, þar er brött brekka og túngarðurinn er efst í henni á brúninni. Það er bratt til norðurs frá túngarðinum, að lækjarsprænu sem þar er.

Allt umhverfis túngarðinn er skógrækt, bæði lauf- og barrtré. Til suðurs er brött brekka og tún sem komið er í órækt. Aðrir hlutar túngarðsins eru horfnir vegna sléttunar og annarra framkvæmda.

Túngarðurinn er líklega grjóthlaðinn en víða gróið yfir hleðslur. Hann er tæplega 200 m langur og liggur til norðausturs frá kálgarði 021 og fjarar út á brekkubrún skammt frá Ásólfstöðum 1. Hann er 1 - 2,5 m á breidd og 0,3 - 1 m á hæð, hæstur utan túnsins til norðurs. Hann er algróinn en hér og þar glittir í gjót þegar gengið er yfir svæðið. Vírgirðing var ofan á garðinum en hún er horfin. Í suðausturhorni sést lítið garðbrot liggja til suðurs frá túngarðinum. Hann er einungis 3 m langur og 1 m á breidd. Mögulega voru þvergarðar innan túnsins á einhverjum tímamarki.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1919



Túngarður ÁR-264:013, horft til suðurs.

ÁR-264:014 Húsfloöt tóft lambhús

A 451800 N 399967


“Húsfloöt (nefnt eftir lambhúsi) er neðan Krummaklettagils. Sunnan Húsflatar er Fremsthóll,” segir í örnefnaskrá. Tæpa 200 m sunnan Krummakletta er tóft. Hún er um 870 m SSV við bæ 001, um 40 m vestan við leið ÁR-761:052 og 70-100 m vestan við Torfhól 016.

Tóftin er á flatlendi innan sumarhúsalóðar og mikið af trjám hefur verið gróðursett í og við tóftina.

Tóftin er 20 x 14 m að stærð, tvískipt og snýr norðvestur - suðaustur. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, um 3 m á breidd og 0,3 - 0,6 m á hæð. Mörg tré eru í vegggleðslum og eru þau orðin 5 - 7 m há. Norðvesturhólflið er niðurgrafið og er 8 x 6 m að innanmáli. Innrabyrði norðvesturgafis er 1-1,2 m á hæð, hlaðið úr meðalstóru grjóti sem er vel kantað og má telja í því um 6 umför. Grjóthleðslan er farin að síga um miðbikið. Við innanverða suðvesturlanghlið þessa hólfis er steypur veggur. Hann er um 0,7 m á hæð og er á honum liggjandi bárujárnsmunstur. Einnig er steypur veggur við suðausturhlið hólfisins.



Tóft ÁR-264:014, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-264:014.

Á honum sést móta fyrir uppsláttartimbrinu sem notað var þegar hann var steypdur. Hann er um 0,9 m á hæð og um 0,2 m á þykkt. Í miðri tóftinni hefur verið útbúið lítið grjóthlaðið eldstæði og grjótið í það að öllum líkindum tekið úr tóftinni. Suðausturhólfid er álíka stórt og hitt. Á því er engin suðausturhlið en þar vottar fyrir lágum kanti sem er um 0,2 m hár. Miðsvæðis í þessu hólfu eru undirstöður fánastengur sem er fallin.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 1

ÁR-264:015 tóft rétt


A 451014 N 398935

Tóft er neðst í Bringuskarði, rúmum 2,2 km suðvestan við bæ 001 og rúmum 410 m suðvestan við beitarhús 024. Hún er sunnan við Bringu á láglandi. Gamla þjóðleiðin lá um Bringuskarð og mögulega var þetta rétt fyrir ferðalanga.

Mikil skógrækt er á svæðinu en tóftin er á opnu, grónu svæði að vestan. Til austurs er þéttur skógur í bekkju til suðurs frá Bringu.



Rétt ÁR-264:015, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-264:015.

Tóftin er 6,4 x 5,3 m að stærð, einföld og hringlaga. Veggirnir eru 1-1,2 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og algrónir. Steinn er nyrst í tóftinni og sjálfssáð tré eru þar á nokkrum stöðum. Tóftin er opin til vesturs. Fast sunnan við tóftina er dæld, mögulega til að geyma hey. Dældin er um 1,5x1,5 m að stærð og 0,4 m djúp.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:016 Torfhóll örnefni rista

A 451933 N 399995

“Austan Húsflatar [014] og gömlu heimreiðarinnar [ÁR-671:052] er Torfhóll,” segir í örnefnaskrá. Torfhóll er um 800 m sunnan við bæ 001. Þetta er náttúrulegur klapparhóll en til suðurs og austurs frá honum er framræst mýri, líklega var torfið rist þar.

Fyrir vestan Torfhól er fjallshlíð með sumarústöðum og skógrækt. Til austurs eru framræst tún sem enn eru nýtt.

Engin ummerki um torfristu sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 1

ÁR-264:017 Gerði örnefni tún

A 452068 N 400714

“Gerði heitir þar sem Stefán Pálsson hefur byggt íbúðarhús,” segir í örnefnaskrá. Gerði er tæpum 120 m sunnan við bæ 001 og rúmum 80 m austan við rafstöð 030. Þetta var tún og samkvæmt Bøðvari Guðmundssyni, heimildamanni, voru fleiri Gerðis-örnefni á staðnum líkt og Miðgerði. Þetta voru túnblettir, innan heimatúnsins.

Gróið tún er til allra átta. Það er nýtt til beitar og sláttar.

Engin ummerki túnsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 1

ÁR-264:018 heimild um kálgarð

A 452020 N 400798

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tvö afmörkuð svæði, líklega kálgarðar, fyrir sunnan bæ 001. Traðir 009 lágu þvert í gegnum kálgarðinn og skiptu í tvo hluta. Kálgarðurinn sést á gömlum ljósmyndum af Ásólfsstöðum sem varðveittar eru í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni.

Brekka er sunnan við bæ 001, neðst í henni liggur nú vegur að Ásólfsstöðum 2. Kálgarðurinn var í brekkunni en hún er grasivaxin og sléttuð. Steypt haughús skagar þar fram en fjósið sem það tilheyrði er horfið. Fjósið var líklega byggt eftir 1940, þá var seinni myndin í Sarpi tekin og það sést ekki þar. Brekkan er algróin og slétt.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=694375>

ÁR-264:019 *Árnatóft* heimild

“Lágar heitir norður af Skallakoti [003], norðan Bæjarklettagils. Langhóll heitir þar upp af. Árnatóft er nyrst í Langhólum,” segir í örnefnaskrá. Jóhannes H. Sigurðsson, heimildamaður, hafði ekki heyrt minnst á Árnatóft fyrr. Fyrir norðan Skallakot er birkiskógur og gróin svæði inn á milli. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja tóftina.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 2

ÁR-264:020 *Stöðull* heimild um kvíar

A 452180 N 400930

“Harðhaus heitir hóll rétt ofan og austan bæjar og Stöðull þar austur af,” segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er um 180 m austan við bæ 001, norðan við núverandi íbúðarhús á Ásólfsstöðum 1. Stöðullinn var fast austan við heimatúnið líkt og það var afmarkað árið 1919. Ekki eru þekktar tóftir á þessu svæði.

Stöðullinn er innan túns sem nýtt er til beitar. Þar eru afmörkuð hól með vírgiðingu.

Stöðullinn er hóll, endi hans skagar til austurs frá vírgiðingu. Vestan við vírgiðinguna er trjárækt. Hóllinn er 1 -2 m á hæð, sléttur og grasivaxinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 2



Stöðull ÁR-264:020, horft til NNW.

ÁR-264:021 gerði kálgarður

A 451989 N 400835

Kálgarður er í brekku fyrir norðan bæ 001. Hann sést m.a. á ljósmynd í bókinni Islands Pompeji sem tekin er sumarið 1939 þegar fornleifarannsóknir stóðu yfir í Þjórsárdal. Kálgarðurinn er innan heimatúnsins en sést ekki á túnakorti frá 1919. Kálgarðurinn er fallinn úr notkun þó enn sé rabarbari í suðurhlutanum.


Gróin, brött brekka. Hún er 5-10 m há og túngarður 013 er efst í henni. Eftir norðurhlið kálgarðsins vaxa aspir. Svæðið er þýft og ekki nýtt lengur, hvorki til beitar né sláttar.

Kálgarðurinn er 31 x 10 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggirnir eru torfhlaðnir en til norðurs er kálgarðurinn grafinn inn í brekkuna og þar er gróinn kantur. Veggirnir eru 0,2 - 0,4 m á hæð og 1 - 2 m á breidd. Kantarnir er 0,5-2 m á hæð og algrónir. Það má greina sex hól í kálgarðinum en mögulega voru þau enn fleiri. Til vesturs er hól 1. Það er 9,5 x 5,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tré eru þar til norðurs, í kantinum. Veggirnir eru hæstir að innan og ekkert op sést þar inn. Hól 2 er austar og ástand og gerð veggja er eins og í hólfi 1. Það er 7,5 - 4,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hól 3 er þar í norðausturhorni, mögulega var það undir þaki. Hólfið er opið til suðvesturs, inn í hól 2, og er 3x1,5 m að innanmáli. Hól 4 er þar norðar, efst í bekkunni á stalli. Það er 4,5 x 2,5 að innanmáli og snýr norður-suður. Mögulega var það opið til norðurs og vesturs. Hól 5 er austast og ástand þess er eins og hinna. Það er bratt og gróið. Það er 9 x 7 m að innanmáli og kantur afmarkar það til norðurs. Hól 6 er fyrir norðan hól 1-2. Það afmarkast af bröttum kanti, niður í hól 1 og 2, til suðurs og öðrum kanti til norðurs. Þar eru tré ofan við. Það er 12 x 5 m að innanmáli og það mótast fyrir veggjabroti til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður ÁR-264:021, horft til SSA.



Uppmæling af kálgarði ÁR-264:021.

Heimildir: Steffan Summan Hansen, 64

ÁR-264:022 *Fitar* heimild um tjaldstæði A 452521 N 402030
 “Tangar heitir allt svæðið meðfram Hvammsá (ofan kletta) frá Sandhól inn að Fitum, sem er lítið dalverpi við Hvammsá. Fitarnar hafa í seinni tíð gengið undir nafninu Perla, en þar þykir mjög gott að tjalda,” segir í örnefnaskrá. Perla er rúmum 1,3 km norðan við bæ 001 og 250 m norðan við Stórolfshlíð 002. Svæðið er við Hvammsá, við landamerki Skriðufells ÁR-263.

Þéttur skógur er við Hvammsá og hér og þar eru hvammar.

Engin ummerki um tjaldstæðið sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ásólfstaðir BG, 2

ÁR-264:023 *Brunaskógshæð* heimild um kolagröf A 452283 N 402172
 “Fram af fjöllunum er Brunaskógshæð,” segir í örnefnaskrá. Örnefnið Brunaskógshæð bendir til kolagerðar í landi Ásólfstaða. Brunaskógshæð er þó uppi á fjalli, nánast við mörk afréttargirðingar. Að sögn Böðvars Guðmundssonar, heimildamanns, eru kolagrafir um allan Ásólfstaðaskóg en ekki var tekið sérstakt tillit til þeirra við plöntun í gegnum tíðina og þær eyðilagðar ef þörf var á. Bergur Þór Björnsson, heimildamaður, mundi eftir greinilegum kolagröfum á þremur svæðum og fór skrásetjari á þau öll. Þar er nú þéttur skógur og öll ummerki um kolagrafirnar horfin. Hnit 1 var tekið í Leitistagli, rúmum 2 km norðan við bæ 001. Þar er nú þéttur skógur. Hnit 2 var tekið rúmum 650 m sunnar, í svokallaðri Hlíðartorfu. Þar sáust tvær stórar kolagrafir þegar skógurinn var grisjaður. Þar er nú mikið af barrtrjám. Hnit 3 var tekið tæpum 600 m sunnar, í Löngulágartorfu. Þar er einnig þéttur, blandaður skógur.

Kolagrafirnar voru í fjallshlíð sem hallar til austurs, á “stöllum” eða brekkubrúnum. Erfitt er að átta sig á landslagi á svæðinu, þarna eru djúpir gilskorningar og stallar sem sjást ekki vegna trjáræktar.

Engin ummerki um kolagrafir sjást á yfirborði. Þéttur barr- og birkitrjaskógur er þarna nú.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ásólfstaðir BG, 3

ÁR-264:024 *tóft* beitarhús A 399294 N 451216
 “Fremra-Bringugil skiptir löndum milli Haga og Ásólfstaða. Vestan undir Bringu er Bringuskarð, svo sem áður er nefnt og í því stór klettur er Latur heitir. Fremst í Bringugili voru beitarhús frá Ásólfstöðum,” segir í örnefnaskrá. Tóft af beitarhúsum eru suðaustan undir Villingafjalli, um 1,7 km SSV við bæ 001 og 270 m VSV við Sverrisklett, í Bringuskarði.

Tóftin er innan skógræktarsvæðis og gróðursett hefur verið með vélbúnaði. Landið hallar til suðausturs og þrengir trjágróður verulega að tóftinni.

Tóftin er 13 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er grafin inn í brekkuna að norðvestanverðu og er ytra byrði hennar þar lítið, í mesta lagi 0,2 m. Tóftin er tvískipt, hlaða og fjárhús og hlaðin úr torfi og grjóti. Hlaðan er norðvestanmegin við fjárhúsið og er hún um 4 x 4 m að innanmáli. Hún hefur grjóthlaðið innrabyrði sem er 2m á hæð og má telja í því 5-6 umför af vel köntuðu hleðslugrjóti. Stór ösp vex í hlöðunni. Fjárhúsið er 7 x 4 m að innanmáli. Innrabyrði þess er grjóthlaðið, um 1,5 m á hæð og má




Beitarhús ÁR-264:024, horft til norðvesturs.

telja í því 5-6 umför. Ytrabyrðið er á kafi í grasi og er um 0,9 m á hæð. Almennt eru vegghleðslur 1,5 – 2 m á breidd. Eftir fjárhúsinu liggur garði sem er um 0,7 m breiður og 0,3 - 0,4 m hár.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BG, 4



Uppmæling af tóft ÁR-264:024.

ÁR-264:025 Stekkatúnshólar heimild um stekk

A 452038 N 400390

“Milli Stekkjaráss og fjalls kemur Stekkatúnslækur ofan í mýrina, Stekkatúnshólar suður frá honum, en Stekkatúnsklettur í fjallsbrúninni fyrir ofan,” segir í örnefnaskrá. Jóhannes H. Sigurðsson, heimildamaður, kannaðist ekki við þetta örnefni né að hafa heyrt um stekk. En miðað við örnefnalýsingu taldi hann að stekkurinn hefði verið um 430 m sunnan við bæ 001 og tæpa 480 m norðan við Húsflöt 014. Þar var braggi á seinni hluta síðustu aldar.

Til austurs eru slétt, framræst tún. Þau eru nýtt til sláttar og beitar. Til vesturs er fjallshlíðin, þar er birkiskógur. Neðst í brekkunni er kettabelti, bragginn var þar upp við.

Engin ummerki um stekkin sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Ásólfsstaðir BJ, 1

ÁR-264:026 heimild um áfangastað

“Engjar eru öngvar nema lítið í vallendismóum og einu mýrarsundi, sem mjög spillist af skriðum og grjóti úr brattlendi, ogso af stórfeldum átroðningi þeirra manna, er brúka skóginn í almenníngi og æja hjer hestum sínum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Ekki er vitað hvar þjóðleiðin lá árið 1708, líklega á svipuðum stað og Sprengisandsleið ÁR-671:002 gerir árið 1909. Engjar frá bænum hafa líklega verið í mýri á þeim slóðum, þar er nú framræst tún sunnan við heimatúnið. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja áfangastaðinn með inn við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 216

ÁR-264:027_01 hellir fjárskýli

A 399545 N 451079

“Uppí fjallinu [Hagafjalli] á mótis við innri höfðann [Bringu] er líka hellir, sem stundum hefir verið brúkaður fyrir fé. Er hann stór, en lítt brúkanlegur fyrir lekum, enda er svo bratt upp í hann, að varla verður að honum komist þegar snjóa fer að leggja. Heyrir bæði hellirinn og hinn innri höfði til Ásólfsstaðalands,” segir í Sýslu og sóknalýsingum Árnassýslu. Í suðausturhlíðum Hagafells/Villingafjalls er fjárhúshellir ofan við Neðradekk en neðan við Efradekk. Hellirinn er tæplega 1,6 km suðvestan við bæ 001 og um 280 m NNV við beitarhúsatóft 024. Fyrir neðan fjárhúsin næst brún á Efradekki er gryfja 027_2 sem gæti hafa verið nýtt sem hlaða.



Hellir ÁR-264:027_01, horft til suðurs.

Hellirinn er efst undir löngu klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Framan við hellinn er grösug en mjög brött brekka og í henni fyrir framan hellisopið má greinilega sjá votta fyrir útmokstri taðs.

Hellirinn er um það bil 5 m á dýpt og 8 m á breidd. Meðal lofthæð gæti verið um 1m en um miðbikið er hann þó manngengur. Inn eftir hellinum liggur garði sem er um 4 m á lengd og 0,6 m á breidd. Hann er grjóthlaðinn, u.þ.b. 2 umför og um 0,2 m á hæð. Framan við hellisopið er fyrirhleðsla sem virðist hafa verið hrúgað upp. Hún er tæplega 1 m á breidd og er op á henni miðri á móts við garðann. Innrabyrði hennar er 0,5-0,8 m á hæð og 3-5 umför en ytrabyrðið er lægra eða 0,3 – 0,4 m og gróið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SSA, 96

ÁR-264:027_02 gryfja hlaða

A 421114 N 399520



Í suðausturhlíðum Hagafells/Villingafjalls er gryfja, fremst og yst fyrir ofan klettana sem tilheyra Neðradekki. Gryfjan lítur út fyrir að vera manngerð og gæti hafa verið nýtt sem hlaða. Gryfjan er í sléttu graslendi sem hallar til suðausturs, ofarlega í lágu felli milli tveggja klettabelta. Hún er 4 x 2 m að innanmáli og snýr svo til norður suður. Hún er 1,5 -1,7 m djúp og eru hliðar hennar brattar. Ekkert augljóst ytrabyrði er sýnilegt en það vottar samt eins og fyrir opi til austurs í áttina að Neðradekki.

Hættumat: engin hætta

Gryfja ÁR-264:027_02, horft til suðurs.

ÁR-264:028 frásögn beitarhús

A 453008 N 403398

Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, voru beitarhús á sama hól og sel 005. Skrásetjari fann hólinn en ekki sást til minja á hólnum. Ekki er ólíklegt að beitarhúsin hafi verið reist á grunni selsins. Hóllinn er í graslendi sem til hallar til suðurs en hár og þéttur skógur þrengir að þessu graslendi úr öllum áttum og er erfitt að komast að staðnum sökum þess hve trjágróðurinn er þéttur.

Á litlu opnu graslendi er þýfður hól sem er mögulega rústahóll. Hann er um 12 m í þvermál og um 0,7 m á hæð. Að honum þrengir trjágróður frá öllum hliðum. Ekkert tóftarbrott er á hólnum en hann er áberandi þýfður og má vera að hann hefi verið sléttaður að einhverju leiti.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:029 frásögn leið

A 452420 N 40171

Að sögn Bergs Þórs Björnssonar og Böðvars Guðmundssonar, heimildarmanna, lágu gamlar götur í gegnum Ásólfstaðaskóg. Ekki er vitað í hvert göturnar lágu en líklega að seli 006, á kolagrafarsvæði 023 og upp á afrétt. Göturnar eru horfnar, þar eru nú vegslóðar sem ruddir voru á vegum Skógræktarinnar. Leiðin lá austan við Langagil, vestan við Löngulágarholt og að Stórolfshlíð 002. Þaðan hlykkjaðist hún í gegnum skóginn að seli 006 og upp á Leiti.

Yfir gömlu leiðinni er ruddur malarvegur. Allt umhverfis er þéttur barr- og lauftrjáskógur.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-264:030 mannvirki rafstöð

A 451981 N 400711

Rafstöð er 120 m sunnan við bæ 001, skammt vestan við lækjarmót tveggja lækja í grónum hvammi. Annars vegar er það bæjarlækurinn til vesturs og lækur í svokölluðu Lambhúsdölum til suðurs. Rafstöðin er austan undir brekku en ekki sést til stíflu. Ekki er vitað hvar hún var staðsett en niðurgröftur sést til VNV, í gegnum Lamhústún og endar við gil þar norðar (ofar). Vatn var líklega leitt í röri að húsinu þaðan. Ekki er vitað hvenær rafstöðin var gerð en líklega er það um miðja síðustu öld.

Brekkan vestan við rafstöðina er niður svokallað Lambhústún (sjá 011) er ekki mjög brött. Hún er 5-10

m á hæð, grasivaxin og þýfð. Svæðið var sléttað en komið í órækt og túnið ekki nýtt lengur.

Húsið er líkt og flest önnur rafstöðvarhús á Suðurlandi frá sama tíma. Það er steinsteyp, ferhyrnt og þaki hallar til vesturs. Húsið er 3x3 m að grunnfleti og með bárujarnþaki. Veggirnir eru 1,5-2 m á hæð. Á framhlið eru dyraop og einn gluggi. Ekki eru aðrir gluggar á húsinu. Húsið liggur undir skemmdum en þakið er ekki hrunið enn. Túrbína er ennþá inni í húsinu. Ekki er vitað hvar stíflan var, líklega var hún VNV, uppi í brekkunni, í gili þar. Það mótar fyrir rennu upp túnið til vesturs frá rafstöðinni. Hún er 0,3 m djúp og nær allt að tóft 011 og fjarar út.

Hættumat: engin hætta



Rafstöð ÁR-264:030, horft til vesturs.

ÁR-264:031 heimild um tún

Stakstætt tún er sýnt á túnakorti frá 1919, sunnan við Lamhústún 011. Ekki er ljóst hvort að afstaða og staðsetning túnsins er rétt, líklega er það ekki á réttum stað. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja túnið og mögulegan túngarð þar umhverfis.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-264:032 þúst útihús

Þúst er 40 m austan við fjárhústóft 011 og um 110 m suðvestan við bæjarstaði Ásólfstaða 001.

Þústin er í sléttuðu túni.

Þústin er stór manngerður hóll, er 32x22 m að stærð og snýr vestur og austur. Upphleðsla virðist vera um 2 m og er hún skýrust að norðanverðu. Inni í suðurhlið hólsins er 1 m djúp geil sem er um 5m löng og rúmlega 1m á breidd. Hóllinn er allur gróin grasi. Ekkert er hægt að segja til um hlutverk en út frá staðsetningu kæmi útihús sterklega til greina en hugsanlega íveruhús líka.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

A 451930 N 400727



Þúst ÁR-264:032, horft til norðurs.

ÁR-264:033 Flóamannalaut örnefni áfangastaður

A 452293 N 401213

Ílandi Ásólfstaða er að finna örnefnið Flóamannalaut. Eins og nafnið gefur til kynna er þetta að öllum líkindum áninga- eða tjaldstaður fjallmanna í leitum. Flóamannalaut er 480 m NNA við bæ 001 og um 300 m norðvestan við tóft 007.

Flóamannalaut er gróinn hvammur. Þar er slétt tún, nýtt sem beitarhólf fyrir hross. Brekkurnar að hvamminum er skógivaxnar.

Engin ummerki áfangastaðarins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta



Flóamannalaut ÁR-264:033, horft til vesturs.



Garðlag ÁR-264:034, horft til norðvesturs.

ÁR-264:034 garðlag landamerki
A 450965 N 398864

Á landamerkjum Áólfsstaða og Haga ÁR-265 er hlaðið garðlag, fast sunnan við Bringuskarð. Garðlagið er hlaðið undir landamerkjagirðingu og sést slitrótt upp alla fjallshlíðina. Lækjargil er á merkjum jarðanna og garðlagið víða fallið ofan í það.

Suðausturhlíðar Hagafjalls eru brattar en víða er gras og lautir. Kelttar eru efst í brekkunni.

Garðlagið sést á tveimur stöðum. Neðri hlutinn er 82 m langur, 1,5 -2 m á breidd og algróinn. Garðlagið er 0,3 m á hæð. Það er líklega grjóthlaðið en gróðið yfir hleðslur að mestu. Vírgirðingin liggur ekki á garðinum lengur. Efri hlutinn er 55 m langur, 2 m á breidd og liggur NNV-SSA.

Hættumat: engin hætta

ÁR-265 Hagi

Jarðarinnar er getið í Landnámabók: “Þorbjörn laxakarll nam Þjórsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár ok bjó enn fyrsta vetr at Miðhúsum. Hann hafði þrjár vetrsetur, áðr hann kom í Haga; þar bjó hann til dauðadags.” ÍF I, 381.

Um 1220: Máldagi kirkjunnar að Vörðufelli á Skeiðum: “þar skal heima tiund. ok or haga,” DI, 406.

1540: Minnisgreinar Gizurar biskups: “Jtem er siera Einar ecki mann til ad hafa þjngin sem er Nups kyrkiu med bænhusinu skridufelli og haga. þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi,” DI X, 563.

1615: “Vmm austurskogana j ärnessyslu firir vtan þiotzä og þeirra örnefni nordur fra Sandartungu. [...] Jtem sagdist greindur Bryniolfur Eyolfsson hafa bvid v är ä Haga j eystra hrepp,” DI XIII, 168-169.

1686: 25 hdr. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 13 hdr 40 ál, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 214

1847: 25 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 64.


Árið 1896 voru 5 bæjarhús og 17 peningshús í Haga. Eftir jarðskjálftana sama ár voru 4 bæjarhús og 1 peningshús gjörfallin, 1 bæjarhús og 1 peningshús mjög skemmd en 7 peningshús lítið skemmd, skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.

Nýbýlið Melhagi var stofnað á 3/32 af óskiptu landi Haga árið 1960 skv. Sunnleskum Byggðum I, 351. Innan jarðarinnar falla eyðibýlin Snjáleifartóftir og Sigurðarstaðir. Einnig eru nefndar fornbylistóftir nærri Hrótagili í örnefnaskrá BJ, 2.

Túnakort 1919: 9,67 ha, allt slétt. Aukatún 0,77+0,64 ha. Matjurtagarðar: 9,6 arar.

“Túninu granda lækir með stórlandbrotum, og so sandfok af gömlum Heklu sandi og so öðrum, þar sem landið blæs upp til stórskaða, og í sama máta Engjum, sem þó eru ekki aðrar en vallendismóar. Úthagana blæs og mjög upp af sandi, eru þó enn bjarglegir. Hætt er kvikfje fyrir jarðföllum og gryfjum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 215.

“Land jarðarinnar er að mestu fjallið sjálft, með allveg grónum högum og skjóli í öllum áttum. Móti austri eru hamraflug í fjallinu, en grónar áreyrar drýgja landið austan og gróðurfar fjölbreytilegt og kjarngott. [...] Hagaey liggur fyrir landi jarðarinnar í Þjórsá. Hún var áður nýtt til beitar, en er nú alfriðuð, enda var oft harðsótt að sinna skepnum þar, þegar áin var í ham,” segir í Sunnleskum Byggðum I, 350-351.



ÁR-265:001 Hagi bæjarhóll bústaður

A 396476 N 447760

“Ekki er bænum óhætt fyrir landbroti, sem bæjarlækurinn gjörir, so ekki eru meir en 3 fet frá húsagarðinum fram á lækjarbakkann,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Bærinn stóð í sömu röð og núverandi fjós sem er alveg austast á bæjarhólnum. Vestan við fjósið og um húsbreidd norðar er núverandi íbúðarhús sem var byggt 1958. Það stendur vestast á bæjarhólnum. Samkvæmt frá túnakorti frá 1919 var afmarkað svæði suðvestan við bæinn og mun vera kálgarður. Stafnar bæjarins snéru til suðurs.



Bæjarhóll Haga ÁR-265:001, horft til norðurs.

Bærinn hefur staðið í hjalla í brekku.

Bæjarhóllinn er ekki greinilegur en þó má sjá votta fyrir honum á stöku stað. Hann er um 70 x 60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestast á honum er íbúðarhús en austast er fjós. Milli þeirra er malarplan þar sem bæjarhús voru einnig. Bæjarhóllinn er um 2 m á hæð en mikið er búið að raska honum. Hleðsluleifar sjást á einum stað, 10 m vestan við fjósið og 20 m norðan við íbúðarhúsið. Þar er þríhyrntur skiki sem orðið hefur eftir. Annars hefur greinilega verið grafið djúpt ofan í bæjarstæðið að austanverðu (þar sem fjósið er).

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; JÁM II, 215; SB I, 350

ÁR-265:002 heimild um bænhus

HAGI Í GNÚPVERJAHREPPI (Á) (GNÚPSÞING) – BÆNHÚS

1540: Jtem er siera Einar ecki mann til að hafa þinginn sem er Nups kyrkiu með bænhusinu skridufelli og haga. þui eru þau mier bifalandi sira Þordi a hofi. DI X, 563

1592: Suo morg bænhus hafa verit j stadarjordum j nupsþingä ad fornu. j fyrstu a skridufelli og ausulstodum haga og storu mostungum. AM 2624to bl. 91-b.

Bænhus var á Haga en ekki er vitað hvar það stóð. Engin mannabein hafa komið upp við framkvæmdir á bæjarhól Haga sem vísað gætu á staðsetningu þess. Mannabein hafa fundist á Melhaga (003) um 100 m suðaustar. Að öllu jöfnu stóðu bænhus og kirkjur hér áður fyrr yfirleitt á bæjarhólnum eða fast við þá, gera ráð fyrir því að það hafi einnig átt við um bænhusið á Haga.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: DI X, 563; AM 2624to bl. 91-b.

ÁR-265:003 mannabein legstaður

A 447809 N 396367

Mannabein komu í ljós þegar jarðýta jafnaði út hól sem var tæpa 100 m sunnan við bæ 001 þegar nýbýlið Melhagi var byggt 1964. Fjánhús 012 og 013 voru á sama hól. Hóllinn var á lækjarbakka og komu beinin upp lækjarmegin. Hjá þessum stað lá heimreiðin áður, í túnjaðri. Beinafundurinn var ekki athugaður frekar og er ekki ljóst hvort um fleiri en eina beinagrind var að ræða. Af þeim sökum er ekki unnt að staðfesta að um bænhus 002 sé að ræða.

Vestan- og norðanmegin við íbúðarhúsið sem byggt var 1964 er malarplan en austan- og sunnanmegin við það er trjágarður.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

ÁR-265:004 Gaukssteinn þjóðsaga

A 450082 N 397580

“Skömmu ofar, fjallmegin við þjóðveginn, gengur steinn fram úr brekkunni. Það er Gaukssteinn. Þar er talið, að Gaukur hafi fallið. Þarna móts við, neðan þjóðvegar, er smágil, sem hefur upptök sín við þjóðveginn,” segir í örnefnaskrá. “Í Þjórsárdal fyrir ofan Stóranúp heitir enn Krosssteinn. Þangað fóru menn og krossfarir í páfadómi og ekki eru meira en 40-50 ár síðan að það tíðkaðist að ferðamenn sem þar fóru um lögðu blóm á stein þenna, gras, hrís eða bein o.s.frv. En nú er öllum slíkum hégiljum hætt,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Í annarri sögu í safninu segir: “Mannsbein [006] hafa oft komið upp undir bakka fyrir framan Gaukshöfða [007] og er ætlandi að þar hafi verið dysjaðir þeir menn er Gaukur hefir drepíð, en hann hefir sjálfur annaðhvort verið færður heim að Stöng og þar heygður eða hann hefir verið grafinn undir steini þeim sem stendur út úr fjallbrekkunni í tröðunum. Hann er hér um bil einn faðmur á hæð upp á brún, en síðan halli upp eftir og gras vaxið fram á, nál 2 1/2 faðmur á lengd og nál. einn faðmur eða tæplega það fram úr brekkunni. Gras er vaxið neðan undir honum, en ekki lítur ólíklega út fyrir að holt sé undir hann að framanverðu lítið eitt. Þennan stein hafa menn kallað “leiðið hans Gauks”, en aðrir “leiði karlsins hennar Líknýjar”. Sumir hafa kallað hann Krossstein því í púpisku kvað hafa staðið þar kross og skyldi hvur gefa honum gjöf er færi um veginn í fyrsta sinn; hefir til skammst tíma elt eftir af þeirri venju, því að þeir sem hafa farið um veginn með einhvurn unglíng sem aldrei hefur farið þar fyrr, hafa - án eða af glettni - komið honum til að gefa steininum hrossbein eða hrísluanga eða

eitthvað þvílíkt, og hefur þar mátt sjá nóg af þess háttar gjöfum, en það minnkar alltaf því gjafirnar leggjast af og svo lítur út sem þessi vani og nöfn steinsins líka sé nú sem óðast að líða undir lok. Upp undan steininum er hjalli mikill í fjallbrekkunni, og skal þar hafa staðið bær sem hét að Sigurðarstöðum [010].” “Hjá þeim stað, sem líklegastur er til fyrirsáts, er steinn við veginn, sem sagt er að kross hafi staðið á í pápiskri tíð, og skyldi hver gefa þar til, sem fyrsta sinn fór um veginn. Og sú venja hjelzt fram undir 1850 að gefa til steinsins í gamni t. a. m. bein, kvist, stein eða annað, og var það kallað : „að gefa Gauki”; má vera, að steinninn hafi verið kenndur við Gauk, og hafi hann varizt á honum og fallið þar, því þar er ekki annað vígi betra. Krossinn hefir verið reistur síðar,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. „Latur (Árb. ‘84-5, bls. 39. Þar er kletturinn ekki nefndur með nafni.) við götuna, beint niður undan Sigurðarstöðum, er klettur, sem heitir latur. Til hans atti að gefa stein eða annað smávægilegt, er um götuna var farið. Það hét að “gefa Gauki”. Þá stóð kletturinn stakur og þverhníptur á allar hliðar, en nú er brekkan runnin fram á hann, svo að nú stendur hann aðeins hálfur fram úr henni,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Snemma á öldinni var steinninn Gaukur framfaraviðleitninni að bráð þegar hann var sprengdur niður til vegagerðar um höfðann og við sama tækifæri var mikið af grjóti tekið úr Seggjasætinu,” segir í Landið, fólkið og þjóðtrúin. “Búrfellsvirkjunin - hefur fært þessum hreppi. Sívakandi ýtur hafa unnið ósleitilega að vegin- um í langan tíma, breikkað hann, breytt honum og lagt nýja vegarspotta, þar sem gamli vegurinn var of hlýðinn við landslagið. Þessar stóru jarðýtur hafa engu hlíft til þess að fullnægja hinu verkfræðilega viti. Og Gaukssteinn, þar sem Gaukur Trandilsson er sagður hafa varizt banamönnum sínum, var molaður af vígtönn jarðýtu eða sprengdur. Það voru leið mistök, sem enginn sá við. Eini steinninn í allri sveitinni, sem ekki mátti mola.” Gaukssteinn var um 2,5 km ANA við bæ 001, 20 m NNV af Seggjasæti 029 og 180 m SSV af fjárhúsum 031.



Gaukssteinnn ÁR-265:004, horft til suðurs.

Minjastaðurinn er í brekku sem liggur til suðausturs niður að bökkum Þjórsár. Um þessa brekku liggja tveir vegir sem hafa sömu stefnu og tengjast. Annar þeirra hefur bundið slitlag og liggur eftir bakka Þjórsár, hinn liggur ofar í landinu og er malarvegur. Þessi efri vegur liggur fast norðvestan og utan í klettabrotunum sem áður mynduðu Gauksstein.

Eins og kemur fram hér að ofnan er kletturinn ekki sýnilegur lengur nema sem þétt grjótdreif.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 2; ÞJA II, 56; ÞJA IV, 131; Árbók 1885-85, 39; Árbók 1954, 7; ÁFÍ 1996, 94; LFB, 267; Tíminn Sunnudagsblað - 27. tölublað (31.07.1966) Tíminn Sunnudagsblað - 27. tölublað (31.07.1966)

ÁR-265:005 tóft stekkur

A 449586 N 397206

“Innan við Hagalæk, upp við brekkuna fyrir ofan sandinn, er grasigróin hústóft, sem vel getur verið frá seinni öldum. Undirhleðsla af nýlegri, niðurlagðri girðingu er fast sunnan við rústina,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Tóftin er tæpa 2 km norðaustan við bæ 001 og 250 m suðvestan við kuml 006. Tóftin er fast norðan við svokallaða undirhleðslu, það er garðlag hlaðið undir girðingu. Lag tóftarinnar bendir einna helst til þess að um stekk sé að ræða. Raflína er um 20 m norðan við tóftina.

Gróið, flatlent svæði. Það er nýtt til beitar og hér og þar eru lágir hólar og klettur. Hagalækur rennur til SSA um 20 m vestar. Tóftin er uppi á lágri brún, undir Hagafjalli.


Tóftin er 10 x 6,2 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, 2 - 2,2 m á breidd og algrónir. Hvergi glittir í grjóti í þeim. Hólf 1 er suðaustar. Það er 3 x 1,3 m að innanmáli og fallið saman. Það er opið til suðausturs og annað op, öllu óljósara er til norðvesturs, yfir í hólf 2. Hólf 2 er norðvestar og skilin á milli hólfanna eru óljós. Það er 1,7 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er 0,1 m hærra en hólf 1.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 7



Stekkur ÁR-265:005, horft til norðvesturs.



Uppmæling af stekki ÁR-265:005.

ÁR-265:006 *Mannabeinagil* kuml legstaður

A 449747 N 397392

“Framan til við [Gaukshöfða] hafa blásið upp mannsbein undan bakka einum, og þar fann Oddur bóndi í Sandlækjarkoti (+1819) spjótsodd, og smíðaði úr fiski-öngul. Beininn hafa opt verið hulin, en blásið upp aptur. Sá er þetta ritar, huldi þau 1856; voru þau þá brotin mjög og vantaði mörg; hauskúpan



Mannabeinagil ÁR-265:006, horft til norðurs.

var brotin í tvennt; virtist hún hafa verið í stærra lagi. Halda sumir, að þetta sjeu bein gauks. Sumarið 1880 var leitað að leifum beina þessara, en fannst ekkert. Mun gil, sem þar er hjá, hafa borið þau í burtu, því fyrir fáum árum höfðu þau verið hulin niðri við gilið, - og er það illa farið!” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. “2. Dys hjá Gaukshöfða. Í Arb. ‘84-5, bls. 38-39, er getið um dys hjá Gaukshöfða, en ekki sagt nákvæmlega, hvar hún sé. Gamlir bændur á Ásólfstöðum og Haga telja, að hún muni hafa verið við Sigurðarstaðagil, skammt ofan við fossinn, en hvorugur taldi sig þó vita þetta með vissu. Við leitum vandlega á þessum slóðum, en fundum engin vegsummerki,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Fyrir nokkrum árum féll jarðfall fram úr hlíðinni og fundust þar mannsbein og leifar af sverði, og hefur séð

stað beinanna til þessa og hafa sumir látið mikið yfir stærð þeirra,” segir í Þjóðsögum Jóns Arnasonar. Í annarri sögu í safninu segir: “Mannsbein hafa oft komið upp undir bakka fyrir framan Gaukshöfða og er ætlandi að þar hafi verið dysjaðir þeir menn er Gaukur hefir drepíð, en hann hefir sjálfur annaðhvort verið færður heim að Stöng og þar heygður eða hann hefir verið grafinn undir steini þeim sem stendur út úr fjallbrekkunni í tröðunum.”

“Skammt fyrir neðan Ásólfstaði gnæfir Gaukshöfði fram yfir Þjórsá. Neðan til við hann blés á síðastliðinni öld upp mannsbein, og þar fann Oddur bóndi í Sandlækjarkoti (d. 1819) spjótsodd. Brynjúlfur Jónsson sá bein þessi 1856, en 1880 voru þau glötuð. Hauskúpan var í stærra lagi, brotin í tvennt. Vafalaust er hér um forngröf að ræða. Spjótsoddurinn er nú týndur, og er sagt að smíðaður hafi verið úr honum fiskiöngull. Árið 1892 fann Brynjúlfur Jónsson beinin aftur og gaf þá safninu tvö hauskúpubrot. Gamlir bændur á Ásólfstöðum og í Haga telja að kumlið hafi verið við Sigurðarstaðagil, skammt ofan við fossinn,” segir í Kumlum og haugfé. Kumlið var um 250 m norðaustan við stekki 005 og tæpum 2,2 km ANA við bæ 001. Ekki er vitað hvar nákvæmlega kumlið fannst enda langt um liðið síðan beinin komu í ljós, hnit var tekið ofan við fossinn.

Svæðið og gilið kallast Mannabeinagil. Ekki er ljóst hvar beinin fundust en það gæti bæði verið fyrir ofan og neðan lítinn foss, þar sem lækurinn fellur niður á láglandi. Svæðið er gróið og nýtt til beitara.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Árbók 1884-85, 38-39; Árbók 1954, ÞJÁ II, 106-107; KEKH 2000, 82

ÁR-265:007 *Gaukshöfði* Þjóðsaga vígi
 “Á milli Haga og Ásólfstaða heitir Gaukshöfði, þar eru munnmæli að Gaukur nokkur hafi drepinn verið. Það kynni að vera Gaukur í Staung, sem í Landnámu talast um,” segir Árni Magnússon á lausum miða með jarðabókinni. “Höfðinn dregur aftur nafn af manni þeim sem Gaukur hét; hafði hann orðið sekur og átti sér bæli og vígi í höfðanum þar sem klettarnir eru mestir og réðst þaðan á menn til rána. Seinast komust þó ferðamenn, sem hann hafði ráðizt á, milli hans og bælisins og var hann veginn þar á sandinum fyrir framan höfðann og dysjaður síðan,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.

A 450359 N 397867



Gaukshöfði ÁR-265:007, horft til suðvesturs.

“Af suðausturhlið [Hagafjalls] ganga höfðar tveir litlir niður að Þjórsá; heitir hinn innri Bringa, en hinn fremri Gaukshöfði. Þar halda menn að Gaukur Trandilsson hafi verið drepinn. Á framanverðum höfðanum er vel fallið til fyrirsáts. Því svo má til haga, að ekki sjáist fyr en að er komið, þó fjölmenn sje fyrir. Munnmælasagan í Þjóðsögunum um Gauk stigamann er ekki sennileg, en hefir vel getað myndazt úr sögn um fyrirsát Ásgríms fyrir Gauki. ... Hjá þeim stað, sem líklegastur er til fyrirsáts, er steinn við veginn, sem sagt er að kross hafi staðið á í pápískri tíð, og skyldi hver gefa þar til sem fyrsta sinn fór um veginn. Og sú venja hjelst fram undir 1850 að gefa til steinsins í gamani t.a.m. bein, kvist, stein eða annað, og var það kallað “að gefa Gauki”; má vera að steinninn hafi verið kenndur við Gauk, og hafi hann varizt á honum og fallið þar, því þar er ekki annað vígi betra. Krossinn hefur verið reistur síðar,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Gaukshöfði er rúma 200 m norðaustan við fjárhús 031, um 130 m norðvestan við Þjórsá og tæpa 3 km ANA við bæ 001. Gaukshöfði er ennfremur tæpa 400 m norðaustur af Gaukssteini.

Gaukshöfði er stór klettaborg sem rís nokkuð hátt og áberandi í landi sem hallar nokkuð bratt til suðausturs. Norðvestan höfðans er hvilt og lá gamli þjóðvegurinn um hana en norðvestar hækkar landið svo enn meira. Suðaustan við höfðann rennur Þjórsá. Engin ummerki um vígi sjást á yfirborði á Gaukshöfða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM II, 218; ÞJÁ II, 106-107; Árbók 1884-85, 38-39

ÁR-265:008 *Lykný* Þjóðsaga tröll
 “Nú segja munnmæli: að þriðja veturnn varð Þorbjörn [laxakarll] bjargarlaus fyrir sauði sína; hann rjeð það af að reka þá til fjalls - því honum höfðu reynzt því betri landkostir sem ofar var, - þá fann hann auða jörð í brekkunum suðaustan í Hagafjalli framarlega. Þær kallaði hann Líknarbrekkur, af því að þær líknuðu sauðum hans. Þá sást hvergi steinn nema gnípa ein efst í brekkunum; hana kallaði hann Líkný (eða Líkn-ný). Nú eru hamrar fyrir ofan brekkurnar, þó ekki mjög brattir, en gnípan skagar fram úr alþakin litunarmosa. Um vorið færði Þorbjörn bú sitt þangað, og kallaði bæ sinn Haga, segja munnmælin. Það er mjög líklegt, að hann hafi sett bæinn undir hinar fögru Líknarbrekkur; má og vera hann hafi haft átrúnað á gnípunni, og sje þaðan sprottin sú sögn, sem líka er til, að Lykný sje skessa, er hafi orðið að steini, er hún vildi draga fjallið að ánni og lykja veginn inn í dalinn (verndarvættur dalsins),” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

A 448777 N 396947



Lykný ÁR-265:009, horft til norðurs.

“Í Þjórsárdal fyrir ofan Stóranúp er klettur einn sem Líkný heitir; það var tröllkona sem leitaðist við að verja mönnum umferðir um dalinn með því að hlaða grjótgarð yfir þveran dalinn, en hvað henni gekk til þess víta menn ekki. Tröllkonan var of lengi af því starfi svo hana dagaði upp og á mynd hennar að vera á klettinum Líkný,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Líkný er stór klettadrangi sem gengur út

úr kletthlíðinni, Líknýjarbjörgum í landi Haga norðaustanvert, ofan eða norðan við Líknýjarhólma og Líknýjarbrekkur og rúmum 1 km ANA við bæ 001. Kletturinn skagar út úr hamrabeltinu um 150 m ofan við (NNA) beitarhús 034.

Þríhyrningslaga drangi sem hallar aðeins fram úr klettabelti í hlíðinni og skagar þannig úr hamraröðinni. Neðar eru grasi vaxnar brekkur og slegin tún að vestanverðu en austar eru grasi gróin hlíð ofan þjóðveggar (en tún neðar).

Klettadrangi, en ekki er hægt að segja að mikil mannsmynd (eða tröllsmynd) sé á honum þar sem horft er á hann frá beitarhúsum 034 eða beint neðan við tindinn en samkvæmt örnefnalýsingu (bls. 1) tekur tindurinn á sig mannsmynd á vissum stað á flötunum.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Árbók 1884-85, 46; ÞJÁ I, 197

ÁR-265:009 *Snjáleifartóftir* bæjarstæði býli A 448566 N 396672

“Á flötunum undir brekkunum, lítið vestar en beint niður undan Lykný, er rúst sem ætla má að sje af bæ Þorbjarnar [laxakarls]. Auðsjáanlega er það bæjarrúst og hefir hjer um bil sömu lögun sem aðrar rústir í Þjórsárdal. Hún er aflöng frá austri til vesturs, skiptist í 4 tóttir, hefir tvennar dyr á suðurhlíðinni og einar á vesturendanum. Bak til hafa verið 2 hús, að því er sýnist, eitt aptur af öðru, og innangengt í það, sem nær er, en útidyr á hinu, mót vestri. Allar aðaltóttirnar hafa verið jafnvíðar, hjer um bil 4-5 álnir eða rúmlega það; víddin er óljós, því þær hafa sigið saman. Austasta tóttin er hjer um bil 16 ál. löng, og innangur í vesturendann, úr hinni næstu; sú er nálega 12. ál. löng, og dyr á suðurhlíðinni við austurendann. Þriðja tóttin virðist hafa verið jöfn á vídd og lengd: nál 3 álnir, og dyr á mót suðri, en innangengt í tóttina, sem er bak til, en ekki austur úr, ekki heldur vestur úr, að því er sýnist. En vesturveggur þessarar tóttar er ekki eins fornlegur og fornlegur eins og aðrir veggir rústarinnar, heldur er hann rýrlegri og bogadreginn; mun hann að meira eða minna leyti vera yngri; því má ekki heldur fortaka, að þaðan hafi áður verið dyr í vestustu tóttina. Sú tóttin er nál. 18 ál. löng og sýnist að hafa verið opin í vesturendann; má vera þar hafi verið gafflpil. Tóttirnar á bak til eru óglöggvar, og þess óglöggvari er þó önnur rúst, sem markar fyrir litlu ofar, og sem líklega er af fjósi og hlöðu. Veldur því skriða, sem runnið hefir ofan úr gilinu fyrir vestan Lykný, niður um grundina og fram á bæinn. Undan þessum ágangi mun bærinn Hagi hafa verið færður, þangað sem hann nú er. Rústin kallast nú á dögum Snjáleifartóttir, af einsetukerlingu, sem sagt er að hafi búið þar. Það hefir án efa verið á seinni tímum, og mun kofi kerlingar hafa verið byggður í þeirri tóttinni, sem hjer er alin hin þriðja í röðinni; því er það, að hún er að nokkru leyti nýlegri og enda grænni á sumrum. Á þrepi litlu, eða þröm, í brekkunni niðrundan Lykný, er tótt allmikil, sem snýr dyrum að brekkunni, en hefir afhústótt við innri endann. Þar hefir ef til vill verið bænahús (hof) Þorbjarnar. Á sléttlendi fram undan rústunum er einstakur hóll, sem Einbúi heitir. Hugsanlega má ætla að Þorbjörn laxakarlf hafi verið heygður í honum?” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Um uppgröftinn á Skallakoti undir stjórn Márten Stenberger árið 1939 er fjallað í Forntida gárdar í Island. Þar eru merkt á kort bæjarhús og upphækkun, hugsanlega útihús, um 80 m SSV af bæ.

“1. Snjáleifartóftir. Niður undan gilinu, sem er vestan við Líkný í Hagafjalli, og skammt fyrir ofan veginn milli Haga og Ásólfstaða er rúst sú, sem nefnd hefur verið Snjáleifartóftir. Rúst þessi var grafin upp árið 1939 (sbr. Fg, sjá enn fremur árb. ‘84-5 nr 1.) Eftir uppgröftinn hefur gryfjan að hálfu leyti



Snjáleifartóftir ÁR-265:009, horft til vesturs.



Uppmæling af Snjáleifartóftum ÁR-265:009.

fyllst af skriðuhlaupi úr gilinu,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “... við rannsóknirnar kom í ljós að þarna voru fleiri en ein kynslóð rústa. Neðst var skáli með fornu lagi, 17-18 m langur að innanmáli og um 6 m breiður. Hann hvíldi m.a. á viðarkolaleifum með stórum birkilurkum sem bentu til þess að vöxtulegur skógur hefði verið sviðinn skömmu áður en bygging skálans hófst. Yfir rústir skálans hafði verið byggður bær þar sem grunnskipun tófta er í góðu samræmi við margar miðaldarústir í Þjórsárdal þar sem byggð lagðist af í Heklugosinu 1104. Talið er að bærinn undir Snjáleifartóttum hafi farið í eyði litlu fyrir gosið en hluta rústanna e.t.v. verið hróflað upp tvívegis síðar og búið í þeim. Eftir uppgröftinn hefur gryfjan að miklu leyti fyllst af jarðvegi og sér lítið fyrir rústunum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Fornleg bæjarrúst í Þjórsárdal, nefnd Snjáleifartóftir. Sbr. Árb. 1884-1885: 46. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Snjáleifartóftir eru um 150 m ofan (vestan) við veginn inn í Þjórsárdal, sunnan við lækjargil sem rennur niður sunnan við Líkný. Lækjargilið er nú um 20 m sunnan við bæjartóftina. Snjáleifartóftir eru um 820 m austan við bæ 001.

Bæjarstæðið er í breiðum hvammi í fjallsrótum, um 400 m frá Þjórsá. Nær ánni er lítt gróinn áframburður. Í hvamminum sunnanverðum er tún frá Haga, sem endar um 60 m sunnan við bæjarstæðið og 20 m norðan við lækjargilið er nýrækt frá um 1960, en vallendisbletturinn í kringum rústina hefur ekki verið ræktaður og er nýttur sem beitiland. Að sögn bónda í Haga er jarðvegur mjög þunnur á þessum bletti og grassprettá sáralítill. Sunnan við rústina er gróinn lækjarfarvegur og þar rann lækurinn 1939 skv. afstöðumynd frá því ári.

Ekki er um eiginlegar tóftir að ræða heldur leifar uppgrafar á rústunum sem gerður var árið 1939. Í ljós kom bæjarhús sem fellur vel að gerð annarra miðaldabæja í Þjórsárdal og undir því skáli. Haugarnir frá uppgreftirnum sjást enn á bökkum uppgrafarsvæðisins, einkum ofan (vestan) og neðan (austan) við það. Í miðjunni er tóftin slétt í botninn og þar hefur víkingaaldarskálinn verið en til endanna og í afhýsinu er jörð ójafnari og á síðarnefnda staðnum sést grjót í grasrótinni sem hrunið hefur úr veggjum. Ekki er sýnilegt að rústin hafi neitt fyllst eins og getið er í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1954. Um 70 m ANA við bæjarrústina er bunga á flötinni sem gæti verið rúst. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árbók 1884-85, 46-47; Árbók 1954, 7; ÁFÍ 1996, 93-94; FGI, 98-112; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 161-162

ÁR-265:010 *Sigurðarstaðir* tóft býli

A 450057 N 397767

“Upp undan steininum er hjalli mikill í fjallbrekkunni, og skal þar hafa staðið bær sem hét að Sigurðarstöðum. Þar sjást grjótraðir í flagi og er auðséð að þar hefir bygging verið, en meiri hlutur grjótsins er þó hrapaður ofan í jarðfall sem grafið hefir þar í flaginu. Þar hefir annars verið lítt byggilegt, veðurnæmt og vatnslítið, að minnsta kosti á stundum, segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. “Sigurðarstaðir heitir hjalli nokkur allhár í suðausturhlíð Hagafjalls [ofan við upptök lækjar sem fellur niður] framan til við Gaukshöfða. Uppi á honum hefir til skamms tíma sjezt rústarbrot, sem nú er að mestu hrunið í gil. Þar hefir verið veðurnæmt og óhagkvæmt bæjarstæði. Þetta hefir verið afbýli frá Haga,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. “3. Sigurðarstaðir hafa staðið á háum palli austan í



Sigurðarstaðir ÁR-265:010, horft til ANA.



Svöru flákarnir eru grjótdreifar sem gefa staðsetningu minjanna til kynna. ©Loftmyndir ehf.

Hagafjalli. Þar er mikil grjótdreif, sem nú sést engin skilsmýnd á. Auðveldast er að finna rúst þessa með því að ganga upp með innsta læknum, sem fellur í Þjórsá frama við Gaukshöfða. Ofan við upptök lækjarins er klettahryggur og er rústin á moldarrana, sem gengur fram af honum (Árb. '84-5 nr. 2),” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Sigurðarstaðir, hjalli upp frá innsta hluta Hagasands og Gaukshöfða framan til. Sigurðarstaðir, eyðibýli þar, nú horfið í jarðfall,” segir í örnefnaskrá. Minjarnar eru rúma 2,6 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 180 m NNV við beitarhús 031. Litlu er við fyrri leiðarlýsingar að bæta. Minjarnar eru þó ekki ekki fallnar ofan í lækjargil, moldarflag er austan við klettahrygginn, bæði til norðurs og suðurs. Grjótið er vestan við klettahrygginn, á tveimur stöðum. Syðri dreifin gæti hafa farið að hluta í lækinn.

Brekkann er gróinn, víða eru klettur og klettabelti. Raflína er 50 m ofar (norðar) í brekkunni. Grjótið sést á mörkum moldar og gróðurs, kindastígur liggur þar þvert yfir.

Minjarnar eru á svæði sem er 42 x 23 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. M.a. sést aðflutt hraugrýti og hellur þar. Ekki fundust gripir, gjall eða annað sem gefur búsetu eða umsvif staðarins til kynna. Ekki var hægt að sjá reglulegar steinaraðir eða grjótdreif inn á milli í grjótinu. Grjótið sést á tveimur stöðum, grjótdreif 1 er ofar og norðaustar. Hún er 23 x 8 m á stærð, til suðurs og austurs er brattur bakki og minjarnar sigið þar niður. Dreif 2 er 13 m suðvestar, neðan við brekkuna. Hún er 17 x 6 m að stærð og snýr norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: ÞJÁ IV, 131; Árbók 1885-85, 47; Árbók 1954, 7; ÁFÍ 1996, 94; Ö-Hagi BJ, 1

ÁR-265:011 *Lambhústúnið* heimild um lambhús A 396469 N 447837

“Austan við Haga er Bæjargilið. Í því rennur Bæjarlækurinn. Þar austur af er Lambhústúnið,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús í túnjaðri um 60 m austan við bæ 001.

Búið er að slétta staðinn þar sem útihúsið stóð undir tún. Fast austan við túnmörkin hafa tré verið gróðursett nokkuð þétt á frekar afmörkuðu svæði.

Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 1; Túnakort 1919

ÁR-265:012 heimild um útihús A 447785 N 396376

Innan túns, suður frá Haga voru fjárhúshólar og á þeim 2 fjárhús [013]. Þau hafa verið lögð niður og hólarnir flattir út, en þar hefur svo risið nýbýli, Melhagi,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 115 m SSA frá bæ 001 og um 10 m suðvestan við útihús 013. Íbúðarhús Melhaga er byggt 1964, útihúsið var fast norðan við það.

Vestan við íbúðarhúsið er slétt malarplan en að austanverðu er trjágarður.

Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hagi HG, 1

ÁR-265:013 heimild um útihús A 447835 N 396386

„Innan túns, suður frá Haga voru fjárhúshólar og á þeim 2 fjárhús [012]. Þau hafa verið lögð niður og hólarnir flattir út, en þar hefur svo risið nýbýli, Melhagi,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 117 m suðaustur frá bæ 001 og um 10 m norðaustan við útihús 012. Á þessum stað stendur núna bílskúr í Melhaga.

Vestan við það er slétt malarplan en að austanverðu er gróið tún.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Hagi HG, 1

ÁR-265:014 heimild um útihús A 447817 N 396342

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 140 m suðvestan frá bæ 001. Útihús þetta hefur staðið 20-30 m sunnar en fjárhús 013 og hefur það að öllum líkindum verið jafnað við jörðu þegar nýbýlið Melhagi var byggt 1964.

Líklegt er að útihúsið hafi staðið innan bakgarðs íbúðarhúss Melhaga, sunnan við húsið.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:015 heimild um útihús

A 447847 N 396367

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð útihús um 150 m suðvestan frá bæ 001. Útihús þetta hefur staðið um 50 m suðaustar en fjárhús 013 og 40 m austan við útihús 014 og hefur það að öllum líkindum verið jafnað við jörðu þegar nýbýlið Melhagi var byggt 1964. Það er austan við bæjarlækinn.

Útihúsið var í grónu túni, austan við húsin í Melhaga.

Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:016 heimild um kálgarð

A 447870 N 396263

Samkvæmt túnakorti frá 1919 virðist hafa verið kálgarður í suðausturhorni heimatúnsins um 240 m suðaustan við bæ 001.

Minjastaðurinn er núna í sléttuðu túni sem liggur að þjóðvegi 32.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:017 heimild um túngarð

A 447894 N 396461

Samkvæmt túnakorti frá 1919 virðist hafa verið túngarður umhverfis allt túnið á Haga. Engin ummerki sáust um hann á vettvangi og verður að gera ráð fyrir að hann hafi verið sléttaður að öllu leyti undir tún og byggingar.

Tún Haga hafa verið stækkuð og þau gömlu sléttuð síðan túnakortið var gert 1919 auk þess sem fleiri byggingar hafa risið.

Það sér því ekkert til gamla túngarðsins á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:018 heimild um túngarð

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakstætt tún merkt með III einhvers staðar utan heimatúns. Mikilar líkur eru á að það hafi verið nærri heimatúni Haga, sunnan þjóðveggar, en ekki er vitað hvar nákvæmlega. Engin ummerki um garðlög utan heimatúns Haga fundust sem gætu gefið vísbendingu um þetta túnstæði. Mikil túnasléttun hefur átt sér stað utan heimatúns á Haga til allra átta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:019 heimild um túngarð

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakstætt tún merkt með II einhvers staðar utan heimatúns. Mikilar líkur eru á að það hafi verið nærri heimatúni Haga, sunnan þjóðveggar, en ekki er vitað hvar nákvæmlega. Engin ummerki um garðlög utan heimatúns Haga fundust sem gætu gefið vísbendingu um þetta túnstæði. Mikil túnasléttun hefur átt sér stað utan heimatúns á Haga til allra átta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:020 heimild um traðir

A 447841 N 396407

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bæ 001 til suðausturs framhá útihúsum 012 og 013 og fast norðan við útihús 015. Íbúðarhús Melhaga ásamt geymslu og verkstæðishúsi eru á svipuðum slóðum og útihúsin en umhverfis þau að hluta er trjágarður.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á því svæði þar sem gamla heimreiðin að Haga lá og sér ekkert til hennar lengur. Hún lá í brekkurótum, norðan við útihúsin.

Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:021 *Byrgishóll* örnefni fjárskýli

A 448150 N 396445

Byrgishóll er um 360 m austur af bæ 001, um 200 m vestan við Einbúa 022 og um 80 m norðan við Þjóðveg 32. Örnefnið bendir til þess að á svæðinu hafi verið einhver konar byrgi og er sennilegt að það hafi verið notað fyrir fé.

Svæðið er grösugt flatlendi sem hefur verið sléttað undir tún. Norðvestan við það er gróið klettabelti sem liggur frá norðaustri til suðvesturs.

Ekki sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 1

ÁR-265:022 *Einbúi* álagablettur óþekkt

A 448346 N 396470



Einbúi ÁR-265:022, horft til norðurs.

“Á fiötunum fram undan rústunum er einstakur hóll, sem Einbúi heitir. - Skyldi ekki Þorbjörn laxakarlliggja í honum ?” segir í ritgerð Brynjúlfs Jónssonar frá Minna-Núpi í Árbók hins íslenska fornleifafélags. “Hagi er fremsti bær í Þjórsárdal. Hann er landnámsjörð, þar bjó Þorbjörn laxakarll og er talið að hann sé heygður í stökum hól sem heitir Einbúi sem er skammt innan og austan við Haga,” segir Jóhanna Jóhannsdóttir í Morgunblaðinu 2001. Einbúi er 550 m austan við bæ 001, um 270 m suðvestan við Snjáleifatóftir 009 og 180 m austan við Byrgishól 021.

Hóllinn er suðaustast í jaðri túns sem hefur verið sléttað og hefur aðeins verið tekið úr hliðum hans. Hann er enn fremur fast norðvestan við Þjóðveg 32. Landið er flatt og grösugt.

Hóllinn er egglega, um 56 x 28 m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hann er um 5 m á hæð, grösugur og þýfður og eru hliðar hans nokkuð brattar. Hann er stakstæður eins og nafnið bendir til og sennilega náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Áhif 1884, 46; Morgunblaðið 175. tölublað 03.08.2001, 25

ÁR-265:023 heimild um kálgarð

A 447759 N 396447

Kálgarður er merktur fast suðvestan við bæ 001 túnakorti frá 1919. Hann var í gróinni brekku niður frá bæjarhól 001. Brekkan sést enn og malarvegur að Haga 2 liggur neðarlega í henni.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-265:024 *Lindin* heimild um vatnsból

A 447747 N 396430

“Skammt fram af Haga, vatnssuppspretta, Lindin. Vestur af Lindinni, Fjóshóll,” segir í örnefnaskrá. Staðsetning Lindarinnar er ónákvæm en hún mun hafa verið sunnan við bæ 001 og um 80 m austan við Fjóshól 027 þar sem íbúðarhús Haga II, byggt 1982, stendur núna.

Svæðinu hefur mikið verið umbílt en þar hefur land verið sléttað og um það liggur heimreiðin að íbúðarhúsum Haga I og II.

Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 1

ÁR-265:025 *Myllukletturinn* örnefni mylla

A 447737 N 396550

“Upp af þessum húsum er Bæjarbrekkan. Efst á brekkunni er Myllukletturinn. Þar var vindrafstöð. Kletthúsið er niðurlagt, en þar sem það stóð er kominn neyzluvatnsgeymir, Geymirinn,” segir í örnefnaskrá. Mylluklettur er rúma 50 m NNV af bæ 001, tæpa 100 m ANA af tóft 055 og um 115

norðaustur af íbúðarhúsi Haga 2.

Mylluklettur er gróinn klettur ofan við bæ. Hann er í grösugu en bröttu landi sem hallar til suðurs og hefur svæðið sunnan og vestan við hann verið sléttað.

Á Mylluhól stendur steypur þristrendur stólpi sem er um 2 m á hæð. Hann er u.þ.b. 0,8 m í þvermál. Hliðar hans eru um 0,6 m á breidd en horn hans eru flöt eða skorin. Út úr norðurhorni hans standa tveir stórir járnboltar og tvær lykkjur og enn fremur standa nokkrir járnþinnar upp úr kolli hans. Myllulækur rennur vestan við túnið á Haga, rúma 130 m vestan við Mylluklett og má ætla að lækurinn dragi nafn sitt af sömu myllu sem sést ekki né vitað hvar var nákvæmlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 1



Mylluklettur ÁR-265:025, horft til suðurs.



Kletthúsið ÁR-265:026, horft til suðvesturs.

ÁR-265:026 *Kletthúsið* heimild um útihús

A 447784 N 396568

“Upp af þessum húsum er Bæjarbrekkan. Efst á brekkunni er Myllukletturinn. Þar var vindrafstöð. Kletthúsið er niðurlagt, en þar sem það stóð er kominn neyzluvatnsgeymir, Geymirinn,” segir í örnefnaskrá. Kletthúsið stóð rúma 60 m norðan við bæ 001 og um 40 m norðaustan við Mylluklett. Grasivaxin flöt sem í hefur verið grafið fyrir vatnstank. Upp úr tankinum stendur steypur brunnur. Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-265:027 *Fjóshóll* örnefni fjós

A 447667 N 396435

“Skammt fram af Haga, vatnuppspretta, Lindin [024]. Vestur af Lindinni, Fjóshóll, segir í örnefnaskrá. Fjóshóll var um 70 m suðvestan bæ 001 og um 40 m sunnan við upphlaðin veg 061.

Þar sem Fjóshóllinn var stendur núna íbúðarhús Haga II, byggt 1982, og er trjágarður umhverfis það. Ekkert sér til minja á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 1

ÁR-265:028 tóft beitarhús

A 447099 N 398075


Tóft af beitarhúsum eru um 1,7 km NNV við bæ 001, um 415 m norðvestur af garðlagi 066 og rúma 530 m NNA af býli 046.

Tóftin er í flötu graslendi sem afmarkast af grunnum giljum til suðurs og norðurs. Fast austan við tóftina hefur landskiki verið sléttaður undir tún. Landi hallar til suðurs.

Tóftin er tvískipt, fjáhús og hlaða, er 16 x 7 m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er hlaðan að norðaustanverðu en fjárhúsin að suðvestanverðu. Í tóftinni má enn sjá leifar timburgrindarinnar sem haldið hefur þekjunni uppi. Hlaðan er niðurgrafin í brekkuna og er dýpt hennar um 1,3 m. Allar hliðar hennar eru signar eða fallnar og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í þeim. Innanmál hennar er um 6 x 4 m en í henni miðri er gryfja sem er um 0,5 m djúp og um 2 x 1,5 m að innanmáli. Fjárhúsin eru 8 x 3 m að innanmáli og eftir þeim endilöngum er garði sem er um 8 m á lengd, 0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hann er grjóthlaðinn og er hægt að telja tvö umfö. Grjóthleðslur eru eingöngu sýnilegar í innrabyrði fjárhúsa sem er um 1-1,2 m á hæð og má telja í þeim 4-5 umfö.



Tóft ÁR-265:028, horft til SSV.



Uppmæling af tóft ÁR-265:028.

Grjóthleðslurnar eru töluvert farnar að síga. Ytrabyrði veggja er 0,6-1,2 m á hæð og er það hæst við op sem er á tóftinni á suðvesturgafli.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hagi HG, 2

ÁR-265:029 *Seggjasæti* sögustaður

A 450083 N 397583

“Inn af Hagasandi kemur hæðarhryggur, vestast í honum er Seggjasæti. Það er Þjórsármegin við Þjóðveginn. Þar átti Ásgrímur Elliðagrímsson að hafa setið fyrir Gauki, en hans var von austan yfir Þjórsá á Gaukshöfðavaði [030],” segir í örnefnaskrá. “Snemma á öldinni var steinninn Gaukur framfaraviðleitninni að bráð þegar hann var sprengdur niður til vegagerðar um höfðann og við sama tækifæri var mikið af grjóti tekið úr Seggjasætinu,” segir í Landið, fólkið og Þjóðtrúin. Seggjasæti er um 2,5 km ANA af bæ 001, 20 m SSA af Gaussteini 004 og 180 m SSV af fjárhúsum 031.

Seggjasæti er vestasti endinn á klettahrygg sem liggur frá norðaustri til suðvesturs og er í landi sem hallar nokkuð bratt til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 2; LFB, 267

ÁR-265:030 *Gaukshöfðavað* heimild um vað

A 449785 N 397043

“Inn af Hagasandi kemur hæðarhryggur, vestast í honum er Seggjasæti [029]. Það er Þjórsármegin við Þjóðveginn. Þar átti Ásgrímur Elliðagrímsson að hafa setið fyrir Gauki, en hans var von austan yfir Þjórsá á Gaukshöfðavaði. [...] Gaukshöfðavað. Farið er út í ána ofan við Hagalækinn og stefnt á efri enda skers, sem Yrjasker heitir. Þar sveigir vaðið til austurs. Við austurlandið eru blásnir bakkar, nema þar sem taka skal land. Þar er áberandi grastorfa, sem nær niður að á,” segir í örnefnaskrá (HG). “Fram undan bænum er vað á ánni sem heitir Hagavað [042]. Framan Gaukshöfða er líka vað á ánni sem heitir Gaukshöfðavað, vöð þessi eru nú mjög sjaldfarin, Gaukshöfðavað er vandfarið en Hagavað er djúpt,” segir í örnefnaskrá (ÞB). “Rjett fyrir utan höfðann [Gaukshöfða] er vað á ánni, innsta vaðið í bygð, og heitir Gaukshöfðavað. Annað vað er beint fram undan bænum í Haga og heitir Hagavað. Hvorugt þessara vaða er fært, nema lítið sje í ánni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1928. “Fyrir neðan Haga (í Gnúpverjahreppi) er Hagavað [042], það er nokkuð djúpt, og er nú næstum aflagt, síðan „Krossavað“, sem nú heitir Gaukshöfðavað fanst aptur. Það voru gömul munnmæli, að fyrir neðan Gaukshöfða, vestast og fremst í Þjórsárdal, hefði verið vað, og heitið „Krossavað“ — því á höfðanum er steinn [004 Gaussteinn] við veginn, sem kross stóð á í páfadómi. Enn í dag skal hver sá sem í fyrsta sinn fer um veginn, gefa til steinsins hrísluánga, bein eða annað. Sá maður sem Bergsteinn hét, Hreiðarsson, bóndi á Yrjum í Landsveit, fann þetta vað aptur fyrir hér um bil 20-30 árum, og vóð sjálfur fyrst þar yfir í frosti og ísskriði.[...] Ekki er hægt að gizka á, hvers vegna vað þetta hefir lagzt af, þó má vera að áin hafi breytt sér nokkuð. Nú þykir þar gott vað og er mjög tíðkað. Það er nú kallað Gaukshöfðavað,” segir í Tímariti Jóns Péturssonar 1870. Gaukshöfðavað er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, um 2,05 km NNA af bæ og sunnan við stekk 005.

Þjóðvegur 32 liggur fast norðvestan við bakka Þjórsár, á milli eru sendnar og grónar eyrar.

Vaðið mun hafa tekið nokkrum breytingum þar sem farvegur Þjórsár mun hafa breyst nokkuð í kjölfar

þeirra virkjana sem gerðar hafa verið í ánni. Ekki er hægt að sjá nein ummerki eftir götur sem liggja að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 2, 4; Ö-Hagi ÞB, 2; ÁFÍ 1928, 9; Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-265:031 tóft beitarhús


A 450236 N 450236

Á herforingjaráðskorti frá 1911 er merkt fyrir húsi suðvestan við Gaukshöfða. Þar standa enn tóftir af beitarhúsum og eru þær um 2,7 km norðaustur af bæ 001, 200 m norðaustur af Gaukssteini 004 og um 200 m suðvestur af Gaukshöfða 007. Ragnheiður Traustadóttir skráði sauðahús í landi Haga vegna fyrirhugaðs vegarstæðis um Gaukshöfða 1995. Í skýrslu hennar segir: „Við vegalagningu yfir höfðann verður þó að varast að spilla sauðhústóftum við stöð 21000 skv. yfirlitskorti Vegagerðarinnar. Sauðahúsin eru í landi Haga. Að sögn Jóhönnu Jóhannsdóttur, ábúanda þar, eru tóftirnar eldri en 100 ára. Þær eru þar af leiðandi friðaðar fornminjar skv. lögum. Virðist þó sem húsin hafi verið endurbætt nýlega.»

Tóftin er á litlu flatlendi sem liggur á milli tveggja klettabelta sem stefna frá norðaustri til suðvesturs. Tóftin er fast undir klettunum sem eru norðvestan við flatlendið. Undir og suðaustan við syðri klettanna er þjóðvegur 32 og Þjórsá.



Beitarhús ÁR-265:031, horft til suðausturs.



Uppmæling af beitarhúsi ÁR-265:031.

Tóftin er 21 x 17 m að stærð, hlaðin úr torfi og grjóti og snýr norðvestur og suðaustur. Hún skiptist í fjárhús til suðausturs og hlöðu til norðvesturs. Hlaðan er niðurgráfin í brekkuna að norðvestan og hefur lítið sem ekkert ytrabyrði. Hún er ríflega 2 m á dýpt og um 5 x 3 m að innanmáli. Allt innrabyrði hennar er sigið inn í tóftina og sjást engar grjóthleðslur í því. Fjárhúsin eru 10 x 6 m að innanmáli og liggja tveir garðar eftir þeim að endilöngu. Garðarnir eru 0,4 – 0,5 m á hæð og 0,7 – 0,8 m á breidd. Svo virðist sem eystri garðinn sé aðeins signari en sá vestari sem hefur skarpari hliðar og stendur vel. Ytrabyrði fjárhúsanna er 1,2 – 1,4 m á hæð, vel gróið og grösugt. Innrabyrðið sem er aftur á móti grjóthlaðið er 1,3 – 1,5 m á hæð og má telja í því 7-9 umför. Dyrarop er á tóftinni á suðausturgaffli sem enn stendur og er stór flatur steinn yfir því. Rof er í suðurhorni tóftarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA, Ragnheiður Traustadóttir, 1

ÁR-265:032 *Selfitar* örnefni sel

“Næst koma þau örnefni, sem eru vestan undir háfjallinu og vestur að Þverá, sem skilur lönd Haga og Fossness. Þá eru fyrst Selfitar. Við framanverðar Selfitar sveigir Þverá til vesturs og svo aftur til suðurs. Það heitir Selfitakrókur,” segir í örnefnaskrá. Sigrún Guðlaugsdóttir, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir í Selfitum eða á þessu svæði yfir höfðuð. Svæðið beggja vegna Þverár, kallast Selfitar og í landi Fossness er sel, sjá ÁR-266:010. Selfitar eru norðvestan í Hagafjalli, svæðið er bratt og lítið undirlendi. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja selið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 3

ÁR-265:033 Eldri-Þverárbrú mannvirki brú

445831 396221



Eldri-Þverárbrú ÁR-265:033, horft til vesturs.

“Fram af Fremstahvammi, við Þverá, er stór klettur, hann heitir Hamarinn. Við hann er Eldri-Þverárbrúin,” segir í örnefnaskrá. Brúin lá yfir Þverá, á merkjum Haga og Fossness ÁR-266. Hún var um 2 km vestan við bæ 001 og 90 m norðan við núverandi brú. Ekki er vitað hvenær brúin var gerð eða rifin en það eru áratugir síðan. Steinsteypdur stöpull sést austan við ána og vegur ÁR-671:052 liggur þar áfram frá ánni, í átt að Haga.

Þverá rennur til suðurs, þar sem brúin var er nú malareyri í ánni.

Brúin er horfin, fyrir utan einn stöpull sem er 7 m á hæð og steypdur. Hann er vestan við Hamar í landi Haga grónar áreyrar eru næst ánni. Þar liggja tveir steypuklumpar í við árbakkann og búið að breyta gamla veginum í varnargarð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:034 tóft beitarhús


448685 396772

Beitarhús eru undir Líkný 008, um 140 m norðaustur af Snjáleifartóftum 009 og um 1 km ANA við bæ 001. Tóftir beitarhúsanna eru á hæð í hlíðarkverkinni um 150 m norðan við Þjóðveg 32 og um 90 m austan við Líknýjarlæk.

Beitarhúsin eru á grasi gróinni hæð í brekkunni. Talsvert er um lausagrjót á hæðinni sem fallið hefur úr hlíðinni ofan við. Um 20 m ofan við beitarhúsin tekur við mjög brött, grasi gróin brekka upp að klettabelti í hlíðinni fyrir ofan og þar er girðing í brekkurótum. Aðeins eru um 2 m fram af tóftinni (til suðurs) áður en þverhnipt brekka tekur við niður á flatlend tún sem eru ofan Þjóðvegjar á þessum slóðum. Beitarhúsatóftin er 13,5 x 7, 5 m stór og er einföld. Hún er alveg opin til suðurs og hefur verið timburþil fyrir suðurhlíð. Veggbleðslur austur- og vesturlangveggja eru stæðilegar, úr grjóti og allt að 1,5 m á hæð (6-7 umför af hleðslu). Norðurveggur er mun ógreinilegur og kann að hafa verið að mestu úr timbri. Þar sést þó eitthvað grjót, m.a. stórt jarðfast bjarg sem byggt hefur verið við. Í suðurenda vesturveggjar er einnig fremur stór steinstöpull sem nýttur hefur verið í bygginguna. Grjóthleðslur eru vandlega gerðar og ógrónar að innan en að utan hefur torfi verið hlaðið upp að grjóthleðslu og þar er tóftin því algróin. Eftir tóftinni endilangri gengur garður sem er hlaðinn í grunninn en steipt plata er ofan á. Ofan á veggbleðslum sjást örlitlar timburleifar á stöku stað og vestan við tóftina hefur verið hrúgað upp timbri úr burðargrind hússins. Innandyra sést líka timburleifar upp við austurvegg en mest allt timbur virðist hafa verið fjarlægt úr tóftinni. Meðfram austurhlíð tóftar er dæld sem greinilega er manngerð. Þar hefur verið stungið upp og torf mögulega nýtt í tóftina. Eins má vera að þar hafi síðan verið heystæði eða reft yfir hey. Talsverður flati er einnig vestan við tóftina. Ekki er hægt að sjá uppsöfnun undir tóftinni og engar beinar vísbendingar um eldra byggingarstig en það sem greinilegast er og má vel vera að þarna hafi einungis verið byggt beitarhús í fyrsta sinn



Beitarhús ÁR-265:034, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft ÁR-265:034.

seint á 19. öld eða á þeirri 20.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:035 garðlag vörslugarður

A 449515 N 397226

„Innan við Hagalæk, upp við brekkuna fyrir ofan sandinn, er grasigróin hústóft [005], sem vel getur verið frá seinni öldum. Undirhleðsla af nýlegri, niðurlagðri girðingu er fast sunnan við rústina,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Undirhleðslan, eða garðurinn, er fast vestan við stekk 005 og tæpum 1,9 km ANA við bæ 001.

Gróið, flatlent svæði er til suðausturs. Það er nýtt til beitar og hér og þar eru lágir hólar og klettur. Hagafjall er bratt og klettur efst í því.

Garðurinn liggur til norðvesturs við stekkin að Hagalæk og sést aftur vestan hans. Garðurinn liggur að klettum efst í Hagafjalli. Garðurinn er torfhaðinn, algróinn en víða má sjá rof enda ekki um stönduga hleðslu að ræða. Hann er um 310 m langur, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Virgirðingin er horfin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 7



Garðlag ÁR-265:035, horft til VNV. Stekkur ÁR-265:005 er fast austur

ÁR-265:036 Gálgaklettur örnefni aftökustaður

A 446092 N 396053

“Nú er lokið skráningu fram með Þverá og þá haldið austur með Þjórsá. Þá er fyrst austur af hamrinum, Tæpastígur [671:052], og neðan við hann, við Þjórsá, Tæpastígssandur. [...] Austur af sandinum eru Gálgaklettur, stakir klettur við Þjórsá,” segir í örnefnaskrá. Gálgaklettur eru stakstæðir klettur við árbakka Þjórsár, um 4 m frá landi. Klettarnir eru um 1,7 km VSV við Haga 001 en um 30 m sunnan við Þjóðveg 32.

Aðeins eru um 10 m frá árbakka að vegöxl á þessum slóðum og óljós merki um eldri veg á milli bakkans og yngri vegar.

Bjarni F. Einarsson skráði staðinn þegar hann skráði fornleifar vegna Núpsvirkjunar 2002. Úr fjarska mætti ætla að Gálgaklettarnir væru tveir aðskildir hólmur í Þjórsá, nærri landi en þeir eru þó samfastir. Klöpp er í árbakka Þjórsár á sama stað og myndar frá ákveðnu sjónarhorni þriðja klettadrangann. Þjórsá rennur á milli syðri klettadranganna tveggja og örlítið vatn seytladi líka á milli lands og stærri drangans þegar svæðið var skráð. Um 4 m séu á milli árbakka og þess dranga sem er nær landi er fært út í hann þar sem klöpp er í botni árinnar á milli og aðeins seytlar lítið vatn yfir hana. Bakkar eru þó nokkuð brattir og ekki auðvelt að fara milli lands og dranganna. Drangarnir eru grónir að ofan, grasi og njóla og í stærri dranganum vex stakt birkitré. Þeir eru um 30 x 18 m að stærð og 2,5-3 m á hæð þar sem mest er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4; Bjarni F. Einarsson. 2002, fornleif 42



Gálgaklettur ÁR-265:036, horft til VSV.

ÁR-265:037 Lambaréttarnefið örnefni rétt

A 446374 N 396060

“Austan við ásinn [Miðaftansás] er Lambaréttarnefsgilið. Austan við gilið er Lambaréttarnefið,” segir í örnefnaskrá. Núverandi Þjóðvegur (32) liggur um Lambaréttarnefið við brekkurætur eða öllu heldur kletturætur en sprengt hefur verið úr klettunum ofan við vegna vegagerðar. Nesið er um 1,7 km VSV við Haga 001. Ofar vegar er sumarbústaðaland þar sem talsvert er um skógrækt.

Sjálf t nefið eða nesið skagar fram í Þjórsá og er fremur gróðurrrýrt. Þar vex þó mosi, elfting og lúpína.

Ofan við veg eru sumarbústaðir og nokkur skógrækt.

Engin rétt er nú á þessum slóðum og könnuðust heimildamenn ekki við að hafa heyrt af rétt þótt örnefnið bendi vissulega til tilvistar hennar.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:038 *Stekkatúnsás* örnefni stekkur

“Austan við ásin [Miðaftansás] er Lambaréttarnefsgilið. Austan við gilið er Lambaréttarnefið [037]. Norðaustur af því er Stekkatúnsás. Sunnan við hann eru Stekkatúnsflatir, nú tún,” segir í örnefnaskrá. Stekkjartúnsás er 600-700 m vestan við bæ 001 og 200-300 m ofan (norðan við) Þjóðveg 32. Ásin er um 300 m langur og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er skammt ofan við efstu tún.

Ásin er gróinn með klettabeltum í að framan. Svæðið er vaxið grasi og lággróðri en skógrækt er í honum að suðvestan. Neðan við ásin eru ræktuð tún.

Við vettvangskráningu var gengið umhverfis ásin án þess að greinilega stekkjjarleifar kæmu í ljós. Líklegast hafa þær verið sunnan við ásin og hugsanlega þar sem síðar stóðu beitarhús 049. Þá hefur stekkurinn hugsanlega vikið þegar beitarhús voru byggð en þau síðarnefndu hafa nú horfið í tún. Bjarni F. Einarsson skráði óljósa þúst á þeim slóðum þegar hann skráði vegna Núpsvirkjunar árið 2002, sjá 049.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:039 *Mylluás* örnefni mylla

“Norðaustur af því [Lambaréttarnefinu (037)] er Stekkatúnsás. Sunnan við hann eru Stekkatúnsflatir, nú tún. Austur af Stekkatúnsásnum er Mylluás,” segir í örnefnaskrá. Mylluás er tæpa 600 m beint vestur af bæ 001. Út frá örnefninu má gera ráð fyrir að mylla af einhverju tagi hefði verið á svæðinu en þrátt fyrir leit var ekki hægt að finna neinn mannaverk á eða við Mylluás.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:040 *Brúarás* hleðsla brú

A 447389 N 396559



Brú ÁR-265:040, horft til suðurs.

“Austan við Mylluásinn [039] er Glompa. Austur af Glompu er Brúarás. [...] Vestan við túnið í Haga er gil, það heitir Brúargil,” segir í örnefnaskrá. Norður af Brúarási í Brúargili er torfhleðsla. Hún er um 330 m vestan við bæ 001 og um 250 m ANA af Mylluási 039. Brúargilið liggur milli tveggja túna og er það nokkuð djúpt. Upphlaðin vegur liggur þvert á gilið sem auðveldað hefur umferð um það.

Brúargilið liggur frá norðvestri til suðausturs og í því rennur lækur. Gilið er djúpt og hliðar þess brattar en það er vel gróið.

Ekki er um eiginlega brú að ræða heldur tvær upphlaðnar götur sem auðveldað hafa umferð um Brúargilið. Brúargilið liggur frá norðvestri til suðausturs og liggja torfhleðslurnar þvert á það.

Hleðslurnar á svæði sem er 25 x 10 m að stærð og

snýr suðvestur-norðaustur. Göturnar liggja hvor á móti annari en þar sem þær mætast er 3 – 4 m bil á milli þeirra og þar rennur lækurinn. Nyrðri torfhleðslan er 19 m löng, um 1 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð. Hún er þó nokkuð hlaupin í þúfur og rennur lækurinn í mjög krappri beygju umhverfis austur endan á henni. Syðri hlutinn er um 8 m á lengd, um 1,5 m á breidd og 0,2 – 0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætt

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:041 *Tjaldhóllinn* heimild um tjaldstæði

A 447737 N 395908

“Neðan þjóðvegar, vestur af Moldatúninu, er hólbrík. Það er Tjaldhóllinn. Sá fékk nafn sitt af því að fjallmenn tjölduðu þar, þegar þeir komu af fjalli,” segir í örnefnaskrá. Bjarni F. Einarsson skráði

staðinn þegar hann skráði fornleifar vegna Núpsvirkjunar 2002. Hóllinn var þar sem nú eru tún eða fast undir þeim á bökkum Þjórsár. Þar hækkar land svolítið þó vart sé hægt að tala um eiginlegan hól lengur. Sunnan undir túninu, á bökkum Þjórsár virðist hafa verið efnisnám og þar hefur verið hrúgað talsverðu af tækjum, olíutunnum og heyrúllum. Þar er einnig steinsteypt mannvirki sem notað var til vikurhrensunar. Ekki er augljóst hvar menn hafa tjaldað á þessum slóðum en undirlendi er þar nálægt, á þeim slóðum sem nú eru tún. Árbakkinn neðan við er sendinn að hluta en kjarri vaxinn. Tjaldsvæðið hefur verið 450-500 m neðan við bæ 001.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4; Bjarni F. Einarsson. 2002. Fornleif nr. 39.

ÁR-265:042 *Hagavað* heimild um vað

A 447737 N 395908

“Suður af hólnum [Tjaldhólnum (041)], við Þjórsá, er Vaðeyrin. Hagavað á Þjórsá er á móts við Vaðeyrina. Við austurlandið er nokkuð löng eyri. Betra er að fara laust ofan við eyrina. Þar er vaðið grynnt. Rétt neðan við vaðið er hólmi. Hann heitir Dyrasker,” segir í örnefnaskrá (HG). “Fram undan bænum er vað á ánni sem heitir Hagavað. Framan Gaukshöfða er líka vað á ánni sem heitir Gaukshöfðavað [030], vöð þessi eru nú mjög sjaldfarin, Gaukshöfðavað er vandfarið en Hagavað er djúpt,” segir í örnefnaskrá (ÞB). “Annað vað er beint fram undan bænum í Haga og heitir Hagavað. Hvorugt þessara vaða er fært, nema lítið sje í ánni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1928.



Hagavað ÁR-265:042, horft til VSV.

“Fyrir neðan Haga (í Gnúpverjahreppi) er Hagavað, það er nokkuð djúpt, og er nú næstum aflagt, síðan „Krossavað“, sem nú heitir Gaukshöfðavað [030] fanst aptur,” segir í Tímariti Jóns Péturssonar 1870. Hagavað er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908, um 500 m SV af bæ. Hagavað var á Þjórsá, um 580 m sunnan við bæ. Engin greinileg ummerki sjást nú um vaðið sem var á þessum slóðum eða götur að því. Áin virðist djúp og straumhörð á þessum stað.

Vaðið var notað þegar farið var yfir í Landsveit, í Rangárvallasýslu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4; Ö-Hagi ÞB, 2; ÁFÍ 1928, 9; Tímarit 1870, 113; Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-265:043 heimild um vað

A 446678 N 396060

“Nokkru vestar í ánni [en Hagavað (042)] er hólmi, hann heitir Þorsteinshólmi. Suður af hólmanum er Hagaey. Vað er út í hana, rétt ofan við Þorsteinshólma,” segir í örnefnaskrá. Farið var á vaðinu út í hólmann um 1,2 km VSV við bæ 001.



Vað ÁR-265:043 var á þessum slóðum, horft er til suðurs.

Stuttur árbakki er nú milli Þjórsár og Þjóðveggar (32). Hann er vaxinn lúpínu, víði og hvönn. Ekki sést leið að vaðinu og ekki eru greinileg ummerki um það í ánni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 4

ÁR-265:044 *Skollavað* örnefni vað

“Skollavað hjá Gálgaklettum [036] þekkjum við ekki,” segir í örnefnaskrá. Vað eða götur eru ekki merkjanlegar á þessum slóðum og né könnuðust heimildamenn við það. Vaðið var líkega notað til þess að fara í Hagaey.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi HG, 5

ÁR-265:045 *Háholtsvað* örnefni vað

A 446452 N 397089

“Þaðan suðaustur er Háholt, upp frá Miðgilsásnum. Þaðan rennur Bessagil vestur í Þverá hjá Háholtsvaði,”



Háholtsvað ÁR-265:045, horft til norðurs.

segir í örnefnaskrá. Háholtsvað er um 1,4 km VNV við bæ 001 og 380 m norðan við garðlag 056.

Vaðið er í djúpu gili milli Haga og Fossnes, innaf Fossnesgljúfri.

Á vaðinu er brot á ánni. Uppkoman vestan megin við Þverá er mjög brött og öll á fótinn og er upp brattann klettakamb að fara. Uppkoman austan megin er mun hægari. Vaðið er grýtt og fast í botninn. Vaðið er ekki mjög djúpt og gæti náð meðalmanni upp að hnjám. Ekki var hægt að greina neinar áberandi götur sem lágu að vaðinu sem líkega var notað til að fara á milli bæja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Hagi BJ, 2

ÁR-265:046_01 heimild um býli

“Þaðan suðaustur er Háholt, upp frá Miðgilsásnum. Þaðan rennur Bessagil vestur í Þverá hjá Háholtsvaði [045]. Inn frá því er Miðgljúfrið. Þar kemur Hrutagil í hana og fornbylistóft hjá,” segir í örnefnaskrá. Tóftirnar voru sléttaðar út fyrir örfáum árum. Garðlag er austan Þverár og norðan Hrutagils um 1,3 km norðvestan við bæ 00 og um 540m sunnan við beitarhús 028.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

ÁR-265:046_02 garðlag túngarður

A 446905 N 397569



Garðlag ÁR-265:046_02, horft til norðvesturs.

Garðlagið er syðst á flatlendi sem afmarkast af gilskorningum á allar hliðar nema til austurs. Landið hefur verið sléttað undir tún.

Garðlagið er tæplega 90 m langt, um 2,5 m á breidd og 0,5-0,7 m á hæð. Það er hlaupið í þúfur og er allt mosavaxið. Hafi hér verið fleiri minjar sem gera má ráð fyrir hafa þær verið að miklu eða öllu leiti verið sléttaðar undir tún til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Hagi BJ, 2

ÁR-265:047 Þingnes heimild um þingstað

“Það skeði og hér hjá oss á fyrri tímum mjög snemma, eg þenki í tíð þessara biskupa [á 14. öld], það eldur kom upp í Rauðakömbum: það er fyrir framan Forsá en fyrir norðan Skriðufell. Þá var Hagi í miðri sveit og þeirra þingstaður,” segir í Biskupaannálum Jóns Egilssonar. “Hann [Brynjólfur Jónsson] segir einnig [í óprentaðri ritgerð um Þjórsárdal], að nálægt Haga séu örnefni Þingnes og Gálgaklettur [036], og bendir það til þingstaðar á síðari tímum,” segir í Íslenskum sögustöðum I. Þingstaður var í Haga samkvæmt fornum heimildum en ekkert er nú vitað um nákvæma staðsetningu hans. Tvö örnefni eru þekkt í landi Haga sem gætu verið minnismarki um þetta tímabil, annars vegar Gálgaklettur og hins vegar Þingnes. Brynjólfur Jónsson nefnir örnefnið í grein sinni en það nú er týnt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: StSÍ I, 32; KK I, 143 nm

ÁR-265:048 undir Bringum þjóðsaga draugur

A 450951 N 398794

“Undir Bringum, sem er næsti höfði norðan við Gaukshöfða, er talið reimt. Þar hafa bílstjórar lent í því að maður hefur komið í bíl þeirra, gjarnan á móts við Ásólsstaði en svo verið horfinn þegar komið er

að Gaukshöfða. Aðrir hafa séð þar bregða fyrir fornmanni sitjandi á steini og enn aðrir orðið varir við reiðmann á gráum hesti. Munnmæli herma að þarna sé á ferðinni smali frá bæ inn við Skúmstungur en byggð þar hefur lagst af fyrir nær 1000 árum. Einu sinni hefur ríðandi fólk sem þarna fór fengið fylgd á þessum slóðum af manni á gráum hesti sem síðan hvarf þegar komið var inn í Skúmstungur,” segir í Landið, fólkið og þjóðtrúin. Undir Bringum er tæpum 4 km norðaustan við bæ 001, við landamerki Ásólsstaða.

Gróinn hvammur, gamla þjóðleið ÁR-671:052 lá hér um.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: LFB, 264

ÁR-265:049 heimild um útihús

A 446986 N 396265

Beitarhús eru merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 um 770 m VSV við bæ 001. Vel er hugsanlegt að umrædd hús hafi staðið á svipuðum stað og stekkur 038 stóð áður. Bjarni F. Einarsson skráði þúst á þessum slóðum þegar hann skráði fornleifar vegna Núpsvirkjunar 2002. Samkvæmt honum var þústin 12 x 15 m stór og snéri austur-vestur. Í skýrslu Bjarna segir: „rústin hefur verið sléttuð í seinni tíð, en þó má sjá helstu lögun hennar. En þykkt veggja verður ekki greind með vissu né fjöldi hólfra. Líklega hafa þó allavega tvö hólf verið á rústinni og dyr snúið mót N. Þó að rústin hafi verið sléttuð bendir allt til þess að talsvert sé eftir af henni undir grassverðinum.“ Svo virðist sem tún hafi verið stækkuð og rækuð eftir að Bjarni skráði á svæðinu en samkvæmt korti hans var þústin líklega ofarlega (norðarlega) í núverandi túni.

Á þessum slóðum er deiglendisblettur í túninu en ekki ummerki eftir þúst eða tóft að sjá lengur.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA; Bjarni F. Einarsson, 2002: 40

ÁR-265:050 varða samgöngubót

A 447406 N 395889

Bjarni F. Einarsson skráði vörðu austast á Dyraskeri þegar hann skráði fornleifar vegna Núpsvirkjunar árið 2002. Varðan er tæpum 700 m SSV við bæ 001, á litlu skeri í Þjórsá rétt vestan við Hagavað 042. Mögulega var hún vegvísir á vaðinu. Skrásetjari komst ekki að skerinu en lýsing Bjarna stendur vel fyrir sínu.

Dyrasker er rúma 150 m frá vestubakka Þjórsár sem er rúmlega 500 m breið á þessum slóðum.

Í skýrslu Bjarna kemur fram að varðan sé 2x2 m að stærð og hlaðin úr hraungrjóti. Árið 2002 var varðan illa farin af ágangi Þjórsár en hún sést enn frá landi (2018). Varðan mun hafa verið endurhlaðin í seinni tíð og grjót úr henni liggur neðan við hana. Á ljósmynd í skýrslunni sést að hún er 0,3-0,5 m á hæð og hægt að greina a.m.k. þrjú umföer grjóthleðslu í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2002, nr. 50, bls. 36



Mynd úr Skýrslu Bjarna F. Einarssonar af vörðunni. Horft er til norðurs.


ÁR-265:051 tóft beitarhús

A 446548 N 395592


Bjarni F. Einarsson skráði beitarhús austarlega í Hagaey við fornleifaskráningu vegna Núpsvirkjunar, árið 2002. Beitarhúsið er um 1,5 km suðvestan við bæ 001 og 900 m VSV við vörðu 050. Skrásetjari komst ekki í eyjunna en lýsing Bjarna stendur vel fyrir sínu. Eyjan er ekki nýtt lengur til beitar en um 2 m norðvestur frá tóftinni er laut eftir ágang skepna. Beitarhúsin virðast standa ofan á eldri minjum.

Hagaey er stór eyja í Þjórsá, suðurhluti hennar er gróin. Beitarhúsin eru á lágum hól í móa.

Tóftin er 5 x 15 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, um 1 - 1,5 m breiðir og 0,3 – 1 m háir. Grjót sést í veggjum að innan og þar vaxa tvö tré. Syðra hólfíð er 9 x 2,5 m að innanmáli og snýr norðursuður. Gólfíð er grafið niður og uppistandandi dyr eru til suðurs. Yfir þeim er bjálki úr timbri en kamparnir úr grjóti. Hólf 2 er norðar, er þó mun meira grafið niður og er hlaða



Mynd úr skýrslu Bjarna F. Einarssonar af tóft
ÁR-265:051, horft er til suðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-265:051.

(strympa). Það er um 2,5 x 2,5 m að innanmáli.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2005, 52:1, bls. 38.

ÁR-265:052 tóft fjárskýli

A 445472 N 395548

Bjarni F. Einarsson skráði fjárskýli vestarlega í Hagaey við fornleifaskráningu vegna Núpsvirkjunar, árið 2002. Tóftin er um 2,6 km suðvestan við bæ 001 og 1,1 km vestan við beitarhús 051. Skrásetjari komst ekki í eyjunna en lýsing Bjarna stendur vel fyrir sínu. Eyjan er ekki nýtt lengur til beitar en um 2 m suður frá tóftinni er laut eftir ágang skepna.

Hagaey er stór eyja í Þjórsá, suðurhluti hennar er gróin. Tóftin er í gróinni hvilft á lágum hól í móa.



Uppmæling af tóft ÁR-265:052.



Ljósmynd úr skýrslu Bjarna F. Einarssonar af tóft
ÁR-265:052, horft er til NNV.

Tóftin er hringlaga, um 5,5 - 6 m í þvermál. Veggir úr grjóti og torfi, um 1 m á breidd og 0,1 - 0,5 m háir. Op er á miðri suðurhlið. Í því eru áberandi hraunhellur og liggur yfirliggjarinn á sínum stað. Inni í tóftinni eru all stórar þúfur. Tóftin er vel gróin.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2002 51:1, bls. 37

ÁR-265:053 garðlag vörslugarður

A 447273 N 397690

Garðlag er austan Hrótholts. Það er um 1,2 km norðan við bæ 001, um 350 m norðaustan við býli 046 og tæpa 300 m ASA við Þverá. Að öllum líkindum er þetta undirhleðsla undir girðingu.

Garðlagið liggur um grösugt mólendi. Suðaustan þess er grunnur gilskorningur með læk en við vesturenda þess er stuttur skurður.

Garðlagið er tæplega 180 m á lengd og 0,6 - 0,8 m á hæð. Að stærstum hluta er stefna þess VNV - ASA en austast sveigir að til SSA. Neðst er það um 1 m á breidd en mjókkar upp og er um 0,8 m breitt efst.

Norðausturhliðin er almennt hærri en suðvesturhliðin. Það virðist alveg torfhláðið og er víða komið rof í það.

Hættumat: engin hætta



Garðlag ÁR-265:053, horft til austurs.



Varða ÁR-265:054, horft til vesturs.

ÁR-265:054 varða óþekkt

A 446824 N 396818

Varða er á miðju Háholti tæpan 1 km VNV við bæ 001 og 190 m norðaustan við vörðu 055.

Varðan er efst á gróðursnaudum og flötum klettaás.

Varðan er svo til kringlótt og er tæplega 1 m í þvermál. Hún er um 0,7 m á hæð og 5-6 umför sjást. Ekki var vandað til hleðslu hennar og má segja að henni hafi verið hrúgað upp úr flötu, köntuðu grjóti. Hún er farin að síga nokkuð. Umhverfis vottar fyrir gróðurkraga.

Hættumat: engin hætta

ÁR-265:055 varða óþekkt

A 446645 N 396766

Varða er um 1,1 km VNV við bæ 001, um 125 m norðaustan við garðlag 056 og tæpa 190 m suðvestan við vörðu 054.

Varðan er á gróðurlitlum klettarana vestast á Háholti og austan við Háholtsmýri.

Varðan er svo til kringlótt um 1 m í þvermál, 0,6-0,8 m á hæð og um 1-3 umför sjást. Vörðunni hefur verið hrúgað upp að jarðföstu bjargi og er ekki vandað til hleðslunnar. Hleðslugrjótið er engu að síður vel gróið skófum og þá er gróðurkragi umhverfis vörðuna.

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-265:055, horft til austurs.



Garðlag ÁR-265:055, horft til austurs.

ÁR-265:056 garðlag vörslugarður

A 446535 N 396704

Garðlag er í suðausturjaðri Háholtsmýrar, um 1,2 km vestan við bæ 001 og um 125m suðvestan við vörðu 055 sem er á vestanverðu Háholti. Efst í brekkunni, austan við garðlagið, er vegarslóði sem

liggur frá Miðási og að syðri enda garðlagsins en frá garðlagsendanum heldur vegarslóðin áfram til norðausturs í áttina að Háholtsvaði 045.

Garðlagið er í grösugri brekku sem liggur til norðvesturs.

Garðlagið er um 120 m á lengd og liggur frá norðvestri til suðausturs. Það er 4 m á breidd og um 1m á hæð. Það hefur signar, aflíðandi hliðar og er kindagata í því efst. Engar grjóthleðslur sjást en rof er í því vestast. Garðlagið er svo til alveg beint og liggur upp brekku til suðausturs og er líklega um vörslugarð að ræða. Á loftmynd má greina óljóst framhald yfir Háholtsmýri allt að Þverá.

Hættumat: engin hætta


ÁR-265:057 tóft útihús

A 447638 N 396531

Tóft er rúma 100 m vestan við bæ 001, um 80 m norðan við íbúðarhús Haga II o um 35 m norðvestan við vesturenda vegar 058.



Tóft ÁR-265:057, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-265:057.

Tóftin er í vesturhorni sléttaðs túns. Landi hallar til suðvesturs og sunnan við tóftina eru nokkur tré.

Tóftin virðist hafa verið sléttuð og eru hleðslur hennar mikið útflattar. Hún er 7 x 5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er einföld og ekkert greinilegt op er á henni. Suðaustast vottar fyrir hólfi og er innarbyrði þess 0,5-0,6 m á hæð. Hugsanlega hefur tóftin verið niðurgrafin. Ytrarbyrðið er um 0,3 m á hæð. Tóftin er á kafi í háu grasi og sér hvergi í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-265:058 vegur samgöngubót

A 396496 N 447676



Vegur ÁR-265:058, horft til norðurs.

Upphlaðinn vegur liggur til vesturs frá bæ 001 og er ekki merktur inn á túnakort frá 1919. Hann er um 35 m norðan við íbúðarhús Haga II og vestari endi er um 35m suður af tóft 057.

Vegurinn er í brekkurótum hólts og norðan við núverandi heimreið að Haga II.

Vegurinn er breiður neðst og mjókkar upp. Neðst er hann um 5 m breiður en efst um 3 m. Hann er tæplega 60 m á lengd og 0,5 – 2 m á hæð. Vegurinn er hæstur næst bæjarhól 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-266 Fossnes

1686: 23 hdr 80 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1695: 10 hdr, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.


1709: Dýrleiki óviss. Skálholtsstólseign, skv. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 213.

1847: 12 1/3 hdr. Bændaeign, skv. Jarðatali Johnsens, 64.

Árið 1896 voru 4 bæjarhús og 8 peningshús í Fossnesi. Eftir jarðskjáltana sama ár voru 3 bæjarhús og 8 peningshús gjörfallin, en 1 bæjarhús lítið skemmt, skv. Landskjálftum á Íslandi e. Þorvald Thoroddsson, 173.

Túnakort 1919: Tún 4,1 ha, ca. 95% slétt. Aukatún 1,0 ha. Matjurtagarðar 10 arar.

“Túninu grandar sandfok af gömlum Heklu sandi, sem dreif bæði á það sjálft og so jarðarinnar haga alt í kring, þegar hún brann síðast fyrir 16 árum. Engið er að mestu eyðilagð fyrir sama sandi, so og lækjum og jarðföllum úr brattlendi, sem ber á það grjót og sand jafnlega. Hætt er kvikfje fyrir krakningi á vetur



í stórvíðrum og so fyrir gljúfrum við Þverá, sem allnærri eru bænum, og kvikfje hefur oft fallið ofan fyrir,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II, 214.

“Að meiri hluta er um fjalllendi að ræða, víða gróið kjarnagrös, sem þóttu áður verðmæt til vetrarbeitar. Ár og lækir falla um landið og er þar víða að finna hrikaleg gljúfur og gil. Syðri hluti jarðarinnar liggur lægra, þar er mýrlent og grasgefið land og allvel fallið til ræktunar,” segir í Sunnleskum Byggðum I, 352.

ÁR-266:001 Fossnes bæjarhóll bústaður

A 445782 N 397172



Bæjarhóll ÁR-266:001, horft til ANA.

“Í Fossnesi í Gnúpverjahreppi var vorið 1905 byggð heyhlaða í bæjarhúsaröðinni vestan til, þar var áður skemma og smiðja. Grafið var niður alt að 4 al. djúpt, og nokkuð lengra inn í húsagarðinn en skemman og smiðjan náðu. Þá er skamt var komið niður, urðu fyrir hálfrotnar leifar af þorskhöfðabeinum. Þar nærri fanst ryðgað brot af sauðbjöllu, þetta hvorttveggja var svo ofarlega, að það hefir hlotið að vera frá tiltölulega seinum tíma. Eigi sáust þar byggingarleifar. En þá er lengra kom niður, kringum 3 al. djúpt, komu byggingarleifarnar. Varð þar fyrir eldhússhorn. Stóðu veggir hornsins óhaggaðir að neðanverðu. En er frá horninu dró, til beggja handa, var ekki eftir af veggjunum nema grjóturð ein. Þar voru hlóðir í horninu og öskustó undir. Frammi fyrir hlóðunum stóð flatur drangasteinn upp á endann, svo

sem 1 al. langur. Hann var skorðaður ofan í gólfíð og helluflísir reknar utan með. [...]. Þá er búið var að taka hlóðin burtu, varð fyrir flatur steinn, svo stór að byggingarmenn gátu lítt bifað hann. Létu þeir hann kyrran og settu hlöðuvegginn ofan á hann,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1904. Bærinn er sýndur á túnakorti frá 1919 og var ofarlega í túninu, nánast í miðjunni. Bærinn er sunnan undir svokölluðum Bæjarás, tæpum 150 m frá brún Fossnesgljúfurs í Þverá. Bærinn var á flata undir ásnum og brattar brekkur eru niður túnið til suðurs. Núverandi íbúðarhús er um 20 m suðaustan við gamla bæjarhólinn en engin þar mannvirki uppistandandi á honum. Öll útihús á bæjarhólnum hafa verið rifin á síðustu 20-30 árum og ný reist fyrir austan bæinn, innan gamla heimatúnsins. Á ljósmynd í Sunnleskum byggðum I sést glitta í eldri bæjarhús norðvestan við íbúðarhúsið. Stafnar bæjarins snéru til SSV og á túnakortinu voru þau tæplega 30 m löng.

Bæjarásinn er hár og nýttur til beitar. Sunnan undir honum eru nú nokkur grenitré, vírgirðing og malarplan fyrir bíla og rúllur. Malarplan og slóði liggja þvert yfir bæjarhólinn sem grafinn var burtu fyrir einhverjum áratugum. Fast vestan við bæinn var brekka, að bæjarlækunum, þar má sjá jarðveg sem rutt var niður og geymir leifar bæjarhúsanna

Engin ummerki um bæjarhólinn sjást á yfirborði. Ekki er ljóst hversu mikið af bæjarhólnum er varðveitt undir sverði en hann var um 25x15 m að stærð og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Árbók 1904, 23-24

ÁR-266:002_01 Sauðhúsdalur gerði akur

A 446729 N 398846

“Inn af hólunum [Tjarnhólum] er Tjarnhólamýri. Innan við hana kemur Selgilið, [...], öðru nafni Sauðhúsdalur. Ofan við hann eru Garðabrekkur,” segir í örnefnaskrá. “Í landi jarðarinnar Fossness í Gnúpverjahreppi er dalur sá, sem Sauðhúsdalur heitir. Hann liggur inn með Þverá eigi allskammt frá bænum. Í innanverðum dalnum er brekka sú, er Garðabrekka heitir. Hún liggur við suðvestri. Neðan undir henni endilangri er forn garður, sem þó er horfinn undir aurrenslí í báða enda. En samt er lengd hans um 60 faðmar. Samhliða honum er annar garður ofan til í brekkunni. Af báðum endum hans er brotið, og er hann nú nál 45 faðmar. Milli þeirra er hæð brekkunnar 32 faðmar, og er þeirri spildu skift, með 2 bognum þvergörðum, í 3 hluti. Er miðhlutinn nál. 25 föðmum á breidd, en breidd hinna verður ekki ákveðin, því þar eru rofbakkar báðum megin. Í austasta hlutanum er hólbunga út úr brekkunni, og er bogadreginn aukagarður neðanundir henni. Hann á ekki saman við hina garðana og er að líkindum eldri girðingarbyrjun, en verið hætt við hana aftur, þá er öll brekkan var tekin til akuryrkju. Því án efa eru þetta akurgirðingar,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1905.

“Upp með Þverá fyrir innan Fossnes er dalur sá er Sauðhúsdalur heitir. Þar hefir í fornöld verið dálítið býli, að sagt er, og hefir þá líklega heitið að Sauðhúsum og mun dalurinn hafa nafn af því. Innst í dalnum er brekka sú er Garðabrekka heitir. Þar eru forn garðlög, nokkuð undarleg, en brekkan er blásin og skriðin til beggja enda svo ógjörla sér þar til garðanna. Það er sagt að í fornöld hafi austurleitarmenn úr Flóa sett fjallsafn sitt inn í þessar girðingar næstu nótt fyrir réttir, en ótrúlegt er að allir þessir garðar sé byggðir til þess. Það var ekki þörf á þeim svona mörgum og einkum væri þeir settir í óhentugan stað til þess í brattri brekku. Líklegra væri í fyrsta áliti að ímynda sér að það hefðu verið akrar en svo stór akrastæði eru þó hvurgi þar sem til þeirra sér nærlendis [...]. Hefir þó naumast verið jafnmikið býli í dalnum og í Fossnesi, því síður eins og á Stóranúpi eða Skaftholti, hafi annars nokkurn tíma verið þar bær og ekki sel einungis. Seltóftir eru víða eins og bæjartóftir að sjá og getur sú verið orsök til þess að sagt er þar hafi bær verið, en nafnið Selgil leiðir til þeirrar ímyndunar að það hafi einungis verið sel. Þá má líka skilja hvurnig á sérstöku tóftunum hefir staðið, nefnilega efsta tóftin hefir verið sauðahús (þar af Sauðhúsdalur), miðtóftin heyborg, en stóra fremsta tóftin gaddur til að gefa í. Hefir það allt tilheyrð Fossnesbónda því hann hefir haft þar sauði sína a vetrum, en í seli á sumrum. [...] Getandi er til að bóndi hafi viljað græða brekkuna út til slægna og tekið fyrir kafli og kafli af henni í einu og girt um, en aukið við öðru stykkinu, þegar annað var ræktað. Getur verið að fjallmenn hafi notað þær girðingar til að setja inn safnið, eins og getið var. Hefir bóndi þá líka viljað það til að fá áburðinn og því haft garðana svo rambyggða,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.



Gerði ÁR-265:002_01, horft til norðausturs.

“1. Fornar rústir í Sauðhúsdal, garðlög og tóft við Garðabrekku, aflangur hringur og smátóft. [...] Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Ekkert friðlýsingarskilti er á staðnum. Garðabrekka er tæpum 2 km NNA við bæ 001 og tæpum 350 m ANA við tóft 022.



Minjar í Garðabrekku ÁR-266:002. ©Loftmyndir ehf.

Garðabrekka er gróin en blásin til norðvesturs og suðausturs. Akurgarðarnir hafa raskast af þeim sökum en jafnframt vegna vírgirðingar sem liggur þvert yfir vesturhluta þeirra. Garðarnir eru útflattir og algrónir. Svæðið er 220 x 120 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Samkvæmt lýsingu á staðnum sem lesa má í Árbók hins íslenska fornleifafélags má gera ráð fyrir því að hluti minjastaðarins hafi verið sléttaður undir tún í mýri til suðvesturs og að þar hafi aflangur hringur og smá tóft orðið undir. Það sem enn er sjáanlegt á yfirborði eru garðlög í brekku austan við túnið, þ.e. meintir akrar og seltóftir fast suðaustan við læk. Mikið rof er komið í norðanverðan hólinn þar sem hinar meintu seltóftir standa og mátti þar sjá í rofinu grjót- og torfhleðslur auk kolamola.

Garðabrekka er í opnum hvammi norðan við mýri sem hefur verið sléttuð og ræst fram. Þar sést enn gerði og garðlög til beggja átta frá því. Víða eru opin rofabörð í nágrenninu. Gerðið er 70 x 60 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Til norðurs og norðausturs afmarkast það af garðlagi sem nær lengra til beggja enda og hverfur í rof. Í heildina er gerðið því 90x70 m að stærð. Það bendir til þess að fleiri hólf hafi verið á svæðinu. Til suðvesturs er veggurinn horfinn vegna sléttunar. Óljóst hólf eða sambyggð tóft er við suðausturvegginn. Veggirnir eru 3 - 3,5 m á breidd, algrónir og 0,3-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1; Árbók 1905, 34; Árbók 1894, 10; ÞJÁ IV, 132; Friðlýsingaskrá, 58; Árbók 1905, 34; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 157

ÁR-266:002_02 tóft sel

A 446759 N 398870

Tæpum 120 m norðvestan við gerði 002_01 eru seltóftirnar sem fá númerin 002_02 - 002_04 til aðgreiningar í lýsingu þessari. Tóft 02 er norðaustar og er á lágum hól sem er 15 x 11 m að stærð og 0,3 - 0,8 m á hæð. Hóllinn er algróinn og stórar þúfur þekja hann. Vírgirðing liggur eftir suðurhliðinni og raskar hólnum lítillaga. Tóftin er 7 x 7 m að stærð, einföld og nánast hringlaga. Veggirnir eru 3 m á breidd, 0,3 m á hæð, stórþýfðir og óskýrir. Tóftin er opin til suðvesturs, fram á hólinn. Ofan á norðvesturhlið hólins mótast óljóst fyrir garðlagi og ekki ólíklegt að gerði hafi verið suðvestan við tóftina, á hólnum. Það er 7,7 m langt og 1,7 m á breidd.

Hættumat: engin hætta



Sel ÁR-266:002_03, horft til NNV.




Tóft ÁR-266:002_032, horft til norðausturs.

ÁR-266:002_03 tóft sel

A 446735 N 398856

Tæpum 8 m SSV við tóft 002_02 er mun stærri tóft, á hól sem er uppsöfnuð mannvistarlög að hluta. Hóllinn er 40 x 17 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hann er 0,2 - 0,3 m á hæð og þýfður. Vírgirðing liggur yfir norðausturhornið og raskaði því lítillaga. Undirhleðsla vegna girðingarinnar liggur til norðvesturs frá tóftinni og sést vel norðan við lækinn. Tóftin er 26 x 21 m að stærð og snýr VSV-ANA. Veggirnir eru algrónir, stórþýfðir og aflagaðir. Þeir eru 2,5 - 3,5 m á breidd og 0,2 - 0,3 m á hæð. Í tóftinni sér óljóst móta fyrir fimm hólum og ekki útilokað að hér sé um fleiri en eitt byggingarstig að ræða. Til austurs er hólf 1. Það er 8 x 3 m að innanmáli og opið til suðausturs. Hólf 2 er vestar og mun óljósara. Það sést sem þýfðir bakkar á hólnum. Það er 10 x 3 m að innanmáli og opið til suðvesturs. Hólf 3 er norðvestan við hólf 2. Það er 4 x 3,8 m að innanmáli og nánast ferhyrnt. Op er til suðausturs. Hólf 4 er sunnar. Það er 2 x 2 m að innanmáli og ekkert op sést þar inn. Sem fyrr eru veggir þýfðir og óskýrir. Hólf 5 er vestar. Það er 4,6 x 3,3 m að innanmáli og snýr norður-suður.

Hættumat: engin hætta



Uppmæling af minjum ÁR-266:002_02 - 04.

ÁR-266:002_04 garðlag túngarður

A 446762 N 398821

Á loftmynd sést móta fyrir bogadregnum túngarði sem liggur til suðausturs að tóft 002_02, upp lækjargilið. Garðurinn sést aftur sunnan við tóftina, er bogadreginn og fjarar út í mýrinni. Túngarðurinn sést ekki á yfirborði. Í gilinu sjást stórar þúfur án þess að hægt sé að greina ytri brúnir garðsins. Í mýrinni sést hann sem grænka í túni, hann er mun grænni en nánasta umhverfi. Mýrin er sléttuð og ljóst að túngarðurinn var illa úti við þá framkvæmd. Á loftmynd er hægt að greina garðinn á um 65 m löngum kafla en suðvesturhluti hans er horfinn.

Hættumat: engin hætta



Túngarður ÁR-266:002_04, horft til SSA.

ÁR-266:003 Skálhólar gripir

1864: “FJADRASPJÓTSODDUR, mjór í meðallagi lángr. Fjörðin er 7 1/2 þumlungur á lengd. Nokkuð er ryðbrunnið aptan af falnum, en lítið eitt af oddinum. [...] Drengur fann spjótsodd þenna í flagi í Skálahólum, sem er langt fyrir norðan bæinn á Fossnesi í Eystrahrepp. Leifar saúst af skaptinu, er hann fannst, en það datt allt í sundur, er á var tekið, og nokkuð fór um leið aptan af falnum. Þar fannst ekki meira,” segir í skýrslu um Forngripasafn Íslands Skálhólar eru á merkjum Fossness og Hamarsheiði, sunnan við vörðu 041. Hvar nákvæmlega spjótið fannst er ekki vitað en víða eru flög í hólunum sem eru nokkuð áberandi í landslaginu. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja fundarstaðinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 60; KEKH, 277

ÁR-266:004 heimild um kálgarð

A 445761 N 397162

Afmarkað svæði við bæ 001, líklega kálgarður, er merkt inn á túnakort frá 1919. Hann var fyrir sunnan og vestan bæjarhólinn.

Kálgarðurinn er horfinn. Ekki er ljóst hvort að brekka var til suðurs og vesturs, það gæti hafa verið. Svæðið er nýtt undir malarplan, útihús frá fyrrihluta 20. aldar voru þarna en hafa verið rifin.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-266:005 lind brunnur

A 445745 N 397158



Lind ÁR-266:005, horft til norðurs.

Rúmum 30 m vestan við bæ er mannvirki, líklega brunnur, merkt inn á túnakort frá 1919. Á þessu svæði er uppspretta sem rennur til vesturs frá brekkubrúninni, bærinn er þar uppi. Járnlok er yfir lindinni, 1 m í þvermál, og lækur seytlar til vesturs. Ekki er ljóst hvort að brunnurinn er ennþá varðveittur, hvort hann var hlaðinn eða steypdur. Eftir að þessi brunnur lagðist af var annar tekin í notkun eftir miðja síðustu öld, norðaustan við bæinn uppi á ásnum við Þverá.

Brunnurinn er undir brekkubrún, suðvestan við bæ 001. Svæðið er gróið, smápýft og nýtt til beitar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-266:006 heimild um túngarð

A 445716 N 397130

Túngarður afmarkaði hluta heimatúnsins á túnakorti frá 1919. Samkvæmt kortinu afmarkaði hann um 250 m langt svæði, meðfram holtsbrúninni við vesturhlið túnsins. Það er greinilegt að lega hans tók mið af landslaginu, hann fylgdi brekkubrúninni. Ekki er ljóst hvað réði afmörkun túnsins til annarra átta. Líklega var það Bæjarásinn til norðurs.

Túngarðurinn var á holtsbrún, austan við Bæjarlækinn. Brekkan eða brúnin er brött, 10-20 m á köflum. Til suðurs er skógrækt í brekkunni en einnig er búið að slétta hana að stórum hluta. Svæðið er nýtt til sláttar, beitar og skógræktar.

Öll ummerki túngarðsins eru horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-266:007 heimild um túngarð

A 445861 N 397221

Túngarður umhverfis stakstætt tún er merktur inn á túnakort frá 1919. Sigrún Bjarnadóttir, heimildamaður, taldi að umrætt svæði væri Hátún, það er tún uppi á Bæjarásnum. Um leið væri túnakortið í réttum hlutföllum. Sigrún kannaðist ekki við að túngarður hefði verið umhverfis túnið. Hátún er ennþá til, nú mun stærra og nýtt til beitar. Það er tæpum 40 m norðaustan við bæ 001, á stalli í suðurhliðum Bæjaráss. Svæðið er slétt og þar er ennþá tún. Það er nýtt til beitar og mun stærra en á túnakortinu.

Engin ummerki um túngarð sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

ÁR-266:008 *Goðatóft* heimild

A 445898 N 397108

“Norðan við Fjóshól [020] er Goðalág, austan við hana er Kinnin, upp af henni er Hátún. [...] Hjá Goðalág er Goðatóft,” segir í ornefnaskrá. “Einnig heitir Goðalág í túninu í Fossnesi í sama hrepp. Sú lág er í sljettum hól, og líkist niðurgrafinni hústóft. Hóllinn stendur austur við gljúfrið, þar sem fossinn er, sem bærinn er kenndur við. Mætti ímynda sjer, að “vættur fossins” hafi verið blótuð í því blóthúsi, er gefið hafi tilefni til að nefna tóft þessa Goðalág,” segir Brynjúlfur Jónsson í Árbók Hins

Íslenska fornleifafélags 1894. “3. Forn tóft, nefnd Goðatóft, austur á túninu. Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Samkvæmt Sigrúnu Bjarnadóttir, heimildamanni, ber hóll á milli fjárhúsanna og Fossnesgljúfurs nafnið Goðatóft. Hann er tæpum 130 m suðaustan við bæ 001 og er utan heimatúnsins líkt og það var afmakað á túnakorti frá 1919. Útihúsin á Fossnesi eru 40 m vestar en hóllinn. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Hóllinn er innan girðingar í túni austan við fjárhúsin. Túnið er slétt og nýtt til beitar.

Umræddur hóll er 21 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasivaxinn og ber öll merki þess að vera uppsöfnuð mannvistarlög. Hann er hæstur til norðurs og lækkar þegar sunnar dregur. Hóllinn er 0,2 - 0,8 m á hæð og sléttur. Goðatóft er horfin og ekki er vitað hvar nákvæmlega tóftin eða lágin var staðsett í hólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 160; Árbók 1894, 10



Goðatóft ÁR-266:008, horft til norðurs.

ÁR-266:009 varða landamerki

A 444957 N 396859

Landamerki Fossness 1890: “Að suðaustan ræður Þjórsá allt að Djáknasteini, þaðan sjónhending í vörðu á suðvestasta hnúknum á Hellnaholti, þaðan sjónhending í hæsta hnúkinn á Hellnaholti,” segir í Landamerkjabréfi No. 254. “Framan við holtið [Miðaftansholt] rennur Nóngil. Framan gilsins er Hellnaholtstorfur, Hellnaholt og Hellnaholtsmýri,” segir í örnefnaskrá. Varðan sést enn og er tæpa 880 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 370 m suðvestan við Miðaftansvörðu 015. Varðan er hlaðin á merkjum Fossness og Hamarsheiði. Sumarhúsabyggð er sunnan við Hellnaholt.



Varða ÁR-266:009, horft til norðurs.

Varðan er uppi á Hellnaholti. Þar er klapparhóll og mikið af hellugrjóti. Varðan er áberandi og sést víða að. Allt umhverfis hana er mosi og grjót. Núverandi girðing er 1 m vestar og girt að hólnum sem varðan er á. Um 5 m austar er steypdur hornstaur, landamerkin hafa eitthvað verið færð til í gegnum tíðina.

Varðan er efst á klettahól. Hún er vel hlaðin, á vesturhluta hólsins, er 1 m á hæð, 2 x 2 að grunnfleti og er stýtulaga. Það eru 15 umför af hellum í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabréf No. 254; Ö-Fossnes ÞB, 1-2


ÁR-266:010 Seljadalur tóft sel

A 448375 N 399620

“Fyrir innan þær er Brúmsgil, rennur það í Þverá framan við Svartagljúfur. Á brún gljúfursins er Sandurinn, fyrir innan hann er Selá. Þar sem hún fellur í Þverá myndast tangi sem heitir Selfitartangi, fyrir innan hann eru Selfitar [...] Vestan undir Geitafellum er Seljadalur, í norðurhorni hans er Rauðifoss í Selá sem rennur eftir dalnum,” segir í örnefnaskrá. “[S]el frá Stóranúpi var inni í Seljadal,” segir í örnefnaskrá Hamarsheiðar. “En Núpur átti selstöðu í Seljadal milli fjallanna Snasa og Geitafella, innarlega í Fossneshögum, rétt fyrir neðan afréttarmörkin. Þar sjást enn greinilegar seltóttir. Ekki er mér kunnugt, hvenær selstaða þessi lagðist af, en það er löngu fyrir manna minni,” segir í örnefnaskrá Stóra-Núps og Minna-Núps. Seltóft er rúma 3,5 km norðaustan við bæjarstæði Fossness 001 og 50 m suður af syðrienda Þjófagils 011.



Sel ÁR-266:010, horft til vesturs.



Uppmæling af seli ÁR-266:010.

Tóftin er á lágum bakka í grösugu dalverpi. Austast í dalverpinu rennur á og milli hennar og bakkans sem tóftin er á er deiglendi.

Tóftin er tvískipt, um 14 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á báðum hölfum til suðvesturs. Vegghleðslur eru mjög signar, sér í lagi að utanverðu en innrabyrðið er skarpara. Ytrabyrðið er 0,6 – 1,2 m á hæð og er það hæst á norðaustur-langhlið en lægst á suðvesturhlið. Innrabyrðið er 0,5-0,90 m á hæð. Ekki sjást neinar grjóthleðslur í tóftinni sem er algróin grasi. Óljós er þúst um 3 m vestan við tóftina og tvær aðrar um 17 m suðvestar. Líklega er mannvist þar að finna undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1; Ö-Hamarsheiði SJ, 6; Ö-Stóri-Núpur og Minni-Núpur ÓB, 2

ÁR-266:011 Þjófagil örnefni óþekkt

A 448335 N 399719



Þjófagil ÁR-266:011, horft til norðurs.

“Fyrir innan Selá eru Geitafellin. Niður þau renna tvö gil sem heita Þjófagil,” segir í örnefnaskrá. “Fyrir innan Selá eru Geitafellin. Niður þau renna tvö gil sem heita Þjófagil,” segir í örnefnaskrá. Þjófagil er um 130 m norðan við sel 010 og tæpum 3,6 km norðan við bæ 001.

Þjófagil er 4 – 5 m djúpur gilskorningur sem liggur frá norðri til suðurs. Lækur rennur í því. Hliðar gilsins eru ágætlega brattar og má alveg leynast í því að einhverju marki en engar þekktar sagnir fundust sem gætu útskýrt nafnið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1

ÁR-266:012 Vörðukinn varða landamerki

A 445991 N 398968



Varða ÁR-266:012, horft til austurs.

“Framan við gilin [Djúpugil] eru Leirhólar, ofan við þá er Vörðukinn, framan undir henni er Skollagróf, austan við hana eru Leirhólstorfur og Leirhólsgilin,” segir í örnefnaskrá. Landamerki Fossness 1890: Frá Innri Skálhól “sjónhending í hæstu vörðu á Vörðukinn, þaðan sjónhending í Bognakar,” segir í Landamerkjabréfi No. 254. Varðan er Vörðukinn er 1,8 km norður af bæ 001, 740 m vestan við Sauðhúsdal 002 og um 750 m NNA af vörðu 041.

Varðan er syðst á lágu felli sem er grýtt og lítt gróið öðru en stökum mosapembum á stangli.

Varðan virðist vera ferhyrind strýta sem er um 1x1 m á

stærð og um 1,4 m á hæð. Hún er hlaðin úr flötu, misstöru grjóti og er hægt að telja 9-10 umför í henni. Hún stendur vel og er gróðurkragi umhverfis hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1

ÁR-266:013 Stekkjartún tóft stekkur

A 445528 N 397549

“[A]ustan við það [Skálhólaskarð] er Stekkjarás, austan við hann er Grámosaás, milli þeirra er Steinaskarð, niður frá því er Krókagil, vestur frá því er Stekkjartún,” segir í örnefnaskrá (ÞB). Tóft af stekki er sunnan Stekkjaráss, um 450 m NNV við bæ 001, um 80 m norðaustan við Rauðafoss og tæpa 60 m VNV við beitarhús 032.

Tóftin er efst í grösugri kvos fyrir ofan nokkuð hæðótt graslendi sem hallar til suðausturs.



Stekkur ÁR-266:013, horft til vesturs.



Uppmæling af stekki ÁR-266:013.

Tóftin er tvískipt, 9 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestast í tóftinni er lítið hól sem er um 1 x 1 m að innanmáli en suðaustan við það er aðeins stærra hól sem er 3 x 2 m að innanmáli. Tvö óljós op eru á báðum þessum hólum, annað er á suðausturgafli en hitt vestast á suðvesturhlið. Hleðslur eru signar og rúnaðar. Innrabyrðið sem er 0,2-0,7 m á hæð er aðeins skarpara en ytrabyrðið sem er 0,3-0,7 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum og ekkert rof er í tóftinni sem er vel gróin grasi. Breidd veggja er 1,5 – 2 m en norðvesturgafflinn er einungis um 1 m á breidd.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1

ÁR-266:014 Stöðulgilið tóft kvíar

A 445659 N 397192

“Niður undan þeim [Hábrúnum] er Torfan, fram við hana er Stöðulgilið og Nónholt,” segir í örnefnaskrá. Stöðulgil er vestan við bæ 001, þar sem vegurinn að bænum beygir til norðausturs að bæjarhúsumum.



Uppmæling af tóft ÁR-266:014.



Tóft ÁR-266:014, horft til norðvesturs.

Gilið er áberandi og lækurinn rennur til austurs, niður gilið og sameinast Bæjarlæknum. Rétt norðan mót lækjanna er tóft. Hún er á vesturbakka Bæjargilsins, rúmum 100 m vestan við bæ 001 og 30 m norðan við Stöðulgilið. Ekki er vitað hvort að stöðullinn eða kviarnar voru hérna en tóftin fær að njóta vafans og skráð hér undir.

Stöðulgil er tæplega 450 m langt og liggur til austurs frá landamerkjum við Hamarsheiði, að Bæjargili. Gilið er um 30 m breitt og bakkar þess grónir og aflíðandi. Afar ólíklegt er að stöðull hafi verið í gili, hann var líklega skammt vestan við heimatúnið, við mót giljanna. Allt þetta svæði er gróið og nýtt til beitar.

Tóftin er á vestari bakka Bæjargilsins, austurhlið hennar er á blábrúninni. Hún er 6 x 4,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er opin til austurs, ofan í gilið. Líklega er hluti hennar fallinn niður. Veggirnir eru algrónir, 2 m á breidd og 0,2 m á hæð.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1

ÁR-266:015 *Miðaftansvarða* varða eyktamark

A 445159 N 397171



Miðaftansvarða ÁR-266:015, horft til norðurs.

“Framan við gilið [Stöðulgilið (014)] er Mýrarseylan, vestur af henni er Gíslakrókur, ofan við hann er Miðaftansholt og Miðaftansvarða,” segir í örnefnaskrá. Miðaftansvarða er 630 m vestan við bæ 001 og 530 m suðvestan við stekk 013. Eins og nafn vörðunar gefur til kynna var hún eyktamark. Varðan er uppi á efsta hluta Miðaftansáss.

Varðan er uppi á ás eða hrygg. Landi hallar niður til austurs, þar er vegslóði og hrossum gefið. Svæðið er nýtt til beitar. Moldarrof eru umhverfis vörðuna en grasgeiri næst henni.

Varðan er 1 m á hæð, 2,5 x 2,5 m að grunnfleti og vel hlaðin. Hún er strýtulaga og þar eru 5 umför af frekar stóru grjóti.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 1

ÁR-266:016 *Torfholt* örnefni rista

A 445303 N 396271

“Neðan við hana [Stjörnukeldu] er Mýrin, norðast í henni er Torfholt,” segir í örnefnaskrá. Torfholt er rúma 920 m suðvestan við bæ 001. Sunnan við holtið er framræst mýri og torfið var að öllum líkindum skorið þar.

Slétt, framræst og grasivaxið tún sem nýtt er til sláttar og beitar. Búið er að slétta yfir holtið og mýrina. Engin ummerki um ristu sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2

ÁR-266:017 *Innravaðsgil* örnefni vað

A 445637 N 396364

“Inn af honum eru Fitarnar, niður á þær renna Innravaðsgil og Fremravaðsgil. Milli þeirra eru Vaðgilsbakkar,” segir í örnefnaskrá. Fremravaðsgil er 820 m sunnan við bæ 001 og rúmum 120 m sunnan við stekk 018. Ekki er vitað nákvæmlega hvar vaðið var, líklega var það notað á leið 023.

Gilið er vítt, mýrlent og gróið. Mýrarlækur rennur þar niður.

Engin ummerki vaðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2

ÁR-266:018 *Gamlistekkur* tóft stekkur

A 445683 N 396483

“Inn af honum eru Fitarnar, niður á þær renna Innravaðsgil og Fremravaðsgil [018]. Milli þeirra eru Vaðgilsbakkar. Innst á þeim er Gamlistekkur,” segir í örnefnaskrá. “Nóngil framan við það. Nóngilshylur (nú Stekkjarhylur), í Þverá ofan við Nóngilsmynnið. Stekkjarbakki, Innra-Vaðsgil,” segir í örnefnaskrá (BJ). Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar vegna áhrifa Núpsvirkjunar segir: “nr. 48:1. Undir hamri á sléttri



Uppmæling af stekk ÁR-266:018.



Stekkur ÁR-266:018, horft til norðurs.

grund (áreyrum), ca. 3 m NV af lækjarsprænu og ca. 60 n NV af Þverá. 6,5 x 13 m (NA-SV). Veggir eru úr grjóti, 1 - 1,5 m breiðir og 0,1-0,7 m háir. Tvö hólf eru a stekknunum (hólf A og B). Hólf B er lambakróin. Dyr eru á hólfi A til SV og dyr hafa verið á milli hólfa þótt þær sjáist vart nú. Áberandi er hve stórt grjótið í veggjum er. Veggir í SV-hluta stekksins eru talsvert grónir grasi. SV-veggur hólfs A er sjálfur hamarinn og SV-veggur í hólfi B er stunginn niður í brekkuna. Einstaka steinar liggja á gólfi A. Stekkurinn mun fara undir vatn að öllu óbreyttu. Minniháttar rannsoknar er þörf.” Stekkurinn er tæpum 700 m sunnan við bæ 001 og er á áreyrum Þverár. Hann er hlaðin austan undir klettabelti og lækarspræna rennur fast norðan og austan við tóftina. Bjarni F. Einarsson gerði einn könnunarskurð í stekkin, skrásetjara er ekki kunnugt hvað kom út úr þeirri rannsókn. Teikning af stekknunum er birt í bókinni Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár eftir Daniel Bruun. Stekkurinn fer á kaf þegar virkjanir í neðanverðri Þjórsá verða teknar til framkvæmda.

Áreyrarnar eru grónar en jarðvegur þar yfir er þunnur. Virgirding er meðfram ánni skammt austan við stekkin. Allt svæðið er nýtt til beitar.

Stekkurinn er hlaðinn undir klettum og er 15 x 7 m að stærð. Tóftin er hlaðin úr stóru grjóti en hleðslurnar eru fallnar að mestu. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð. Það má enn sjá 1-2 umför í þeim. Stekkurinn skiptist í 2 hólf. Hið nyrðra er réttin. Það er 6,4 x 3,3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Eitt op er til norðausturs, inn í stekkin en annað til suðurs, yfir í hólf 2. Fallnir dyrakampar úr grjóti liggja þar enn. Klettarnir til vesturs eru 4 m háir og brattir. Hólf 2 er sunnar og smkv. Bruun var það undir þaki. Þetta er lambakró og er lítillaga niðurgrafin. Veggirnir eru 2 m á breidd, grónir en hér og þar glittir í grjót. Bjarni tók könnunarskurð í austurlanghlið hólfsins, skammt sunnan við opið. Ummerki hans sjást enn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2; Bjarni F. Einarsson, 28; Ö-Fossnes BJ, 1

ÁR-266:019 Akurhóll örnefni akur A 445722 N 397007

“Austan við hann er Nesið, ofan við það er túnið í Fossnesi. Neðst í því er Akradalur, ofan við hann er Akurhóll,” segir í örnefnaskrá. “[M]iklu minni [en garðar í Sauðhúsdal (002)] eru akrastæði tvö saman í Akurhól í Fossnesi (hér um bil 16-20 ferh. faðmar hvort),” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. “2. Akurreitur lítill í brattri brekku sunnan í Skorhól, suðvestast í túnfæti. [...] Sbr. Árb. 1905: 34; Árb. 1894: 10. Skjal undirritað af MÞ 05.05.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Ábúandi þekkti til friðlýsingarinnar en nefnir hólinn Akurhól, ekki Skorhól. Nyrsti hluti hans er í sléttuðu heimatúni. Trjárækt er í suðurhlíð hans sem er fremur brött. Þar mun akurreiturinn hafa verið. Ekkert friðlýsingarskilti er á minjastaðnum. Akurinn var um 170 m sunnan við bæ 001, austan við stíflu 026.

Brekkan er 10-15 m há og alþakin trjám og gróðri.

Engin ummerki um akurinn sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2; ÞJÁ IV, 132; Friðlýsingaskrá, 58; Friðlýstar minjar á Suðurlandi, 159

ÁR-266:020 Fjóshóll heimild um fjós A 445754 N 397103

“Austan við hann er Nesið, ofan við það er túnið í Fossnesi. Neðst í því er Akradalur [019], ofan við hann er Akurhóll. Norðan undir hólnum er Fjósadalur, ofan við hann er Fjóshóll,” segir í örnefnaskrá.

Fjóshóll er um 70 m sunnan við bæ 001 og tæpum 100 m norðan við Akrabrekku 019.

Fjóshóll er í sléttu, ræktuðu túni. Hann sést illa af þeim sökum. Þarna er þó upphækkun í túninu en erfitt að sjá útlínur hennar. Fjóshóll var á brekkubrúninni, innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað 1919.

Engin ummerki fjóssins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2

ÁR-266:021 *Beinalág* frásögn

A 445921 N 397123

“Austast á túninu er Fjórshóll, framan undir honum er Beinalág,” segir í örnefnaskrá. Að sögn Sigrúnar Bjarnadóttur, heimildamanns, er nafnið til komið vegna þess að þarna var rusli skutlað niður í Fossnesgljúfur. Hún veit ekki betur en það hafi verið gert lengi. Beinalág er rúmum 130 m austan við bæ 001 og tæpum 20 m norðan við Goðalág 008.

Slétt, ræktað tún er fyrir vestan lágina. Lágina er lækjarfarvegur og þarna er bratt niður til austurs. Svæðið er alþakið trjám sem var plantað á síðari hluta 20. aldar.

Engin ummerki um öskuhauginn sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Fossnes ÞB, 2

ÁR-266:022 tóft beitarhús


A 446490 N 398738

Beitarhús eru rúmum 1,7 km norðan við bæ 001 og um 240 m suðvestan við sel 002_02. Beitarhúsið er hlaðið austan í svokallaða Leirhóla, VNV við Sauðhúsdal. Leið ÁR-671:046 liggur fast austan við tóftina.

Tóftin er grafinn inn í brekku til vesturs. Brekkan er brött, 10 - 20 m há og mikið af náttúrulegum pöldrurum í henni. Tóftin skagar fram úr brekkunni.



Tóft ÁR-266:022, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-266:022.

Tóftin er 17 x 8,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólfi. Hólf 1 er suðaustar. Það er 7 x 2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er opið til suðausturs og grjóthlaðinn garði liggur eftir því endilöngu. Hann er 8 x 1 m að stærð og 0,3 m á hæð, algróinn en hér og þar glittir í grjót. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3 - 0,5 m á hæð að utan. Það má sjá 3-5 umför af grjóti í þeim að innan. Veggirnir eru lægri að utan og tóftin er öll niðurgrafin, þó minna í hólfi 1. Dyrnar eru grjóthlaðnar og sjást enn að hluta. Hólf 2 er norðvestar og var hlaða. Hólfið er 3,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Skil á milli hólfa sjást sem niðurgröftur, hólfið er 0,2 m dýpra en hólf 1. Hlaðan er 1,5 - 2 m djúp að innan, veggirnir sjást lítið að utan, einna helst sem þýfi. Það glittir í grjót í veggjum að innan en mjög er gróið yfir veggj og þeir hrundir inn.

Hættumat: engin hætta

ÁR-266:023 heimild um leið

A 445628 N 396542

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur til suðurs frá leið ÁR-671:042 og þaðan leið að vegi ÁR-671:052 við mót Þverár og Þjórsár. Leiðin er horfin, hún lá eftir brekkubrún sem hallar til austurs að áreyrum Þverár. Vegur 028 liggur til norðausturs frá henni og er mögulega yngri útgáfa.

Það þarfnast frekari staðfestingar.

Þar sem leiðin lá er skógrækt næst bænum og núverandi malarvegur er yfir norðurhluta hennar. Til suðurs eru grónar brekkur og mói nýttur til beitar.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-266:024 heimild um vað

A 445777 N 396261

Leiðir 023 og ÁR-671:052 liggja yfir Þverá, nærri mótum Þverár og Þjórsár um 1 km sunnan við bæ 001 á herforingjaráðskorti frá 1908. Vaðið var líkega notað á báðum leiðunum og brú ÁR-265:033 gerð á svipuðum stað síðar.

Áin breiðir úr sér neðan við Fossnesgljúfur. Hún er 20-30 m breið, grýtt og í henni eru eyrar.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-266:025 varða óþekkt

A 445938 N 397382

Uppi á Bæjarás er stæðileg varða sem sést víða að.

Varðan er rúmum 260 m NNA við bæ 001 og rúmum 350 m austan við beitarhús 034. Bæjarásinn er stórt klapparholt, bærinn er sunnan undir honum.

Bæjarásinn er umfangsmikill og lækkar til suðurs. Hann er eflaust 20-30 m hár, melur og rof eru efst þar sem varðan er. Varðan er á háholtinu, það er afgirt til allra átta með vírgirðingu og þar er beitarhólf.

Varðan er grjóthlaðin, strýtulaga og áberandi. Hún er 2 x 2 m að grunnfleti og 1,2 m á hæð. Það má sjá 7-10 umför grjóthleðslu í henni, þau neðstu eru gróin. Smásteinar eru efst og mögulega seinni tíma viðbót.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Varða ÁR-266:025, horft til suðurs.

ÁR-266:026 mannvirki

A 445938 N 397382

Rafstöð var gerð í Fossnesi, eflaust um miðja 20. öld. Hér er ekki um fornleifar að ræða í lagalegum skilningi en talin hér til fornleifa vegna mikilvægis í sögu jarðarinnar sem og hreppsins. Stíflan er vestan við Akurhól 019 en rafstöðin er við Þverá, í Fossnesgljúfri.

Bæjarlækurinn rennur í Bæjargilinu. Hann er 1,5-2 m á breidd, grunnur en straumharður. Allt umhverfis hann eru brattar brekkur, 10-20 m á hæð, og skógrækt í þeim öllum. Gróið undirlendi er við lækinn.

Mínjarnar eru á svæði sem er 150 x 30 m að stærð. Stíflan er 180 m sunnan við bæ 001, í Bæjargilinu.



Stífla ÁR-266:026, horft til vesturs.



Rafstöð ÁR-266:026, horft til norðurs.

Hún er steinsteypt og mikið mannvirki. Hún er um 9 m að lengd og liggur í boga austur-vestur yfir Bæjargilið. Hún er 5-6 m há, neðri hluti hennar er hruninn. Steypuleifar sjást á klettum uppi á gilbrúnunum. Rafstöðin er 150 m austar, við Þverá. Húsið er enn uppistandandi á áreyrunum. Um 15-20 m brött brekka með klettabeltum er til vesturs. Húsið er líkt og önnur rafstöðvahús sem finnast á þessu svæði, þaki hallar niður til austurs. Vatnið var leitt í stokki frá læknum að húsinu en öll ummerki hans eru horfin.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-266:027_01 varða samgöngubót

A 445480 N 396850



Varða ÁR-266:027_1, horft til suðausturs.

Þrjár vörður eru á austurbrún Nónholts, um 270 m suðaustan við bæ 001. Þær eru samgöngubót á leið ÁR-641:042, sem lá á milli Fossness og Stóra-Núps ÁR-292. Leiðin lá undir hábrekkunni, austan við holtið. Vörðurnar eru á svæði sem er 180 x 20 m og afmarkast af austurbrún Nónholts.

Vörðurnar raðast í einfalda röð eftir brekkubrún Nónholts. Svæðið er gróið en malarflög og jarðlægir steinar eru efst uppi á þeim. Svæðið er grýtt til austurs og bratt niður.

Varða 027_01 er syðst. Hún er 1,5 x 1 m að grunnfleti og 0,2 m á hæð. Hún er hlaðin úr grjóti teknu úr holtinu, bæði steinum og hellum. Varðan er hrunin en neðst má sjá 1-2 umför. Varðan líkist einna helst hrúgu. Hún er á mel, hlaðin á stakstæðan stein.

Hættumat: engin hætta

ÁR-266:027_02 varða samgöngubót

A 445558 N 396977

Varða 027_2 er 150 m norðaustar, á næsta klettahól. Hún er 1,5x1 m að grunnfleti og 0,4 m á hæð. Hún snýr austur-vestur. Varðan er vel hlaðin og það má sjá 3-4 umför af grjóti, teknu af svæðinu umhverfis.

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-266:027_2, horft til suðausturs.



Varða ÁR-266:027_3, horft til suðausturs.

ÁR-266:027_03 varða samgöngubót

A 397003 N 445568

Varða 027_03 er rúmum 25 m norðaustar. Hún er hrunin, á hólbrún til norðurs. Hún er 1 x 1,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Það má sjá 2 - 3 umför í henni. Varðan var hringhlaðin sé tekið mið af botni hennar.

Hættumat: engin hætta

ÁR-266:028 vegur leið

A 445641 N 396843

Gömul heimreið að bæ 001 var austar en núverandi malarvegur. Ekki er vitað hvenær hún var í notkun. Vegurinn lá til norðausturs frá suðurenda núverandi malarveggar að bænum. Erfitt er að greina veginn,

þarna er nú skógrækt og mikið af stórum trjám. Þó má enn sjá beinan bakka og veg sem er um 3 m breiður sunnan við trén. Leiðin sést hins vegar betur á loftmynd, þar er bein lína í gegnum skógræktina að Akurhól 019. Vegurinn er horfinn í túninu og ekki vitað hvar hann kom að bænum. Vegurinn sést á 180 m löngum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-266:029 garðlag landamerki

A 444929 N 396759

Hlaðinn landamerkjagarður er á öllum vesturmerkjum Fossness. Hann sést liggja til norðvesturs frá Djáknakeldu, sveigir til norðaustur undir Hellnaholti og fer áfram til norðurs að Vörðukinn (sjá 012). Landamerkin eru ekki á sama stað núna, vírgirðingin er um 40 m vestar en eldri mörkin. Garðurinn fer yfir í land Hamarsheiðar og var ekki rakinn þar.

Garðurinn er í fjölbreyttu landslagi líkt og deiglendi, skógrækt, grjóturð og ásum. Gróðurfarið er fjölbreytt en stór hluti landins er nýttur til beitar.

Garðurinn er í allt um 1,5 km að lengd. Hann er hlaðin úr torfi og grjóti, eingöngu grjóti og eingöngu torfi. Honum skipt í hluta til aðgreiningar í lýsingu þessari. Hluti 1 er sunnan við Hellnaholt, sunnan



Garður ÁR-266:029 sést austan við vírgirðingu sem nú er á merkjum. Horft er til norðurs.



Undir Hellnaholti er garðurinn grjóthlaðinn, horft er til norðurs.

og vestan við sumarbústaði í svokölluðum Brúnum. Garðurinn sést norðvestan við vélgrafna skurði á um 140 m löngum kafla og liggur að þjóðvegi til norðurs. Hann er 1 - 1,5 m á breidd, 0,3 m á hæð og algróinn. Norðan við malarveginn er garðurinn grjóthlaðinn undir Hellnaholti og kallast hluti 2 hér. Hann sveigir til norðausturs, á brún Hellnaholts og sunnan undir hæsta hnjúki þess. Þar er hann 0,2 - 0,7 m á hæð og glittir í 2-6 umför. Hluti af garðinum er enn uppistandandi. Garðurinn heldur áfram norður og þar er hann hlaðinn úr tofi og grjóti en í mýrarvikum og lækjarfarvegum sést bara torf í rofi. Hann er algróinn, 1,5 m á breidd og algróinn. Líklega var vírgirðing eftir garðinum en hún tekin niður og færð til vesturs.

Hættumat: engin hætta

ÁR-266:030 garðlag vörslugarður

A 445375 N 395984

Í skýrslu Bjarna F. Einarssonar vegna Núpsvirkjunar segir: «47:1. Á stalli á milli hóla [Fjánhóla] í mýri. Ca. 100 m ofan við þjóðveginn. Gerði. Ca. 30 x 100 m stórt (ANA-VSV). Um gerðið er garður úr torfi á köflum, ca. 0,5 - 2 m breiður og 0,1 - 0,7 m hár. Vestast er garður sem liggur á milli tveggja hóla (N-S) og lokar þannig litlum hvammi eða kvos. Sá kafli er 19 m langur. Ca. 50 ANA af þessum kafla sunnanverðum verður garður um gerðið aftur sýnilegur, nú mun breiðari og hærri en sá fyrrnefndi. Þessi kafli er ca. 50 m langur og beygir svo til norðurs um 23 m. Þar sem garður sést ekki utan um gerðið virðist hafa verið skorið í hallann og þannig myndaður bakki sem kom í stað garðs. Vestarlega í gerðinu er pollur og mýrlent. Huganlega er gerðið náttthagi með vatnsbóli. Gerðið mun sennilega ekki fara undir vatn að öllu óbreyttu.» Gerðið er tæpa 1,2 km SSV við bæ 001 og tæpa 500 m suðvestan við Stekk 018. Á þeim 16 árum frá því að Bjarni skráði gerðið hafa átt sér breytingar á svæðinu. Skurður er nú á milli hólanna og búið að rækta tún. Vestasta garðlagið hvarf við þær framkvæmdir sem og pollurinn/vatnsbólið.



Garður ÁR-266:030, horft til norðausturs.

Fyrir norðan garðinn er framræst deiglendi. Til annarra átta er þýfður mói og kletthólar.

Garðurinn er rúmlega 220 m langur og liggur til ANA frá landamerkjum Minni-Núps og fjarar út norðaustan við Fjárhóla í landi Fosness. Hann er víða rofinn og er stórþýfður. Garðurinn var rakinn lengra til suðvesturs en árið 2002. Landamerkjagirðing er á milli jarðanna og vestasti hlutinn garðlagsins er í landi Minna-Núps. Girðingin raskaði garðinum. Vestasti hlutinn er 65 m að lengd, liggur ANA-VSV og er 3-4 m á breidd. Hann er 0,4 - 0,2 m á hæð og lægri til norðurs. Garðlagið hverfur við hól sem Bjarni lýsir hér ofar, jafnframt er sá hluti sem lá þaðan til norðurs, að hól horfinn. Þar er nú skurður og ræktað tún. Allt þetta svæði er deiglent. Í norðvesturhluta hólsins er flatt svæði og gróin, 3 m

löng brekka þar niður. Mögulega var garðurinn á flatanum en horfinn þar nú. Garðurinn kemur aftur í ljós norðaustan við hólinn. Hann er 110 m langur, bogadreginn og fjarar út til norðausturs í deiglendi. Garðurinn er 3 - 4 m á breidd og 0,2- 0,5 m á hæð. Hann myndar gróinn hrygg í þýfðum móa sem nýttur er til beitar. Það er ljóst að mannvirkið er mikið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Barni F. Einarsson, 30

ÁR-266:031 tóft heystæði


A 446608 N 398504

Tóft er syðst í Sauðhúsdal, á norðurbakka Selgils. Tóftin er um 250 m suðaustan við beitarhús 022 og tæpum 1,6 km norðan við bæ 001. Staðsetning og lag tóftarinnar benda til þess að um heystæði sé að ræða. Tóftin er syðst í deiglendi, svæðið er flatt og líklega verið sléttað.

Selgil er 10 m djúpt og Selá rennur til ASA. Á bakka þessu eru lágir, þurrir rimar. Tóftin er á einum slíkum.



Heystæði ÁR-266:031, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft ÁR-266:031.

Tóftin er hringlaga, einföld og er 11 x 11 m að stærð. Hún er algróin og veggirnir torfhláðnir. Þeir eru 3-4 m á breidd og 0,4 m á hæð. Ekkert op sést inn í tóftina. Tóftin er sigin og deiglent inni í henni. Ekki sér til fleiri minja á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-266:032_01 tóft beitarhús

A 445592 N 397525

Beitarhús, um 400 m norðvestur af bæ, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Þrjár tóftir eru suðaustan Stekkatúns 013 og samanstanda af beitarhúsum, heystæði og einfaldri tóft sem sennilega gæti verið rétt. Um sama stað er að ræða. Minjarnar eru um 380 m NNV við bæ 001, rúma 50 m ASA af stekk 013 og rúma 600 m VNV við vörðu 025.

Tóftirnar eru á ójöfnu landi sem hallar til suðausturs og ber þess merki að hafa mótast af miklum vatnsegl. Það er skorið af gildrögum. Austan við þær er deiglendi en að vestan er gildrag sem lækur rennur um og ofarlega í því er Rauðifoss.

Beitarhúsatóftin er tvískipt, 16 x 13 m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún skiptist í hlöðu sem er í norðvesturenda tóftarinnar og fjárhús sem eru suðaustan við hlöðuna. Hlaðan er niðurgrafin, um 6 x 3 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur og er 1,5 -2 m djúp. Innrabyrðið er grjóthlaðið en það er yfirgróðið og sigið



Uppmæling af minjum ÁR-266:032. © Loftmyndir ehf.



Beitarhús ÁR-266:032_01, horft til norðurs.

og verða umför ekki talin. Botn hlöðunnar er þakinn hleðslugrjóti, leifum af timburgrind, bárujárni og gaddavír. Ytrabyrði hennar er mjög lítið, varla meira en 0,1 - 0,15 m. Fjárhúsin eru 10 x 2 m að innanmáli og snúa norðvestur-suðaustur. Garði liggur eftir þeim endilöngum og er hann um 0,3 m á hæð og um 0,8 m á breidd. Innrabyrði fjárhúsanna er 0,9 - 1,1 m á hæð og er hægt að telja í þeim 4-5 umför annars eru þau mikið gróin og sigin. Grjóthleðslurnar eru greinilegastar syðst. Ytrabyrðið er hæst um 1,3 m og breidd veggja er um 2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-266:032_02 tóft heystæði

A 445571 N 397514

Torfhlaðinn pallur sem út frá staðsetningu og útliti hefur að öllum líkindum verið heystæði er um 15m vestur af beitarhúsum 032_01 og um 40m norðvestur af rétt 032_03. Hann er 3 x 2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ytrabyrði hans er 0,3 m hátt að norðanverðu en 0,7-0,8 m að sunnanverðu. Hann er í brekku sem hallar til suðurs og er allur á kafi í grasi.

Hættumat: engin hætta



Heystæði ÁR-266:032_02, horft til suðurs.



Tóft ÁR-266:032_03, horft til suðurs.

ÁR-266:032_03 tóft rétt

A 445606 N 397487

Tóft sem gæti hafa verið rétt er um 25 m suður af beitarhúsatóft 032_01. Hún er 11 x 9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er einföld. Op er á suðvesturgaffli. Vegghleðslur eru mjög rúnaðar og signar. Þær eru um 2 m á breidd, á kafi í grasi og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í þeim. Hæð veggja er 0,4 - 0,9 m.

Hættumat: engin hættu**ÁR-266:033** garðlag vörslugarður

A 445466 N 397610

Hlaðið garðlag afmakaði tún austan við landamerkjagarð 038 til austurs, norðan við tóftir 013 og 032 og vestan við Krókagil. Garðlagið er fast vestan við tóft 014 og endar við Bæjargilið skammt sunnar. Annað garðlag nær upp vesturbrún Bæjarássins, austan við Bæjarlækinn, en sést ekki þar uppi. Þetta eru



Garðlag ÁR-266:033, horft til suðurs.

undirhleðslur undir girðingu sem búið er að rífa að hluta til niður. Umfang þeirra er þó nokkuð mikið og af þeim sökum teljast þau til fornleifa.

Garðlögin er á ójöfnu landi sem hallar til suðausturs og ber þess merki að hafa mótast af miklum vatnselg. Það er skorið af gildirögum. Víða er deiglendi og gildirög en vallendi inn á milli.

Vörslugarðurinn er á svæði sem er 480x300 m og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er víða rofið eða sigið ofan í lækjargil. Norðurhliðin er um 180 m löng frá landamerkjagarði 038 að Merargili. Hún sést aftur skammt suðaustan við tóft 032_03 og er 35 m löng áður en hún sveigir til suðurs. Austurhliðin er um 300 m að lengd en víða eru rof. Það er 1-1,7 m á breidd, algróið og 0,1-0,3 m á hæð. Í norðausturhorni sér móta fyrir þvergörðum og mögulega var minna

hólf þar. Garðlagið austan við Bæjarlækinn er eins að gerð og lögun. Það er 70 m að stærð og myndar gleitt horn.

Hættumat: engin hættu**ÁR-266:034** varða landamerki

A 445601 N 398324

Varða sást á milli Skálhóla 003 og Vörðukinnar 012 úr fjarlægð eftir að vettvangsvinnu lauk. Varðan er á landamerkjum, nyrst í Skálhólum. Hnit tekið á loftmynd, skrásetjarar fóru ekki á staðinn. Varðan er tæpum 600 m norðan við vörðu 035 og tæpum 1,2 km norðan við bæ 001.

Hættumat: engin hættu**ÁR-266:035** varða samgöngubót

A 445615 N 397739



Varða ÁR-266:035, horft til norðurs.

Varða er tæpum 210 m norðan við stekk 013 og tæpum 600 m norðvestan við bæ 001. Varðan er uppi á norðurhluta Stekkjaráss, leið ÁR-671:046 klofnar við Stekkjarás og liggur beggja vegna við ásin. Varðan var líklega samgöngubót á leiðinni.

Stekkjars er brattur til austurs en brúnir hans til annarra átta óljósar. Allt landið hækkar hér til norðurs í ásum og malarhólum. Uppi á Stekkjarás er klöpp, mosi og melur.

Varðan er um 1x1 m að grunnfleti, grjóthlaðin og hrunin. Hún er suðvestarlega á jarðlægri klöpp, 0,3 m á hæð og það má greina 2 umför í henni.

Hættumat: engin hættu

ÁR-266:036 garðlag vörslugarður

A 446783 N 398033

Garðlag sést liggja á vesturbakka Þverár, þar eru landamerki við Haga ÁR-265. Garðlagið liggur eftir vesturbrún gilsins og endar á sléttum áreyrum til suðausturs. Þetta er að öllum líkindum undirhleðsla undir girðingu.

Brekkan er 5-10 m á hæð, brött og þýfð. Hér og þar skera lækjarsprænur garðlagið. Gróið svæði sem nýtt er til beitar.

Garðlagið er 220 m langt og liggur til suðausturs frá lækjarsprænu nokku sunnan við vegslóða. Garðlagið myndar gleitt horn í brekkunni. Það er torfhlaðið að stórum hluta en það glittir í einn og einn stein á stöku stað. Það er 0,5-1,5 m á breidd, 0,2 - 0,5 m á hæð og liggur skáhallt niður brekkuna til suðausturs. Suðurhluti þess er á grónum áreyrum, hann er jafnframt grjóthlaðinn. Það er víða rof í garðlaginu, sérstaklega þar sem lækir liggja niður að ánni.

Hættumat: engin hætta



Garðlag ÁR-266:036, horft til NNV.

ÁR-266:037 gata leið

A 446175 N 397611

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá bæ 001 í NNA að Selá. “Förum frá Fossnesi norðvestur með Þverá í Þjófagil,” segir í Þúsund og einni þjóðleið. Leiðin var skráð árið 2018 í landi Fossnes og sameinaðist leið ÁR-671:034 norðan Garðabrekku 002. Hún liggur til norðurs frá bæ 001 og nú er vegslóði á sama stað. Leiðin lá upp á afrétt og er enn notuð.

Í landi Fossnes liggur leiðin um heiði, deiglendi og mýrar. Víða eru ásar og djúp lækjargil.

Vegslóði er á sama stað og eystri hluti leiðarinnar. Við hann eru víða reiðgötur en ekki ljóst hvort að þær eru hluti af eldri götum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: 1001 þjóðleið, 34; Hkort 47 Skálholt SA

ÁR-671 Fornleifar á fl. en einn jörð

Fornleifar á fleiri en einni jörð í Gnúpverjahreppi.

ÁR-671:002_01 Sprengisandsleið gata leið

A 469911 N 409673

„Austur af Reykholti [ÁR-753:014] er gamla Sprengisandsleiðin yfir Fossá [...] Vegghamrar austan Sandár, innan við Dímon. Nokkru frammar er grasflöt við Sandá, sem heitir Hallslaut; þar um liggur Sprengisandsleiðin vestur yfir Sandá, heim að Skriðufelli. [...] Rétt innan við Kerslæk var fyrsta varðan á Sprengisandsleið, sem hlaðnar voru 1905-1906. Fyrri árið frá Mýri í Bárðardal að Bólstað, og seinna árið þaðan að Skriðufelli,” segir í örnefnaskrá Skriðufells.

Í Íslensku fornbréfasafni DI XIII, um 1556 eða síðar segir: „En fyrer nordan Raudá er Kalldnesingur og ad guatum þeim sem liggja vpp ä Sandafell. en austur frá þeim gautunum j krijngum Sandafell. nordur ad Skumstungu eru Bláskogar.” Um 1615 segir í sama hefti: „Jtem Kalldnesingur er framan j Sandfelle fyrir vestan reidgöturnar nordur fra Hölaskoge.”

„[...] vegurinn norður á bóginn liggur nú um hríð með ánni til norðausturs til bæjanna sem eru ofar og



Sprengisandsleið ÁR-671_002_01 liggur skáhallt upp brekkuna fyrir miðri mynd. Svæðið kallast Hölasklif og er við Raudá.

þaðan inn á afréttinn, en þaðan er löng leið um Sprengisand til Norðurlands. [...] Sprengisandsvegur liggur fram hjá Stöng til norðausturs. Sé farið hann spottakorn, er komið að sérkennilegri gjá, sé farið niður í hana, er komið í lítinn grasivaxinn dal, girtan klettum,” segir í Íslenzkum sögustöðum I.

„Einnig er minnzt á Sprengisandsveg í sögunum. Er hann þar nefndur Sandur, Gásasandur. [...] Sunnan frá er þessi leið venjulega hafin efst í austustu byggð Arnessýslu, Gnúpverjahreppi. Fyrst er farið eftir Þjórsárdal, sem er löngu kominn í eyði, síðan haldið í norðaustur vestan Þjórsár yfir víðlendi mikið, og má þar fá ágætt dæmi um hálendið með ásum, öldum og mýrarverum, en gróður fer sífellt minnkandi og öræfasvæði þeim mun meiri, svo sem Fjórðungssandur með Norðlingaöldu. Suðvestan við Arnarfellsjökul er venjulega farið yfir Þjórsá á vaðinu við Sóleyjarhöfða - þar er Biskupsþúfa - því að leiðin milli Arnarfellsjökuls og Þjórsár er mjög erfið vegna margra kvísla sem koma frá jöklinum og renna til árinna, en sé sú leið valin, er haga að fá undir Arnarfelli,” segir í Íslenzkum sögustöðum IV.

„Þegar fara skal Sprengisand má reyndar fara hvorumegin Þjórsár, er vill, en þó ætla eg að betra sé að fara vestanmegin hennar. [...] Ef farið er að vestanverðu við Þjórsá, skal leggja upp frá efsta bæ i Gnúpverjahrepp, Skriðufelli. Þaðan er bezt að fá tilsögn, hvernig stefna skal fyrst, og um fjöll þau, er þaðan sjást, t. a. m.: Hekla og Búrfell. Búrfell er hátt fell einstakt við Þjórsá, í norðaustur frá Skriðufelli. Stefna sú, er taka skal frá Skriðufelli, er í norðaustur, og skal þeirri stefnu aldrei sleppa. Frá Skriðufelli er nú fyrst farið inn með fellinu um Skriðufells-skóg. Þá kemur að á, eigi mikilli, sem heitir Sandá; hún er innanvert við fellid og skóginn. Þegar yfir hana er komið kemur grasflöt dálitil, og heitir hún Hallsleyti, eða Hallslaut. Þegar flöt þessari sleppir minnkar nú um gras fyrst um sinn, og kemur þá hraunfláki mikill, eða sandur, og eru það kallaðir Vikrar. [...] Syðst á Vikrunum er hamar einn, vestanvert við Sandá; hann heitir Dímon [...]. Nokkuð lengra norður á Vikrunum kemur fellkorn eitt, sem heitir Vegghamar, og liggur vegurinn undir felli þessu Þjórsármegin. [...] Norðaustur af Vegghamri kemur enn fell, ekki stórt; það heitir Reykjaholt, og norður og austur af því eru enn hæðir nokkrar, eigi all-litlar, sem heita Rauðukambar. [...] Sunnanvert við Rauðukamba og norðantil á Vikrunum standa hólur margir, toppmyndaðir; milli þeirra liggur vegurinn, Þjórsármegin við Rauðukamba, og æði langt frá þeim, því frá Reykjaholti liggur vegurinn beint í gegnum hólana. Þegar í hólana er komið, er Búrfell milli suðurs og útsuðurs. Norður af Búrfelli gengur annað fell, og er það í austri að sjá úr hólunum; það fell heitir Skeljafell. Vegurinn liggur nú vestanvert við endann á þessu felli, yfir háls þann, sem tengir það við hið næsta fell. En það fell heitir Stangarfell, og liggur fyrir austan Rauðukamba, norður með þeim. Hálsinn milli Skeljafells og Stangarfells heitir Bolagrófarhöfði. Sunnan undir honum var fyrrum bær, sem hét Skeljastaðir [...]. Vegurinn liggur rétt hjá bæjarrústum þessum, og eru þær uppi á melkasti einu, eigi miklu, á vinstri hönd þegar upp er farið á hálsinn. Yfir hálsinn er nú farið eptir sömu stefnu og áður, en það er í norðaustur. Þá kemur að uppblásnum móabörðum, og heitir það Hólaskógur. [...] Úr Hólaskógi sér í Þjórsá, og er hún þá eigi mjög langt í burtu, en eigi hefir áður séð í Þjórsá frá því sunnan til á Vikrunum. Í Hólaskógi blasir við hlið á felli einu, sem þá liggur þvert fyrir stefnunni; það heitir Sandafell. Undir því er allgóður áfangastaður, og liggja þar gáangnamenn opt á hausum. Yfir Sandafell skal nú þar fara, sem það er hæst, og liggur þá vegurinn niður af því hinumegin, rétt ofan að Þjórsá. Þar falla þrjár ár í Þjórsá, tvær að vestanverðu, og ein að austanverðu: sá að austanverðu er þeirra mest, og er það Túngnaá; hinar heita Skúmstúngnaá hin ytri og innri. Á milli ána eru kallaðar Skúmstúngur; í þeim eru hagar góðir og gras nóg. Yfir Skúmstúngnaá hina ytri (þ. e. þá sem nær er byggðinni á að fara nærri niður við Þjórsá, liggur þá vegurinn upp túngurnar, upp með hinni Skúmstúngna-ánni, en ei yfir hana, þangað til komið er upp á sandhól einn, æði háfan. Þaðan sést steinn einn mikill í norðaustri hinumegin við ána, og er á honum vörðubrot. Sá steinn heitir Starkaðarsteinn, og mýrin, sem um hann liggur, Starkaðarver. Af hólnum skal nú stefna á steininn, og fara rétt hjá honum yfir verið. Þá kemur langur melhryggur, er verið þrýtur, og er vegurinn vestan undir honum, og inn með honum, svo langt sem hann nær. Melhryggur þessi heitir Lángalda, og nær hún alla leið inn að á þeirri, sem Gljúfurá heitir. Sviðið frá Gljúfurá inn að á þeirri, sem þá kemur næst, heitir Gljúfurleit [...]. Gljúfurleit er heldur laung, og ill yfirferðar. Þangað sér alltaf í Þjórsá, og er þá farið spölkorn frá henni. Næst fyrir innan Gljúfurleit er Dalsá, og er hún æði mikið vatnsfall; hún skilur afrétt og öræfi. Fyrir innan Dalsá heitir Loðnaver, og nær það inn að læk þeim, er Miklilækur heitir. Þá tekur við Kjálkaver. Hálsinn að austanverðu við Þjórsá, sem alltaf blasir við af vegi þessum, heitir Búðarháls, og nær hann frá T'ungnaá inn á móts við Kjálkaver; þar þrýtur hann. Þegar farið er að austanverðu við Þjórsá, skal fara eptir Búðarhálsi endilaungum. Í Loðnaveri og Kjálkaveri eru hagar góðir, og er þar áð næst áður enn lagt er á Fjórðungssand. Þegar komið er í Kjálkaver, liggja melar nokkrir meðfram því jöklamegin, og er bezt að fara eptir jöðrunum á melum þessum. Sumir segja að þar byrji Fjórðungssandur, en nú liggur hár og mikill sandur beint fram undan manni upp með ánni;

það er Fjórðungssandur. Undir honum er að sunnanverðu á sú sem sumir kalla Kisá [...]. Kisá getur orðið mikil og er bezt að fara hana þar sem brot er á henni, og straumur er töluverður. Norðanvert við ána er hátt melkast eða melhóll og skal fara Þjórsármegin við hann uppá sandinn. Á þeim vegi er vörðubrot eitt lítið, og hjá því á að fara. Þegar komið er efst uppá sandinn, er þaðan víðsýni mikið og fagurt, þá bjart er yfir. Þaðan sjást í norðvestri fjöll þau, er Kerlingarfjöll heita, en það eru margar snjólausar hæðir, toppmyndaðar, suðvestanvert í jökli þeim enum mikla, er þar liggur fyrir vestan Fjórðungssand. Þessi hinn mikli jökull heitir tveim nöfnum: endinn sem Kerlingarfjöll eru í heitir Hofsjökull, en sá endinn er norður veit heitir Arnarfellsjökull [...]. Þá er Arnarfellsjökull þrýtur, er af Fjórðungssandi að sjá sem bil nokkurt snjólaust austur af jöklinum, og í því bili liggur Sprengisandur. Þá koma aptur jöklar, sem þá beygjast suðurávið að austanverðu við Þjórsá. Hérumbil í austur af Fjórðungssandi sér enn hæðir tvær miklar, er bera í jökla þessa; þær hæðir eru og snjólausar. Þab er Háganga hin nyrðri og hin syðri. Héðan sést og Hekla, og er hún þá nærri því í suðvestri. Nú er að fara beint yfir sandinn, og skal nú stefna lítið austar enn á Arnarfellin. Kemur þá fyrir á ásandinum, og er í henni jökulvatn; þessi á heitir Knífá. Hana skal þar fara, sem mestur er í henni straumur, því annars er hætt við sandbleytu. Knífá er nokkuð innar (σ: norðar) enn á miðjum Fjórðungssandi. Þegar sandurinn þrýtur byrja flóar þeir, er Tjarnaver heita; þau eru ill yfirferðar og full með jarðföll, tjarnir og skurði. Yfir ver þessi er bezt að fara sem næst Þjórsá, og verður að leitast fyrir hvar bezt er að fara. Tjarnaverin ná inn að vaðnu á Þjórsá. Það vað heitir Sóleyjarhöfðavað, og eru engi vöð á henni milli þess og Nautavaðs, en Nautavað er niðri í bygð. Höfðinn heitir Sóleyjarhöfði og dregur hann af því nafnið, að hann er tilsýndar gulleitur, og líkastur því sem hann ljómaði allur í sóley; en reyndar er það gulleitur mosi, sem gefur honum litinn. En af lit þessum er þó höfðinn auðþekktur, og það langt til að sjá. Ofantil við höfðann er Þjórsá breið mjög, og eru þar í henni eyjar margar og sandhólmar, en eigi verður þar þó yfir hana komizt sökum sandbleytu. Vaðið er beint undan höfðanum, og gengur ós einn eigi stór að vestanverðu fram í hana. Skal riða úti ána að neðanverðu við ósinn, og stefna ofantil á háfan grjóthólma, sem er í ánni og ber í höfðann,» segir í Nýjum félagsritum 1848.

„Skriðufell er efsti bær í Gnúpverjahreppi, og þar er talið, að Sprengisandsleið hefjist, en hún liggur yfir Sprengisand að Mýri í Bárðardal, en stundum lá leiðin austur yfir Skjálfandafjót að Svartárkoti í Bárðardal. Eins oft var þó farið frá Galtalæk á Landi og síðan austan Þjórsár á Sprengisand. Nú orðið er oftast lagt á Sprengisand frá Ásólfstöðum, þar eð gatan í gegnum Skriðufellsskóg er að lokast, vegna þess að skógurinn hefur ekki verið nytjaður hin síðari ár. [...] Sé hins vegar lagt upp frá Skriðufelli, er riðið austur frá bænum yfir Geithúsagil, fram hjá eyðibænum Karlsstöðum, sem stóð á eystri bakka gilsins, inn með hliðum Skriðufellsfjalls, en þar hefst Skriðufellsskógur. Frá fellinu er sveigt austur yfir litla og snotra kvos á nyrðri bakka Sandár upp á lágan háls, sem nefnist Selhöfðar, og síðan yfir Sandá á móts við Hallslaut. Á vestri bakka Sandár stendur allmyndarleg varða, og er hún fyrsta varðan á Sprengisandsvegi, en hann er varðaður alla leið að Mýri í Bárðardal. Rétt innan við Hallslaut skiljast leiðir. Liggur önnur þvert austur yfir Vikra að Hjálparfossi í Fossá. Þá leið fara þeir einnig, sem ætla í Búrfellsháls. Hin leiðin liggur áfram upp með Sandá, og henni fylgjum við. Á vinstri hönd gnæfir Dímon handan Sandár [...]. Á móts við norðurhorn Dímonar sveigir vegurinn frá ánni, liggur sunnan undir lágu hamraholti, sem Vegghamrar heitir, og stefnir þaðan á suðurenda Reykhólts yfir mikla þyrpingu gervígga [...]. Vegurinn liggur nú um sinn með suðurhliðum Reykhólts, fram hjá vikurnámum miklum, en vestan þeirra er gömul bæjarrúst í brekkurótunum. Litlu austar beygir vegurinn suður yfir gígabyrpingunga, sem er eins og garður á milli Reykhólts og Fossár, og niður að ánni. Lítil grasfit er hér við Fossá, sem Fjallmannafit nefnist, og er vað á ánni við ofanverða fitina. [...] Nú blasir við fram undan skarðið á milli Stangarfjalls og Skeljafells, og kemur Rauðá úr skarðinu og fellur í Fossá skammt neðan við vaðið, en vegurinn liggur austur úr skarðinu upp með Rauðá. Fyrst liggur leiðin yfir nesið á milli ána, sveigir á milli strjálra gíghóla um sæmilega gróið land og síðan yfir Rauðá, og er oft sandbleytuvottur í vaðinu. Vegurinn stefnir nú um sinn í austur um slétta sanda fyrst, en síðan sunnan við litla hæð, sem nefnist Steinastaðaholt. Er farið um hlaðið á Steinastöðum hinum fornu [...]. Austan við holtið liggur vegurinn yfir grýttan farveg, sem heitir Rjóðrunargil. [...] Austan við gilið liggur vegurinn norðan undir brattri brekku, með smáklettum í brúnum, lítill lækur fossar norður af brúninni [...]. Þá liggur gatan upp lága brekku og yfir þurran lækjarfarveg. [...] Vegurinn liggur nú austur eftir grunnri dalkvos, sem áður nefndist Bolagróf [...]. Austan við Bolagróf er snarbrött brekka sem heitir Hólaklif [...] Vegurinn liggur upp Hólaklif, og hefur hann verið hlaðinn hátt upp til þess að draga úr brattanum. [...] Gatan liggur fyrst um grýtt land og síðar um slétta sandfarvegi, unz hún liggur yfir Bleikkollugil og síðan í gegnum hlið á afréttargirðingu Gnúpverja, sem jafnframt er friðunargirðingin um Þjórsárdal. [...] Karnesingur endar

með lágri brún, sem snýr á móti suðaustri. Grashallinn á milli hennar og Hafsins [...] heitir [...] Hólaskógur. Hann nær að Sandafelli og liggur gatan austur eftir honum, síðan yfir Rauðá rétt neðan við gil, sem hún rennur eftir á milli Sandafells og Karnesings, og síðan upp í hlíðar Sandafells. Vegurinn liggur upp moldarrana austan gilsins að Rauðá. [...] Vegurinn sveigir brátt frá Rauðá til austurs upp á fellið [...]. Vegurinn liggur nú niður austurhlíð Sandafells, sem er öllu brattari en vesturhlíðin, um 140 m há, síðan yfir Fremri-Skúmsbungnaá, sem er bæði ströng og grýtt, og áfram yfir Skúmsbungunarnar [...]. Vegurinn liggur nú upp í Skúmsbungnaheiðina og fylgir löngum vesturbakka Innri-Skúmsbungnaár. Er brekkan allöng, en hvergi brött, en þó stígur vegurinn úr 300 m hæð í Skúmsbungum upp í 460 m hæð, er hann sveigir austur yfir ána yfir í Starkaðsver, þar sem Örfataglakvíslin kemur í hana úr norðaustri. Gatan stefnir nú í landnorður, yfir verið, sem er mýrlent, en ekki mjög blautt. [...] Vegurinn heldur áfram í sömu stefnu yfir að Örfataglakvísl og yfir hana á móts við vesturhorn Langöldu og síðan austur með öldunni að norðan, yfir vatnaskil um hálfuðróttan veg, þá yfir Blautukvísl rétt framan við Hnappöldu, sem er lítil um sig, en allbrött, og síðan niður með Blautukvísl, unz hún byrjar að grafa sig niður í gili því, sem Gljúfurá dregur síðar nafnið af, þá er sveigt aðeins til vinstri yfir Gljúfurá upp að vesturenda Lönguhlíðar, en vegurinn liggur inn með henni, og er hlíðin látin á vinstri hönd, en hinum megin sér fram á brúnina fyrir ofan Gljúfurleitina. Fremra sæluhúsið í Gljúfurleit stendur undir þessari brún rétt innan við Gljúfurá. [...] Við tökum okkur nú upp frá sæluhúsinu, teyllum hestana upp snarbratta brekku fyrir ofan húsið og höldum upp að Lönguhlíð. Vegurinn liggur inn með henni, en þar skiptast á gróðurtorfur, flög og melar, en auk þess verða nokkur gil á leiðinni en ekki svo að torfæra sé. Rétt innan við enda Lönguhlíðar er farið yfir Geldingaá [...]. Áfram liggur vegurinn um sams konar land, yfir Hólkná og inn með Kónsás að norðan og loks niður að Dalsá. [...] Vegurinn liggur í grunnu skarði norður undir honum [Kónsás], og liggja nafnlaus örfæin norðan að skarðinu. Þar sem vegurinn kemur að Dalsá, er dálítill eyja í henni. Liggur gatan spottakorn niður með ánni og síðan yfir hana, þar sem hún rennur á mjóum eyrum, en sæluhús blasir við á innri bakka hennar rétt ofan við vaðið. Dalsá er allvatnsmikil á, og vaðið er grýtt og áin ströng. Í vatnavöxtum getur hún því orðið varasöm yfirferðar. Rétt vestan við Dalsá, á móts við efri enda eyjarinnar, sem fyrr var nefnd, er grasbrík, sem snýr á móti suðri Hún heitir Skiptibrík. [...] Innan við Dalsá hefst Norðurleitinn og nær að Kisu, en á milli vegarins og Þjórsár heitir Loðnaver. Þar er grösugt, en víða mjög blautt. Til þess að forðast verstu bleyturnar sveigir vegurinn frá sæluhúsinu upp með litlum læk, unz hann snýr til landnorðurs undir lágri brún, sem hann fylgir fyrst um sinn. Þar er sæmilega þurrt, en víða nokkuð blásið. Brátt liggur gatan yfir læk, sem heitir Fremri-Bjarnalækur, og nokkru síðar yfir Innri-Bjarnalæk. Þá er fram undan til hægri lítil fellhnúta, sem Digraalda nefnist, en skammt frá til vinstri er Flóamannaalda, mikil um sig, en flatvaxin. Hún má heita gróðurlaus. Vegurinn liggur norðan í rötum Digruöldu og sveigir þar í austur að vaðinu á Miklalæk, sem er smáa á milli Loðnavers og Kjálkavers, en það nær inn að Kisu. Vegurinn heldur sömu stefnu austur yfir Kjálkaver að Kisu og síðan upp með henni, yfir alldjúpt gil, sem kemur ofan úr verinu, og er þaðan skammt að Kjálkaverskofanum, en það er sæluhús á bakka árinna. [...] Frá kofanum er haldið skammt upp með Kisu og, síðan austur yfir hana, og er þá komið á Fjórðungssand. Áin er venjulega ekki djúp, en vaðið er heldur lélegt, og fyrir kemur, að sandbleyta er í því. Austan ár er dálitill grasblettur, en svo tekur sandurinn við. Norðlingaalda blasir nú við fram undan, lág en breiðvaxin, með öllu ógróin, og er stefnt austan og sunnan hennar. Vegurinn fylgir rötum öldunnar um sinn, en um miðja ölduna er sveigt frá henni, og er þá brátt komið að Eyvafeni. Það er lítil kvísl, lygn og bleytufull, en vandalaus yfirferðar, sé götunum fylgt. [...] Áfram er haldið yfir lágar sandöldur með nokkrum grasteigingum á milli, unz komið er að Hnífá, en þar er Fjórðungssandur á enda. Hnífá getur verið leiðinda vatnsfall, þegar mikið vatn úr Blautukvísl fellur til hennar, og alltaf skal varast að fara ána, þar sem gömlu göturnar benda til. Bezt er að fara lítið eitt upp með ánni og ríða hana undan brattri sandöldu á eystri bakkanum. Austan Hnífár hefst Tjarnarverið og er þó ekki neinu veri líkt fyrst um sinn. Vegurinn liggur oftast á bakka Þjórsár, fyrst um sanda, en von bráðar um gróið land. [...] Rétt vestan við mynni Blautukvíslar stendur lítið sæluhús, og upp frá því er afgirtur blettur. Þar heitir á Bólstað [...]. Við skulum líta á Þjórsá. Hér er Sóleyjarhöfðavað á ánni, eins og fyrr greinir, en það er venjulega svo djúpt, að ekki er ráðlegt fyrir óvana menn að fara það nema með leiðsögumanni, og mjög oft er áin ófær á sumrum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1956.

“Frá Skriðufelli í Þjórsárdal að Hólaskógi á Gnúpverjafrétt. Þetta er upphaf hinnar fornu og vörðuðu Sprengisandsleiðar í suðri. [...] Förum frá Skriðufelli, þar sem Sprengisandsvegur hefst að sunnan verðu. Fyrsta varðan er við Húsagróf, tæpan kílómetra austan við bæinn á Skriðufelli. Við förum vörðuðu slóðina austan Skriðufells upp með Sandá undir Dímoni. Skiljum þar við ána og stefnum austur undir

Vegghömrur á suðurenda Reykholts. Förum sunnan við holtið og síðan til austurs norðan við Skeljafell að hestarétt við Stöng. Þaðan förum við suður yfir Fossá og upp með Rauða á suðurbakka Gjárinnar. Síðan norðaustur um Kjóaflöt og bratt Hólaklif og áfram um Bleikkollugil að fjallaskálanum í Hólaskógi. [...] Frá Hólaskógi á Gnúpverjaafrétt að Gljúfurleit á Gnúpverjaafrétt. Hluti hins forna Sprengisandsvegar, sem lá sunna úr Þjórsárdal norður í Bárðardal. Leiðin liggur yfir líparítjallið Sandafell og gróðursælar Skúmstungur, upp Skúmstungnaheiði, um Starkaðsver og Hjallaver í Gljúfurleit. Engir jeppar eiga að geta verið á leiðinni, ef farin er forna slóðin og ekki jeppavegurinn. Vörðurnar hafa verið endurnýjaðar, svo að auðvelt er að rata eftir þeim, þótt reiðslóðin sé orðin fáfarin, síðan fáfróðir fóru að ríða jeppavegin. [...] Förum frá fjallaskálanum í Hólaskógi í 280 metra hæð og fylgjum vörðuðu Sprengisandsleiðinni vestan Þjórsár. Fyrst til vesturs gegnum girðingu og síðan með girðingunni til norðausturs. Áfram upp Sandafell í 450 metra hæð og síðan niður af því til norðausturs að Sultartangalóni, þar sem gerði er í Skúmstungum. Fylgjum Innri-Skúmstungnaá til norðurs upp á Skúmstungnaheiði, fyrst vestan árinna og síðan austan hennar um blautt en greiðfært Starkaðsver. Förum þar fram[h]já Starkaðssteini. Bílvegurinn er á svipuðum slóðum. Um Hjallaver liggur slóðin töluvert vestan vegar í 560 metra hæð, en reiðvegur og bílvegur mætast við Blautukvísl áður en komið er að afleggjara til austurs yfir Gljúfurá og undir Lönguhlíð að skálanum í Gljúfurleit í 480 metra hæð. [...] Frá skálanum í Gljúfurleit að skálanum í Bjarnalækjarbotnum. Þetta er vörðuð leið frá fornu fari og Vörðuvinafélagið hefur endurreist vörðurnar. Þetta er fögur reiðleið upp með Þjórsá vestanverðri, hluti hins forna Sprengisandsvegar. Leiðin er vörðuð og hafa vörðurnar verið endurnýjaðar. Hún liggur fjarri jeppaslóðinni. Á tveimur stöðum liggja þverslóðir niður að fossum í Þjórsá, Gljúfurleitarfossi og Dynk. [...] Förum frá skálanum í Gljúfurleit norðvestur frá skálanum upp á reiðslóð undir Lönguhlíð, sem er hluti hins forna Sprengisandsvegar. Einni má fara nær Þjórsá. Við fylgjum Sprengisandsvegi til norðurs alla leið í Bjarnalækjarbotna á Gnúpverjaafrétt. Eftir rúma fimm kílómetra komum við að jeppaslóð niður að Gljúfurleitarfossi í Þjórsá, 1-2 kílómetra leið. Áfram förum við norðaustur Innri-Hnappöldu. Öðrum fimm kílómetrum ofar er farið niður að fossinum Dynk í Þjórsá. Það er um þriggja kílómetra leið. Einnig er hægt að fara alla þessa leið miklu nær Þjórsá og eiga þá styttri afleggjara að fossunum. Næst förum við upp á Kóngsás og komum að Fellakvísl/Dalsá. Þar fyrir norðan er Styttri-Norðurleit og þaðan má fara niður að Hvannagiljafossi í Þjórsá. Af Digruöldu er farið út af Sprengisandsleið og haldið um einn kílómetra til norðvesturs, unz komið er að skálanum í Bjarnalækjarbotnum, í 550 metra hæð. [...] Frá Bjarnalækjarbotnum að Sóleyjarhöfðavaði í Tjarnarveri. Þetta er síðasti hluti hinnar vörðuðu Sprengisandsleiðar á Gnúpverjaafrétti. Handan Sóleyjarhöfðavaðs á Þjórsá tekur hinn eiginlegi Sprengisandur við. Leiðin liggur um Eyvafen, Vaðöldur og Tjarnarver þar sem gangnamannaskálarnir Tjarnarver standa. Innan við skálana er farið um móa. Leiðarlok eru við sæluhúsið Bólstað við Sóleyjarhöfðavað á Þjórsá. Sæluhúsið er gamalt torfhús. Þetta var alfaraleið að fornu og hér fór Þórður kakali, þegar hann flúði undan Ásbirningum til Suðurlands að safna stuðningsmönnum. Nú á tímum fara hestamenn sjaldan þessa leið. Meira er farið um Tjarnarver og Arnarfell og síðan yfir Þjórsárvíslar. Förum frá Bjarnalækjarbotnum fyrir austur og niður einn kílómetra að Sprengisandsleið. Fylgjum þar hinni gömlu og vörðuðu Sprengisandsleið að Þjórsá til norðurs. Fyrst förum við norðaustur og í krók upp fyrir Loðnaver og um Digruöldu í Kjálkaversgil. Síðan áfram á vaði yfir Kisu og upp með henni austan ár í jaðar Fjórðungssands. að vegamótum, þar sem leið liggur til norðurs í Setrið. En við höldum áfram norðaustur um Norðurleit í Krók við Þjórsá og síðan með ánni og yfir Hnífá að skálanum í Tjarnarveri,” segir í Þúsund og einni þjóðleið.

Bjarni F. Einarsson skráði varðaða leið árið 1999. „Syðsta varðan við leiðina sem fer undir lón er 57 m NV af malarvegi, N undir lágrí sandöldu. [...] Fornleið. Leiðin liggur yfir sandöldur og einstakar gróðurspildur, frá Eyvafeni að Bólstað (sú leið sem könnuð var). Frá syðsta hluta hins fyrirhugaða lóns og að Eyvafenskvísl eru 18 vörður. Frá Eyvafenskvísl að Hnífá eru einni 18 vörður og frá Hnífá að Bólstað eða Sóleyjarhöfðavaði eru 29 vörður. Flestar eru vörðurnar endurhlaðnar í seinni tíð. Samtals eru þetta því 65 vörður á þessari leið. Víða má sjá að eldri vörður hafa staðið undir þeim yngri. [...] Af sjálfum reiðgötunum sést nánast ekkert nema á einstaka stað í Tjarnaveri þar sem þær liggja nokkrar saman á köflum. Hugsanlega má finna reiðgötur við Eyvafenskvísl og Hnífárveri.”

Leiðin sést víða en hnit var tekið í þetta sinn í vesturhlíðum Sandafells. Leiðin er enn fjölfarin á þessum slóðum, bæði af gangandi og ríðandi fólki.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 1-2; KK I, 143, 146; KK IV, 116; Ný félagsrit 1848, 53-59; ÁFÍ 1956, 108-114; 1001 þjóðleið, 42, 44, 46; Bjarni F. Einarsson 1999, nr. 22.1

Það er ljóst að vörður á Sprengisandsleið skipta hundruðum. Samtals voru skráðar 17 vörður auk leiðarinnar sjálfar víðsvegar um skráningarsvæðið. Vörðurnar voru ekki raktar skipulega heldur tekin hnit þar sem skrásetjarar voru á ferð nærri þeim. Vörðurnar voru hlaðnar um 1906 og endurhlaðnar árið 2006.

ÁR-671:002_02 varða samgöngubót

A 463126 N 404906

Varða 002_02 er skammt vestan við Rjóðunargil, við suðausturhorn Steinastaðahöfða. Varðan er á sléttu svæði og vikur er ríkjandi. Varðan er hrunin til suðurs.



Varða ÁR-671:002_02, horft til suðvesturs.



Varða ÁR-671:002_03, horft til norðurs.

ÁR-671:002_03 varða samgöngubót

A 463149 N 404872

Varða 002_03 er um 40 m sunnan við vörðu 002_02, upi á klettahól. Hún er hlaðin úr fremur smáu grjóti og að öllum líkindum ekki mjög forn. Hún er um 0,4 m á hæð og illa hlaðin.

ÁR-671:002_04 varða samgöngubót

A 462981 N 404886

Varða 002_04 er tæpum 150 m vestan við vörðu 002_02. Hún er á uppblásnu svæði sunnan við Steinastaðaháls. Varðan er vel hlaðin og sjást 6-7 umför af fremur stóru grjóti í henni. Varðan er um 0,8 m á hæð.



Varða ÁR-671:002_04, horft til norðurs.



Varða ÁR-671:002_05, horft til vesturs.

ÁR-671:002_05 varða samgöngubót

A 462810 N 404821

Varða 002_05 er um 190 m VSV við vörðu 002_04, nær Steinastöðum ÁR-673:003. Varðan er á uppblásnu svæði og vikur allt umhverfis, Neðst í vörðunni eru rúnaðir steinar en hellur efst. Varðan er 0,4 m á hæð og rís ekki hátt.

ÁR-671:002_06 varða samgöngubót

A 462572 N 404746

Varða 002_06 er um 250 m VSV við vörðu 002_05. Hún er rétt norðaustan við þúst ÁR-673 003_04 og stíka er norðan við hana. Varðan er vel hlaðin en einungis um 0,7 m á hæð.



Varða ÁR-671:002_06, horft til austurs.



Varða ÁR-671:002_07, horft til norðausturs.

ÁR-671:002_07 varða samgöngubót

A 462464 N 404741

Varða 002_07 er tæpum 110 m vestan við vörðu 002_06, á vesturenda skála ÁR-673:003_01 á Steinastöðum. Varðan er strýtulaga og að mestu gerð úr hellugrjóti. Hún er 0,5 m á hæð og sést vel.

ÁR-671:002_08 varða samgöngubót

A 462419 N 404713

Varða 002_08 er um 50 m suðvestan við vörðu 002_07, suðvestan við Steinastaðaháls. Varðan er lítil, hún samanstendur af nokkrum steinum og er 0,2 m á hæð.



Varða ÁR-671:002_08, horft til austurs.



Varða ÁR-671:002_09, horft til norðurs.

ÁR-671:002_09 varða samgöngubót

A 462286 N 404767

Varða 002_09 er um 140 m norðvestan við vörðu 002_08, skammt sunnan við veginn að Stöng. Varðan er á uppblásnu svæði sem býið er að plægja yfir og panta. Varðan er hlaðin úr hellum að mestu og 0,4 m á hæð.

ÁR-671:002_10 varða samgöngubót

A 461893 N 404863

Varða 002_10 er um 400 m norðvestan við vörðu 002_09, norðan við veginn að Stöng. Varðan er á sléttu, uppblásnu svæði og þurr farvegur er vestan hennar. Varðan er hlaðin úr hraungrýti, er gisin og ekki vel vandað til verka. Varðan er 0,4 m á hæð og stór steinn heldur uppi vesturhluta hennar.



Varða ÁR-671:002_10, horft til norðurs.



Varða ÁR-671:002_17, horft til suðvesturs.

ÁR-671:002_17 varða samgöngubót A 466846 N 4 407141
Varða 002_17 er tæpum 500 m suðvestan við Hólaskóg ÁR-673:033. Hún er á uppblásnu svæði, sunnan við reiðleið að sæluhúsinu. Varðan er hlaðin úr hraungrýti en hrunið er úr henni til austurs. Varðan er 1 m á hæð og glittir í 5-6 umför í henni.

ÁR-671:002_18 varða samgöngubót A 468985 N 408693
Varða 002_018 er í vesturhlíðum Sandafells. Hún er skammt suðvestan við smiðju ÁR-673:029_02 og reiðgötturnar liggja við hana. Varðan er grjóthlaðin og sést vel.

ÁR-671:002_19 varða samgöngubót A 469082 N 408814
Varða 002_19 er um 150 m NNA við vörðu 002_18, í vesturhlíðum Sandafells. Varðan sést enn og er við bíslóða/reiðveg upp fjallið.

ÁR-671:002_20 varða samgöngubót A 470827 N 410037
Varða 002_20 er um 390 m vestan við vörðu 002_21. Hún er um 1 m á hæð og hlaðin úr nokkuð stóru grjóti. Enginn gróður vex á vörðunni og má greina um 6-8 umför í henni.



Varða ÁR-671:002_20, horft til austurs.



Varða ÁR-671:002_21, horft til suðurs.

ÁR-671:002_21 varða samgöngubót A 471206 N 410129
Varða 002_21 er rúmum 330m vestan við vörðu 002_22. Hún er á grýttum mel, uppi á Sandafelli. Hún er hlaðin á lágum, flötum steini. Hún er 1,8 m á hæð og sést víða að.

ÁR-671:002_22 varða samgöngubót A 471530 N 410223
Varða 22 er tæpum 820 m VSV við vörðu 23. Hún er á grýttum mel, uppi á Sandafelli. Hún er grjóthlaðin á stórum steini. Hann er um 1 m á hæð en varðan er í allt um 2,5 m á hæð til austurs en 2 m til vesturs. Grjótið er skófum vaxið, stórt grjót er neðst en þunnar hellur sjást efst.



Varða ÁR-671:022_22, horft til austurs.



Varða ÁR-671:002_23, horft til suðvesturs.

ÁR-671:002_23 varða samgöngubót A 472253 N 410596
 Varða 023 var skráð árið 2020 vegna deiliskipulags við Sultartanga. Hún er grjóthlaðin, á stóru grjóti sem er um 0,6 m á hæð. Varðan er í allt um 1,5 m. Grjótið er skófum vaxið og gróið i botninn en umhverfis hana er rof.

ÁR-671:003 *Þröngugata* heimild um leið A 453016 N 401253
 “Fyrir vestan Klofás er Þröngugötugil. Þar fyrir vestan Þröngugata, það var gönguleið á milli bæjanna hér áður,” segir í örnefnaskrá Skriðufells (BJ). “Norðan Klofáss er Þröngagata. Stígur er upp þröngt gil,” segir í örnefnaskrá Skriðufells (BG). “Þröngagata liggur með Klofás niður skóginn að Hvammsá. Gatan er þröng vegna þétts skógar. Hún var talin skemmsta leið að Ásólfstöðum,” segir í athugasemdum við örnefnaskrá Skriðufells. Leiðin lá vestan við djúpt gil, þar er nú þéttur birkiskógur og lúpína. Inn á milli eru ógreinilegar klappir.

Engin ummerki um leiðina sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Skriðufell BJ, 3; Ö-Skriðufell BG, 1; Ö-Skriðufell Aths JÓ, 1

ÁR-671:029 gata leið A 448041 N 398572
 Gata liggur frá Haga ÁR-265 til norðurs um Hnjúka, vestan Langamels, austan Miðhvamms, um Skyggnistorfur og svo til norðausturs að Selfitum. Leiðin sameinast annari leið ÁR-671:034 sem liggur frá Fossnesi ÁR-266 í NNA að Selá norðan Vetramýrar.

Gatan liggur mela og móa austan Þverár.

Þar sem leiðin var skoðuð var hún 2-3m á breidd og mátti telja í henni allt að 4 götur. Þær voru svo til grónar í botninn, 10-20 cm djúpar og 30-50 cm á milli gatna.

Hættumat: engin hættu

ÁR-671:030 vegur leið A 454180 N 401095
 “Fyrir austan téða á [Þjórsá] kemur tunga sú, sem kölluð er Sandártunga. [...] Taka síðan við virkar og eyðisandar suður undir Þjórsá og austur að Fossá [...]. Eftir nefndum vikrum liggur almenningsvegurinn til [Flóa- og Skeiðamanna]afréttar og svo inn yfir Fossá rétt fyrir framan Reykholt og ofan Rauðarmynni,” segir í Sýslu og sóknalýsingum. Þessi vegur sést einnig á Herforingjaráðskorti sem var gert um 1940 og er þá kerruvegur.

Vegurinn liggur um skógrækt, uppblásin svæði og auðnir.

Vegurinn sést enn og er að hluta til í notkun. Við Sandá er þetta vegslóði, 3-4 m á breidd og grýttur á köflum. Hann er bílfær og enn notaður ef þörf er á. Við Reykholt er vegurinn breiðari og enn í notkun.

Hættumat: hættu, vegna uppblásturs

Heimildir: SSÁ, 98

ÁR-671:032 vegur leið A 452613 N 402446
 Gata, óviss að hluta, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hún liggur frá leið 003 við Ásólfstaði



Leið ÁR-671:032, horft til vesturs.

ÁR-264 í NNA og endar norðaustan við Selkletta. Samkvæmt herforingjaráðskorti frá 1910 lá leið suður frá Ásólfstöðum norður í Seljatungur. Hún liggur um Sandhólagil, framhjá Vörðuás ÁR-263:022 og að Seljatungum. Heldur reyndar áfram norður að Selklettum.

Leiðin liggur um skógræktarland sem nær frá láglandi og uppá heiði. Vað er á leiðinni hjá Seljatungnafossi. Leiðin er enn í notkun og hefur verið rudd og gerð bílfær. Ekkert sér til eldri götu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Hkort 47 Skálholt NA

ÁR-671:034_01 gata leið

A 445481 N 397639

Gata, óviss að hluta, er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá Hamarsheiði ÁR-267 í NA að leið ÁR-266:037 í landi Fossness. Leiðin sést enn í landi Fossness og hægt að rekja hana austan og vestan við svokallaðan Stekkjarás.

Gróin heiði, mýrlendi og lækjargil eru á þessu svæði.

Vesturhluti leiðarinnar er fast austan við Merargil og sunnan við Skálhóla í landi Fossness. Þar sjást götur sem er viðhaldið af lausagönguhrossum. Eystri hlutinn er greinilegri og fer í gegnum svokallað Steinsskarð. Þar má sjá nokkrar rásir sem einnig er viðhaldið af lausagönguhrossum. Leiðirnar sameinast vestan við Sandhólamýri og miðað við umfangið voru þær fjölfarnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA



Vað ÁR-671:034_02, horft til norðausturs.



Leið ÁR-671:034_01, horft til suðurs.

ÁR-671:034_02 gata vað

A 447967 N 399960

Vað 034_02 er á leið 034_01 og liggur það yfir Þverá. Það er norðvestan við Vetrarmýri, tæpa 3,5km beint norður af Haga ÁR-265 og um 530m norðvestan við sel ÁR-266:010. Gilið sem áin rennur um víkkar þar sem vaðið er og þar gott brot á ánni. Aðkoman að vaðinu úr er frekar hæg og þægileg en þó er norðurbakkinn nokkuð brattari.

Hættumat: engin hætta

ÁR-671:041 Tæpistígur gata leið

A 453001 N 401120

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910. Hún liggur frá Ásólfstöðum ÁR-264 í austur yfir Hvammsá að Sprengisandsleið 002. Samkvæmt Bergi Þór Björnssyni, heimildamanni, lá gata milli Skriðufells og Ásólfstaða sem kallaðist Tæpistígur. Leiðin lá sunnan við klettaás sem kallast Klofás

og var framhald af kirkjuleið 033. Um sömu leið er að ræða.

Leiðin lá á milli tveggja klettaása, sunnan við Klofásgil. Í þessu skarði er raflína og þéttur birkiskóggur ásamt hærri trjágróðri.

Ógreinilegur kindastígur sést enn á kafla, undir raflínu sem þarna er. Leiðin lá nánast á sama stað og raflínan gerir nú á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-671:042 gata leið

A 445657 N 397088

Gata er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908. Hún liggur frá við Stóra-Núpi ÁR-292 í austur með suðurhlíð Miðfells og í norðaustur að Fossnesi ÁR-266. Árið 2018 var leiðin rakin í landi Fossness. Þar sést hún austan undir Nónholti og vörður ÁR-266:027 að öllum líkindum vegvísar á henni.

Gróið svæði sem nýtt er til beitar. Það er í halla til austurs niður frá Nónholti.

Leiðin sést enn við Nónholt og þar er vegslóði á sama stað. Ekki var leitað að leiðinni annrs staðar innan merkja jarðarinnar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Hkort 47 Skálholt SA



Tæpistígur ÁR-671:041, horft til suðvesturs.

ÁR-671:052_01 vegur leið

A 453016 N 401253

Kirkjuvegur að Stóra Núpi: "Kirkjuvegur [frá Haga] og hreppamannaflutningur torsóktur á vetur fyrir Þverá. [...] Kirkjuvegur [frá Ásólfstöðum er] lángrur og torsóktur á vetur fyrir Þverá. [...] Kirkjuvegur [frá Skriðufelli er] mjög lángrur og torsóktur um vetur yfir Hvammsá og Þverá," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. «Upp með fjalli þessu [Hagafjalli], eða milli þess og Þjórsár, liggur alfaravegurinn eftir sléttum grundum og söndum, og eru á þeirri leið 2ir höfðar fram við ána, og heitir sá fremri Gaukshöfði, en hinn Bringa,» segir í Sýslu og sóknalýsingum. Vagnvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908 og 1910. Hann kemur inn í Gnúpverjahrepp úr Skeiðahreppi við Þjórsá og liggur meðfram bökkum hennar framhjá Þrándarholti (ÁR-286) og Miðhúsum (ÁR-287).



Vegurinn sést enn í landi Haga.

Hún tekur þá stefnu N fyrir Hofsheiði og liggur framhjá Skaftholti (ÁR-291) og Minni-Núpi (ÁR-293), áfram meðfram bökkum Þjórsár, yfir Þverá, framhjá Haga (ÁR-265) og að Ásólfstöðum (ÁR-264). «Það er líka til önnur sögn, sem styrkir þessa; hún er sú, að þegar Sandatunga [017] var orðin ein eptir [af bæjum í Þjórsárdal], þá sótti fólk þaðan tíðir að Stóra-Núpi, og heitir síðan Tíðagata hjá Sölmundarholti (sú gata aðskilur Núpsskóg frá almenningi, sem þar hefir verið suður af holtinu, en er nú að mestu eyddur),» segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. "Nú er lokið skráningu fram með Þverá og þá haldið austur með Þjórsá. Þá er fyrst austur af hamrinum, Tæpistígur, og neðan við hann, við Þjórsá, Tæpastígssandur," segir í örnefnaskrá Haga. Leiðin var skoðuð í Sandártungu árið 2018.

Tíðagata mun hafa legið frá Stóra-Núpi ÁR-292 og austur að Þjórsárdal á mjög svipuðum slóðum og núverandi þjóðvegur 32. Síðar var kerruvegur gerður á saman stað og sést hann á herforingjaráðskorti. Tíðagata hefur að mestu legið nærri norðurbakka Þjórsár.

Þrátt fyrir mikla leit hjá Sölmundarholti og í nágrenni þess fannst engin ummerki götu sem gæti verið umrædd Tíðagata. Vegurinn sést enn í landi Haga, norðan við Þverá.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM II, 215-217; SSÁ, 96; Hkort 47 Skálholt SV; Hkort 47 Skálholt SA; Hkort 47 Skálholt NA; Árbók 1884-85, 59

ÁR-673 Gnúpverjaafréttur

Fossá að upptökum skipti afrétti og heimalöndum að sunnan og vestan. Úr Fossárdrögum eru austurmörk við Flóamannaafrétt lína um Örafahnjúk og þaðan um há-Flóamannaöldu til Arnarfells. Deila var um afréttarmörkin á 19. öld [GR II, 53-54] en mörk voru þinglesin 2.6.1890 á manntalsþingi að Stóranúpi. (GR II, 92-93). Fyrir 1938, þegar girðing var sett upp á merkjunum, voru þó leitir sameiginlegar fyrir innan Dalsá. Austurmörk eru Þjorsá en norðurmörk eru um Þjorsárkvíslar. “Fyrrum var kóngurinn ekki skyldugur til að fara lengra en að Dalsá, enda var ekki leitað lengra í fyrstu leit. Er það fyrst árið 1845, að farið er að smala Norðurleitina, en fyrst er leitað inn yfir Fjörðungssand í fjallsafni árið 1879. Þó hafði áður verið farið þangað í eftirleitir.” GR II, 65. Þjorsárdalur tilheyrði Gnúpverjaafrétti áður en dalurinn var girtur af árið 1938 og voru vestur og suðurmörk um Fossá til upptaka. Mörk milli Þjorsárdals og Gnúpverjaafréttar eru afréttargirðingin frá Háafossi austur í Þjorsá framan við Sandfell. Þjorsá er á austurmerkjum. Dalsins er getið í Landnámabók: “En Hallr á Síðu Þorsteinssonr lét skírask snimhendis ok Hjalti Skeggjason yr Þjorsárdaliok Gizurr enn hvíti Teitsson, Ketilbjarnarsonar frá Mosfelli, ok margir höfðingjar aðrir [...]. Arngeirr hét maðr, er nam Sléttu alla milli Hávararlóns og Sveinungsvíkr; han börn váru þau Þorgils ok Oddr ok Þuríðr, er Steinólfr í Þjorsárdal átti. [...] Synir þeirra [Ketils einhandar og Ásleifar Þorgilsdóttur] váru þeir Auðun, er áðr var nefndr, <ok> Eilífr, faðir Þorgeirs, föður Skeggja, föður Hjalta í Þjorsárdal [...] Þorbjörn laxakarlar nam Þjorsárdal allan ok Gnúpverjahrepp allan ofan til Kálfár ok bjó enn fyrsta vetr at Miðhúsum. Han hafði þrjár vetrsetur, áðr hann kom í Haga; þar bjó hann til dauðadags.” ÍF I, 14, 285-286, 366, 381.

Í Fljótsdæla sögu segir: «Þuríðr hét kona hans [Glúms] ok var Hámundardóttir, kynjuð sunnan ór Þjorsárdal. ÍF XI, 215.

Í Brennu-Njáls sögu segir: «Þá gekk fram Hjalti Skeggjason ór Þjorsárdal ok mælti: «Ekki hef ek hlutazk til málaferla yðvarra, en nú vil ek vita, hvat þú vill gera fyrir mín orð, Gunnarr, ok vináttu.» [...] Síðan ríðr hann [Kári] í Þjorsárdal til Hjalta Skeggjasonar.» ÍF XII, 165, 339.

Í Kristni sögu segir: «Þat sumar fór hann [Hjalti] útan á því skipi sem hann hafði gera látit heima þar í Þjorsárdal ok færði eptir Rangá inni vestri til sjóvar skipit.» ÍF XV2, 26.

Í Kristniboði Þangbrands segir: «Í þann tíma kómu af Íslandi göfgir menn ok mikils verðir, þeir er við kristni höfðu tekit af Þangbrandi presti, Gizurr hvíti ok Hjalti Skeggjason ór Þjorsárdal. [...] Bjó hann [Hjalti] sik þat sama sumar til útanferðar á því skipi er hann hafði gera látit heima í Þjorsárdal.» ÍF XV2, 141-142.

Í Sturlunga sögu segir: «Gizurr hvíti var faðir Ísleifs biskups, ok er frá honum mikil saga, sem getr í sögu Óláfs ins helga, ok svá frá því, er hann fór út hinat til Íslands með kristniboð ok þeir Hjalti Skeggjason ór Þjorsárdali.» Sturl I, 57.

Um 1556 eða síðar: “Skogaheite og þeirra takmörk fyrer nordan Skridufell: Skirfud epter Brefa Bök Herra Gijsla saluga Jonssonar. Þetta eru sköganöfn og skögamörk fyrer nordan Sridufell. so sem hier epterfylger. Fyrst Dimon. Steinholltsskögur ad tueimur klettum jardfaustum. Þá Hamartorfa fyrer nordan kaullud er Oddgeyrsholaskögur vnder nordare auxlinne ä Dimon. Þá Häfhollts skögur. Þá eru Asläkstungur sem stadurinn ä. Sagt er ad Holastadur eige þar ellevidar tak i. Þá Hlijdartorfa. Þá Bæiartorfa. Fagre skögur og Bruna skögur vestan frá. og nordan frá: a stadurinn allt saman. Berghälsstader og ätte Þrandarhollt hälfan. Lieþrælar Reykiahollte og ä stadurinn. Þá er Gielsingahollts skögur fremst i Fossárdal fyrer vestan äna. Þar fyrer nordan og vestan äna. ä stadurinn lijka allt saman. Jtem fyrer nordan þar jnn i Fossárdal ä stadurinn og lijka allt saman. vtan Brossholtstorfu og Neistastada torfu. Jtem austur frá er Lepparstadar skögur. En austur frá nordur med Holltamanna ä er kalladur Hiallaskögur og ä stadurinn. fyrer austan Holltamanna ä fremst næst vijkinne er Langhollts skögur i Floa. med röðrunnj. Þa Gjäskögur. Jtem Steinastada skögur. millum Holltamanna är og Raudarär. hann allan ä Hölastadur. En fyrer nordan Raudä er Kalldnesingur og ad guatum þeim sem liggia vpp ä Sandafell. en austur frá þeim gautunum j krijngum Sandafell. nordur ad Skumstungu eru Bläskogar. med þeim flautunum sem ad äfastar eru fyrer framan. Jtem Asskogar aller fyere sunnan med äne eru allt stadar skogar. Jtem Fitjia skögar fremre. allt stadarskögar. En nyrdre Fytia skogar ä stadurinn hälfä en Kielldur hälfä. Þä er þar fyrer nordan Krekluskögar. heyra stadnum til en sumer seigia almenning. Jtem fyrer framan Hrossatungur hinar nordare. sem liggia vnder Olafsvelle. En fremre Hrossa tungur ä stadurinn. Sumer seigia Klofe

eige adrar. Jtem alla runna ä Seliabelle. kryngum það og vppá ä stadurinn. Jtem vestan til fyrst i Burfelle er Hurdarbakshrijs ä stadurinn. þä Eigilstada skogur fyrer ofan gautuna. þä Grafarskögur ä stadurinn, og Hraungerdingar. þä Giegnishölatorfa hin nedre er köllud. Oddastadarskögur ä Burfellzhälse. þä er Þrändvellingur. þä Sandvijkur skögur. ad Störkonugröf. þesser aller fyrer ofan gautuna. En allt austurfrä Störkonugröf og ad Biarnarkæk med torfunne. fyrer austan hann er allt stadarskögur. nema Haursholltstorfa kaullud er hiä Þiöfagile. En fyrer vestan Störkonugröf. fyrer nordan gautuna er Hröasholltingur. þä Tunguskogur. þä Mostunahöfde. þä Miösendisskögur ä Giänum. þä Stoxeyringur. þä Kalldnesingur vestast. þä Hornid. Fossröfur og Tungurnar bädar ä Stadurinn. Þä er Oddaskögur. fra Sandatungu og ad Vatsgröf og ad gautunum. Jtem Saulmundarhollt ad Nupä. en fyrer nordan gautuna Þordarhollt. Nupur ä hälft en Steinshollt hälft. Fyrer vestan Þordarhollt er minne Mostuna höfde og Hælsröfur. Sandlækiartorfa og Hofsskögur,” DI XIII, 165-167

Um 1570 og síðar: Máldagi kirkjunnar að Hólum í Hrunamannahreppi. “Sköga ad Steinastöðum og i Aslakstungum,” DI XV, 653.

1615: “Vm austurskogana j Ärnessyslu fyrir vtan Þiotzä og þeirra örnefne nordur fra Sandartungu. Fyrst hiä Sandär Tungu. Þar j heima lande er köllud Tunga og Horn. Þad huertuggia eru stadar skogar. Jtem heijter þar Oddaskögur. hann er strax vid tvnid ä Sandartungu. og vilia prestar j Odda eigna hann Odda kirkiu. Jtem fyrer nordan Fossä eru Hurdarbakshrijs. Jtem Skieliäfell. og ä stadurinn j Skalhollte það huertueggia. Þä kallast Eygilstada skögur j Bürfelle. Og þä er enn eirn stadar skögur. þar næst er Giegnishola torfa. Jtem Stockseyringur fyrer framan göturnar a halsinum. Þar nærst kallast Giaskögur. hann er lijka fyrir framan göturnar. Jtem Sandvijkungur framan j halsinum. fra Timburlæk. og ad Störkonugröf (en nu er sagt þeir vilie hallda Sandvijkur skög leingra). Jtem nordur med fiallinum fra Störkonugröf. og med Biarnalæk. ad störa steininum sem stendur nordur j fiallinu. það hefur verid halldinn stadar skögur. Þä er Horsholltz skogur. Þä eru tuennar Hrossatungur fremre og nyrdre. sem lijka hafa verid halldinn stadar skogur. Þessar Hrossatungur eru fyrer austan og framan reidgöturnar. En fyrer vestan reidgöturnar er Hellers skögur allt ad Hölaskoge. Jtem tuenner Alftaveller. og eru þeir fremre eignader Hruna. en hiner stadnum j Skalhollte. Jtem vid äna fyrer austan Alftavelle kallast Ärtorfur (og eru lijka eignadar stadnum). Jtem austanvertt Sandafelle ero Bläskogar. þä ä stadurinn. En sumer vilia nü läta Bläsköga vera Almenninga. Jtem fyrir nordan Skümstungur eru tuenner Fijtia skögar. fremre og nordare og eige Kielldur halfa þä nordare. en stadurinn j Skalhollte ä þä halfa. Og alla hina fremre Fijtia sköga. En nordast eru kallader Kræckluskögar. Þad vilia menn nu hallda almenninga. Jtem Kalldnesingur. er framan j Sandfelle fyrir vestan reidgöturnar nordur fra Hölaskoge,” DI XIII, 168-169. “Er allmikill og mjög þéttur skögur sunnan í [Búrfelli]. Er mælt, að Hjalti Skeggjason, hafi byggt þar skip sitt fyrir löngu; mun þá skógurinn haf verð stórvaxnari enn nú. / ... / Búrfell hefir að ýmsu leyti verið gullkista Gnúpverja. Þangað ráku margir fé sitt á útmánuðum, einkum þeir, sem ekki höfðu næg hey, eða þeir, sem áttu margt fé, en takmarkað landrými. En í Búrfelli er hagasælt, og þá var lítið hugsað um, hvað hollt væri skóginum. Einnig var allmikið sótt af viði í Búrfell, einkum til fjárhúsagerðar.” - GR II; 43. “Áður fyrr var rekstrarleiðin upp Stangarfell í stað þess að fara veginn. Var það kallað að reka upp leppa, en svo kallast sneiðingarnir suðvestan í Stangarfelli. Nú [um 1945] er sjaldan rekið þarna á vorin, því að betur þykir ganga að fara veginn, en á haustin er safnið rekið þarna fram.” GR II, 44

ÁR-673:001_01 Stöng bæjarstæði býli

A 463459 N 405617

Jarðarinnar er getið í Landnámabók: “Þorgils, faðir Otkötlu ok Þorkels trandils, föður Gauks í Stöng.” ÍF I, 381 nm.

1709: “Staung, fjórða eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “Staung, og þar hefur sjest til [bæjarstæðis].”

“19. Stöng er gildum stekkarvegi austar [en Leppar ytri] í brekku einni, neðst í suðurhlíð fjallsins, skammt upp frá Rauðá, þar sem hún kemur fram úr “Gjánni”. Bæjarrústin hefir sandorpið, og jörð síðan gróið yfir, svo þar sjest ekki utan óglöggur hryggur, og er hann hjer um bil 56-60 ál. langur. Þar er flag bak við, og og í því sjest fyrir fjósrústinni. Þó verður stærð hennar ekki gjörla sjeð, en báshellur sjást þar mikið stórar, sumar fallnar, en sumar standa svo fast, að þær verða ekki bifaðar með handaffli. Þar sjer og fyrir öðru tóttarbroti, líklega af útibúri. Túnbrekkan í Stöng er nú grasi vaxin og berjalyngi, og eru þar kolagrafir frá seinni tímum ekki all-litlar. Fyrir neðan Stöng eru stórir steinar í Rauðá, svo að stikla má yfir hana þurrum fótum, þegar hún er lítil,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

Um uppgröftinn á Stöng undir stjórn Aage Roussel árið 1939 er fjallað í Forntida gárdar i Island. Þar



Uppmældar minjar á Stöng ÁR-673:001 ©Loftmyndir ehf.

eru merkt á kort bæjarhús, búr um 30 m suðaustur af bæ, smiðja um 45 maustur af bæ, fjós og hlaða um 60 m suðaustur af bæ og túngarður um 100m suðvestur af bæ.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá

“Stöng stendur neðst í suðurhlíð Stangarfjalls skammt upp frá Rauða þar sem hún kemur fram úr Gjánni. Bæjarrústin var sandorpin og jörð síðan gróin yfir svo þar sást ekki utan óglöggur hryggur áður en hún var grafin upp árið 1939 af Kristjáni Eldjárn og Aage Roussel. / Aðalhúsið var eldaskáli 17x6 m að innanmáli. Veggir voru um tveggja m þykkir. Meðfram veggjum skálans voru fletin, fimm hvoru megin svo 20 mans gátu sofð í skálanum andfætis svo sem siður var. Milli fletanna var gólfíð um 2 m breitt og á því væn langeldastó. Fletin munu aðeins hafa verið um 40 cm hærrí en gólfíð þannig að



Stöng ÁR-673:001, horft til vesturs yfir skemmu 001_03 og að skála 001_01.

íbúarnir hafa setið á þeim næstum á hækjum sér. Í austurenda skálans var þverpallur jafnhár fletunum og láu útidyr inn á hann. Þar var afmarkað svæði, líklega fyrir eldivið og hellulagt ker í gólfi sem þeir, er að uppgreftinum stóðu, töldu að hundum hefði verið gefið í en kynni að vera aflgröf svipuð þeirri ... í Áslákstungu innri. / Innan frá enda skálans lá stofan, 8x4 m að innanmáli. Meðfram hliðarveggjum voru 0,5 m breiðir torfbekkir í svipaðri hæð yfir gólfinu og fletin í skálanum. Þar var eldstó á gólfi. Aftur frá skálanum gengu tvö afhýsi. Annað afhýsið var búr og þar grafin niður þrjú stór keröld. Notkun hins afhýsins hefur vafist nokkuð fyrir mönnum en af samanburði við aðra bæi er talið að þar hafi verið kamar, ásamt einhverri annarri notkun. / Laust eftir 1950 var byggt yfir bæjarrústirnar og eru þær nú fjölsóttur ferðamannastaður. Á bak við bæinn er

fjósruðstín, upp grafin. Þar eru báshellur miklar og stórar, sumar fallnar, en sumar standa svo fast að þeim verður ekki bifað með handaflí. Þar var einnig smíðja með rauðablæstri og er þar steinn mikill er steðji hvíldi á. Enn voru þar á síðustu öld leifar af rauða sem notaður var til járngerðar. [...] Túnbrekkan á Stöng er nú grasi vaxin og berjalyngi, og eru þar kolagrafir frá seinni tímum ekki alllitlar. Fyrir neðan Stöng eru stórir steinar í Rauða svo að stikla má yfir hana þurrum fótum þegar hún er lítil,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson rannsakaði Stöng að nýju á árunum 1983-1986. Við rannsóknir hans fundust einnig kirkja og kirkjugarður.

“Þjms. 29.10.1947, örvaroddu, Rygh 539, 10,3 sm að lengd, fjöðrin með röst á báðum hliðum, tangi strendur. - Fannst í bæjarrústunum,” segir í Kumlum og haugfé. “Þjms. 29.10.1947, hringprjónn, lengd 12.8 sm, höfuð óreglulega teningsmyndað, neðri hluti prjónsins ferstrendur, efri sívalur, skrautlaus, hringinn vantar. - fannst inni í bæjarrústunum,” segir í Kumlum og haugfé.

Á svæði sem er 85x36 m stórt og snýr VNV-ASA eru fjórar fornleifar sjáanlegar á yfirborði, skáli 001_01, kirkja/skemma 001_02, smíðja 001_03 og fjós 001_04. Túngarður/gerði 001_05 er horfinn. Vitað er að fleiri minjar eru undir sverði sem fundist hafa við fornleifarannsóknir á svæðinu. Visast til þeirra varðandi nánari upplýsingar um minjastaðinn enda erfitt að gera grein fyrir svo umfangsmiklum rannsóknum í aðalskráningarskýrslu.

Bærinn á Stöng er sunnan undir Stangarfjalli. Lækjargil er norðan við bæinn en búið er að planta trjám víða, leggja göngustíga og bæta aðgengi ferðamanna.

Á Stöng er búið að reisa skála í bæjartóftunum, það var gert um miðja síðustu öld. Hann er 31x20 m að stærð, skálinn er sunnar og tvö afhýsi til norðurs. Leifar enn eldri skála eru hér undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM II, 217, 218; Árbók 1884-85, 46, 52; FGI 72-97; ÁFÍ 1996, 102-104; KEKH 2000, 349, 377; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1989, 84; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996, 12; Friðlýsingaskrá, 58



Fjós ÁR-671:001_04, horft til austurs.

ÁR-673:001_02 tóft kirkja A 463482 N 405598

Um 8 m ASA við skála 001_01 eru ummerki um kirkju, kirkjugarð og skemmu nálega á sama stað. Tvisvar hefur verið grafið í tóftina auk þess sem grafir fundist þar við. Minjar á yfirborði eru á svæði sem er 9,5x8,5 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:001_03 tóft skemma A 463504 N 405608

Tæpum 30 m ANA við skála 001_01 er mannvirki sem túlkað hefur verið sem skemma í þeim rannsóknum þar voru gerðar. Tóftin er 9,5x6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er til vesturs, að skálanum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:001_04 tóft fjós A 463513 N 405584

Fjós/hlaða er um 40 m suðaustan við skála 001_01. Tóftin sem sést á yfirborði er 11,5x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á miðri vesturhlið og snýr að skálanum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar


ÁR-673:001_05 heimild um rétt

Samkvæmt uppdrátti sem birtur er í bókinni Fornatida gardar I Íslands var gerði suðvestan við skála 001_01, nærri Rauða. Það er horfið og ekki er hægt að staðsetja það með fullri vissu.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

1709: “Skeliastader, önnur eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “Skeljastaðir, þar kirkja [002_2]” en ekki getur hann þess hvort þar sjást rústir eins og við flesta aðra bæi í dalnum.

1861: “Laugardaginn 20. júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir



Uppmældar minjar á Skeljastöðum ÁR-673:002.

á Steinastöðum Skeljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á Skeljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bæar lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan ...” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags.

“22. Skeljastaðir heita undir nálægt miðri suðvesturhlíð Skeljafells. Þar sjást engar verulegar rústir, því þar var til skamms tíma grastó lítil, hálf blásin, sem bærinn hefir verið, enda er gil þar hjá, sem vel hefir getað borið burt nokkrum hluta rústarinnar. Þessi grastó er nú, 1880, alveg blásin af, og sjást líkur til, að nokkur hluti rústarinnar muni smámsaman koma þar í ljós.

Kring um grastóna er raunar grjótdreif

nokkur. Sunnan og vestan túnstæðisins sjer fyrir túngarði [002_03] af smáu hraungrjóti, og hefir túnið verið meðalstórt. - Framan undir grastónni hefir blásið upp talsvert af mannabeinum; sjást enn leifar af þeim, en eyðast hvað af hverju, sem von er. Þetta staðfestir þau munnmæli, að kirkja hafi verið á Skeljastöðum; er sagt að Hjalti Skeggjason hafi búið þar og byggt kirkjuna, og þakið hana með blýi; hafi hin sama kirkja síðan staðið óhöggð, þar til bærinn eyddist. Sveinn búfræðingur fann þar fyrir nokkru fæinar blýplötur litlar, og blýagnir, sem hann mun þegar hafa gefið forngripasafninu. Síðar hafa fleiri fundizt og verið sendar safninu,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. “Ved Skeljastaðir, der ligger hojt paa en Skraaning, ses endnu det gamle Gærde om Hjemmemarken, ligesom en Kirkegaard forraades ved de hvide Menneskeknogler, som ligger spredt paa den sorte Aske. Blæsten har afdækket alt dette,” segir Daniel Bruun.

“37. Skeljastaðir eru á eystri brún á grunnu gili, sem er sunnan við múla, er gengur fram úr Skeljafelli um 1 1/2 km norðaustur frá Hjalparfossi. (Árb. ‘84-5, nr. 22.) Þorsteinn Erlingsson gróf upp nokkurn hluta af bæjarrústinni 1895 (RST, bls. 29-30 og 61-62, uppdráttur bls. 62). Sumarið 1939 var bæjarrústin öll grafinn upp, ásamt kirkjugarði (sjá Fg). Tóftirnar fyllast nú smátt og smátt af sandi. Gömul munnmæli tala um blýþak á kirkju á Skeljastöðum, enda hafa þar oft fundizt litlar blýagnir, bæði fyrir gröftinn og eftir. Auðvitað geur verið, að blýfundir þessir hafi orðið orsök til munnmælanna. Því hefur verið haldið fram, að meiri líkur væru til þess, að blýmolar þessi væru leifar af blýrenndum glergluggum en þaki (enda þótt engin glerbrot hafi fundizt). Skömmu fyrir uppgröftinn fannst í kirkjugarðinum á Skeljastöðum blýþynna, samanlögð með naglagati (Þjms, nr. 12791) og er útilokað, að hún sé úr gluggaumgjörð. Kirkjugarðurinn liggur nokkuð neðar en bæjarhúsin í hallandi jarðvegi. Það, sem enn var til af honum, þegar grafið var þar, var að lögun sem hálfhringur, er opnast undan brekkunni. Sennilega hefur tæpur helmingur garðisins verið eyddur áður, en hann verið í upphafi kringlóttur að lögun og kirkjan staðið í honum miðjum. Beinagrindurnar, sem fundust hér, lágu allar jafnhátt. Var alldjúpt á þeim, sem næst voru brekkunni en neðst í garðinum lágu þær í yfirborðinu (sbr. Fg, kort nr. 181 og 182. Því miður er ekki sýndur þverskurður af kirkjugarðinum í Fg. en bæði var þetta ljóst meðan á uppgræftinum stóð og við athugun á hæðalínunum á korti nr. 181 má einnig sjá þetta). Meðan garðurinn var enn í notkun, hefur hann verið eins og stallur í brekkunni, en þegar uppblásturinn byrjaði, hefur neðsti hluti garðsins farið fyrst. Br. J. skrifar (Árb. ‘84-5, bls. 53): “Þessi grastó [þ.e. yfir bæjarrústinni] er nú 1880 alveg blásin af ---. Framan undir grastónni hefir blásið upp talsvert af mannabeinum; sjást enn leifar af þeim, en eyðast hvað af hverju, sem von er”. - Frá því, að þetta var ritað, og þangað til garðurinn var rafinn upp, var þarna alltaf nokkuð af beinarusli ofanjarðar. Það er því fullvíst, að fleiri hafa verið grafnir í þessum kirkjugarði en þeir, sem leifar fundust af 1939, og þá einnig, að einhver hluti garðsins hefur verið

gjöreyddur áður. Fyrir nokkrum áratugum var höfuðkúpa af manni í hólmanum í Hjálparfossi. Hafði hún borizt þangað frá Skeljastöðum. Eftir að hún hafði legið þarna langi ofanjarðar, var hún grafin niður í hvamminum undir skógarbrekkunni syðst í hólmanum. Það var nálægt 1920. Síðan hefur Fossá brotið mikinn jarðveg úr botni hvammsins og er sennilegt, að höfðukúpan sé nú farin í ána,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

Um uppgröftinn á Skeljastöðum undir stjórn Matthíasar Þórðarsonar árið 1939 er fjallað í Forntida gárdar í Island. Grjóteifar af túngarði sáust þá um 200 m frá bæ, en engin útihús nærri bæ fundust. “Skeljastaðir heita undir miðri suðvesturhlið Skeljafells þar sem bílvegurinn upp úr Þjórsárdal liggur upp í klifið í suðurhlið Skeljafells. Á síðustu öld sagði Brynjúlfur að þar sæust engar rústir en grastó þar væri að blása upp og líkur til að sitthvað markvert færi að koma í ljós. Þar höfðu menn meðal annars fundið blýagnir og blásin bein. Rústirnar voru grafnar upp árið 1939 og vann Matthías Þórðarson þjóðminjavörður ásamt fleirum að því. Í ljós kom að Skeljastaðabærinn stóð öðrum bæjum í dalnum langt að baki og virtist hafa verið byggður upp úr eldri bæ. Hann hefur ekki hina dæmigerðu húsaskipan Þjórsárdalsbæja. Þarna hafa staðið fjögur samhliða hús og voru þrjú þeirra grafin upp. Sýndust þau hafa verið reist af handahófi hlið við hlið og virðist sem sofið hafi verið í tveimur þeirra.



Bæjarstæði Skeljastaða ÁR-673:002_01, horft til norðurs.

EKKI voru langeldar í þessum skálum heldur aðeins stakar eldstór. Ekkert sérstakt búr fannst þar svo matur hlýtur að hafa verið geymdur inni í skálanum eða í útbyggingu að vestanverðu. Af ummerkjum var ráðið að búseta hafi ekki varað skemur þarna en 150 ár og er ljóst að a.m.k. einn skálinn hefur verið endurbyggður. Á Skeljastöðum virðist forstofa hafa verið skilin frá skálanum með efnismeiri veggjum en á öðrum bæjum í dalnum. Munnmæli sögðu að á Skeljastöðum hefði staðið bær og þar verið kirkja við grafreit sveitarinnar ... Kirkjugarður lá nokkru neðar en bæjarhúsin í hallandi jarðvegi. Það sem nn var til af honum, þegar grafið var í hann sumrið 1939, var hálfhringur er opnaðist undan brekkunni. Sennilega hefur hann upphaflega verið kringlóttur en tæplega helmingur rofinn burt er þar var komið sögu. Beinagrindurnar sem fundust lágu allar jafnhátt, var dýpst á þær er lágu næst brekkunni en neðst í garðinum var blásið ofan af þeim, svo beinin lágu á yfirborði. Vafalítið hefur allmikið tapast af beinum úr þeim hluta garðsins á liðnum öldum. Af þessum ummerkjum má ráða að garðurinn hefur myndað flatann stall í hliðarræturnar á meðan hann var notaður og þar til uppblástur hófst. Beinaleifar af tæplega 70 einstaklingum hafa greinst úr garðinum en fastlega má álykta að a.m.k. nálægt 100 manns hafi verið grafnir þar. Nokkuð mun hafa verið flutt af beinagrindum frá Skeljastöðum til Þýskalands áður en til kerfisbundins uppgrftar kom. (Eiður Kvaran hafði ásamt þýskum manni tekið allmargar beinagrindur úr garðinum. Voru þær fluttar utan og glötuðust í heimsstyrjöldinni síðari). Talið er að forndysjar [108] hafi verið um 50 m austur af Skeljastöðum eða örskammt frá þeim stað er þjóðveldisbærinn stendur á. Þjóðveldisbænum var valinn steinsnar suðaustur frá gamla bæjarstæðinu á Skeljastöðum og innar í krikanum sem er sunnan undir Skeljafelli,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjaafreitti, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,» segir í friðlýsingaskrá.

Rústir Skeljastaða eru á hólrana, á austurbrún gils, um 250 m vestan við Þjóðveldisbæinn og um 150 m norðaustan við veginn upp á Sprengisand. Haugarnir úr uppgrefti Matthíasar sjást enn efst á svæðinu en engin húslögun verður greind. Neðar eru grónar ójöfnur í kringum slétt svæði í dálitlum halla og mun það vera kirkjugarðsstæðið. Staðurinn er merktur með friðlýsingaskilti og skilti með bæjarnafninu. Míngarnar sem enn sjást eru á svæði sem er 65x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið er uppblásið, í halla til suðurs niður Skeljafell. Gróðurþekja, aðallega gras, mosi og lúpína þekur nú nánasta umhverfi.

Ummerki um bæjartóftina/skalann sjást enn og óljóst má greina hólaskipan. Tóftin sem enn sést er 40x19 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: JÁM II, 217, 218; Árbók 1984, 191. Árbók 1884-85, 54; Fortidsminder, 139; FGI 121-136; Árbók 1954, 18-19; ÁFÍ 1996, 106-107; Friðlýsingaskrá, 58

ÁR-673:002_02 heimild um legstað

A 459902 N 402255

Kirkjugarður 002_02 sést lítið sem ekkert á yfirborði. Ummerki sem enn sjást eru á hringlaga svæði sem er um 25 m í þvermál og engar minjar sjást.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:002_03 heimild um túngarð

Túngarðurinn sem afmarkaði suðurhlíð túns eða heimalanda Skeljastaða árið 1939 er horfinn. Ef rétt reynist að hann hafi verið um 200 m sunnan við bæinn var túnið gríðarstórt. Fremur er um einhvers konar vörslugarð að ræða sem virðist hafa legið frá svokölluðu Fossgili, skammt austan við Þjóðveldisbæinn og sveigði að Skeljafelli nálega þar sem vegur inn að Stöng gerir nú. Ekki var hægt að hnitsetja garðlagið.

Hættumat: engin hætta


ÁR-673:003_01 Steinastaðir bæjarstæði býli

A 462469 N 404745

1555x87: “Jtem Steinastada skogur. millum Holtamanna är og Raudarär. hann allann ä Holastadur.” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar. 1709: “Steinastader, þriðja eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: “Steinastaðir, og þar [hefur] glögggt [sjest til bæjarstæðis].”

“Laugardaginn 20. júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir á Steinastöðum Skeljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á Skeljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bær lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan ... « segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1984.

“21. Steinastaðir eru sýndir sunnan í Steinastaðaholti, Skeljafellsmegin; þar eru tvær rústir, án efa bæjarrúst og fjósrúst, en báðar óglöggvar. Sú sem ofar er, mun vera fjósrústin, en hin fremri sýnist að vera bæjarrústin. Stærð hennar sjest ekki nákvæmlega, því svo lítur út sem nokkuð af grjótinu úr henni hafi á seinni tímum verið borið saman í vörðu, sem nú er þó hrunin; samt virðist lengdin vera nál. 24. ál. og víddin um 6 ál., og að eins ein tótt, þó það verði nú ekki fullyrt,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð



Uppmælar minjar á Steinastöðum ÁR-673:003. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

sinni um Þjórsárdal.

“36. Steinastaðir eru sunnan í Steinastaðaholti, þar sem hinn varðaði Sprengisandsvegur liggur upp af láglandi Þjórsárdals. Þarna eru tvær rústir fast við götuna norðan megin og stendur eitt vörðubrotið uppi á vestri rústinni. Ekkert byggingarlag sést á rústum þessum. (Árb. ‘84-5, nr. 21 ,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Steinastaðir stóðu sunnan í Steinastaðaholti Skeljafellsmegin þar sem hinn forni varðaði Sprengisandsvegur liggur upp úr Þjórsárdal. Er þetta um kílómetra sunnan við Rauða. Rústirnar eru ógreinilegar en þar taldi Brynjúlfur Jónsson sig greina tvær rústir, án efa bæjar- og fjósrúst ,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjaafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjaskógar. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Steinastaðir eru fremst í vikinu sunnan við Steinastaðaholt, sunnan í því, um 300 frá veginum inn í Stöng þar sem hann beygir til norðurs fyrir holtið. Friðlýsingarskilti og skilti með bæjarnafninu eru vestan við vestari rústina. Á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er fjósið 003_02 og skálinn 003_01 sýnd og að auki grjótdreif 003_03, norðan við fjósið. Við rannsókn árið 2018 komu í ljós tvær áður óþekktar minjar. Hóll 003_4 er norðan við lækjarfarveg og hóll 003_05 er beint austan við fjósið. Minjarnar eru á svæði sem er 115 x 60 m að stærð og snýr austur-vestur.

Bæjarstæði sjálft og umhverfi þess er allt örfoka en norðurhlíðar Skeljafells, andspænis bænum eru grónar mosa. Bæjarstæðið sjálft og umhverfi þess er allt örfoka en þetta svæði er nú í umsjón Skógræktarinnar. Það er ljóst að 100 m friðhelgi friðlýstra minja hefur ekki verið virt á Steinastöðum, það er búið að plægja allt nánasta umhverfi minjanna og nánast yfir þær.

Skáli 003_01 er vestast. Þar er steindreif á bungumynduðum hól, um 20 x 10 m, með vörðu á vesturendanum sem sést vel frá veginum að Stöng. Steinaraðir sjást en rústin sjálf er alveg gróðurlaus og er jarðvegur aðeins undir steinabreiðunni. Hústóftin hefur verið lítil (innan við 20 m löng, sennilega talsvert styttri) en undan henni virðast ganga steinaraðir sem gætu tilheyrð eldri byggingarstigum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 217, 218; Árbók 1984, 191; Árbók 1884-85, ÁFÍ 1996, 105; Árbók 1884-85, 46; Árbók 1954, 18; Friðlýsingaskrá, 58

ÁR-673:003_02 þúst fjós

A 462510 N 404755

Um 50 m austar og lítið eitt ofar en rúst 003_01 er önnur steindreif, um 10x10 m stór. Hana mun Brynjúlfur Jónsson hafa talið vera fjós. Ekkert húsalag má greina á henni á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:003_03 þúst útihús

A 462508 N 404771

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er sést uppmæld grjótdreif norðan við fjós 002_02. Hún er 5,5x3,2 m að stærð og óljóst má greina hól eða svæði sem ekki er þakið grjóti. Sé tekið mið af staðsetningu er líklega um útihús að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:003_04 mannvirki útihús

A 462559 N 404731

Við rannsóknina Þjórsárdalur úr lofti sem gerð var árið 2018 komu í ljós tvær áður óþekktar minjar +a Steinstöðum. Hóll 003_04 er norðan við lækjarfarveg um 50 m austan við fjós 003_02. Hann er um 20 m í þvermál. Hann er þakin smáu grjóti inn á milli jarðfastra kletta. Svo þétt steindreif er ekki á öðrum náttúrulegum hólum á svæðinu og bendir hún eindregið til byggingar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 44



Varða ÁR-671:002_07 er ofan á bæjarrúst ÁR-673:001_01. Horft er til norðausturs.

ÁR-673:003_05 þúst smiðja

A 462500 N 404722

Hóll 003_05 er beint sunnan við fjós 003_02, um 15 m eru á milli þeirra. Sprengisandsleið ÁR-671:002 liggur þar á milli að öllum líkindum. Hóllinn er 30x16 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur en erfitt er að áætla hæð hans. Yfirborðið er fremur „dökkt“ í samanburði við nánasta umhverfi. Hann líkist yfirborði hryggisins umhverfis öskuhaug á Bergstöðum ÁR-753:018 en ekki sást til kola, gjalls, ösku eða brenndra beina á yfirborði á Steinastöðum sem bendir til járngerðar. Staðurinn þarfnast frekari rannsóknna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar


ÁR-673:004_01 Sámsstaðir bæjarstæði býli

A 459348 N 400348

1709: “Sámstader, fyrsta eyðijörð.” segir í jarðabók Árna og Páls. Á lausum miða hefur Árni Magnússon einnig ritað: Sámstaðir. Nú er komið aptur fram úr Fossárdalnum, og standa Sámstaðir nærri á bæ við Skriðufell og nokkru norðar en Sandártunga.” en ekki getur hann þess að rústir sjáist þar eins og við flesta aðra bæi í dalnum.

“Laugardaginn 20. júlí skoðaði ég, með Skólapilti Páli Jónssyni frá Stóranúpi, tóptarústir á Steinastöðum Skéljastöðum og Sámstöðum í Þjórsárdal. Á Skéljastöðum og Steinastöðum sjást engin skil á bæar lögun, alt er sandorpið, en á Sámstöðum líkist hún hérumbil myndinni hér að framan, að því leyti sem sást fyrir sandi. Tölustafirnar sýna lengd veggjanna að fetatali. Bærinn hefir staðið neðarlega í brattri brekku, á dálitlum hjalla, sem valla hefir verið nógur fyri hann. Dyrnar hafa verið við A. og er bratt niður frá þeim og lítur út fyri að þar hafi verið tröppur. Þó sést það ekki til vissu því öll brekkan fyrir neðan bæinn er alþakin grjóti úr suðurveggnum. Ekki varð annað séð enn C og B væri eitt hús. Í húsinu D standa uppreistar 2 hraunhellur mjög svartar þó varð ekki séð með vissu hvort það var sótlitur. Helzt er athuga vert um millibilið J. og veggja brotin E. I. K. sem ekki varð séð til vissu hvornig löguð eru; hvort dyr hafa verið við endan á E inni húsin F. og H. eða veggurinn E hefir verið fastur við L. en dyr í G. inni H. milli I. og K. og inni F. við endann á M. sem mjög óglöggt sést til, því alt millibilið E. G. I. K. M. er grjótdreif ein. Ég er annars hræddur um að veggjabrotin E. I. K. sé ekki annað en hrapðir steinar sem af hendingu liggja svona í röð en veggurinn hafi verið öðruvísi, skekkjan á E bendir líka til að veggurinn hfi ekki verið svo. Til mætti get að hann hafi líkst einhverri af þessum myndum, myndin a hefur húsin F og H. tvídyruð og bæinn undireins tvídyraðan. Myndin b hefir þau eindyrud og bæinn, og er hún að minni meiningu ólíklegust. Myndin c hefir húsin eindyrud en bæinn tvídyraðan og þykir mér hún líklegust. Ef grafið væri í tóptirnar mundi mega finna hina réttu undir stöðu því án efa hafa þær meir eða minna fyllst af sandi áður enn þær hröpuðu niður. Bærinn hefir snúið mót suðri; fyrir austan bæinn við O hefir staðið hús, (útibúr) á stærð við F. að lögun hérumbil eins og þessi mynd þó var breiddin minni en lengdin. Það var orðið svo áliðið dags að ekki var tími til að feta hana og ekki að skoða fjósið sem er nokkru austar. Fleiri tóptir hefi ég ekki haft tækifæri til að skoða enda mun þessi bezt,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1984. “23. Sámstaðir eru sýndir undir Sámstaðamúla, í suðurhorni Skeljafells. Þar eru rústir nokkurn veginn glöggvar. Bærinn hefir snúið mót suðri. Húsaskipun virðist hafa verið hin sama sem í Áslákstungu hinni fremri. Bæjartóttin er hjer um bil 35 ál. löng og 5 ál. víð, með tvennum dyrum á suðurhlíðvegg, eru hinar vestri 14 ál. frá vesturenda. Strax austan við þær sjer óglöggt fyrir miðgaffli, um 3 ál. á þykkt. Milli dyranna eru nál. 12 ál. en frá hinum eystri eru nál. 6 ál. til austurendans. Hvorar dyr eru 1 1/2 al. á vídd. Bak til eru 2 tóttir. Inngangurinn til hinnar vestri er óglöggur. Þó hefir hann verið fast austan við miðgafflinn. Sú tótt er 9 ál. löng (til norðurs) og 5 ál. víð. Hin tóttin hefir innganginn úr horninu við austurendann, og sýnist hafa verið 4-5 ál. á hvern veg. Laust austan við bæjarrústina er sjerstök tótt (af útibúri?), nálægt 8 ál. á hvern veg og dyr á vesturhorni. Austar er fjóstóttin, nálægt 14. ál löng og 6 1/4 ál. víð. Báshellur eru þar liggjandi. Af hlöðunni sjást grjótdreifir af gaffli fjóssins, og hafa dyr hennar verið inn úr honum,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“Gaarden Sámsstaðir bestaar af tre lignende Ruiner, beliggende nederst i en Skrænt, de bestaar af Sand og Grus, hvorfra al Muldjord er blæst bort. a) Beboelseshuse med to Rum i forreste og to i bageste Linie. Fronten er 25 m lang. Til Rum A (14 m x 4,62 m) forer udefra en Dor (a) med en 0,78 m bred Tærskelsten (dyrahella). I Rummets ene (vestre) Ende er en Forhojning (þverpallur) 2,50 m bred og 7 cm høj (d). Lignende Forhojninger, men smallere (1,12 m brede og 18 til 23 cm høje) findes langs Siderne (langpallar) (g-h, l-k). Langs Midten findes et Ildsted (langeldar) 3,20 m langt og delvis brolagt (j). I denne Brolægning ses et stensat, firkantet Hul til Gloder (feluhola) (0,32 m langt og 25 cm bredt). Lige inden for Doren var et lille Ildsted, sat af to parallel Stene (det heles Længde 1,10 m,



Sámsstaðir ÁR-673:004 eru við mannvirki Búrfellsvirkjunar. Rauðu línurnar sýna minjar sem viku þegar framkvæmdir hófust á svæðinu um 1967. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

Bredden 1,42 m(e-f). Rum B (3 m x 6 m) har ligeledes et firkantet Ildsted i Midten (o); det bestaar af et Hul 0,92 m langt, 0,46 m bredt og 0,53 m dypt; det var brolagt i Bunden, men ikke paa Siderne. Kun en enkelt Sten (12 cm høj) stod ved den ene Side. Det har formodentlig været et Ildhus. Gulvet ligger iøvrigt betydelig lavere end i A. Rum C (3,50 m x 4,50 m) synes at have været et Bur. Det indeholdt intet uden en Sten. Rum D (3,20 m x 1,27 m) havde vel intet Ildsted; men en Del af Gulvet var oversaaet med Kul, Aske og skornede Sten. Erlingsson gætter paa, at det har været brugt som Badstue. b) Ruin af et lille firkantet Hus (godt 3 m i Firkant), der mulig har været et Udebur. c) En Kostald (fjós) (ca. 4,8 m x 9,40 m) med tilhørende Lade (heyhlaða) findes et Stykke vestligere. Enkelte Baasestene rager endnu op over Jordsmonnet, idet de staa paa Plads. Der har, efter disse at domme, været Plads til ca. 20 Koer,” segir í bók Daniel Bruun.

“39. Sámsstaðir standa á lágum hjalla við suðvesturhorn Skeljafjalls (Sámsstaðamúla). Rústirnar eru dreifðar yfir allstórt svæði milli múlahornsins og Fossár. Br. J. lýsir þremur austustu rústunum (Árb. ‘84-5, nr. 23, uppdráttur þar, sbr. Árb. ‘97). Vestanhallt við bæjarrústina eru á þremur stöðum a.m.k. rústaleifar, sem ekki sjást á uppdraetti Br. J. Þær eru allar mjög úr lagi færðar. Þorst. Erl. gróf upp bæjarrústina 1895 og birtir uppdraetti af henni (RST, bls. 42-46,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Gísli Gestsson hafði eftirlit með ýmsum minjum í Þjórsárdal, sem nú eru komnar í nábýli við hinar miklu virkjunarframkvæmdir. Merkti hann í þessu skyni nokkrar rústir og mældi upp nokkurn hluta af Sámsstaðarústum, sem eðlilegt þótti að leyft yrði að fjarlægja vegna framkvæmdanna. Var þar um að ræða allmikið húsastæði neðan vegarins sem nú er, mjög mikið blásið,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1967.

“Sámsstaðir standa á lágum hjalla suðvestan undir Sámsstaðamúla sem gengur fram úr suðurhorni Skeljafells. Til að finna bæjarstæðið skal fara framhjá Búrfellsstöðinni og aðeins um 100 m frá henni við hornið á Sámsstaðamúla eru rústirnar ofan við vegamótin við veginn sem skáskerst upp Sámsstaðaklif. Sámsstaða er fyrst getið í Biskupaánnálum Jóns Egilssonar sem ritaðir voru í byrjun 17. aldar. Þar segir að Hjalti á Núpi hafi haft bú á Sámsstöðum í Þjórsárdal. ... / Á Sámsstöðum voru rústir nokkurnvegin glöggvar á síðustu öld og gróf Þorsteinn Erlingsson þar allmikið upp árið 1895. Daniel Bruun skoðaði einnig rústirnar ... Bærinn var svo grafinn upp af Sveinbirni Rafnssyni árin 1971-1972 ... Þarna virtist vera um tvö byggingarstig að ræða. Neðst var skálabygging sem var undir svörtu öskulagi sem talið er vera úr Kötlugosi sem varð um árið 1000. Þetta styður þá tilgátu að Sámsstaðir gætu verið með elstu byggðarleifum í Þjórsárdal. Yngri bærinn hefur líklega verið byggður eftir umrætt Kötlugos. Hann hefur



Bæjarrúst ÁR:673_004_01 er á grónu svæði fyrir miðri mynd.

verið um 22 m langur að innanmáli og snúið mót suðri. Húsaskipun og stærð virðist hafa verið hin sama sem í Áslákstungu hinni fremri og Stöng og svo er einnig um flesta bæi í dalnum. Fjós með áfastri hlöðu hefur staðið um 80 m suðaustan við bæjarhúsin. Milli fjóss og bæjar hefur verið lítið hús, líklega útibúr. Sveinbjörn Rafnsson taldi öll gögn er fram komu við uppgröftinn á Sámstöðum benda til þess að jarðhræringar hefðu orðið samfara Heklugosinu 1104 og að ýmis bæjarhús hefðu fallið strax í gosinu. Í skála fannst haugur af rauðagjalli sem hefur þá verið geymt innandyra en slíkt var gert af þeim er iðkuðu rauðablástur á vetrum. Fjóshlaðan á Sámstöðum var tóm þegar gosið varð, virðist hún hafa hrunið í

fyrstu goshrinunni. Fjósið og bærinn hafa staðið af sér gosið framanaf og verið tekin niður eftir að gjóskufallinu slotaði. Af ummerkjum taldi Sveinbjörn því að gosið hefði orðið síðari hluta vetrar,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Nánari upplýsingar um uppgröft Sveinbjarnar Rafnssonar 1971-1972 eru í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1976.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,» segir í friðlýsingaskrá.

Sámstaðir eru undir horninu á Sámstaðamúla, austan við stöðvarhús Búrfellsvirkjunnar, norðan við veginn og vélahús á árbakkanum neðan við stöðina. Skálarústin er um 40 m ofan við veginn en fjósrústin er fast neðan (austan) við hann - vegurinn liggur s.s. á milli rústanna. Skálarústin er að mestu gróin en steinaraðir sem marka innbrúnir veggja sjást vel og er húsaskipan skýr. Minni gróður er í brekkunni ofan og neðan við rústina en landið virðist þó vera að gróa upp. Fjósrústin er mun betur gróin. Friðlýsingaskilti er við rústirnar. Minjasvæðið er um 130 x 30 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur. Sámstaðir eru undir horninu á Sámstaðamúla, austan við stöðvarhús Búrfellsvirkjunnar. Svæðið til norðurs og austurs er þakið trjám en til annarra átta eru mannvirki tengd Búrfellsvirkjun. Minni gróður er í brekkunni ofan og neðan við rústina en landið virðist þó vera að gróa upp. Um svæðið, á milli fornleifa, er malarvegur sem liggur upp hliðina í átt að göngum í fjallið. [...] Neðan við aðalrústina er upplýsingaskilti um rústirnar og hellulagður stígur inn í þá rúst.



Tóft fjóss ÁR-673_004_02. horft til norðurs.

Skálarúst 004_01 er um 40 m ofan við veginn og er að mestu gróin. Steinaraðir sem marka innbrúnir veggja sjást vel og er húsaskipan skýr. Rústin er 30x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM II, 217, 218; Árbók 1884-85, 55; Fortidsminder, 144; Árbók 1954, 20-21; ÁFÍ 1996, 107-108; Árbók 1976, 39-120; Árbók 1984, 191; Friðlýsingaskrá, 58; Bjarni F. Einarsson 2015, 15-18; Kristján Eldjárn. 1967, 139

Milli fjóss 004_03 og bæjar 004_01 var lítið hús, líklega útibúr. Þar er grjótdreif sem er um 10x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-673:004_03 mannvirki fjós

A 459415 N 400275

Fjós 004_03 er um 80 m suðaustan við rúst 004_01. Hún er mun betur gróin og þar er töluverður trjágróður. Fjósið sést sem niðurgröftur frekar en greinileg rúst. Það er 17,5x11,5 m að stærð og snýr norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-673:004_04 heimild smiðju

Á þremur stöðum vestan við skála 004_01 voru minjar sem ekki er minnst á fyrr en í grein Gísla Gestssonar og Jóhanns Briem, árið 1954. Þær minjar voru þá uppblásnar og aflagaðar. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1966 segir að eftirlit hafi verið með ýmsum minjum í Þjórsárdal, nærri framkvæmdasvæði Búrfellsvirkjunar. Vegna þessa hafi nokkrar rústir verið merktar og hluti af Sámsstaðarústum mældar upp, sem eðlilegt þótti að fjarlægja vegna framkvæmdanna. Var þar um að ræða allmikið af blásnum minjum, neðan vegarins sem nú er. Þetta var m.a. gjall sem bendir til rauðablásturs á svæðinu. Hér er um sömu minjar að ræða en ekki var hægt að staðsetja þær með vissu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir:


ÁR-673:005_01 í Gjáskógum tóft fjós

A 465072 N 406820

“Nýlega hefir komið í ljós rúst suðaustan í Stangarfjalli, langt fyrir innan Stöng, upp frá Bolagróf innanverðri. Hún er vel 6 faðma löng og nál. 11 feta breið, og eru dyr á suðausturenda. Eftir útliti að dæma þætti mjer líklegast, að það væri fjóstóft [005_01] og er þá bæjarrústin óuppblásin þar nærri, sem vel getur verið, þó ekki sjást þess merki. Rúst þessi er full af hvítum vikri, og er líklegt að neðsti hluti veggjanna standi, og væri ef til vill ómaksins vert að grafa hana út.” segir Brynjúlfur Jónsson í athugasemdum um Þjórsárdal árið 1897 sem birtust í Árbók hins íslenska fornleifafélags.

“Rúst í Gjáskógum. Rústina má finna með því að ganga upp með læk í djúpu gili, sem fellur í Rauða neðan við Hólaklif. Tæpan 1 km frá ánni liggja gamlar rekstrargötur [ÁR-673:008] yfir gilið og eru rústirnar ofan við göturnar í brekkurótunum um 300 m vestan við gilið. Þar er rúst af bæ [005_02] og fjósi og leifar af túngarði [005_03]. Uppgröftur á rúst þessari hófst sumarið 1949 og var haldið áfram 1952, en er ekki lokið að fullu. (Sjá Árb. ‘97),” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.


Uppgröftur á bænum í Gjáskógum fór fram árin 1949, 1952 og 1960. “Sitthvað er eftirtektarvert við þessa lýsingu Brynjúlfs Jónssonar. Upphafsorð hans verða ekki skilin á annan veg en þann, að nýlega hafi blásið ofan af fjósrústinni. [...] Augljóst er einnig af orðum Brynjúlfs, að hann hefur ekki séð votta fyrir bænum, en þegar við komum á staðinn 1949, sást að vísu ekki móta fyrir bænum, en greinilega sást að



Uppmæling af minjum í Gjáskógum ÁR-673:005. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

eitthvert mannvirki var þar sem austurendi skálans kom síðar í ljós. [...] Fjóstóftin var rannsökuð fyrst, af því að hún stóð að miklu leyti upp úr. Eins og Brynjúlfur segir, var hún full af hvítum vikri, sem við sáum undireins að var sams konar og sá, sem fyllti húsin í Stöng og á Þórarinsstöðum og hlýtur að stafa frá því eldgosí, sem eyddi mannabyggð á þessum bæjum. Milli hvíta lagsins og fjösgólfsins kom hins vegar í ljós moldarlag, sem sýndi [...] að hvíta lagið hafði fallið á hús þetta, þegar það var orðið að tóftum, sem lengi höfðu staðið opnar, fyllt meira og minna af moldarfoki og sjálfsagt verið uppgrónar (3. mynd). Fannst okkur ekki ósennilega áætlað, að 50 ár hefðu liðið frá því að húsið var yfirgefið og þar til hvíta lagið féll, en þetta er þó vitaskuld ágizkun. [...] Þessi niðurstaða, sem í fljótu bragði virtist blasa við í fjóstóftinni, staðfestist ákjósanlega við rannsókn bæjarins. [...] Samskeyti moldarlags og vikurs virðast sýna ótvírætt, að tóftin hefur verið allmjög ífokin og uppgróin, þegar hvíta vikurlagið féll, þar af hinar ávölu línur moldarlagsins. [...] Í brekkunum neðan við bæinn mótar fyrir túngarði, sem náð hefur þvert milli lækjargilja, um 110 m að lengd [...]. Sýnilegt er að hann hefur verið niðurniddur og ekki gripheldur, þegar askan féll. [...] Sambyggðu mannahúsin eru fjögur, skáli, stofa, búr og kamar. [...] Aðalhúsin, skáli og stofa, standa hvort af annars enda og snúa samhliða brekkurótunum upp frá bænum, eða því sem næst austur og vestur, þó lítið eitt skekkt til SV-NA. [...] Búr og kamar standa þvert á hin húsin að húsabaki, snúa norður og suður. Þannig snýr einnig fjósið. [...] Í kamri var sýnilegt, að hann var byggður ofan á rauðablástursleifum, sem hljóta að hafa verið þar fyrir, en í stofu var annað gólf fyrir neðan stofugólfið, og voru 15—25 sm á milli. [...] Ekki virðist ósennilega til getið, eftir þeim minjum sem fyrir liggja, að á þessum stað hafi upphaflega verið stundaður rauðablástur frá bæjum niðri í sveit, og kynni þá hús þetta að vera kofi sá, sem rauðablástursmennirnir höfðust við í þann tíma, sem þeir voru að starfinu. Síðan hefur einhver tekið sig til og farið að hafa þarna fasta búsetu og stunda reglulegan búskap. Sá hefur þá byggt bæ á sama stað og kofinn hafði áður verið, gólf kofans og ýmsar minjar um rauðablástursiðjuna á staðnum hafa þá orðið undir bænum. Hugsanlegt er einnig, að húskofi þessi sé í rauninni fyrsta húsið sem nýbýlingurinn reisti og bjó í, meðan hann var að koma sér fyrir með að byggja sómasamlegan bæ,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1961.

“Gjáskógar nefnist neðst í hlið Stangarfjalls innan við Stöng. Þar fundust rústir af fornbylí á stað sem liggur um 100 m metrum hærra en bærinn í Stöng eða í um 300 m.y.s. Ekki vissu menn af rúst þarna fyrir en undir lok síðustu aldar. Best er að finna staðinn með því að fara upp með djúpu gili og læk sem fellur í Rauðá. Um 1 km upp með læknum og 300 m vestan við gilið eru rústir af bæ og fjósi ásamt leifum af túngarði. Brynjúlfur taldi líklegt að bærinn hafi verið afbýli frá Stöng. Rústirnar voru grafnar upp á árunum 1949-1952. Voru tóftirnar hálffullar af hvítum vikri, þeim hinum sama og lagt hafði flest fornbylíni í Þjórsárdal í eyði ... Vikurfallið hafði þó ekki eytt öllum bæjunum því sumir virtust hafa verið farnir í eyði áður og í Gjáskógum virðast hafa liðið að lágmarki nokkrir áratugir frá búsetulokum þar til ljósa askan féll. Bærinn hafði legið samsíða brekkurótunum og snúið móti suðri. Hann hafði verið 22 m langur og lengdin skipst í 6 m stofu og tæplega 15 m skála. Aftur frá skálanum gengu búr og kamar. Af þykkt á gólfskán og fleiru varð ráðið að búsetan hefði ekki varað lengi, líklega aðeins 10-25 ár. Túngarðurinn í kringum bæinn var greinilega einnig í niðurníðslu þegar gosið varð,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.



Bæjarrúst ÁR-673:005_02, horft til vesturs.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjaafrejtí, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Bærinn í Gjáskógum er í austurhlíðum Stangarfjalls, um 1 km vestan við Rauðá og um 300 m sunnan við mjög beint og djúpt lækjargil sem liggur niður úr fjallinu og opnast í Rauðárgil þar sem Rauðá tekur á sig krók til vesturs. Gil þetta sést vel af veginum eftir að komið er fram hjá Gjánni og liggur hin varðaða

Sprengisandsleið yfir Rauðá í vestursveigjunni framan við gilkaftinn. Minjarnar eru á svæði sem er 110 x 70 m að stærð og snýr norður-suður.

Túnstæðið er í halla til suðurs og mikið rof er vestan við minjarnar. Bæjarstæðið er efst í brekku í fjallsrótum Fossöldu og eru lækjargil sitthvoru megin, túngarðurinn var á milli þeirra. Lækurinn sem

fellur niður norðan við bæjarstæðið skerst síðan til suðurs þvert fyrir túnstæðið og verður að dýpra gili sem liggur til SSA neðan við bæjarstæðið og opnast í Rauðárgil langt fyrir neðan. Þar eru klettur við gilkaftinn. Fjallshlíðin og melarnir í kring eru hálfgrónir og sjást rofabörð víða. Rofgeiri er þar sem rústirnar eru en bæjarrústin er gróin að framan. Uppgröfturinn sést vel og eru skurðir Kristjáns Eldjárns alldjúpir, allt að 1 m þó þeir hafi auðsæilega fyllst af vikursandi að nokkru leyti.

Fjósrústin er mjög greinileg enda alveg gróðurlaus. Hún er 15,5x5,5 m stór og snýr norður-suður. Veggbrúnir sjást skýrt og á gólfinu er vikursandur. Ein báshella stendur enn austast við suðurvegginn. Árið 1999 fannst brýni á sandinum, 3 m sunnan við suðvestur horn fjóssins.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1897, ATH; Árbók 1954, 16; Árbók 1961, 8-18, 39, 41; ÁFÍ 1996, 103-105; Friðlýsingaskrá, 58

ÁR-673:005_02 bæjarstæði býli

A 465042 N 406808

Bæjarrúst 005_02 er 27x19 m stór og snýr ANA-VSV. Vel sér móta fyrir jarðhúsinu undir stofunni, skálanum, skáladyrum og nyrðra afhýsi, en syðra afhýsið sést tæplega og virðist gólf þess hafa verið mun hærra en skálagólfið.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Fjóstóft ÁR-673:005_01, horft til suðurs.



Túngarður ÁR-673:005_03, horft til VNV.

ÁR-673:005_03 garðlag túngarður

A 465062 N 406756

Túngarður 005_03 er um 50 m sunnan við bæjarstæðið. Könnunarskurður Kristjáns Eldjárns sést enn vel, þvert í gegnum hann. Túngarðurinn er 76 m langur, 0,2-0,3 m á hæð og 2,5 m á breidd. Vesturendinn er rofinn og ekki er hægt að rekja hann lengra. Túngarðurinn er gróinn og sést sem ávalur hryggur. Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands sést sambyggð tóft sem var skráð árið 2008, hún sést ekki á loftmyndum sem teknar voru í þessu verkefni Þjórsárdalur úr lofti né við vettvangsvinnu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs


ÁR-673:006 *Leppar fremri* tóft býli

A 463319 N 406635

1555-87: “Jtem austur frá er Lepparstadar skogur.” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

1709: Á lausum miða með Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II ritað “Leppar, og þar sjest til bæjarstæðis.” og hlýtur það að eiga við annanhvorn staðinn sem nú kallast Leppar.

“[Undir suðvesturhlíð Stangarfjalls eru rústir á 2 stöðum.] Hinar eystri rústirnar eru svo sem hálfum stekkarvegi austar og eru tvær saman, uppi á og utan í sandhrygg, milli gilja tveggja. Stærri rústin er hálf uppi á sandhryggnum, og sjer þar fyrir heilli tótt, sem nú er mjög hrúin niður í sandbrekkuna. Eptir áætlun hefir hún verið 15-18 ál. löng og 5-6 ál. víð. Þar eru og hellur margar; allt annað grjótt er hjer hraungrjót. Það er nokkurnveginn auðsjeð að þessi rúst er af fjósi og hlöðu. Í henni fannst fyrir nokkru fleinn eða nagli, sem nú er í forngripasafninu. Hin rústin er að eins lítil grjótbreiða, niður frá þessari, við gilrásina; hún mun vera af útibúri. Til sjálfrar bæjarrústarinnar sjest ekkert, og mun hún vera sandorpin. Þessi tvö síðasttöldu býli hafa verið afbýli frá Stöng, og þykir líklegt að það sjeu þeir tveir Lóþrælar, sem munnmæli telja með bæjum í Þjórsárdal ...” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal, sbr athugasemdir



Rúst Leppa fremri ÁR-673:006.

hans um nafn staðarins í Árbók 1897. “Eins og ritgiörð min um Þjórsárdal (Arb. fornlfjel. 1884— 85) ber með sjer, er það að eins tilgáta mín að Lóþrælar, sem jeg hafði heyrð nefnda, hafi staðið suðvestanundir Stangarfjalli og verið hjáleigur frá Stöng. Þetta hefir ekki verið rjett til getið. [...] En uppi í Stangarfjalli, uppundan rústum þeim, sem jeg gat til að hefði verið Lóþrælar, eru grasbrekkur sundurskornar af giljum, og heitir þar enn í dag: í Leppum. Áður en jeg sá fornbrjefasafnið, hjelt jeg að þetta örnefni væri myndað af landslagi. En nú er jeg í engum efa um að það er eftirleifar af bæjarnafninu

Lepparsstaðir. Syðri bærinn, er jeg hugði Lóþræl, hefir því án efa heitið Lepparsstaðir. En hvort þeir hafa báðir heitið svo, eða hinn nyrðri (vestri) hefir heitið eitthvað annað, er ekki hægt að segja,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1897.

“31. Rúst í Leppum. Á bröttum vikurhrygg við rætur Stangarfjalls, um 1 1/2 km norður frá Stöng, en sunnan klettamúla, sem gengur fram úr Stangarfjalli, er rúst. Þaðan er spölkorn niður á flatlendi dalsins. Uppi á hryggbrúninni er nokkur hluti rústanna óbrotinn, en meiri hluti hennar virðist vera fallinn fram af brúninni og er mikil dreif af hraungrjóti og hellum niður alla brekkuna. Undir brekkunni er lítill grjótflekkur, sem gæti verið af sérstöku húsi, en eins gæti hann verið runninn þaðan úr aðalrústinni. Mestar líkur eru til, að þetta sé fjárhúsrúst, en þarna hafa orðið svo mikil landspjöll, að vel gæti hafa verið þarna bær, þótt þess sjáist engin merki nú. (Sjá Árb. ‘84-5, nr. 18, lýsingu og uppdrátt. Þar er rústin að lögun sem T, en nú er nyrðri þverálman gjöreidd, fallin ofan fyrir brekkuna.) ,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Neðst í suðvesturhlíðum Stangarfjalls eru rústir þar sem heitir í Leppum. Þær eru á bröttum vikurhrygg um 1,5 km norðan við Stöng. Vel gæti hafa verið þarna bær þótt þess sjáist engin merki nú ,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Um 500 m sunnan við Leppa innri 007, sunnanundir kletthöfða sem gengur til suðvesturs úr Stangarfjalli, rúmlega 1 km norðan við Stöng er rúst uppi á vikurskafli sem er utan í fjallshlíðinni, ofanvið neðsta hjallann í fjallinu. Um 200 m sunnan við er aflangur hóll laus frá fjallinu sem liggur langsum eftir fjallsrótunum. Steinadreif úr rústinni er í brekkunni mót vestri og sést langt að sem dökkt hraunagrýti á ljósum vikursandi ef vel er að gáð frá veginum en lága hóla ber í milli. Fallið friðlýsingarmerki er á staðnum.

Á brún á bröttum vikurskafli neðarlega í fjallshlíð. Rústin er alveg gróðurlaus en fjallshlíðin er víða vel gróin - framan við eru sandaurar í botni Þjórsárdals og eru þeir nú óðum að gróa upp.

Rúst 006 var T-laga en nú er nyrsti armurinn fallinn niður brekkuna. Hún er 24x14 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Syðri armurinn er 13 m langur og 4-5 m breiður, en vestari armurinn er 8 m langur frá mótum húsanna - suðurhlíð hans sést ekki. Húsið hefur verið hlaðið úr hraungrýti en stórar blágrýtishellur eru samanvið í hrunbreiðunni, einkum efst í vestari arminum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 218; Árbók 1884-85, 50-51; Árbók 1897, 20; Árbók 1954, 15-16; ÁFÍ 1996, 102; Friðlýsingaskrá, 58


ÁR-673:007_01 Leppar innri tóft býli

A 463098 N 407085

1555-87: “Jtem austur frá er Lepparstadar skogur.” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

1709: Á lausum miða með jarðabókinni hefur Árni Magnússon ritað “Leppar, og þar sjest til bæjarstæðis.” og hlýtur það að eiga við annanhvorn staðinn sem nú kallast Leppar.

“17. Undir suðvesturhlíð Stangarfjalls eru rústir á 2 stöðum. Hinar vestri eru 3 saman á sljetttri sandfles. Hin helzta þeirra virðist vera bæjarrúst; hún er í einu lagi 14 ál. löng og 4 ál. víð, með dyr á suðvesturhlíðveggnum við vesturhornið. Af



Þekktar fornleifar á Leppum innri ÁR-673:006. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

hinum er ekki annað eptir en grjótbreiður, sem ekki sjest lögun á. Þó er önnur þannig útlits, að líkindi eru til, að hún sé af fjósi og hlöðu; þar eru og hellur stórar, væntanlega báshellurnar. Hin þriðja er lítil og ómerkileg, líklega af útibúri eða þess konar húsi.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal, sbr athugasemdir hans um nafn staðarins í Árbók 1897. “Eins og ritgiörð min „um Þjórsárdal“ (Arb. fornlfjel. 1884—85) ber með sjer, er það að eins tilgáta mín að Lóprælar, sem jeg hafði heyrt nefnda, hafi staðið suðvestanundir Stangarfjalli og verið hjáleigur frá Stöng. Þetta hefir ekki verið rjett til getið. [...] En uppi í Stangarfjalli, uppundan rústum þeim, sem jeg gat til að hefði verið Lóprælar, eru grasbrekkur sundurskornar af giljum, og heitir þar enn í dag: „í Leppum“. Áður en jeg sá fornbrjefasafnið, hjelt jeg að þetta örnefni væri myndað af landslagi. En nú er jeg í engum efa um að það er eftirleifar af bæjarnafninu Lepparsstaðir. Syðri bærinn, er jeg hugði Lópræl, hefir því án efa heitið Lepparsstaðir. En hvort þeir hafa báðir heitið svo, eða hinn nyrðri (vestri) hefir heitið eitthvað annað, er ekki hægt að segja,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1897.

“30. Undir vesturhlíð Stangarfjalls, um það bil 1 1/2 km sunnan við Lambaréttarnef, er rúst lítið eitt hærra en láglendi Þjórsárdals. Hún er í kvos syðst í lítill hæð, sem skorin er frá hlíð Stangarfjalls með grunnu skarði. Frá þessari rúst sést Lepparústin í tæplega eins km fjarlægð og er stefnan rétt innan við Heklu. Til að sjá ber mest á grjótdreif í hvítum vikurbing á norðurbakka lækjarins, sem fellur um kvosina. Önnur grjótdreif er þar litlu ofar, sem virðist vera úr húsi. Aðalrústirnar eru hinum megin lækjarins. Er þar stór grjótflekkur, en leifar einstakra húsa verða ekki aðgreindar. (Sjá Árb. -84-5, nr. 17 og Árb. ‘97 ...),” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1954.

“Undir vesturhlíð Stangarfjalls nálega 1,5 km innan við Lambaréttarnef er rúst, lítið eitt hærra en láglendið í Þjórsárdal. Þar gengur lágreist hæð fram úr Stangarfjalli. eru þarna miklar grjótdreifar en mjög ógreinileg húsaskipan. ... Aðrar rústir eru svo sem hálfum stekkjjarvegi austar og eru tvær saman, uppi á og utan í sandhrygg milli gilja tveggja. Stærri rústin er hálf uppi á sandhryggnum og sér þar fyrir heilli tóft, 12 m langri. Þar eru einnig tóftir af fjósi og hlöðu. Brynjúlfur Jónsson taldi að væru Leppar tveir er staðið hefðu í Þjórsárdal og verið afbýli frá Stöng,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996 [hér eru tveir staðir gerðir úr einum].

“Rústir fornra eyðibýla í Gnúpverjafrjetti, austurhluta Þjórsárdals: Sámsstaða, Skeljastaða, Steinastaða, Stangar. Lepparsstaða tveggja og þar sem heita Gjáskógar. Skjal undirritað af MP 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Rúmlega 1 km norðan við Stöng gengur klettarani niður úr fjallinu og liggur út á jafnsléttuna - bílslóðinn inn í Fossárdal krækir rétt fyrir hann. Norðan við hann rennur lækur sem kemur annarsvegar úr klettagili með hamrabelti sunnanvið beint ofan við og hinsvegar úr gili sem liggur þvert á fjallshlíðina ofan við klettaranann. Rúst sem kalla mætti Innri Leppa er uppi á mel

suðvestan við beygjuna á síðarnefnda læknum. Frá slóðnum sést hvít vikurbreiða í melbrekkunni og steinadreif fast suðaustan við hana og stórir steinar uppi á brúninni. Minjarnar eru á svæði sem 80 x 30 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Uppi á mel undir fjallshlíð. Fjallshlíðin og hólarnir undir henni eru grónir að stórum hluta, en framan við breiðir dalbotninn úr sér og er hann nú að gróa upp.

Rúst 007_01 er allhátt ofan við lækinn í gilinu sem er austan og sunnan við. Hún er 35x6 m að stór, snýr nálega austur-vestur en er aflöguð. Rústin er á stalli austanundir hæsta hjalla melsins. Ekki er annað eftir af henni en hellulögn á berum melnum, sem myndar L eða T. Steinadreif liggur niður af rústarstæðinu til suðurs og norðurs og virðist allt grjótið sem hrúnið hefur niður brekkuna sunnan við vera ættað úr þessu mannvirki. N-S armur tóftarinnar er a.m.k. 15 m langur og 2-3 m breiður, en A-V armurinn er 8 m langur og 2 m breiður. Uppmælingum frá árinu 2008 og lýsingum frá árinu 1999 ber illa saman og ljóst að staðurinn hefur látið mikið á sjá.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 218; Árbók 1884-85, 51; Árbók 1897, 20; Árbók 1954, 15; ÁFÍ 1996, 102; Friðlýsingaskrá, 58

ÁR-673:007_02 heimild um útihús

A 463060 N 407086

Í lýsingu er talað um aðalrústir hinum megin lækjarins. Lækjarbakkarnir vestan og norðan við eru að mestu grónir og sjást þar engar skýrar rústir, hvorki á vallendisblettunum né á melkollum. Grjótdreif er þar á þremur stöðum en ekkert greinilegt rústalag. Svæðið er 32x17 m og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:008 gata leið

A 464937 N 406697


“Tæpan 1 km frá ánni liggja gamlar rekstrargötur yfir gilið og eru rústirnar ofan við göturnar í brekkurótunum...” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Leiðin sést enn sunnan við Gjaskóga 005 og hægt er að rekja hana á loftmynd allt frá vegi inn Fossárdal að Hólaskógi.

Leiðin liggur yfir suðurhluta Stangarfjalls. Svæðið er uppblásið en víða er gróður í hvömmum og lítil lækjargil.


Leiðin sést enn og hægt að rekja á tæplega 3,4 km löngum kafla. Hún er um 0,2 m djúp og 2-3 rásir sjást víða. Hún einna helst kindagötu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 16



Leið ÁR-673:008, horft til austurs.



Rúst ÁR-673:009_01, horft til vesturs.

ÁR-673:009_01 bæjarstæði býli

A 461908 N 404697

Um 530 m vestar en Steinastaðir 003, á mel um 120 m sunnan við veginn inn að Stöng 001 eru rústir eða steindadreifar, ein þeirra hjá uppsprettulind. Komist hefur á kreik að þetta séu Steinastaðir og er mynd birt af þessum stað í ÁFÍ 1996 undir því nafni. Stærsta steinadreifin 009_01 gæti hæglega verið örfoka bæjarrúst. Steinadreifarnar eru augljóslega eru eftir byggingar. Rústasvæðið er 78x20m að stærð, snýr vestur austur og framhliðin virðist hafa snúið til norðurs. Rústaþyrpingin samanstendur af fimm þústum

sem liggja svo til í röð hver upp af annarri.

Á örfoka mel í fjallsrótum. Fjallið ofanvið er gróið mosa en annars er varla stingandi strá í greindinni. Rauða er um 1 km norðanvið og við árfarveginn eru sandarnir byrjaðir að gróa. Lækjargil er um 50 m vestan við vestustu steinadreifina. Búið er

að plægja yfir minjarnar og planta trjám.

Stærsta þústin er næst austast í þessari röð, snýr eins og brekkan og er um 20x15 m að stærð. Á svæðinu er sambland af hellubrotum og vatnsnúnum hnullungum, steinaraðir verða ekki greindar með öryggi. Þetta er eingöngu steinadreif úr aðfluttu grjóti á svæði sem er 18x12m að stærð og snýr austur vestur. Ekki er hægt að greina neinar veggjaleifar eða hólfaskiptingu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:009_02 þúst útihús

A 461886 N 404705

Um 12m vestan við þúst 009_01 og um 8 m norðaustan við þúst 009_03 er þúst 009_02. Þetta er grjótdreif úr aðfluttu grjóti sem er 5x4m að stærð og snýr svo til norður suður. Engar veggjaleifar eða hólfaskipting er sýnileg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:009_03 mannvirki útihús

A 461877 N 404693

Um 20m vestan við þúst 009_01 og um 8m suðvestan við þúst 009_02 er þúst 009_03. Þústin er grjótdreif úr aðfluttu grjóti sem er 8x7m að stærð og snýr svo til NNA og SSV. Ekki er hægt að greina neinar veggjaleifar eða hólfaskiptingu. Lind framan í smáhól er við þústina. Austan við lindina eru einnig nokkrir steinar sem gætu verið ættaðir úr byggingu.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:009_04 þúst útihús

A 461861 N 404696

Rúma 30m vestan við þúst 009_01 og um 6m vestan við þúst 009_03 er þúst 009_04. Þústin er mjög óljós grjótdreif af aðfluttu grjóti sem mætti túlka sem ummerki veggheðslu eða hlið á mannvirki. Þessi hlið er um 11m löng og hefur stefnuna norðaustur-suðvestur. Suðvestast á henni má greina óljóst horn eða beygju til suðausturs. Suðaustar og í flútti við hornið er lítill klettur sem er allur að klofna en hann gæti hafa verið hluti af gagnstæðu horni á mannvirkinu. Að lokum er lítil grjótdreif suðaustan við norðvesturhornið á hliðinni, um 6m norðaustan við klettinn sem minnst var á hér áðan. Þessar mjög svo brotakenndu leifar gætu bent til mannvirkis sem gæti hafa verið um 12x9m að stærð. Kannski einhvers konar gerði. Þústin snýr hún upp í brekkuna, mögulega fjós.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar




Uppmæling af minjum ÁR-673:009.



Þúst ÁR-673:009_04, horft til suðvesturs.

ÁR-673:009_05 þúst útihús

A 461930 N 404688



Þúst ÁR-673:009_05, horft til vesturs.

Þúst 009_05 er 8-9m austan við þúst 009_01. Þústin er grjótdreif úr aðfluttu flögubergi sem er rúmlega 3x3m að stærð en svo er eins og efni úr henni hafi runnið um 6m frá norðvesturhorni hennar til norðurs. Heildarstærð grjótdreifarinnar er því um 9x3m.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

ÁR-673:010 Sandafell heimild um náttstað

A 468889 N 408563

Fyrsti tjaldstaður leitarmanna er spölkorn innan við afréttargirðingu, inni í Sandafelli skv. Göngum og réttum II. “Næst kemur Gamli tjaldstaðurinn í Hólaskógi, í hvammi við lækjarstrænu við rætur Sandafells. Þar lágu fjallmenn oft á inneftir leið,” segir í Árneseingi I. Náttstaðurinn var rúma 2 km norðaustan við Hólaskóg 033, líklega við Sprengisandsleið ÁR-671:002.

Uppblásið svæði. Gróður er við lækjarfarvegi.

Engin ummerki um náttstaðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR II, 44; Árneseingur I, 173

ÁR-673:028 kuml legstaður

A 467382 N 407577

Tvö kuml í Hólaskógi. Í skýrslu um fundinn lýsir Þór Magnússon staðsetningu kumlanna svo að þau séu um 4-5 km innan við rústirnar í Stöng, skammt innan við afréttargirðingu, skammt frá Sprengisandsleið hinni fornu, um 40 metrum suðaustur af annarri vörðu norðan afréttargirðingarinnar. Um 60 m voru á milli kumlanna að sögn Þórs. Nyrðra kumlið er 60 m suðaustan við aðra vörðu á Sprengisandsleið norðan við afréttargirðingu. Þessi staður er um 200 m norðaustur af gistihúsinu Hólaskógi og um 250 m norður af vegi sem liggur að því. Húsið stendur fast undir hlíðinni rétt norðan við Bleikkollugil þar sem vegarlóði liggur upp á Karnesing. “Við vettvangsathugun vorið 2000 fundu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson hrossstennur á þessum stað,” segir í Kumlum og haugfé. Hrosskuml var grafið upp á þessu svæði 2017 af starfsmönnum Minjastofnunar Íslands en niðurstöðurnar hafa ekki verið gefnar út. Tveir uppblásnir hraunhólar. Fast vestan við þá eru graslendisflatir sem ná upp að rótum Stangarfjalls, um 200 m vestur frá kumlunum. Sprengisandsleið ÁR-671:002 liggur um þessar flatir og sjást vörður enn á þessu svæði. Austan við kumlin eru berir sandar allt að Þjórsá og þar er farvegur Rauðár 300-400 m austan við. Þar sem kumlin eru eru allmargir sandhólar með hraungrýtisdreifum en þeir fjara út um 100 m norðan við kumlin og um 300 m sunnan við.

Kumlin fundust 1978 og voru rannsökuð sama ár af Gísla Gestssyni og Þór Magnússyni. Í kumli 1 var beinahrúga af einum manni og hefur kumlið líklega blásið upp áður og beinunum verið safnað í hrúgu. Í kumlinu voru 4 raftölur, 11 glertölur, ryðgaðar trjáleifar og viðarmold á einum stað. Helst virtist að kumlið hefði snúið NA-SV og var það af konu, um 50-60 ára að aldri. Nokkrum m norðvestan við fundust hrossstennur og mjaðmagrindarbein úr hrossi og nokkrir aðfluttir steinar og hefur þar mögulega verið hrosskuml. Kuml 2 var 60 m sunnar en 1. Í því fannst spjótsoddur líkl af G-gerð - frá 10. öld en öll bein voru horfin. Þar sem nyrðra kumlið fannst er nú allstór hól, um 17x10 m að stærð, aflangur frá norðri til suðurs. eru allmargar blágrýtishellur á honum sunnanmegin sem greinilega stendur í sambandi við kumlið. Við suðurendann er einnig hvirfing af hraungrýti, um 2 m í þvermál, afar kumlleg. Árið 2000 lá stórgripsbein á moldinni á norðurenda hólsins. Um 50 m norðar er annar hól með hraungrýtisdreif og þar fundust tvær hrossatennur. Syðra kumlið hefur verið á allstórum hól um 70 m sunna við hitt en þar sjást hvorki hellur né önnur ummerki.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1979, 91-96; KEKH 2000, 84

ÁR-673:029_01 Sandafell tóftir rauðablástur A 469014 N 408946

“Nýlega er líka blásin upp smiðjurúst inn í Sandafelli. Það er engin eiginleg tóft, en sindurhrúga mikil og eldlitaðir steinar í hrúgu, líklega úr affli. Þar hafði og verið kolahola; það eru 4 hellur reistar svo upp, að af því verður ferhyrnd hola. Standa 3 hellurnar, en hin 4 lá fallin; þar í var lítið eitt af kolum,” segir Brynjúlfur Jónsson í athugasemdum um Þjórsárdal.

“34. Sandafell er nefnt í Hrafnkelssögu (Ísl. fornrit XI, bls. 109) og lítur út fyrir, að átt sé við fyrsta bæ í byggð sunnanlands, er farin er Sprengisandsleið til Árnessýslu. Sandafell heitir fjall innan við Þjórsárdal og getur Br. J. þess í Árb. ‘97, að þar hafi fundizr smiðjurúst. Rústin er um 50 m vestan við hinn varðaða Sprengisandsveg, uppi á brúninni á austurbakka Rauðár í neðstu hlíðum Sandafells. Vatnsrásir eru fast við rústina báðum megin og koma saman neðan við hana. Þarna er staðjasteinn með ryðbrák í grjótrúst, sem lítil skilmynd er á. Þessi rúst er í stóru moldarflagi, en um 300 m ofar, og jafnlangt frá götunni sama megin er vikurbingur alþakinn rauðagjalli, svo að tilsýndar lítur hann út sem hraunhóll. Auk þess er þar nokkuð af grjóti, en byggingarlag sést þar ekki á neinu. Eina stórgripstönn fundum við þar. Bæjarrúst sést þarna hvergi, en leifar af örfoka bæ gætu vel falizt í stórri urð, sem er norðan við smiðjurústina. Einnig eru þarna í nánd óblásnar jarðvegstorfur, sem gætu hulið bæjarrúst. Á þessum slóðum er mikið af gömlum kolagröfum. Okkur er sagt, að gjallhrúga sé einnig í gili við Þjórsá austan í Sandafelli eða í Bláskógum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Sandafell er nafn á felli er stendur norðan við Hafð og við vestri sporð Sandafellsbrúar á Þjórsá ofan Búrfells. Vestast með fellinu, þar sem Rauðá kemur fram úr gili og rennur út á Hafð, eru rústir. Er þetta um 50 m frá hinum forna og varðaða Sprengisandsvegi. Þar er talið að bærinn Sandafell hafi staðið er um getur í Hrafnkelssögu Freysgoða þá er Sámur reið til þings. Þar finnst mikið af smiðjusindri en rústir eru ógreinilegar og óljóst er með byggingar,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands. Minjarnar eru á rana suðaustan við Rauðá þar sem hún rennur fram úr gili út á sandflatneskjuna milli Sandafells, Stangarfells og Búrfells. Gjallhaugur 029_01 sést enn en smiðja 029_02 og kolagrafirnar eru horfnar. Staðirnir eru 40-70 m austan við gilbrún Rauðár, á svæði sem er um 215 m langt og snýr norður-suður.

Næst gilbrúninni er stórgrýtisurð, þá kemur blásið belti þar sem rústirnar var að finna, en síðan taka við blásin moldarbörð að hluta gróin fjallshlíð og gætu þar vel leynst fleiri byggingar og kolagrafir. Á vesturbakka Rauðár og upp í heiðina er mói og mýrlendi þar sem nægan rauða er að finna.

Nyrst er stór gjallbingur, um 20x15 m að stærð og 0,1-0,3 m á þykkt. Hann sést vel en gjallið er lítið og rennur frá hólnum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1897, 21-22; Árbók 1954, 16-18; ÁFÍ 1996, 105

ÁR-673:029_02 heimild um smiðju A 468961 N 408739

Um 215 m sunnan við gjall 029_01 er grjótbíngur sem greinilega er leifar af byggingu. Það virðist vera þessi rúst sem birt er mynd af í Árbók 1954. Þessi tóft er einna næst Rauðárgili og er þaðan aðeins um 100 m niður á sléttar sandeyrnar. Ekki sér nú lengur staðjasteinin. Um 20 m neðar er grjóthrúga sem einnig gæti verið byggingaleifar eða grjót sem runnið hefur niður. Þessi lýsing er frá ári 1999 en haustið 2019 fannst ekkert sem bendir til mannvistar á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:032 heimild um kolagröf A 469040 N 408806

“Á þessum slóðum [í nágrenni smiðju við Sandafell] er mikið af gömlum kolagröfum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Benda nöfnin [Hólaskógur og Bláskógur] til þess, að þarna hafi verið skógur til forna; einnig sjást þar gamlar kolagrafir, einkum í Bláskógum,” segir í Göngum og réttum II. Um 115 m norðan við smiðju 029_02 í Sandafelli var greinileg kolagröf árið 1999. Þá var henni lýst svona: „Gröfin er regluleg, um 2 m í þvermál og í henni allt að 15 sm langar greinar.“ Árið 2019 var aftur farið á staðinn og þá var hún horfinn og ekki fundust fleiri kolagrafir á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árb. 1954, 16-17; GR II, 44

ÁR-673:033 Hólaskógur hús sæluhús A 467084 N 407570

“í Hólaskógi [sæluhús], við veginn, innan við Bleikkollugil,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags



Sæluhúsið ÁR-673:033, horft til NNV.

1954. Leitarmannakofi við afréttargirðinguna innan við Stangarfell skv. Göngum og réttum II. “Eftir að afréttargirðingin var gerð 1919 var byggður kofi rétt fyrir innan girðinguna í Hólaskógi árið 1936, heldur rýmri en kofarnir inni á afréttinum. Í fjallsafni var legið á fitinni við Bleikkollugilið,” segir í Árningsi I. “Þar var fyrst byggður afréttarkofi 1936 en 1970 var sett þar niður allstórt hús sem rúmaði alla fjallmennina og hesta eftirsafnsmannanna,” segir í Árningsi VI. Gamla sæluhúsið er um 45m suðvestan við gangnamannahúsið sem var byggt 1970. Það er ennfremur um 125m norðan við tóft 102 og um 2,8km vestan við Sultartangavirkjun.

Sæluhúsið stendur fast sunnan undir klettarana sem er brattur og liggur frá norðaustri til suðvesturs.

Sæluhúsinu hefur verið haldið við og var það

endurreist 1996. Það er 8x6m að stærð og snýr NNV-SSA. Það er hlaðið úr torfi og grjóti og er veggghæð er um 1,4 m en mænishæð mun vera um 2,5 m. Gluggar eru á sitthvorum gaffli upp við mæninn, rúmstæði við norðurgaffl og jata úr tré við austurlanghlið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR II, 44; Árbók 1954, 21; Árningsur I, 173; Árningsur VI, 141

ÁR-673:035_01 tóft býli

A 464666 N 409601

“29. Rúst í Fossárdal, austan ár. Á grýttum moldarrana, er myndast milli lækargils og Fossáreyra, er forn rúst. Nú er bílabraut upp ranann og yfir rústina, enda naumast fært annarsstaðar upp af eyrunum. Sunnan við rana þennan eru eyrarnar breiðar, en snarmjókka hér. Rústin er litlu innar en á móts við tóftirnar vestan ár. Greina má m.a. grjóttvegg a.m.k. 17 m langan og öskuhrúgu hjá, mikið af smiðjugjalli. Ofan og vstan við þetta er önnur öskuhrúga og litlu neðar en aðaltóftin eldstæði með hellum, reistum á rönd og er viðarkolaaska í því. Rústin nær um það bil þvert yfir ranann. 20-30 m ofar gætu verið leifar af örðum húsum, en ekki svo öruggt sé,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Austan Fossár, þvert austur af [Fossárdalsrúst], eru rústir á grýttum moldarrana á milli Fossár og lækjar

sem fellur niður

hlíð Stangarfjalls.

Sunnan við rústirnar

eru eyrarnar breiðar

en snarmjókka þar.

Ekki eru rústirnar

greinilegar en virðast

þó vera af fornbyli,”

segir í Árbók

Ferðafélags Íslands

1996. Rústirnar

eru í vesturhlíðum

Stangarfjalls,

á

lágum rana þar

sem áin kemur úr

gljúfri. Minjarnar

eru á svæði sem er

80 x 40 m að stærð

og snýr norðaustur-


suðvestur. Þær

eru illa farnar af

uppblæstri og

reiðgötur liggja

skammt frá þeim.



Uppmælingar af fornleifum í Fossárdal, austan ár ÁR-673:035. ©Ragnheiður Gló Gylyfadóttir, 2018.

Bílabrautin er horfin og ljóst að breytingar hafa átt sér stað á landslagi, líklega vegna hreyfingar á jarðvegi. Árið 2008 mældu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins tvær grjótdreifar og norðaustar og ofar á hæðinni en þær minjar sem var lýst 1954. Alls eru sex fornleifar á svæðinu.

Minjarnar eru fremst á rana, á uppblásnu svæði. Gróður er einna helst í jörðum ranans.

Rúst 035_01 er sunnarlega á svæðinu og er stærst þeirra minja sem sjást. Hún er lítið annað en grjótdreif, ekki er hægt að greina reglulega vegg eða lag á rústinum. Steinadreifin er 15x4 m að stærð og snýr NNV-SSA.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 14-15; ÁFÍ 1996, 102; <https://www.map.is/minjastofnun/>; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019, 22

ÁR-673:035_02 þúst smiðja

A 464654 N 409596

Minjar 035_02 eru 9 m vestan við rúst 035_01. Í lýsingu frá 1954 segir að þarna sé öskuhruga og mikið af smíðagjalli. Mögulega eru þetta ummerki um smiðju. Enn má sjá gjall á svæðinu. Hrugan er 4x3 m að stærð og snýr nálega norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:035_03 þúst útihús

A 464667 N 409609

Þúst 035_03 er tæpum 2 m NNA við tóft 035_01. Ekki er útilokað að um sama mannvirki sé að ræða. Á svæði sem er 5x3 m að stærð eru ummerki um ösku í jarðvegi.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:035_04 þúst óþekkt

A 464687 N 409628

Árið 2008 mældu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins tvær grjótdreifar 035_04 og 035_05 norðaustar og ofar á hæðinni en minjar sem lýst var 1954. Grjótdreif 04 er sunnar, og er 30 m norðaustan við tóft 035_01. Hún er 4x2 m að stærð og hlutverkið er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:035_05 þúst óþekkt

A 464695 N 409659

Árið 2008 mældu starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins tvær grjótdreifar 035_04 og 035_05 norðaustar og ofar á hæðinni en minjar sem lýst var 1954. Grjótdreif 05 er norðar og er 57 m norðaustan við tóft 035_01. Hún er 6x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:035_06 mannvirki óþekkt

A 464708 N 409644

Á loftmyndum sem tekur voru í verkefninu Þjósárdalur úr lofti fannst grjótdreif 035_06, 16 m norðaustan við grjótdreif 035_04. Grjótdreifin er regluleg og lag hennar bendir til mannvistar en ekki er hægt að segja til um lögun. Grjótdreifin er 12x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:038 *Lambaréttarnef* tóft rétt

A 463176 N 408043

“Framan í Stangarfjalli eru Leppar [006 og 007] vestan við þá gengur klettaneft niður að Fossá, er heitir Lambaréttarnef,” segir í örnefnaskrá. Lambaréttarnef er rúma 950 m norðan við Leppa innri 007, þar sem Fossá sveigir til vesturs. Fjallshlíðin austan við nefið, kallast Leppar. Vað er á bíslóða á ánni á þessu svæði. Uppi á nefninu er hár móbergsstein, réttin er austan við hann.

Uppi á klettaneftinu eru móbergshryggir, melar og svæðið er örfoka. Hér og þar eru lágir klettaásar, bæði úr móbergi og grágrýti. Gróður er í hvömmum, einna helst við læki. Land hækkar til allra átta frá réttinni.


Réttin er byggð austan og norðan við stakstæðan móbergsstein. Hann er 3-4 m á hæð, hliðarnar snarbrattar og fremur sléttar. Réttin er illa varðveitt og mikið röskuð sökum uppblásturs. Hún er grjóthlaðin og neðstu steinarnir sjást enn. Réttin er 8x5 m að stærð, einföld og snýr NNA-SSV. Veggir eru 0,2 m á hæð og op er til suðurs, upp við steininn. Réttin er hlaðin úr móbergi og stórir steinar notaðir neðst í veggjum. Til austurs sést hellugrjót úr grágrýti í veggjum, eitt umfar sést þar að innan.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Ö-Afréttur Gnúpverja, 3



Rétt ÁR-673:038, horft til suðvesturs.



Uppmæling af rétt ÁR-673:038.

ÁR-673:093 Búrfellsvað heimild um vað



Búrfellsvað ÁR-673:093, horft til norðausturs.

A 458613 N 401406
 Vað á Fossá, neðan við Hjálp, fast neðan við gljúfrið. “... [vik] sem er gegnt mynni lækjarins, sem fellur úr Sámsstaðaklifi. Í þessu viki er Búrfellsvað á Fossá.” segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1954. “Var safnið rekið þar fyrrum, og varð þar stöku sinnum þrautarlendingin ef áin var svo mikil, að ófært var að reka yfir hana á Fjallmannavaðinu [094] ... langt fyrir ofan Hjálp,” segir í Göngum og réttum II. Búrfellsvað er 1,3 km norðvestan við Sámsstaði 004 og var ekki fjölfarið. Áin rennur til suðurs úr gljúfri. Vestan hennar er sendið, grýtt hraun sem gróið er mosa á köflum. Til austurs eru áreyrar Þjórsár sem eru grónar allt að Búrfellstöð.

Áin er djúp, um 30 m breið og straupbung á þessu svæði. Hvergi sjást götur liggja að vaðinu enda var sjást á yfirborði.

um þrautavað að ræða. Engin ummerki um vaðið

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR II, 43; Gísli Gestsson.1954, 12.

ÁR-673:094 Fjallmannavað gata vað



Fjallmannavað ÁR-673:094. horft til austurs.

A 460305 N 405215
 Fjallmannavað er á Fossá, “nokkuð langt fyrir ofan Hjálp, þar sem vegurinn liggur inn úr. Kemur Rauðá Fossá rétt neðan við vaðið, smá á, sem rennur um Gjána. Fjallmannavað var aðalvaðið á Fossá þegar safnið var rekið yfir, en þegar ófært er á því er safnið rekið yfir neðan við Hjálp.» segir í Göngum og réttum II. «Lítill grasfit er hér við Fossá, sem Fjallmannafit nefnist, og er vað á ánni við ofanverða fitina.» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1956. Vaðið er enn notað, bílvegur liggur að því beggja vegna Fossár. Vaðið er rúma 1,5 km VNV við mínjar 009, suðvestarlega á tungu milli Fossár til vesturs og Rauðár til suðurs. Fossá er 20-30 m breið og fremur lyng. Mól og sandur er í borni árinna og hún virðist djúp í miðju. Vörður sjást beggja vegna árinna en þær eru ungar.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR II, 43; ÁFÍ 1956, 108

ÁR-673:095 Þjófagil náttúrumin aftökustaður

A 460253 N 397424

“Austan í Búrfelli er er hamragil, sem heitir Þjófagil; er sagt að þar hafi þjófar verið hengdir og kastað síðan í Þjófafoss; það er allfagur foss í Þjórsá hjá hálsinum,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. “Benda örnefni þessi til, að þarna í grennd hafi afbrotamenn dvalið.” segir í Göngum og réttum II. Þjófafoss er í Þjórsá, þar sem áin beygir aftur til norðvesturs fram hjá suðurodda Búrfells. Þjófagil er austan í Búrfelli og sést einna best úr Landveitinni eða ofan af fjallinu sjálfu. Gilið er bratt og hömrum girt. Það er austan í fjallinu og opnast í Bjarnalæk. Þjófafoss er suðvestan við fjallið um 3,5 km frá gilinu sjálfu.

Hættumat: engin hættu**Heimildir:** Árbók 1884-85, 40; GR II, 43**ÁR-673:096** varða óþekkt

A 463680 N 405795

Varða er um 270 m norðaustan við Stöng 001 og rúmum 20 m sunnan við vírgirðingu. Varðan er í suðurhlíðum Stangarfjalls, norðan við gil sem snýr austur-vestur og nær allt að Stöng. Varðan er að öllum líkindum ekki mjög forn en fær að njóta vafan og talin hér til fornleifa. Hlutverk hennar er óþekkt. Varðan er á klapparhól, norðan við gilið. Svæðið er blásið en tré og annar gróður er í gilinu sjálfu.

Varðan er 2x1 m að grunnfleti og 0,4 m á hæð. Fremur er um hrúgu en eiginlega vörðu að ræða. Í vörðunni eru bæði litlir og stórir steinar en ekki hægt að tala um eiginleg umför.

Hættumat: engin hættu

Varða ÁR-673:096, horft til suðvesturs.


ÁR-673:097_01 Gjáin hleðsla sæluhús

A 464150 N 405440

“... lítill kofi í Gjánni, smá helli sskúti, sem hefir verið lagfærður þannig, að settur var í hann dyraumbúningur og hurð. Nú er hætt að nota hann,” segir í Göngum og réttum II.

“[sæluhús] í Gjánni. Það er hellir í stökum kletti. Hefur hellirinn verið útbúinn sem sæluhús með hurð og dyrakömpum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Næsti náttstaður er Gjáin. Þar var oft gist síðustu nóttina í eftirsafni og eftirleit. Hellirinn í Gjánni var með dyraumbúningi,” segir í Árningsi I. “Það hús, eða öllu heldur afdrep, sem fyrst hefur verið notað til skjóls fyrir eftirleitarana, er hellisskúti í Klettinum í Gjánni í Þjórsárdal. Dyraumbúningur var settur í opið og hurð á járnum fyrir svo að þar var gott skjól fyrir mennina, enda var hann notaður fram til 1936 en þá var byggður kofi við afréttargirðinguna í Hólaskógi,” segir í Árningsi VI. Sæluhúsið er tæpum



Uppmæling af fornleifum ÁR-673:097 í Gjánni.

50 m norðastan við rétt 110 og um 680 m austan við Stöng 001. Á svæði sem er 11x5 m stórt og snýr austur-vestur eru tvær minjar, sæluhús 097_01 og rétt 097_02.

Vestast í Gjálni eru klettur, lækir renna bæði sunnan og norðaustan þeirra í Rauða sem er skammt norðar. Milli klettanna er „sprunga“ sem opnaðst til vesturs, minjarnar eru inni í henni.

Sæluhús 097_01 er innst (austast) í sprungunni, í litlum helli. Hellirinn er náttúrulegur en fyrir opinu voru hlaðnir veggir og dyr. Op hellisins er 2 m breitt og veggir eru þar fyrir. Þeir eru 1 m á hæð og má sjá 3-5 umför af grjóti inni í hellinum. Op er á miðjum veggnum, þar voru dyrnar. Allt timbur er horfið úr þeim. Hellirinn opnast til suðurs, inn í sprunguna. Hellirinn er um 4x4 m að stærð og lofthæðin um 1,5-2 m. Hún lækkar fljótt til allra átta inni í hellinum. Líklega voru þrep niður í sæluhúsið/hellinn, gólfíð er um 0,5 m lægra inni en fyrir utan.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR II, 54; Árbók 1954, 21; Árnésingur I, 173; Árnésingur VI, 140



Sæluhús ÁR-673:097_01, horft til norðurs.



Hleðsla ÁR-673:097_02, horft til norðausturs.

ÁR-673:097_02 hleðsla rétt

A 464142 N 405440

Hleðsla lokar sprungunni sem hellir 097_01 er í. Hleðan myndar aðhald eða rétt í klettinum sem er náttúruleg að öllu leyti nema til vesturs, þar er hleðslan. Hún er 4,3 x 1,5 m löng og snýr norður-suður. Hún er lítið annað en einföld röð af stóru grjóti og er 0,3 m á hæð. Klettarnir eru 4-2 m á hæð, brattir og líklega fjárheldir. Op er í norðurenda, við klettana. Lítið hellisgjögur er norðarlaga í sprungunni, fast vestan við sæluhús 097_1. Það er 2 m langt og 0,5 m á hæð en engin hleðsla er þar fyrir.

Hættumat: engin hætta

ÁR-673:098 *Búrfell* þjóðsaga tröll

A 460815 N 399124

Í Landnámu er þess getið að Þjórsdælir vildu grýta Þuríði Arngeirsdóttur í hel fyrir tröllskap. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er minnst á Þuríði og síðar var talið að hún væri tröllskessa sú í Búrfelli við Þjórsá sem systir hennar í Næfurholtsfjöllum bað að lána sér pott: „Einu sinni var maður nokkur á ferð fyrir ofan efstu bæi í Landsveit. Heyrði hann þá að kallað var í Næfurholtsfjalli: «Systir ljáðu mér pott.» Þá var svarað í Búrfelli: «Það er ekki gott, en hvað á að gjöra við hann?» N: «Sjóða í honum mann.» B: «Hver er hann?» N: «Gissur á Botnum, Gissur á Lækjarbotnum.» B: «Ekki færðu hann, hann er kámugur um kjaftinn.» Maðurinn hafði nýlega verið til altaris og því unnu þær systur honum ekki mein.» Tröllskessan Þuríður bjó í Búrfelli og átti systur í Næfurholtsfjalli skv. Íslensku vættatali. Búrfell sést vel af Suðurlandsundirlendi en minna hefur farið fyrir skessunni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍÍF I, 286-87; ÍV, 155; ÞJÁ I, 154; III, 234; IV, 120

ÁR-673:099_01 varða óþekkt

A 463589 N 405387

Tvær vörður eru á klettaranum, norðan við Rauða. Vörðurnar eru um 240 m suðaustan við Stöng 001 og 550 m vestan við sæluhús 097. Vörðurnar eru á svæði sem er 18 m langt en eru að öllum líkindum fremur ungar. Þær fá að njóta vafans og taldar til fornleifa.

Vestan við vörðurnar er birkiskógur. Umhverfis þær er uppblásinn melur.

Varða 099_01 er austar. Hún er illa hlaðin og engu líkara en smásteinum hafi verið hrúgað á jarðlæga klöpp. Varðan er um 1,2 m á hæð og klöppin er um 0,3 m. Varðan er strýtulaga en ekki má sjá greinilegar hleðslur í henni.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Varða ÁR-673:099_01, horft til vesturs.



Varða ÁR-673:099_02, horft til vesturs.

ÁR-673:099_02 varða óþekkt

A 463576 N 405386

Varða 099_02 er 13 m vestar. Hún er minni umfangs en betur hlaðin. Hún er um 1,5x1,5 m að grunnfleti og hlaðin úr smáu grjóti. Hún er 0,75 m á hæð og til norðurs má sjá 4 umför af grjóti.

Hættumat: engin hætta

ÁR-673:100 garðlag áveita

A 461951 N 407119

“Skeiðamannahólmi, fit eða fles innan við Fossá móts við Reykholt; nafnið er frá seinni tímum, og er komið af því, að Skeiðamenn hafa fengið þar náttstað í fjalleitum,” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Skeiðamannahólmi er innst í Þjórsárdal, suðaustan Rauðukamba og vestan Stangarfjalls. Á norðvestanverðum hólmanum er áveita. Áveitan er rúma 1,1 km vestan við Innri-Leppa 007 og rúma 800m sunnan við Bergsstaði ÁR-753:018. Ekki er vitað hvenær áveitan er gerð né hver nýtti hana.

Áveitan er í flötu landi, suðaustan Fossár.

Áveitan er á svæði sem er um 620x250m að stærð og á því eru bæði flóðgarðar og skurðir. Flóðgarðarnir eru um 0,5-1 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð og meðfram þeim eru skurðir. Þeir eru um 1m á breidd og 0,3-0,4 m djúpir. Um 0,5 m breiður bakki er yfirleitt á milli garðlags og skurðar. Ekki er greinilegt hvar vatni var veitt á svæðið. Flóðgarðarnir eru torfhlaðnir og algrónir.

Hættumat: engin hætta



*Áveitumannvirkin sjást sem bláar línur.
©Loftmyndir ehf.*



Flóðgarður er til austurs og skurður til vesturs.



Á þessri mynd sést annar skurður og flóðgarður.

ÁR-673:101 gryfja kolagröf



Syðri kolagröf ÁR-673:101, horft til suðurs.

A 463379 N 405590

“Loks skal þess getið, að skammt frá bæjarrústunum í Stöng eru kolagrafir eigi alllitlar frá síðari öldum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1928. Kolagrafirnar voru í brekkunni, til VSV frá Stöng 001. Svæðið er mikið raskað, m.a. vegna skógræktar og einungis tvær kolagrafir fundust um 80 m VSV við bæ 001. Samkvæmt heimildum var brekkan þakin kolagröfum og ljóst að svæðið er mikið raskað.

Túnbrekkan er mikið röskuð, þar er skógrækt, göngustígar og svæði afmörkuð fyrir ferðamenn. Fyrir sunnan brekkuna rennur Rauðá í gili en vað er á ánni við nýlega göngubrú. Trjám sem plantað var á svæðinu eru að mestu birkitré og víðitegundir. Engu að síður virðast kolagrafirnar hafa raskast mikið. Svæðið við tré henur gróið upp, mosi, lyng og gras er áberandi.


Tvær óljósar kolagrafir sjást um 10 m sunnan við göngustíg sem liggur frá Stöng 001_01 að hestagerði sem er skammt norðvestar. Kolagrafirnar eru í jaðri skógræktarinnar og sjást einna helst sem dældir, ekki má sjá kraga umhverfis þær. Syðri kolagröfin er 2x1 m að stærð og snýr nálega norðvestur-suðaustur. Hún er mosavaxin og 0,2 m á dýpt. Önnur dæld er 2 m norðvestar, líklega kolagröf. Hún er um 1x1 m og er framarlega á brekkubrún.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: ÁFÍ 1928, 16



Rétt ÁR-673:102, horft til norðvesturs.



Uppmæling af rétt ÁR-673:102.

ÁR-673:102 tóft rétt

A 467055 N 407441

Hlaðin rétt er í Hólaskógi, um 130 m sunnan við sæluhús 033 og um 350 m suðvestan við kuml 028. Hennar er ekki getið í heimildum um sæluhúsin í Hólaskógi en tilheyrði að öllum líkindum eldra húsinu sé tekið mið af gerð hennar.

Réttin er innan afgirts beitarhólfs suðaustan við hesthús sem er samtíða yngra sæluhúsinu. Virgirðing þverar op réttarinnar og liggur eftir austurvegg. Til norðurs og vesturs er gróin torfa en uppblásið svæði til suðurs.


Réttin er 10,5x6 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hlaðin úr hraungrýti og girðingastaurar úr timbri eru víða. Veggirnir eru 1 m á breidd og að innan er réttin flöt og svartur vikur yfir öllu. Vesturveggur er hæstur, 0,4 m og þar má greina 2-3 umför af grjóthleðslu. Austurveggurinn er 0,2 m á hæð og þar má sjá 1-2 umför af grjóti. Tóftin er opin til norðvesturs, að gróna svæðinu. Í opinu liggur einn steinn úr stuðlabergi sem án efa er aðfluttur.

Hættumat: engin hætta

ÁR-673:103_01 í Hrossatungum tóft býli

A 463703 N 404851

Gísli Gestsson og Jóhann Briem lýsa minjunum fyrst í grein sinni frá árinu 1954. Þar segir: „Skammt austan við Rjóðrunargil, sem fellur úr suðri í Rauðá gagnvart Stöng, er bæjarrúst [103_01]. Sé götunni fylgt inn frá Rjóðrunargili, er lítill lækur á hægri hönd, sem fossar fram af klettabrún sunnan götunnar. Rústin er austan við þennan læk um 150 m ofan við fossinn. Lítið sér þar fyrir hleðslum, en þar er mikil grjótdreif í flagi. Þarna hafa fundizt ýmsir munir, sem sanna, að þar hefur staðið bær. Ólafur



Uppmæling af minjum í Hrossatungum ÁR-673:103. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

Bergsson á Skriðufelli fann fyrstur rúst þessa fyrir fáum áratugum.“

“Ás? Ofan við Steinastaði sunnan við Gjána eru blásnar rústir af fornbylí á lágum ási,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Miðað við lýsingar er hér átt við þennan stað, í Hrossatungum. Minjarnar eru á austurbakka lækjar, um 250 m sunnan við þar sem hann steypist í litlum fossi niður af brúninni ofan við gömlu Sprengisandsleið ÁR-671:002. Minjasvæðið er 60 x 35 m á stærð og snýr austur-vestur. Aðalrústin 103_01 er uppi á hæð um 50 m austan við lækinn. Þar sjást óljósar steinaraðir og virðist a.m.k. hluti hennar vera á sínum stað. Í brekkunni neðan og vestan við er um 40x30 m stórt sandflag með grjóthrúgum 103_02 og gjallbreiðum 103_03 sem augljóslega eru komnar úr byggingum. Grjótdeif 103_04 er austan við aðalrústina og var mæld upp árið 2008 af Fornleifavend ríkisins.



Bæjarrúst ÁR-673:103_1, horft til VNV.

Hið sama má segja um grjótdreif 103_05. Sumarið 2018 fannst við yfirferð loftmynda og yfirborðslíkana tvöfaldur túngarður 103_6 og 103_7 þar austar. Minjarnar í Hrossatungum eru um 800 m SSA við Stöng 001, friðlýsingarskilti liggur í sandinum við tóftina.

Minjarnar eru á rofbletti en vestan við lækinn og upp af honum til suðurs er landið að stórum hluta gróið og birkihríslur eru þar á stangli.

Aðalrústin 103_01 er uppi á hæð um 50 m austan við lækinn. Þar sjást óljósar steinaraðir og virðist a.m.k. hluti hennar vera á sínum stað. Hún er 16,7x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Rústin er gjörblásin og illa farin af þeim sökum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 18; ÁFÍ 1996, 105

ÁR-673:103_02 mannvirki útihús A 463685 N 404850

Um 7 m vestan við rúst 103_01 er grjótdreif. Hún var mæld upp af Fornleifavend ríkisins árið 2008 og enn má óljóst sjá grjót á svæðinu. Grjótið liggur á yfirborði, á svæði sem er 3x2 m að stærð og snýr austur-vestur. Líklega eru þetta ummerki um byggingu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:103_03 þúst rauðablástur A 463701 N 404841

Um 7 m sunnan við rúst 103_01 er gjall á svæði sem er 3,8x4,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Gjallið sést enn liggjandi í hvítum og svörtum vikri.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:103_04 þúst óþekkt A 463720 N 404852

Grjótdreif er 6 m austan við rúst 103_01. Hún er 5,5x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grjótið liggur í sendnum vikri en lítið er hægt að segja til um hlutverk mannvirkisins sem það kom úr.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:103_05 þúst óþekkt A 463722 N 404845

Grjótdreif er tæpum 2 m sunnan við grjótdreif 103_04. Líklega eru þær úr sama mannirki en tengsl á milli rofin. Af þeim sökum fá þær aðskilin númer. Grjótið er á svæði sem er 8x45 m stórt og snýr austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:103_06 garðlag túngarður A 463716 N 404835

Sumarið 2018 fannst við yfirferð loftmynda og yfirborðslíkana túngarður 103_06 um 16 m austan við tóft 103_01. Hann er um 50 m að lengd og afmarkar austur- og suðausturhluta svæðis umhverfis minjarnar. Á yfirborði sést hryggur þakin gjósku og vikri. Hann er 0,1-0,3 m á hæð, lægri til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Grjótdreif ÁR-673:103_5, horft til suðurs.



Túngarður ÁR-673:103_7, horft til suðvesturs.

ÁR-673:103_07 garðlag túngarður

A 463742 N 404840

Sumarið 2018 fannst við yfirferð loftmynda og yfirborðslíkana túngarður 103_07 um 15 m austan við túngarð 103_06. Tvöfaldur túngarður var því austan við minjarnar og virðast hafa afmarkað túnblett. Þessi túngarður er mun óljósari en sá vestari og er ofan í lægð. Hann sést einna best á yfirborðslíkani og loftmynd. Túngarðurinn er um 30 m að lengd.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-673:104 varða óþekkt

A 463761 N 404927

Varða er uppi á klapparás, rúmum 80 m norðaustan við minjarnar Í Hrossatungum 103 og rúmum 120 m suðaustan við vörðu 105. Varðan er lítið annað en hrúga og sést ekki fyrr en upp á ásin er komið. Til norðurs er bratt klettabelti og viðsýnt í þá átt. Um 3-5 m eru niður frá vörðunni. Til annarra átta er grýtur og ber melur.

Varðan er 2x2 m að stærð og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr grjóti úr ásnum og finnst víða laust á yfirborði. Varðan er lítið sem ekkert gróin og 2-3 umför af grjóti sjást í henni. Líklega er varðan ekki mjög forn

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-673:104, horft til vesturs.



Varða ÁR-673:105, horft til VSV.

ÁR-673:105 varða óþekkt

A 463640 N 404971

Varða er á næsta klapparás, norðan við þann sem varða 104 er á. Varðan sést af láglandi og gæti verið hluti af Sprengisandsleið ÁR-671:002 en þær vörður eru á láglandi, nokkuð norðar. Til þessarar sést þó en hún engu að síður höfð stök. Varðan er um 80 m norðvestan við vörðu 104 og 260 m norðaustan við vörðu 106.

Varðan er á mosavöxnum klapparás. Bratt er til austurs og norðurs frá henni. Um 10-15 m eru niður af ásnum.

Varðan er á klapparhól, norðarlega á stakstæðum ás í brattri brekku sem hallar til norðurs. Mosi er allt umhverfis vörðuna. Varðan er 1x1 m að stærð og 0,2 m á hæð. Það má sjá 2-3 umför af grjóti í henni en varðan er fremur illa hlaðin.

Hættumat: engin hætta

ÁR-673:106 varða óþekkt

A 463408 N 404853

Varða er um 280 m vestan við minjarnar Í Hrossatungum 103 og um 260 m suðvestan við vörðu 105. Þær eru á sömu hæð og gætu hafa verið hluti á Sprengisandsleið ÁR-671:002 en þær vörður eru á láglandi neðan við þessa ás/brekku.

Svæðið er lítið gróið, mosi, sandur og grjót ríkjandi, Varðan er hlaðin á hárra brekkubrún, á klettaási. Hún er fremur lítil, 1x1 m að stærð og 0,4 m á hæð. Það má sjá 4 umför af grjóti í henni til vesturs, að brekkunni.

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-673:106, horft til norðvesturs.

ÁR-673:107 Hólar Þjóðsaga býli

“20. Hólar segja munnmæli að bær hafi heitið í Þjórsárdal, og hafi staðið efst í botni Bolagrófar undir Hólaklifi. Sá staður liggur hærra en önnur bæjarstæði í dalnum. Rústir sjást þar engar, enda er þess ekki von, því nú rennur Rauða einmitt þar sem bærinn ætti að hafa staðið, en hefir áður runnið fram við höfðann ...” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

“Austan Hólaklifs og norðan Rauðár nefnir Br. J. Hólaskóg (Árb. ‘84-5, bls. 41), en það nafn virðist vera mjög á reiki. Á þessum slóðum hafa Hrepphólar löngum átt skógarítak (Fbrs. II, bls. 866). Munnmæli í Eystrihreppi herma, að bær hafi heitið Hólar (Árb. ‘84-5, nr. 20) og staðið undir Hólaklifi. Önnur munnmæli telja, að rúst Hóla sé að finna í ásunum norðan Hellisskógargljúfurs og austan Hólaklifs, en ekki er vitað til, að neinn hafi séð þá rúst,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Ekki reyndist unnt að hnitasetja Hóla enda ekki vitað hvar þessi bær var staðsettur.

Svæðið sem einna helst kemur til greina er sendið og Sprengisandsleið ÁR-671:002 liggur yfir Rauða og upp svokallað Hólaklif. Gróinn hvammur er við ána og hamrar til austurs og suðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1884-85, 52; Árbók 1954, 16

ÁR-673:108 gripir legstaður

A 459990 N 402286

“I ca 55 m afstand ostfor den ostligste hustomt ligger der nogle spredte sten i sandet. Et par smaa hvæssestene, som fandtes der, gor det sandsynligt, at man har her rester af nogle dysser fra den hedenske tid (10. aarh.)” segir í Forntida gárdar i Island.

“38. Dysjar (?) hjá Skeljastöðum. Í Fg, bls. 122, getur Matthías Þórðarson þess, að líkur séu fyrir því, að lausir steinar, sem eru 55 m austur frá rústunum á Skeljastöðum, séu leifar fornra dysja. Þar fann hann tvö brýni. Staðurinn er merktur með X á uppdrætti nr. 181 í Fg,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Um 55 m austan við austustu tóftina á Skeljastöðum, sem upp voru grafnir 1939, fann Matthías Þórðarson tvö brýni í grjótdreif sem lá ofan á vikrinum en hefur sennilega verið kumldys áður fyrr. (Staðurinn er merktur með x á uppdrætti í Forntida gárdar i Island). Sams konar ummerki fundust á vikrinum suður frá kirkjugarðinum á Skeljastöðum. Í þeirri grjótdreif fannst bronslauf, mjóst efst með gati, en breikkar niður eftir. Ef til vill af keðjunælu eins og nælunni frá Vaði í Skriðdal, en víst má það ekki heita. Sennilegt virðist að á báðum þessum stöðum hafi verið kuml í fornöld, þótt nú séu þau eydd af uppblæstri eins og margt annað í Þjórsárdal,” segir í Kumlum og haugfé.

Þessi staður er á ská upp í brekkuna austur frá Skeljastöðum - þar sést nú ekkert grjót.

Algróið og er lúpína yfir öllu svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FGI, 122; Árbók 1954, 20; KEKH 2000, 82

ÁR-673:109 heimild um rauðablástur

„40. Rúst við Stórkonugróf. Stórkonugróf, einnig nefnd Tröllkonugróf [029], er djúpt gil austan við Búrfellshás. Efst við hana að vestan gengur skriða þvert í gegnum skóginn. Svo sem 50 m sunnar er lítið vik upp í skógartorfuna norðvestan grófarinnar. Fram í vikið hefur hrúnið grjót úr torfubakkanum, og sést enn á steina ofarlega í honum. Hér hefur verið einhver bygging, og er þarna nokkuð af rauðagjalli og viðarkolum. Mestar líkur eru til að bygging þessi sé nú öll hrúnið nema hluti af einum vegg, en vera má þó, að nokkuð sé enn eftir af henni undir skógartorfunni. Ef til vill sést fyrir lítilli, tvískiptri tóft uppi í skógartorfunni litlu vestar, en mjög er það óljóst. Nokkrum spöl neðar með grófinni, uppi á örfoka brún hennar, er lítil steinadreif. Virðast sumir steinarnir fluttir þangað af mannavöldum. Páll Stefánsson á Ásólfstöðum fann forna öxi ásamt beinaleifum í moldarbakka austan við Búrfellshás, en nú er ekki vitað nánar, hvar það var. Öxin er nú á Þjóðminjasafninu (Þjms. 10204),” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Skrásetjari gekk eftir Stórkonugróf án þess að verða minjanna var. Þéttur skógur er í grófinni, víða er vikur og mikil hreyfing á jarðvegi. Skriðan sem lýst er hér ofar sést illa og í raun má sjá ummerki um skriður á nokkrum stöðum. Nánari upplýsingar þarf til þess að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 21

ÁR-673:110 hellir fjárskýli

A 464108 N 405415


“Syðst í Gjánni er víður hellisskúti, sem notaður hefur verið til fjárgeymslu, og hafa verið hlaðnir grjótgarðar um hann þveran,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. “Féð var geymt í stóra hellinum og stundum einnig hestarnir. Þar eru tveir grjótgarðar til merkis um þetta. En oft voru hestarnir hafðir lausir og grjóti hlaðið fyrir stíginn neðan í Gjána,” segir í Árningsi I. Hellirinn er vestast í Gjánni, um 40 m suðvestan við sæluhús 097.

Rauðá rennur fyrir norðan hellinn og lækir eru milli hans og minja 097. Einungis er hægt að komast að hellinum að suðaustan og þar er göngustígur. Bratt er til norðurs, frá opinu.

Hellirinn er gríðarstór, lofthæðin er 2-5 m. Gras vex þar inni og óljóst mótar fyrir báli innst. Hellirinn sem og hleðslurnar sjást enn og má skipta honum í þrjú hólf. Hann er 15x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hellisopið er 10 m og snýr til norðausturs, að sjálfri Gjánni. Hólf 1 er í austurhluta hellisins og er L-laga. Það er um 6,3x5 m að stærð og hlaðinn veggur í hellisopinunni afmarkar norðurhliðina.



Hellir ÁR-673:110, horft til suðvesturs.



Uppmæling af rétt ÁR-673:110.

Veggirnir eru aflagðaðir og fallnir til norðurs, inn í hólfíð. Þeir líkjast fremur kanti. Kanturinn er 0,2-,5 m á hæð og afmarkar norðausturhlutann. Ekki hefur verið þak hér yfir. Hólf 2 er norðvestan við hólf 1. Það er 2,5x2,5 m að stærð og opið til suðausturs, yfir í hólf 1. Veggirnir sjást einna best til vesturs, þar eru 3 umföer af grjóti og eru 0,5 m á hæð. Veggirnir eru bogadregnir og op til austurs. Þeir eru 0,3-1 m á hæð og það má sjá 5-7 umföer í þeim. Hólf 3 er sunan við hólf 2, innst í hellinum. Það er 7,3x2,5 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Norðurveggurinn er 2 m á breidd, 0,3-0,8 m á hæð og grjóthlaðinn. Op inn í hólfíð er austurlega á norðurhlið. Veggurinn er hæstur til norðurs, niður brekkuna, og má sjá 2-3 umföer af grjóti. Hleðslan er úr grjóti sem tekið er í hellinum og liggur á milli tveggja kletta. Bogadregin hvelfing er hér yfir.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 21; Árningsi I, 173

ÁR-673:111 Skipgróf Þjóðsaga tröllabústaður

A 458582 N 395429

“Arngeirr hét maðr, er nam Sléttu alla milli Hávararlóns ok Sveinungsvíkr, hans börn váru þau Þorgils ok Oddr ok Þuríðr, er Steinólfr í Þjórsárdal átti. [...] Oddr var síðan illr ok ódæll við að eiga; hann var hamrammr svá mjök at hann gekk heiman ór Hraunhöfn um kveldit, en kom um morguninn eptir í Þjórsárdal til liðs við systur sína, er Þjórsdælir vildu berja grjóti í hel,” segir í Landnámabók.

Í Búrfelli upp af Þjórsárdal heitir Tröllkonugróf; á þar að vera grafin Þuríður Arngeirsdóttir er Landnáma getur um að «Þjórsdælir vildu berja grjóti í hel,» segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar I. «Í suðurenda Búrfells austan við Þjórsárdal er gil stórt eða gróf sem oftast er kölluð Stórkonugróf. Það er sagt að í fornöld hafi þar búið skessa [...]. Nú er það ætlan vitra mann að aldrei hafi tröllkona búið í Þjórsárdal eða Búrfelli, önnur en Þuríður sem Steinólfr í Þjórsárdal átti og Þjórsdælir vildu grýta í hel fyrir «fjölkyngi og trölskap», og hafi þær sagnir myndast út af henni sem til kunna hafa verið um skessuna í Stórkonugróf. [...] Enginn hellir er í eða hjá Stórkonugróf og engin merki til að þar hafi nokkurn tíma verið bygging, enda segja vitrir menn að hið rétta nafn grófarinnar sé skipagróf því þar hafi Hjalti Skeggjason látið smíða skipið sem hann lét gjöra «heima í Þjórsárdal» og flutti ofan Rangá. Þetta mun meðfram vera byggt á því að þaðan er skemmst tildráttar að Rangá og þar á móts við eða litlu sunnar

heita Kjaldragatungur þar sem skipið var sett yfir að Rangá,» segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar III. «Austan til við [Búrfellsháls] er gil eða gróf, sem heitir Skipgróf; þar er sagt að Hjalti Skeggjason ljeti gjöra skip sitt. Líka er hún kölluð Stórkonugróf, og á þar að hafa búið skessa,» segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Grófin er líkt og lýsingar geta sunnan í Búrfelli, tæpum 950 m norðaustan við Þjófafoss. Stikuð gönguleið er fast sunnanvið grófina sem er áberandi.

Grófin er brött og hlíðar hennar þaktar birkitrjám. Inn á milli eru svæði þakin vikri og miki hreyfing er á jarðvegi.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson, 40; ÞJÁ III, 233-234; ÞJÁ I, 154; ÍF I, 285-286

ÁR-673:112 varða óþekkt

A 457936 N 395330



Grjóthlaðin varða er við suðvesturhorn Búrfellsháls. Hún er rúmum 30 m austan við vegslóða, á móts við klapparhaft sem þar er. Varðan er um 650 m vestan við Stórkonugróf 029 og tæpum 300 m norðaustan við Þjófafoss. Vegslóðinn verður lagfærður samhliða brúargerðinni yfir Þjórsá, varðan er tæpum 40 m austan hans.

Varðan er á uppblásnu svæði. Hún er hlaðin á flatri hraunklöpp sem liggur austur-vestur. Sandur og hraun er áberandi við hraunið en Búrfellsskógur er austar, í hlíðum Búrfells.

Varðan er um 0,8 m á hæð og 2 m í þvermál. Hún er strýtulaga og greina má 5 umför af grjóti í henni. Hún er lítt gróin, líkt og nánasta umhverfi hennar. Ekki er vitað um aldur né tilgang vörðunnar.

Hættumat: engin hættu

Varða ÁR-673:112, horft til suðurs.

ÁR-673:113 Skeiðamannahólmi heimild um náttstað

A 462447 N 407046

“Skeiðamannahólmi, fit eða fles innan við Fossá móts við Reykholt; nafnið er frá seinni tímum, og er komið af því, að Skeiðamenn hafa fengið þar náttstað í fjalleitum, því vestan árinna - þar sem þeir hafa nú afrétt - er ekki hagi í nánd,» segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Náttstaður Skeiðamanna á frameftirleið var í Skeiðamannahólma, sem er hólmi í Fossá, neðan við Fossárdalinn segir í bókinni Göngur og réttir. Skeiðamannahólmi er innst í Þjórsárdal, suðaustan Rauðukamba og vestan Stangarfjalls. Líklegast er að þurrt flatlendið á austanverðum hólmanum um 450m austan við áveitu 100 og 600m vestan við Leppa 007 hafi verið notað sem áningarstaður.

Svæðið einkennist af þunnri gróðurhulu, mosagróðri og lágvöxnum víðrunnum.

Engin mannvirki eru á svæðinu.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Árbók 1884-85, 43-44; GR II, 111

ÁR-673:114 heimild um vað

A 465033 N 405942



“Fyrst liggur leiðin [Sprengisandsleið ÁR-671:002] yfir nesið á milli ána [Rauðár og Fossár], sveigir á milli strjálra gíghóla um sæmilega gróið land og síðan yfir Rauðá, og er oft sandbleytuvottur í vaðinu,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1956. Vaðið er rúmum 1 km norðaustan við sæluhús 097 og um 880 m sunnan við Gjaskóga 005. Vegur liggur að því til beggja átta en ekki er hægt að aka hann lengur.

Sendið svæði. Til norðurs er brattur hryggur, Hólaklif, sem var hluti Sprengisandsleiðar. Bolagróf er til norðurs og er djúpt gil. Vaðið er enn notað af reiðfólki. Vaðið er ágætt. Brot er í ánni og nær hún í miðja kálfa, 0,3-0,5, djúp. Áin breiðir úr sér og liggur í sveig áður

Vað ÁR-673:114, horft til ANA.

en hún fellur í Hellisskógagljúfur til austurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÁFÍ 1956, 110

ÁR-673:115 heimild um legstað

“Árið 1864 bárust safninu nokkrir munir úr Þjórsárdal, án þess að fram sé tekið að þeir hafi fundist saman. Finni Magnússyni á að hafa verið send skýrsla um þá, en hún er glötuð að sögn Kálunds. Ekki telur hann þennan fund með kumlfundunum, en svo er þó gert hér eins og endranær þegar tvær kúptar nælur finnast saman. Með þeim er hér einnig talin hringnælan, því að hún er augljóslega forn, en vel gæti hún verið úr öðru kumli en nælurnar, því að hringnælur eru oftast skartgripir karla. [...] 96. Tvær kúptar nælur af gerðinni Rygh 652 og 654, afbrigði Smykker 51c. 97. Hringnæla úr bronsi, glötuð nú nema hluti af þorninum, þ.e. haus hans og lítill hluti af prjóninum, sem hefur að líkindum verið langur og flatur, og hefur gripur þessi sennilega verið mjög líkur Smykker 209, en prjónshausinn á Þjórsárdalsnælunni er óskreyttur,” segir í Kumlum og haugfé.

Ekki e hægt að staðsetja fundarstað þessara gripa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: KEKH 2000, 81


ÁR-673:116 tóft óþekkt

A 459624 N 401963

Bjarni F. Einarsson skráði hugsanlega rúst við deiliskráningu árið 2015. Í skýrslu hans segir: “Um 40 m A af afleggjaranum niður að Búrfellsstöð. Í haga. [...] 6 x 8 m (NV -SA), veggir úr torfi (og grjóti?) um 2 m breiðir og 0,1 - 0,3 m háir. Hin meinta rúst er vel gróin grasi og mosa. Ef um mannvirki sé að ræða breytist allt mat hér að ofan og þá er mannvirkið líklega eldra en 1550.” Tóftin er tæpum 400 m suðvestan við Skeljastaði 002 og tæpum 50 m austan við veg að Búrfellsvirkjun, þar sem hann liggur í sveig áður en gatnamót að Þjóðveldisbænum koma.



Tóft ÁR-673:116, horft til austurs.



Uppmæling af tóft ÁR-673:116.

Gróið svæði sem blásið hefur upp og gróið upp aftur. Mosi og gras eru áberandi.

Tóftin er afar óljós og ólíklegt að um tóft sé að ræða. Fær þó að njóta vafans og talin til fornleifa. Tóftin er L-laga og myndar horn sem er um 9x8 m að stærð. Það mótar fyrir veggjum sem eru 2 m á breidd og 0,2 m á hæð. Ekki er hægt að segja neitt um nánara lag eða aldur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 26

ÁR-673:117 þúst óþekkt

A 463566 N 405029

Árið 2008 skráði Minjastofnun Íslands þúst fast sunnan við veginn inn að Gjánni.

Í brekku sem hallar til suðurs fast austan við Rjóðunargil.

Grjótið liggur á sendnu svæði. Það er á svæði sem er



Þúst ÁR-673:117, horft til vesturs.

4,5x2 m og snýr VNV-ASA. Samskonar grjót er ekki í grenndinni og mögulega um hrunda vörðu við Sprengisandsleið að ræða, hún lá hér rétt norðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

ÁR-673:118 *Tröllkonuhlaup* Þjóðsaga tröll A 462119 N 396617

“Austan við Búrfell rennur Bjarnalækur. Við mynni hans er Tröllkonuhlaup í Þjórsá. [...] Innsti hluti skógarins í Búrfelli heitir Flóki, framan við hann er Tröllkonugróf,” segir í örnefnaskrá. “Í fyrndinni bjuggu tröllkonur tvær, önnur í Bjólfelli, en hin í Búrfelli; þær voru systur og féll vel á með þeim; fór því tröllkonan úr Búrfelli oft að hitta systur sína austur yfir Þjórsá og Rangá austur í Bjólfell og eins má ætla að systir hennar úr Bjólfelli hafi gjört þótt þess sé ekki getið. Búrfell er mjög klettótt og vegghamrar í öllum eggjum þess. Austan undir því miðju hér um bil eru klappir tvær sín hvorumegin Þjórsár ekki allháar og upp úr ánni milli klappanna standa tveir klettur ámóta háir og klappirnar svo að áin fellur þar í þrem kvíslum. Þessar stillur er sagt að tröllkonan úr Búrfelli hafi sett í Þjórsá svo að hún þyrfti ekki að væta sig í fætturna er hún fór að finna systur sína og stokkið þar yfir ána í þremur hlaupum. Heita nú klettur þessir síðan Tröllkonuhlaup,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar.

Tröllkonuhlaup er lágur foss í Þjórsá, austan við Búrfell. Klettur er suðaustan við fossinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Afréttur Gnúpverja, 3; ÞJÁ I, 152

ÁR-673:119 heimild um legstað

“Árið 1928 eignaðist safnið öxi forna sem Matthías Þórðarson segir um í safnaukaskrá: „Fundin ásamt nokkrum beinaleifum austan í Búrfellshálsi, undir moldarbarði. Hefir þar sennilega verið dysjaður maður, enda virðist öxin forn.“ Þetta má telja alveg óyggjandi, því að öxin er hreinræktuð L-gerð, Sverd 43, líklega frá seinni hluta 10. aldar,” segir í Kumlum og haugfé. Ekki er vitað hvar öxin fannst nákvæmlega. Ekki reyndist unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju,

Hættumat: engin hætta

Heimildir: KEKH 2000, 82

ÁR-673:120 heimild um leið

Máldagi frá miðri 16. öld getur skógaritaka í Þjórsárdal. Þar er einnig lýsing á götu við Búrfell sem virðist hafa legið þvert í gegnum skóginn: „Jtem vestan til fyrst í Burfelle er Hurdarbakshris a stadurinn. Þa Eigilstada skogur fyrir ofan gotuna. Þa Grafarskogur a stadurinn, og Hraungerdingar. Þa Gegnishölatorfa hin nedre er köllud. Oddastadarskogur a Burfellshalse. Þa er Þrandvelllingur. Þa Sandvikur skogur. ad Storkonugrof. þesser aller fyrer ofan gotuna. En allt austurfra Storkonugrof og ad Biarnarkæk med torfunne. fyrer austan hann er allt stadarskogur. nema Haursholltstorfa kaullud er hja Þjofagili. En fyrer vestan Storkonugrof. fyrer nordan gotuna er Hroarsholltingur. Þa Tunguskogur. Þa Mostunahöfde. Þa Mjosendisskogur a Gjanum.

Ekki er vitað hvar þessi leið lá nákvæmlega, hún virðist þó hafa legið meðfram öllu Búrfelli. Miklar breytingar urðu í Þjórsárdal með eyðingu skóganna en ekki er ólíklegt að leiðin hafi legið neðarlega í fjallinu. Það eru þó getgátur einar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: DI XIII, 165-167

ÁR-673:121 heimild um tröllabústað

“Óvættur ein bjó við Fossárfoss ofarlega í Þjórsárdal og lifði á silungi sem hún veiddi í fossinum,” segir í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. “Enginn foss er í dag nefndu þessu nafni en Steinþór Gestsson á Hæli telur næsta víst að hér sé átt við foss þann sem í dag er kallaður Háifoss sem er ofarlega í Fossá í Fossárdal,” segir í Landið, fólkið og þjóðtrúin.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÞJÁ I, 176; LFB, 264

ÁR-673:122 varða óþekkt A 459764 N 400987

Bjarni F. Einarsson skráði vörðu árið 2015, “Efst á hraunhól uppi á Sámstaðamúla. [...] Ung varða er um 20 m vestur af rústinni og önnur ung varða er um 20 m SV af þeirri vörðu. Rústin líkist skotbyrgi.” Varða er um 590 m norðaustan við Búrfellsvirkjun (stífluhús), 250m austan við vörðu 123 og rúma

1,3km suðaustan við Hjálparfoss. Bjarni F. Einarsson getur um þessa vörðu í tengslum við minjastað númer 89 í fornleifaskrá vegna stækkunnar Búrfellsvirkjunnar.

Varðan er á gróðurvana og berum klapparhól.

Varðan er kringlótt um 1m í þvermál og 0,7-0,8 m á hæð. Algerlaga ógróin, engin gróðurkragi er umhverfis hana og gæti það mögulega gefið til kynna að varðan sé í yngri kantinum. Það hefur lítið verið lagt í hleðsluna og má ætla að henni hafi frekar bara verið hrúgað upp en það má samt telja 3-4 umför. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 19



Varða ÁR-673:122, horft til austurs.



Varða ÁR-673:123, horft til vesturs.

ÁR-673:123 varða óþekkt

A 459521 N 401004

Bjarni F. Einarsson skráði vörðu: E 459499 N 401009, sk. 5 m, “Á fjalsbrún (Sámsstaðamúla) ofan við bústaði Búrfellsvirkunar (Sámsstaði 1-10). [...] Um 30 m NNA er ung varða og önnur ung varða um 70 m SV af vörðunni sem skráð er.” Varða er um 30m norðan við vörðu 052, tæpa 250m vestan við vörðu 041 og um 480m norð-norðaustan við stífluhús Búrfellsvirkjunnar.

Varðan er fremst á grónum kletti fyrir ofan íbúðarhúsin sem byggð hafa verið fyrir norðan Búrfellsvirkjun. Varðan er 1x1m að stærð og virðist vera svo til ferhyrmd neðst. Henni hefur verið hrúgað upp og er hún um 80cm á hæð og 3-4 umför. Hún er ógróin en smá gróðurkragi er umhverfis hana. Mögulega er ekki langt síðan að grjóti hafi verið bætt við hana.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 20

ÁR-673:124 varða óþekkt

A 460185 N 400949

Bjarni F. Einarsson skráði vörðu (grjóthrúgu) árið 2015, við deiliskráningu. Í skýrslu hans segir: “Um 60 m norður af malavegi, á lágum hól í holti á Sámsstaðamúla. Úr grjóti, um 4 m í þvermál og 0,7 m há. Í vörðunni er stórt grjót og þykkum járnvír í miðju. Þar er hola sem virðist ung.” Þústin er rúmum 710 m vestan við vörðu 125. Litlu er við lýsingu Bjarna að bæta og óvíst hvort þetta eigi að teljast til fornleifa.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 21

ÁR-673:125 varða óþekkt

A 460905 N 401026

Bjarni F. Einarsson skráði vörðu við deiliskráningu árið 2015. Í skýrslu hans segir: “Efst á klapparhól um 60 m norðan við malaveg á Sámsstaðamúla. Úr grjóti, 1,5 - 2 m (ANA - VSV) og 0,6 m há. Nokkuð misstórt grjót er í vörðunni og sumt býsna stórt.” Varðan er um 730 m austan við vörðu 124.

Uppi á Sámsstaðamúla er melur, grýttir hólar, ásar og mosi inn á milli. Vegslóðar liggja víða í tengslum við Búrfellsvirkjun.

Frekar er um hrúgu en vörðu að ræða. Hún er 3x3 m að stærð, stórir steinar eru neðst. Á milli þeirra eru smærri steinar, líkt og eru í “venjulegum” vörðum. Hún er 0,5 m á hæð og það má greina 4-5 umför í henni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 22



Varða ÁR-673:125, horft til norðausturs.



Garðlag ÁR-673:126 liggur þvert yfir miðja myndina.

ÁR-673:126 garðlag óþekkt

A 459443 N 401091

“Ofan við húsinn við Sámstaði 1-10 undir fjallshlíð. [...] Garðurinn liggur frá litlu gili í fjallinu og meðfram því til norðurs því sem næst að öðru litlu gili í fjallinu. [...] Neðan við garðinn á sléttum fleti eru ummerki um mannvirki sem ekki er hægt að henda frekari reiður á. Virðist allt rót þarna vera frekar ungt. Hugsanlega er garðurinn til varnar flóði,” segir í fornleifaskráningarskýrslu eftir Bjarna F. Einarsson. Garðlag er rúma 100m austan við Sámstaði sem er gata norðan við stífluhús Búrfellsvirkjunar og um 100m vestan við vörðu 123. Suðurendi þessa garðlags er um 440m norðan við stífluhús Búrfellsvirkjunnar. Garðlagið er í brekkurótum Sámstaðamúla. Það liggur undir lágu klettabelti sem er austan megin við það og er mikið af kjarrgróðri og lúpínu umhverfis það. Vestan við það er flatt graslendi sem hallar til vesturs niður að íbúðarhúsagötu sem nefnist Sámstaðir.

Garðlagið er um 125m á lengd, það er svo til alveg beint og liggur frá suðri til norðurs. Það er um 3m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Garðlagið er á kafi í gróðri en meðfram báðum hliðum þess mátti sjá stórgrýti en þó var ekki hægt að telja umfö. Á vesturhlið þess og sunnan við miðju var byrjað að hrynja úr því. Ekkert er vitað um hlutverk þess.

Hættumat: hættu, vegna trjáræktar

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 25

ÁR-673:127 varða óþekkt

A 459487 N 400906

Varða er rúma 370m NNA við stífluhús Búrfellsvirkjunnar og um 80m SSV við vörðu 128.

Varðan er fremst á grýttum og mosavöxnum klettaranum.

Varðan er um 1x1m að stærð og um 0,5 m á hæð. Henni hefur verið hrúgað upp og er hún ógróin og er lítill sem engin gróðurkragi umhverfis hana.

Hættumat: engin hættu



Varða ÁR-673:127, horft til vesturs.



Varða ÁR-673:128, horft til vesturs.

ÁR-673:128 varða óþekkt

A 459524 N 400977

“Á fjallsbrún (Sámsstaðamúla) ofan við bústaði Búrfellsvirkunar (Sámsstaði 1-10). [...] Um 30 m NNA er ung varða [053] og önnur ung varða [042] um 70 m SV af vörðunni sem skráð er,” segir í fornleifaskráningarskýrslu Bjarna F. Einarssonar. Minjastaðurinn hefur skráningarnúmerið 90 í umræddri fornleifaskrá. Varða er um 450m NNA við stífluhús Búrfellvirkjunnar og um 30m sunnan við vörðu 123. Varðan er fremst á klettabrún sem er gróinn.

Varðan er 1x1m að stærð og um 0,5 m á hæð. Hún ber þess merki að hafa verið hrúgað upp og er hún hlaðin úr frekar stóru grjóti neðst en smærra grjóti efst. Hún virðist nokkuð sigin en hægt er að telja um 3 umför í henni. Hún er öll gróin skófum og er gróðurkragi umhverfis hana.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 20

ÁR-753 Flóa- og Skeiðamannafréttur

“...afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár og Fossár” (Fjallskilareglugerð, 1.gr.). Úr Fossárdrögum eru austurmörk við Flóamannafrétt lína um Örafahnjúk og þaðan um há-Flóamannaöldu til Arnarfells. Deila var um afréttarmörkin á 19. öld [GR II, 53-54] en mörk voru þinglesin 2.6.1890 á manntalsþingi að Stóranúpi. (GR II, 92-93). Frá upptökum Stóru Laxár eru mörkin bein lína um Rjúpnafell, Rauðkolla og Kisubotna í Blautukvíslarjökul. “Á Flóa- og Skeiðamannafrétt skal reka á þessa staði: Sandvíkurhreppur í Kamb, Hrungerðishreppur á Kiljansfítjar, Villingaholtshreppur innst í Hestfjallaver, Gaulverjabæjarhreppur í Kinnarver, Stokkseyrarhreppur (og Eyrarbakkahreppur) í Kinn, Skeiðahreppur í Fossárdal.” (Fjallskilareglugerð 7.gr.). 1912 var sett upp girðing milli afréttarins og heimalanda í Gnúpverjahreppi og þá um leið fengið nokkuð af heimalöndum þeirra jarða, er næstar voru, bæði til að stækka landið, sem ótti var um að mundi verða of lítið, þegar féð gæti ekki runnið af afréttinum, og ennfremur til þess að fá heppilegra girðingarstaði. Samið var um leigu fyrir land þetta, og er sú leiga greidd árlega síðan. Girðingin er um 28 km á lengd, náði milli Laxár og Fossár.” GR II, 108 Fyrir 1938, þegar girðing var sett upp á merkjunum við Gnúpverjafrétt, voru leitir sameiginlegar fyrir innan Dalsá þannig að Flóa- og Skeiðamenn lögðu 2-3 menn til í leitirnar með Gnúpverjum. (Sá skilningur virðist hafa verið að Gnúpverjafréttur og Hrunamannafréttur lögju saman innan við Dalsá, en þegar farið var að fara í skylduleitir inn fyrir Dalsá hafi Gnúpverjum fundist að Flóa- og Skeiðamenn ættu að smala sinn skerf, og mun landamerkjadeilan hafa snúist um að fá staðfest að þeir síðarnefndu ættu afrétt inn að jökulum og bæri því að leggja mannskap í leitir. Landamerkjadómurinn frá 1890 hefur staðfest þetta en þetta innsta svæði eftir sem áður heyrir undir leitarsvæði Gnúpverja). 3 leitir voru á Flóa- og Skeiðamannafrétt; Skeiðamannaleit austast, Flóa-austurleit (Austurleit) í miðið og Flóavesturleit (Vesturleit) vestast.

“Sama ár 1938 [og Skriðufell er selt Skógrækt ríkisins] eru höfð makaskipti milli Skógræktar ríkisins og hreppsnefnda Skeiðahrepps, Villingaholtshrepps, Hraungerðishrepps, Gaulverjabæjarhrepps, Sandvíkurhrepps, Stokkseyrarhrepps og Eyrarbakkahrepps, um að:

1. Hreppsnefndir ofanefndra hreppa selja og afsala Skógrækt ríkisins afréttarlönd sín í Þjórsárdal innan eftirfarandi takmarka: Allt land austan girðingar þeirrar sem liggur úr kletti við Sandá, norðan Háholtsskógar, norður fyrir Reykholt, austan Rauðukamba, inn með Fossá, að Háafossi, fyrir það land sem um getur í 2. grein.
2. Skógrækt ríkisins selur og afsalar ofangreindum hreppsnefndum allar heiðar og öll lönd Skriðufells í Gnúpverjahreppi, ofan og vestan fyrrnefndrar girðingar og girðingarinnar fyrir Flóa- og Skeiðamannafrétti fyrir það land sem um getur í 1. grein,” segir í örnefnaskrá Skriðufells BG, 5.

ÁR-753:002 heimild um náttstað

Fyrsti tjaldstaður Austurleitar var nálægt Skriðufelli í Þjórsárdal en þó ekki á sama stað og tjaldstaður Skeiðamanna [ÁR-263:051] skv. Göngum og réttum II. Ekki er vitað hvar þessi tjaldastaður var nákvæmlega og ekki reyndist unnt að staðsetja hann með innan með 50 m skekkju.

Þessi tjaldstaður var færður innar á afréttinn þegar fjallgirðingin var sett upp 1912 skv. Göngum og réttum II.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: GR II, 110

ÁR-753:008 undir Kletti heimild um náttstað

A 457606 N 408993


Tjaldstaður Austurleitar á frameftirleið var undir Kletti við Grjótá skv. Göngum og réttum II. Þar er nú sæluhúsið Klettur. Ekki er vitað hvar nákvæmlega var tjaldað, gæti verið víða á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: GR II, 112

ÁR-753:013_01 í Fossárdal tóft fjós

A 464113 N 410043



Uppmælingar af minjum í Fossárdal vestan ár ÁR-753:013. ©Ragnheiður Gló Gyfjadóttir, 2018.

“16. Í Fossárdal framarlega, fyrir vestan ána, þar sem helzt er nokkuð undirlendi, sjest rúst af fjósi og hlöðu á moldarbing við gil eitt. Fjóstóttin er nál. 18 ál. löng og 6 ál. víð, með mörgum báshellum. Stærð hlöðunnar sjest ekki með neinni vissu, en fyrir gaffi fjóssins hefir hún verið. Vestur úr vesturvegg fjóssins sjest brot af þvergarði, sem þó er mjög hruninn í gilið. Um bæjarrústina er annaðhvort, að gilið hefir borið hana alveg burt, eða jörð er gróin yfir hana á einhverjum grasblettum þeim, sem þar eru hjá. Víst þykir

að nafn bæjarins hafi verið Fossárdalur.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

“28. Rústir í Fossárdal, vestan ár. Rústirnar eru í víðum slakka, sem skerst inn í undirhlíðar Fossöldu nokkru neðar en þar sem áin kemur fram úr gljúfrunum. Þær eru við læk, sem fellur úr hamragili í klettabrununum, ofan við líparítskriðu. Í gilinu eru hvassir drangar, sem sjást vel tilskýndar. Br. J. (Árb. ‘84-5, nr. 16) getur aðeins um fjósrúst og birtir uppdrátt af henni. Rústin er á moldarbing á innri lækjarbakkanum og er nú mjög úr lagi færð. Bæjarrústin er 30 m innar við brekkurætur, en þaðan er aflíðandi halli niður að Fossáreyrum. Þessi rúst virðist að mestu óhöggud, enda sennilega nýblásin upp. Hún er a.m.k. 30 m löng. Vestan við lækinn, um 150 m ofar en fjósrústin, eru óljósar byggingaleifar á melbrún, og er mikið grjót hrunið niður í brekkuna. Á vestri lækjarbakkanum, neðan til á móts við

fjósið, er grjótpúst, sem gæti verið leifar af húsi,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Í undirhlíðum Fossöldu, nokkru neðar en Fossá kemur út úr gljúfrunum neðan við Háafoss og þar sem helst er nokkurt undirlendi, sjást rústir fornbylis. Rústirnar eru við læk sem fellur úr hamragili ofan við bleika skriðu. Bæjarrústin er um 30 m löng og litlu framar en líðlega 10 m löng fjóstóft með mörgum báshellum. Stærð hlöðunnar sést ekki með neinni vissu. Brynjúlfur telur víst að nafn bæjarins hafi verið Fossárdalur,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. “Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálfstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897:



Fjós ÁR-753:013_1.

21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Þar sem Fossá kemur úr gljúfrunum og áreyrarnar enda rennur lækur úr breiðu gili í ána að norðan. Þar vestan við eru melhólar og vestan við þá breiðara vik með stærri læk. Sá lækur kemur úr fjallinu úr gili með hrikalegum klettadröngum austan við líparítsskriður í fjallshlíðinni. Bæjarrústir eru á austur bakka þessa lækjar um 150 m upp í vikið frá dalbotninum. Minjarnar eru á svæði sem er 180 x 180 m að stærð. Gísli Gestsson og Jóhann Briem greina frá bæjarrúst 013_02 30 m norðaustan við fjós 013_01. Þeir töldu að hún væri óröskuð og sennilega nýblásin upp. Einnig greina þeir frá annarri rúst 013_03 vestan við lækinn, um 150 m ofar en fjósrústin sem Brynjúlfur gat um. Á vestri lækjarbakkanum, neðan til á móts við fjósið, fundu þeir jafnframt grjótpúst 013_04, sem þeir töldu mögulega leifar af húsi. Árið 2018 fannst við yfirferð yfirborðslíkana veggjabrot 013_06 norðan við grjótdreif 013_05 sem var mæld upp árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins.

Í breiðu lækjargili, grónu að neðanverðu en ofar eru blásnir melhólar. Neðan við eru breiðar áreyrar. Talsvert gróðurlendi er í hólunum suðvestan og norðaustan við.

Fjósrúst 013_01 er 17x13 m stór og gjörblásin. Grjótdreifin er hinsvegar mun stærri eða 25x20 m og ljóst að hún er mjög aflöguð. Tóftin sést sem grjótdreif liggjandi á yfirborði á lágum hól á lækjarbakka. Sunnar er ílangt hól, það er 17x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er til suðausturs, á norðausturlanghlið Annað hól er ofar í brekkuni og snýr norðvestur-suðaustur. Það er 8x4,5 m að stærð og ekkert op sést á yfirborði. Báshellurnar eru allar fallnar í fjósinu og sjást ekki á yfirborði. Hins vegar sést steinadreif fjóssins vel.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1884-85, 51; Árbók 1954, 14; ÁFÍ 1996, 102; Friðlýsingaskrá, 57; Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2019, 24

ÁR-753:013_02 tóft bústaður

A 464154 N 410076

Skálinn er ofar og fjær læknum, um 35 m norðaustan við fjós 013_01. Tóftin er 21x6 m að stærð, gróin á veggjum en vikursandur er á gólfinu. Grjót sést í veggbrúnum og hellur í gólfi. Rústin virðist vera á kafi í vikri og hefur ekki blásið - a.m.k. er engin grjótdreif í kringum hana sem bendir til að hún hafi orðið fyrir rofi. Fyrir vikið ber mun minna á henni en fjósrústinni. Tóftin skiptist í tvö hól og ekkert op sést inn. Vestara hólfid er 5,5x2,5 m og snýr austur-vestur og eystra hólfid er 10x3,5 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Skálarúst ÁR-753:013_2.



Rúst ÁR-753:013_03.

ÁR-753:013_03 þúst útihús

A 463975 N 410110

Uppi á brún vestan við lækinn og heldur hærra í hlíðinni en fjós 013_01, er tóft sem að hluta hefur hrunið niður hlíðina og sést þar mikil grjótdreif í flagi. Grjótdreifin er 13x8 m að stærð en ekki er hægt að greina lag á byggingum í henni. Hún er 140m norðvestan við fjós 013_01.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:013_04 mannvirki útihús

A 464044 N 409954

Á vestri lækjarbakkanum, neðan til á móts við fjósið, er grjótpúst, sem gæti verið leifar af húsi. Dreifin

er um 100 m suðvestan við fjós 013_01 og er 4x2 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:013_05 mannvirki útihús

A 464113 N 410071

Um 30 m vestan við skála 013_02 er lítil grjótdreif sem sennilega er af sérstakri byggingu og fleiri grjótdreifar eru í kring sem mögulegt er að séu mannvirkjaleifar. Þessi dreif var mæld upp árið 2008 af Fornleifavernd ríkisins og sést illa á yfirborði. Árið 2008 var dreifin um 3,7 x 2,1 m að stærð og snéri austur-vestur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:013_06 þúst útihús

A 464121 N 410078

Við greiningu yfirborðslíkana við úrvinnslu verkefnisins Þjórsárdalur úr lofti fannst óljóst veggjabrot norðan við mannvirki 013_05. Veggurinn virðist bogadreginn og fer á milli mannvirkisins og skála 013_02 uns hann fjarar út. Veggurinn er um 30 m langur og liggur niður brekku. Engin ummerki hans sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:014_01 undir Rauðukömbum bæjarstæði býli

A 460463 N 406810



Uppmælingar af minjum í Reykholti ÁR-753:014. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

“15. Undir suðurenda Rauðukamba er bæjarrúst. Sá bær hefir snúið við austlægu suðaustri. Rústin er 36. ál löng- því fyrir bakveggnum sjest öllum, og lítið til gafla, en grjótið úr þeim er þó á dreif, og framveggurinn alveg umrótaður. 12 ál. frá vesturenda bakveggjarins sjest fyrir miðgafla með dyrum á. Nokkru austar er inngangur í tótt, sem er bak til, en stærð hennar sjest eigi gjörla. Óglögg rúst er litlu ofar, er mun vera af fjósi og hlöðu. Þessi bær er ekki nefndur annað en “í Rauðukömbum”, og má vera það sje hið upprunalega nafn hans, því ekki er ólíklegt, að kambirnir hafi verið rauðir frá upphafi vega sinna. - Hverinn er fáa faðma frá rústinni.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

“27. Reykholt (?). Á hólum vestan við Rauðukambahverinn er bæjarrúst, mjög ógreinileg. Nokkru hærra er önnur rúst, sem virðist vera fjós (þar eru stórar hellur, sennilega fallnar báshellur). Á bungunni austan við hverinn er grjótdreif, sem gæti verið leifar af byggingu. Við hverinn sjálfan er aðflutt hellugrjót og hraunsteinar. Niðri á sandinum, um 100 m suður frá bæjarrústinni er óglögg smiðjurúst (þar eru tveir steðjasteinar með járnbrák, gjall og kolaaska).

Sandgræðslugirðingin, sem nú liggur um Þjórsárdal, er milli smiðjunnar og hinna rústanna. (Lýsing ásamt uppdrætti Árb. '84-5, nr. 15.) Í Jb. er Reykholt talið meðal bæja í Þjórsárdal, sömuleiðis eru þar nefndir Lóþrælar. Í Fbrs. II, 865 er talað um Léþræla í reykjaholti, en á hvorugum staðnum er getið um, hve margir þeir séu. Hafi bær í Þjórsárdal verið kenndur við reyk, er varla að efa, að þa sé bær sá, er nú hefur verið frá sagt, þar sem hann stendur fast við hverinn, sem er sá eini á þessu svæði. Að vísu stendur bærinn ekki undir fjalli því, er nú ber þetta nafn, en þó svo nálægt, að ekkert er því til fyrirstöðu, að fjallið dragi nafn af bænum. Lóþrælar (Léþrælar) hafa sennilega verið tveir (eða fleiri) bæir, sem skammt var á milli, eins konar hjáleigur. Í Reykholti eru rústir á tveimur stöðum og er því sennilegt, að það sú Lóþrælarnir (sbr. Árb. '97). Báðar þær rústir eru svo langt frá hvernum, að óhugsandi væri, að bæirnir hafi verið nefndir eftir reyknum, fjarlægðin er margir km, og sést hverinn frá hvorugum staðnum. bæjarstæðin bæði eru við fjallið sunnanvert, en hverinn við norðurenda þess. Umhverfis Reykholt eru blásnir, sléttir melar og er varla mögulegt að bæjarrúst geti leynst þar. Fjallið sjálft er svo bratt, að ekki er líklegt, að bær hafi staðið uppi í hlíðunum, en þar eru víða grastorfur og nokkur jarðvegur. Á korti í Fg. bls. 12, er sýnd bæjarrúst norðvestan við Reykholt, en það hefur ekki við rök að styðjast,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.



Bæjarrúst ÁR-753:014_1.

“Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálfstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

“Reykholt. Undir suðurenda Rauðukamba er mjög ógreinileg bæjarrúst á hólí vestan við Rauðukambahver. Sá bær hefur snúið við austlægu suðaustri og hefur skálinn verið liðlega 20 m langur. Óglögg er litlu ofar er mun vera af fjósi og hlöðu. Brynjúlfur taldi að bærinn hefði heitið í Rauðukömbum en síðari tíma menn telja að hann gæti hafa heitið Reykholt, varla hefði annar bær í Þjórsárdal heitið því nafni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Mínjasvæðið er um 300 x 180 m að stærð og snýr norður-suður. Minjarnar eru sunnan undir holtsenda Reykholt, í afliðandi halla til suðurs. Afréttargirðing er um 50 m sunnan við minjarnar og þar sunnar er landið gróið. Bæjarrústin er uppi á melrana, um 60 m vestan við hverinn sem er um 30 m norðan við sundlaugargirðingu. Í kringum hverinn hefur öllu verið umturnað.

Örfoka melar eru í kring en gróðuræma er meðfram hvernum neðan við bæjarstæðið.

Bæjarrúst 014_01 er 25x10 m stór og snýr nálega norður-suður. Tóftin er mikið aflöguð og grjót dreifst yfir stórt svæði. Þétt steinadreif og sést röð af stóru lábörðu grjóti í vesturvegg norðantil. Samskonar grjót hefur oltið niður brekkuna austanvið. Aðrar steinaraðir sjást einnig og hugsanlegar skiptingar í húsinu. Svólítt jarðvegur virðist vera eftir undir grjótbreiðunni.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Árbók 1884-85, 51; Árbók 1897, 21; Árbók. 1954, 14; ÁFÍ 1996, 101-102; Friðlýsingaskrá, 57



Yfirborðslíkan af fjósi og hlöðu ÁR-753:014_2.

ÁR-753:014_02 tóft fjós

A 460491 N 406858

Fjósið auk hlöðu eru um 20 m norðan við bæ 014_01. Eiginlega er um tvær tóftir að ræða en sökum hefðar eru þær skráðar hér saman. Tóftin er öll um 17x17 m stór og L-laga. Veggir eru að öllum líkindum úr torfi og grjóti, breidd óljós sem og hæð. Virðast vera um 0,1-0,2 m. Fjósið er 16,5x9,5 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Árið 1999 sást flór í henni, 8 m langur, sunnantil. Hann er nú horfinn. Árið 1954 voru báshellur í fjóstóftinni en þær sjást ekki lengur, aðeins ein hella sem gæti verið báshellur er í þessari

rúst. Svo virðist sem útbýgging sé til austurs og sést sá hluti einna best af minjum á öllu svæðinu. Þessi hluti er 8x6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Op er til VNV, inn í fjósið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_03 heimild um útihús

Í grein Gísla Gestssonar og Jóhanns Briem er minjum lýst austan við lækinn, á bungu. Þær minjar sjást ekki lengur en í skráningu Bjarna F. Einarssonar frá 2017 er líkleg staðsetning sýnd á korti. Það hnit er notað hér og líklega voru þær um 70 m suðaustan við bæ 014_01.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_04 heimild um útihús

Í grein Gísla Gestssonar og Jóhanns Briem er getið um aðflutt grjót og hellusteina við hverinn sjálfan. Þær minjar eru horfnar, líklega við jarðrask þegar sundlaugin var reist á áttaunda áratug síðustu aldar. Hnit Bjarna F. Einarssonar er haft hér til hliðsjónar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_05 heimild um smiðju

A 460394 N 406709

Niðri á sandinum, sunnan við afréttargirðingu og um 100 m suður frá bæjarrúst 014_01, var óglögg smiðjurúst árið 1954. Þar voru þá tveir steðjasteinar með járnbrák, gjall og kolaaska. Ekkert sést til smiðjunnar nú né stjanna. Sunnan við girðinguna er landið nú algróið og allar misfellur horfnar. Skýrsluhöfundum er ekki kunnugt um hvort að skipuleg uppgræðsla hafi verið gerð þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_06 heimild

A 460407 N 406742

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er aukalega merkt steinadreif, á milli smiðjunnar og bæjarins. Dreifin var um 30 m norðan við smiðju 014_05 en er nú horfin. Sunnan við girðinguna er landið nú algróið og allar misfellur horfnar. Skýrsluhöfundum er ekki kunnugt um hvort að skipuleg uppgræðsla hafi verið gerð þessu svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_07 garðlag túngarður

A 460503 N 406904

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands er túngarður sýndur um 60 m norðan við bæ 014_01. Túngarðurinn sést enn og grjótið liggur niður brekku til norðausturs. Túngarðurinn er um 50 - 60 m langur og liggur nálega norður-suður, er 1-2 m á breidd og 0,1-0,3 m á hæð. Túngarðurinn virðist ekki aflagður, að ráði en framhald hans til beggja átta sést ekki. Grjótið í norðanverðum garðinum er áberandi stærra en annað grjót í honum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:014_08 heimild

A 460514 N 406954

Í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands sést grjót dreif rúmum 30 m norðan við túngarð 014_07. Hún sést ekki á yfirborði lengur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ÁR-753:015 *Lóþrælar fremri* þúst býli

A 458555 N 404545

1555x87: "Lieþrælar í Reykiahollte og ä stadurinn." segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

"14. Í Reykholti sunnanverðu er fagurt bæjarstæði að landslagi til, ef gróið væri, enda er þar uppi í sandbrekkunni allmikið af hraungrjóti, sem auðsjáanlega er flutt þangað af mönnum og liggur í þeirri breiðu, sem svara mundi bæjarrústi; mun það hafa verið bær, því önnur bygging getur það naumast verið, svo langt frá bæjum, - það er meðal bæjarleið. ... Hjer virðist einnig marka fyrir túngarðsspotta úr smáu hraungrjóti, líkt og glögglega má sjá á Skeljastöðum. Það er ekki ólíklegt, að þessi bær hafi heitið Reykholt, og að bæði holtið og bærinn hafi haft nafn af reyknum úr Rauðukambahver. Solveig Hauksdóttir segist hafa heyrt Reykholt talið með bæjum í Þjórsárdal." segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal.

"25. Lóþræll I (?). Uppi á rananum, sem gengur fram af suðurmúla Reykhólts, er aðflutt grjót við brekkuræturnar, dreift um örfoka melhalla. Engin húsalögun er sýnileg. Raninn er úr móbergi, en þar

liggur allmikið af hraunsteinum, miklu hærra en yfirborð hraunsins í kring. Á Árb. '84-5, nr. 13 getur Br. J. þess til, að þessi bæri hafi heitið Reykholt og hefur hann því oft verið nefndur því nafni síðan, en í Árb. '97 gerir sami höfundur grein fyrir því, að sennilega muni þetta ver Lóþræll,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Lóþrælar (Í Fornbréfasafni er til orðmyndin Léþrælar). Undir austanverðu Reykholti eru rústir á tveimur stöðum með u.þ.b. eins kílómetra millibili. Ekki eru þær greinilegar og erfitt að geta til um húsaskipan en dreif úr hraungrjóti leynir ekki að um talsverðar byggingar hefur verið að ræða. Brynjúlfur taldi að hér væri um tvo bæi að ræða og er í vafa um hvort heitið hafi Reykholt eða Lóþrælar (hvor bær um sig Lóþræll). Fögur eru hér bæjarstæði að landslagi til,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálsstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Lóþrælar fremri eru um 200 m vestan við veginn inn í Reykholtslaug, uppi á rana sem gengur suður úr Reykholti. Sunnantil er raninn berar klappir en milli hans og fjallsins er haft og þar á er steinadreif á um 50x50 m svæði og vörðubrot við.

Örfoka land. Gróinn sandskafl er í hlíðinni um 50 m vestan við steinadreifina en ekkert er þar sem bendir til byggingaleifa.

Allstór steinadreif en ekkert húsalað sést á henni. Sambærilegt grjót er hvergi í nágrenninu. Á lausum miða með jarðabókinni hefur Árni Magnússon ritað skrá um eyðibýli í Þjórsárdal. Þar telur hann “Lóþræla” milli Fagraskógar og Berghálsstaða. Dreifin er þéttust næst brekkunni.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; Árbók 1884-85, 50-51; Árbók 1897, 21; Árbók 1954, 13; ÁFÍ 1996, 101; Friðlýsingaskrá, 57; JÁM II, 218



Lóþrælar fremri ÁR-753:015, horft til VSV.



Lóþrælar innri ÁR-753:016, horft til suðvesturs.

ÁR-753:016 Lóþrælar innri þúst býli

A 459077 N 404825

1555x87: “Lieþrælar í Reykiahollte og á stadurinn.” segir í skógaskrá Skálholtsstaðar.

“... þó hefi jeg, eftir að jeg las þetta, fundið á öðrum stað [en Lóþrælum fremri] fáeina hraunsteina svo hátt frá láglandi, að þeir hafa án efa verið færðir þangað af mönnum, og getur verið, að það sjeu leifarnar af hinum Ljeþrælum. Þær geta líka verið sandorpnar.” segir Brynjúlfur Jónsson í athugasmedum um Þjórsárdal 1897.

“26. Lóþræll II (?). Undir austurhlíð Reykholt, nál 1. km innar en [015], eru nú miklar vikurgryfjur. Ofan og vestan við þær er rúst neðst í brekkunni. Það sem sést af rústinni er blásið, en sennilega er nokkur hluti hennar undir grastó (efri hlutinn). Hér mótar fyrir langvegg samhliða brekkunni. Norðausturendi hans nær fram á lága gilbrún og e.t.v. hefur gilið brotið nokkurn hluta rústarinnar. Mannvirki þetta er mjög óglögg, en þó ekki svo, að um neitt sé villast. Sennilega er það þessi rúst, sem Br. J. talar um í Árb. '97 og telur þá nýfundna, en ekki verður þó sagt um það með fullri vissu, þar sem hann getur þess ekki, hvar í Reykholti rústin sé,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Lóþrælar (Í Fornbréfasafni er til orðmyndin Léþrælar). Undir austanverðu Reykholti eru rústir á tveimur töðum með u.þ.b. eins kílómetra millibili. Ekki eru þær greinilegar og erfitt að geta til um húsaskipan

en dreif úr hraungrjóti leynir ekki að um talsverðar byggingar hefur verið að ræða. Brynjúlfur taldi að hér væri um tvo bæi að ræða og er í vafa um hvort heitið hafi Reykholt eða Lóþrælar (hvor bær um sig Lóþræll).” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálsstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Tæpum 600 m norðaustan við Lóþræla fremri 015 er önnur rúst á stalli í austurhlíð Reykhólts. Stallur þessi er á suðurbrún lækjarfarvegjar sem rennur niður sunnan við þar sem Reykholt skagar lengst út til austurs, um 130 norðan við veginn í Reykholtslaug. Friðlýsingamerki er á staðnum.

Stallur undir brattri brekku. Brekkan ofan við er svartur vikursandur, að mestu gróinn með víðihríslum, en moldarbingurinn er að mestu ógróinn. Neðan við hann er skafli af ljósum vikri en þar neðan við eru gróðurlausir sandar með melgresisbrúskum.

Rústin sést sem steinadreif á moldarbing á stalli í brekkurótum. Bingurinn er um 20 m langur og 6-7 m breiður og liggur samhliða brekkunni, norður-suður. Með góðum vilja má greina steinaraðir í honum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; Árbók 1884-85, 48-54; Árbók 1897, 21; Árbók 1954, 13; ÁFÍ 1996, 101; Friðlýsingaskrá, 57

ÁR-753:017 *Bergálsstaðir* tóft býli

A 460416 N 409094



Bergálsstaðir ÁR-753:017, horft til norðausturs.

1555x87: “Berghälstader og ätte þrandarhollt halfann.” segir í skóagaskrá Skálholtsstaðar.

1709: “Bergálsstader, fimta eyðijörð.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. Á lausan miða með jarðabókinni hefur Árni Magnússon ritað: “Berghálsstaðir, hefur sjest til [bæjarstæðis].” og þar eru einnig taldir “Berghálsstaðir aðrir.”

“13. Bergálsstaðir eru sýndir á grjótmel nokkrum skammt fyrir austan ána, lítið upp á halllendi því, er gengur ofan frá Fossöldu vestanverðri og nú kallast allt saman “í Bergálsstöðum”. Undir rústinni, einkum miðju hennar, er moldarbingur, hefir grjótið að nokkru leyti varnað því, að jarðvegurinn bljesi burt. Utan með er grjótið samt mjög hrútið út af þessum bring, svo lögun og stærð tóttanna sjest ógjörla. Þó má sjá, að bærinn hefir snúið við suðvestri, og virðist

framtóttin allt að því 30 álna löng og 4-5 ál. víð. Bak til sjest, að hús hefir verið. Fjóss eða hlöðu tótt sjest þar hvergi, svo deilt verði. Það er líklegt, að “Beighalsstaðir”, sem Jón prestur Egilsson nefnir, sje sami bær sem Bergálsstaðir.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“17. Bergálsstaðir (Jón Egilsson: Beighalsstaðir (Safn I, 32). Nafnið Berghálsstaðir er notað bæði í Jb. og Fbrs. II, 865). Rústin er ofan við samnefnda grasfit, sem er áningarstaður leitarmanna. Fitin er allstór, hallar til vesturs og sést langt að. Í efri rönd fitjarinnar er stór, stakur steinn, sem mikið ber á, og er rústin um 80 m beint upp frá honum. Rústin er á hallandi grjótmel og ber hátt á henni. Undir litlum hluta hennar er moldarpúst, ekki fullblásin, annars er ekkert að sjá nema grjótdreif á melnum og lítilsháttar beinarusl, m.a. stórgripstennur. Þarna fundum við hnífblað og einn kljásteyn (Þjms.). Jb. nefnir tvöna Berghálsstaði, en getur aðeins um sýnilegar leifar af öðrum bænum. Ekki er nú vitað um aðra bæjarrúst en þessa. Þorst. Erl. gróf hér eitthvað 1895 (RST, bls. 30). Sjá enn fremur Árb. 84-5, nr. 13),” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Bergálsstaðir eða Bergálsstaðir eru á grjótmel nokkrum skammt fyrir austan Bergálsstaðaá. Stóðu þeir ofan við áberandi og hallandi grasfit er gangnamenn hvíldu fyrrum safnið á. Staðurinn er neðst á hallendi því er gengur ofan frá Fossöldu vestanverðri og nú kallast allt saman í Bergálsstöðum. Rústin er um 80 m ofan við stóran áberandi stein efst í fitinni. Rústin er ógreinileg á grjótmel en þó má sjá að bærinn hefur vísað á móti suðvestri. Á síðustu öld fannst sverð á sléttum mel skammt frá rústunum [sbr 023]. Síðar fannst þar hnífblað og fleira smáræði,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafrjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálsstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21.

Skjal undirritað af MB 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá.

Bergálfstaðafit er graslendisfláki í hlíðinni austan við Bergálfstaðaá, ofan við sandöldur sem taka við þar sem sléttum dalbotninum sleppir. Ofan við fitina austantil er stór stakur steinn þar sem gróðurinn ger að þynnast og er rústin um 80 m ofan við hann, norðaustan við fitina. Lækjarfarvegir eru sitt hvoru megin við rústina.

Rústirnar eru á hálfgrónum mel ofan við votlendan gróðurfláka, allhátt í afliðandi brekku.

Á rústinni austantil er gróið moldarbarð en annars er hún blásin og er allbreið flórlögn vestantil og um allt má sjá steinaraðir sem þó mynda ekki skýra húslögun - sennilega eru þarna fleiri en eitt byggingarstig. Þessi steinabreiða er um 15x10 m að stærð. 8 m norðvestan við er 6x4 m steinalögn sem er svo þétt að hún gæti verið flór. Fast norðan við rústina er önnur minni steinadreif sem gæti verið sérstök bygging en gæti líka verið hluti af aðalhúsinu.


Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: DI II, 865-67; JÁM II, 218; Árbók 1884-85, 50; Árbók 1897, 21; Ruins of the Saga Time, 30; Árbók 1954, 10; ÁFÍ 1996, 99; Friðlýsingaskrá, 57

ÁR-753:018_01 Bergsstaðir mannvirki sel

A 461833 N 407869

Bergur Þór Björnsson, heimildamaður, taldi að „nýtt bæjarstæði“ væri undir Rauðukömbum og svipaði til annarra bæjarstæða í Þjórsárdal. Minjarnar eru um 1,7 km norðaustan við Reykholt 014, innar í Fossárdal. Ákveðið var að kenna það við finnandann og nefna það Bergsstaði og auk þess þótti nafnið falla vel að annarri nafngift í Þjórsárdal. Líkt og önnur bæjarstæði í Þjórsárdal er það örfoka.



Uppmælingar af minjum á Bergsstöðum ÁR-753:018. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.

Minjasvæðið er 110 x 30 m á stærð og snýr norður-suður. Fremst (syðst) er grjótdreif 018_01, líklega úr byggingu. Skammt norðar er öskuhaugur 018_02 sem enn er varðveittur að hluta. Þar fundust nokkrir gripir á yfirborði þegar bæjarstæðið var skráð m.a. sylgja, þórshamar, klébergsbrot og heinarbrýni. Annar öskuhaugur 018_03 er á milli grjótdreifar 01 og öskuhaugs 02. Hann er vestan í hryggnum og stór hluti hans er fallinn niður í lækjargilið, í brekkunni má sjá eldsprungna steina og ösku. Enn norðar er gjaldreif 018_04, þar sem finna má bæði smiðju- og smiðagjall. Þar fundust m.a. hlutar úr ofni haustið 2018 og ljóst að járnframleiðsla var á svæðinu. Skammt þar norðan við eru líklega ummerki um vörslugarð 018_05, stórir steinar mynda beina línu til ASA á milli lækjanna og afmörkuðu líklega minjasvæðið á hryggnum.

Minjarnar eru fremst á lágum hrygg, milli tveggja lækja sem renna báðir til suðurs. Hryggurinn liggur til frá lágum klettastapa, austan undir fjalli/ás sem gengur undir nafninu Rauðukambar. Minjarnar eru örfoka og síga niður hliðar hryggsins, annars vegar til austurs og hins vegar vesturs, ofan í báða lækjarfarvegina. Hið mikla magn brenndra beina og ösku í öskuhaug 018_02 bendir til þess að búseta hafi verið á staðnum sem og hluti þeirra gripa sem þar fundust. Frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta hverskyns minjar eru á svæðinu, hvort þær séu samtíða sem og til að áætla umfang þeirra. Sé

tekið mið af gripunum sem fundust í öskuhaug 018_2 eru þessar minjar frá 9. - 10. öld.

Grjótdreif018_01 er syðstminjanna á svæðinu, líklega úr byggingu. Flatir steinar og hellur liggja á yfirborði auk þess sem aðflutt stuðlaberg sést í vesturenda. Einn stuðull liggur austur-vestur í suðvesturhorni og annar er að renna niður brekku til vesturs, að læknum sem þar er. Ljóst er að mannvirkið er illa farið og óljóst hvert hlutverk þess var. Steinadreifin er á svæði sem er 6,2x2,2 m og snýr nálega austur-vestur, þvert á hrygginn.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:018_02 öskuhaugur

A 461838 N 407900

Öskuhaugur 18_02 er tæpum 30 m norðan við grjótdreif 018_01, uppi á hryggnum. Hann er m 2,5 m í þvermál og nánast hringlaga. Til allra átta er öskusmitaður jarðvegur og brennd bein. Alls fundust sex gripir í og við öskuhauginn. Öskuhaugurinn sem enn er varðveittur að hluta er illa blásinn og viðarkol, aska og lítill beind bein liggja á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:018_03 öskuhaugur

A 461834 N 407885

Annar öskuhaugur 18_03 er á milli grjótdreifar 018_01 og syðri öskuhaugs 18_02. Hann er vestan í hryggnum og stór hluti hans er fallinn niður í lækjargilið. Í brekkunni má sjá eldsprungna steina og ösku.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:018_04 mannvirki rauðablástur

A 461828 N 407920

Enn norðar er gjalldreif 018_04, þar sem finna má bæði smiðju- og smíðagjall. Þar fundust m.a. hlutar úr ofni og ljóst að járnframleiðsla/rauðablástur var á svæðinu. Ofnarnir eru rétt sunnan við meintan vörslugarð 018_05, innan þess svæðis sem hann afmarkaði. Gripir fundust suðvestan og suðaustan við hinn meinta ofn og ljóst að jarðvegur rennur frá og úr minjunum ofan í bæði lækjargilin. Járnvinnslusvæðið er um 13x13 m að stærð.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Gjalldreif ÁR-753:018_4 er í brekku. Horft er til norðurs á myndinni.



Óljóst mótar fyrir túngarði ÁR-753:018_5 sem beinni línu fyrir miðri mynd.

ÁR-753:018_05 garðlag vörslugarður

A 461827 N 407937

Skammt norðan við járnvinnslusvæði 18_04 eru óljós ummerki um vörslugarð, stórir steinar mynda beina línu til ASA á milli lækjanna og afmörkuðu líklega minjasvæðið á hryggnum. Hægt er að rekja steinana á tæplega 40 m kaffa í brekku sem hallar til suðausturs niður að læk. Engin mannvist sést „utan“ (norðan) við garðinn.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:019_01 undir Lambhöfða bæjarstæði býli

A 459526 N 408977

“12. Undir Lambhöfða, eða litlu neðar, á vesturbakka Bergálfstaðaár, er brot af bæjarrúst á moldarfles. Gil rennur þar niður um, og hefir grafið burt allan austurhluta rústarinnar, svo þar sjest ekki annað eptir en grjóthrun ofan í gilið. Suðvesturhlutinn - því bærinn hefir snúið við suðaustri - sjest 12 áln. langur

og, að því er sýnist, 6 áln. á vidd; raunar sjást ekki glögg skil á framveggnum því aurrennsli hefir fært grjótið úr stað. Bak til er tótt austur við gilsbarminn, 8 áln. löng og 5 áln. víð; sjest að innangengt hefir verið í hana og dyrnar 1 al. á vidd. Vestan við dyr hennar sjer, í aðaltóttinni, fyrir miðgafli með dyrum á. Í rúst þessari er mikið af smiðjusindur-stykkjum, og eru sum allstór; öll eru þau á aðra hliðina rauðleit, og lík stórgjörvum sandsteini. Jón bóndi Sigurðsson í Skriðufelli fann í einu þeirra lítið járn, sem hann smíðaði úr 3 hestskónagla. Fleira smávegis hefir fundizt þar síðan, og er komið í forngripasafnið. Fyrir austan gilið er sjerstök tótt, tæpar 6 álnir á hvern veg, og er getandi til, að það hafi verið útibúr. Nokkru ofar og austar er fjóstóttin, 14 ál. löng og 6 1/4 ál. víð. Báshellur sjást nokkrar. Í hlöðuna hefir verið gengið úr gafli fjóssins, en stærð hennar sjest ekki með neinni vissu. Um nafn þessa bæjar er ekkert víst. Sje “Lambhöfði” fornt örnefni, getur það vel verið bæjarnafnið; þó kalla sumir hann “Bergálfstaði hina vestri”, en hinir eystri eru þar móts við, fyrir austan ána ...” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.



Uppmæling af minjum undir Lambhöfða ÁR-753:019. ©Loftmyndir ehf.

“Gaarden “Undir Lambhöfða” bestaar ligeledes af tre Ruiner: a) Indhusene til Beboelse i en langagtig Bygning, hvis ostre Ende er bortskyllet af et vandlob. Fra den opryndelige Midte (?) udgaar en Udbygning mod N. Denne er udgravet af Erlingsson, som fandt, at det maatte have været et Bur (mjólbúur, skyrbúur) (5,10 m x 3,02 m). Der fandtes bl. a. tre rundagtige Fordybninger (a, b, c), “formet som en Underkop”, henholdsvis 1,05 m, 0,46 m og 0,16 m i Diameter foroven og fra 0,37 m til 0,46 m dybe i Midten. De var fyldt af en hvidgul Substans, som var klæbrig at fole paa (Ost eller Skyr). I Bunden handtes en flad Sten. Huller var anbragt lanfs Vestsiden af Buret. I disse har antaageligt staaet Træbotter. I to andre Ruiner i Þjórsárdalur fandt Erlingsson lignende Huler (Áslákstunga fremri og Bergólfsstaðir). Ved Ostsiden fandtes en Del Faareknogler. b) Ost for Beboelseshuset ligger Rester af en lille firkantet Tomt (12’ x 12’), der alene viser sig ved et Stenfundament (útbúr?). c) En Kostald (c) (4,8 m x 4,8 m) med Baasesten langs begge langvægge har kunnet have 20 Koer. Indgangsdoren er paa sonde Gavl. Nordre Gavl har ligeledes en Aabning, der forer ud til en større Indhegning (godt 16 m x 13 m) Vest for Stalden. Det har aabenbart været en Hogaard, hvorfra Foderet kunde bringes ind i Stalden gennem Gavlsaabningen.” segir Daniel Bruun 1896.

“16. Undir Lambhöfða eru bæjarrústir í hallanum upp frá Bergálfstaðaá, gegnt þeim stað, þar sem undirlendið endar austan ár. Þær sjást vel tilsýndar að sunnan og autan. Lækur rennur austan við aðalrústina og hefur e.t.v. brotið eitthvað af henni. Rústin er á moldarbing og sér þar lítið fyrir húsalagi. Þar er mikið af kljásteynum og nokkurt beinarusl. Hinum megin við lækinn er fjósrúst nokkuð hærra uppi. Þar standa nokkrar báshellur enn uppi og virðist fjósið hafa rúmað 18 kýr. Fleiri rústir verða ekki greindar með vissu. Ekki er vitað um nafn á þessum bæ. Á kortum herforingjaráðsins er hann nefndur Ás, en það styðst ekki við munnmæli, heldur aðeins ágizkun eftir Holta-Þóris sögu. (Lýsing ásamt



Bæjarrúst ÁR-753:019_1, horft til suðurs.

upprætti Árb. '84-5, nr. 12.) Þorsteinn Erlingsson gróf hér upp leifar af búi (1895), sjá RST, bls. 30 og 59-61 (þrjú upprættir,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Undir Lambhöfða í hallanum upp frá vesturbakka Bergólfsstaðaár (eða Bergálfsstaðaár), gegnt þeim stað er undirlendið endar austan ár, er brot af bæjarrúst á moldarfles. Þær sjást vel tilsynðar að sunnan og austan. Lækur rennur austan við aðalrústina og hefur e.t.v. brotið eitthvað af henni. Rústin er á moldarbing og sér þar lítið fyrir húslagi. Þar er mikið af kljásteynum og eitthvert beinarusl. Hinum megin við lækinn (austan við hann) er fjósrúst, nokkuð hærra uppi. Þar standa nokkrar báshellur og virðist fjósið hafa tekið 18 kým. Bærinn hefur verið nefndur Ás en það styrðst ekki við munnmæli heldur aðeins ágiskun. Brynjúlfur Jónsson hallaðist að því að kalla staðinn Undir Lambhöfða. Þorsteinn Erlingsson gróf í rústirnar 1895 og Daniel Bruun skoðaði þær einnig. Þeir lýstu rústunum og telja að aðeins standi eftir tættur af miðhluta bæjarhúsanna. Að baki stendur búrtóft með för eftir sýrukeröld. Þeir telja að vestan við meginrústina hafi sennilega staðið hús (þá líklega stofa) og að austan nær læknum hafi talsvert brotnað af rústunum. Þar gæti t.d. hafa staðið kamar að baki skálanum með afrennsli í lækinn. Þá hefði húsaskipan verið með sama hætti og í Stöng. Ýmislegt forngrípa hefur fundist þarna og mikið af smiðjusindri,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

“Rústir fornra eyðibýla í Skeiðaafirjetti, miðhluta Þjórsárdals: Fossárdals-rúst; Rauðukamba-rúst. Rústir Lóþræla tveggja, Bergálfsstaða, Sandatungu, og Lambhöfðarúst. Sbr. Árb. 1885: 48-54; Árb. 1897: 21. Skjal undirritað af MÞ 20.06.1927. Þinglýst 07.09.1927,” segir í friðlýsingaskrá. Bæjarstæðið er um 400 m vestan við Bergálfsstaðaá, uppi á hjalla sunnan við suðurhlíðar Lambhöfða. Lækargil er sunnan við rútasvæðið (túnstæðið) og lækjarskorningur rennur um það mitt. Gróðurrama er á hjallabruninni og framan í hjallanum neðan við bæinn og er það eini stóri gróðurbletturinn á þessu svæði.

Bæjarstæðið er alveg blásið og er mold aðeins undir steinum í rústunum. Gróðurteygingar eru meðfram lækjargiljunum en ofan við eru hálfgrónir melásar. Neðan við eru gróðursnauðar áreyrar.

Bæjarrúst 019_01 er á moldarhrauk og sést móta vel fyrir afhýsinu en þar sem skálinn var er aðeins steinadreif. Í henni er talsvert af stórum vatnsnúnum hnullungum eins og í Reykholti 014. Í suðurenda skálatóftar er talsvert af dýrabeinum, gjalli og nokkrir kljásteynar. Grjót úr rústinni hefur fallið niður í lækjarfarveg sem er fast norðan við og hefur hann sennilega skemmt rústina nokkuð. Árið 2018 fundust ekki kljásteynar á yfirborði en hins vegar var gjall á nokkrum stöðum sunnarlega í rústinni. Einnig sáust stöku bein á yfirborði sem og molar af gulu grjóti. Enn er mannvist undir sverði á staðnum en eitthvað gæti hafa runnið ofan í lækinn sem er fast norðan og austan við hinn meinta bæ. Rúsitn og steinadreifin eru 18x18 m stór.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1884-85, 48-54; Árbók 1897, 21; Ruins of the Saga Time; Fortidsminder, 140-144; Árbók 1954, 10; ÁFÍ 1996, 99; Friðlýsingaskrá, 57

ÁR-753:019_02 mannvirki skemma A 459549 N 409000


Á norðurbakka lækjarins er steinadreif sem hlýtur að vera leifar af sérstakri byggingu. Dreifin er 9x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grjótið er afmarkað og aðflutt, slíkt sest eingöngu á hinum meintu bæjarstæðum í Þjórsárdal. Með góðum vilja má sjá beina bakka (austur-vestur) efst í brekkunni og síga þeir til suðausturs. Samkonar grjót og er í bæjarrústinni er á þessum stað. Gísli og Jóhann halda því fram í grein sinni að um útibúr sé að ræða. Steinadreifin er 18 m norðaustan við rúst 019_01.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:019_03 tóft fjós A 459575 N 409039

Fjósrúst er um 35 m norðan við skemmu 018_02 og stendur hún ofar í brekkunni. Hún er líka á moldarhrauk en meira er eftir af henni en bæjarrústinni og má greina vegglinur, flór, bása og báshellur. Hólf 1 er austar, er 15,5 x 6,5 m stórt og snýr norður-suður. Tvær báshellur liggja niðri við vesturvegginn. Tóftin myndar pall sem skagar til suður, fram í brekkuna. Sunnan við fjósið gengur steinadreif til suðvesturs. Steinadreifin er 12,5x5,5 m að stærð og líklega eru þetta ummerki um hlöðu Dyrahella sést vestan til í en lögun grjótsins myndar veggina, stundum má greina tvöfala steinaröð á yfirborði. Um 10 m frá er steinahruga sem gæti verið leifar af litilli byggingu.. Sunnan við hana heldur steinadreifin áfram og beygir til austurs niður brekkuna. Gæti verið einhverskonar garður en er afar óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Grjótdreif ÁR-753:019_2, horft til suðvesturs.



Fjós ÁR-753:019_3, horft til NNA.

ÁR-753:020 heimild

Um miðja veginni milli Lóþræla fremri 015 og innri 016 eru tvær grjótdreifar á nyrðri brún lækjargils sem er syðst í vikinu sem Lóþrælar innri eru nyrst í - þessar grjótdreifar eru ekki síður mannvirkjaleifar en Lóþrælar fremri og mætti kalla þær mið Lóþræla. Minjarnar voru sjáanlegar árið 1999 en engin ummerki þeirra fundust árið 2018. Ekki reyndist hægt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

ÁR-753:024 gripir

1864: “Gamalt SVERÐ. Vigfús [Ófeigsson bóndi á Húsatóptum á Skeiðum] fann það í fjallgöngum haustið 1863 á sléttum mel á víðavangi nálægt Bergólfsstöðum (eyðijörð) í Þjórsárdal, og sást þar engi vottur fyrir mannvirkjum, dysi eða beinaleifum. Sverð þetta var alveg heilt, er það fannst, en oddurinn hefir brotnað af því af slysum. Þó má sjá allt lag þess, er oddurinn er lagður við. Meðalkaflinn er 4 þumlunga langur, og hefir breitt járn eða tångi gengið eftir meðalkaflanum endilaungum, og þar utaná á báða vegu hafa verið negldar kinnar, líkt og á borðkníf, hafa þær verið negldar með þremur einöglum, og standa tveir eptir. Kinnarnar eru að mestu leyti fúnaðar burt. Hnúðurinn aptaná er nokkuð flatur, og breiðari að aptan. Hjöltun eru 5 1/2 þumlungs laung, ferstrend í miðju, en sívöl til beggja enda. Þvers í gegnum hjöltun gengur langur nagli, og er hann spaðalagaður handarbaks megin, þá haldið er um sverðið. Blaðið er eineggjað, 2 þumlungar og 1 lína á breidd við hjöltun, en 28 1/2 þumlungur á lengd. Eptir því endilaungu gegnur hryggur. Sverðið er þunnt og lipurt; það er að mestu beint í bakkann, en þó heldur lítið eitt fatt og sniðiloddað. Brandurinn á sverði þessu er líkur því, er tíðkaðist í heiðni, en hjöltun eru frábrugðin, og eins löguð hjölt sjást á þjóðverskum og frakkneskum sverðamyndum frá 1123-1400. Þegar á lag sverðsins er lítið, er mér næst að halda, að sverðið sé frá því síðast á Sturlungaöld.” segir í skýrslu um Forngripasafnið. “Á sléttum grjótmel skammt frá [Bergólfsstaða] rúst fannst fyrir nokkrum árum sverð; það var heilt, nema kinnar vantar á meðalkaflann og blóðrefillinn var af fallinn af ryði, en lá þó hjá. Finnandinn, Vigfús bóndi Ófeigsson í Framnesi, gaf sverðið Forngripasafni Íslands.” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal. “Á síðustu öld fannst sverð á sléttum mel skammt frá rústunum [017]. Síðar fannst þar hnífblað og fleira smáræði,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Lýsingin á þessum fundi er þannig að ekki verður séð hvar sverðið fannst - enginn skortur er á melum í kringum Bergólfsstaði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skýrsla FÍ I, 83-84; Árbók 1884-85, 50; ÁFÍ 1996, 99

ÁR-753:027 heimild um áfangastað

A 460028 N 408811

“Rústin [017] er ofan við samnefnda grasfit, sem er áningarstaður leitarmanna. Fitin er allstór, hallar til vesturs og sést langt að.” segir í Árbók hins íslenska fornleifafélags.

Bergólfsstaðafit er gróin, deigland og lækur rennur fyrir norðan hana.

Engin ummerki um áfangastaðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árbók 1954, 10

ÁR-753:029_01 varða óþekkt

A 461975 N 407988

Tvær vörður eru uppi á klettahryggjum um 150 m norðaustan (ofan) við Bergsstaði 018. Ekki er vitað hvort að leið lá á þessum slóðum. Hlutverk þeirra er óþekkt.

Grýttir, blásnir klettahryggir í Rauðukömbum. Svæðið er örfoka og víða klettur.

Syðri varðan er hrunin og sést ekki fyrr en að henni er komið. Enn má sjá um 15 steina vaxna skófum og varðan líklega ekki verið umfangsmikil. Hún er um 1,2 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta



Varða ÁR-753:029_1, horft til suðvesturs.



Varða ÁR-753:029_2, horft til suðurs.

ÁR-753:029_02 varða óþekkt

A 462017 N 408156

Nyrðri varðan er um 180 m norðan við vörðu 029_ en ekki er ljóst hvort að þær eru hluti af leið. Varðan er efst á kletthól og sést víða að. Varðan er um 0,8 m há og 1 m í þvermál. Hún mjókkar upp og grjótið er skófum vaxið. Steinarnir eru um 0,1-0,3 m að stærð.

Hættumat: engin hætta

ÁR-753:031 *Hjálparflöt* heimild um náttstað

A 458576 N 401473

“Í eftirsafni var Hjálparflöt oft síðasti náttstaðurinn. Þar voru kindur geymdar í grjótbýrgi undir hamrinum,” segir í Árnésingi I. Hjálparflöt er vestan Fossár og sunnan við Hjálparfoss. Hugsanlega er sama merking sett í grjótbýrgi og skúta í lýsingunni hér að ofan en á Hjálparflöt fundust engar grjóthleðslur né önnur mannvirki sem gætu gefið til kynna aðhald fyrir fé.

Svæðið er á grónum eyrum þar sem Fossá hefur fyrrum flætt yfir. Núna græra þar mikið af lúpínu.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Árnésingur I, 173

ÁR-753:032 heimild um býli

“24. Í júlímánuði 1942 fann Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, bæjarrúst á vesturbakka Fossár, uppi á brúninni norðan við vikið, sem er gegnt mynni lækjarins, sem fellur úr Sámsstaðaklifi. Í þessu viki er Búrfellsvað á Fossá. Rústin er tæpt á brúninni, fáa faðma vestan við kletthöfða, sem gengur í áttina að Fossá. Verið getur, að nokkur hluti rústarinnar sé enn hulinn mold. Hér er aðeins lítilfjörleg grjótdreif, sem engin lögun sést á, steðjasteinn með ryðbrák, brotinn kvarnarsteinn úr sandsteini, gjall og beinarusl. Auk þess fann Hákon hér snældusnúð úr steini og litla járnþúta. Síðar hefur fundizt hér fleira smádót. Smáhlutir þessir eru nú í Þjms. Moldarrennsli eyðir rústinni stöðugt, og vel getur farið svo, að hún hverfi með öllu að fáum árum liðnum,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

«Á vesturbakka Fossár gegnt byggðinni við Búrfellsvirkjun er óljós bæjarrúst sem Hákon Bjarnason fann árið 1942. Nokkuð hefur fundist af smámunum í rústinni en hún hefur eyðst mjög af moldarrennsli hin síðari ár,» segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Staðsetning þessa rústar er óviss en heimildamenn töldu moldarbarð, ofan við Búrfellsvað ÁR-673:093 einna líklegast. Barðið er rúmum 150 m SSA við bílaplan við Hjálparfoss, þar sem klettur liggja til

norðausturs að Þjórsá.

Svæðið er uppblásið og jarðvegur rennur til suðurs, niður í vik. Moldarbarðið er 20x12 m að stærð og snýr norður-suður. Til austurs er það bratt, um 0,8-1 m á hæð en engin mannvist sást í því né í rennslinu til suðurs.

Engin ummerki um mannvist sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 12; ÁFÍ 1996, 99-100

ÁR-753:038 frásögn óþekkt

Að sögn Böðvars Guðmundssonar, heimildamanns, var grjótdreif í sandinum áður en ekið er upp á Sölmundarholt að austanverðu. Ekki er ljóst hvort að um sömu minjar og Þórðarholt 050 og minjar 052 er að ræða. Svæðið sem um ræðir er nærri vegslóða sem þarna en staðurinn fannst ekki við leit. Ekki reyndist unnt að staðsetja minjarnar með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs


ÁR-753:039_01 Sandártunga bæjarstæði býli A 456510 N 399628

Örnefnið Sandártunga kemur fyrst fram í Hungurvöku en þar kemur fram að Skálholtsstaður keypti svæðið milli Sandár og Fossár, á tímum Magnúsar Einarssonar biskups (1132-1148). Ekki er vitað hvort bærinn sjálfur var þá í byggð en það verður að teljast líklegt. Biskupasögur II, 30.

Fyrst er minnst á sjálfan bæinn í Skógaskrá Skálholtsstaðar 1555-1587. Ítarlegri útgáfa skránnar er jafnframt varðveitt frá árinu 1615 og bæjarins einnig getið þar: “Vmm austurskogana j Árnessyslu fyrir vtan Þiotzä og þeirra örnefni nordur fra Sandartungu. Fyrst. hia Sandär Tungu. þar j heima lande er köllud Tunga og Hornn. það huertueggia eru stadar skogar. Jtem hejter þar Oddaskogur. hann er strax vid tvnid ä Sandartungu. og vilja prestar j Odda eigna hann Odda kirkiu. [...] Þetta sem fýr skrifad er vmm firr sagda austurskoga var skrifad [...] eptter tilsogn þeirra fedga Bryniolfs Eyolfssonar Buanda j Sandartungu og Pals Bryniolfssonar Buanda j Sandlækiar hialejgu. [...] Jtem sagdist greindur Bryniolfur Eyolfsson hafa bvid [...] ä Sandartungum allz xvijj är,” DI XIII, 168-169.

1695: 13 hdr 80 ál. Jörðin var þá í eyði síðan 1693. skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.

1686: 13 hdr 40 ál. Skálholtsstólseign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 108.



Uppmælingar af minjum í Sandártungu ÁR-753:039. ©Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2018.



*Bæjarhöllinn í Sandártungu ÁR-753:039_01,
horft til norðausturs.*

1709: “Sandár Tunga, eyðijörð, og hefur þessi jörð í auðn verið síðan Anno 1693, þegar Hekla barann síðast, og eyðilagði þessa jörð með so miklu sandfalli yfir allt hennar land, að ekki var sauðhagi eftir í landinu, því heldur meira. Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundaðist öngvum. Eigandi biskupsstóllinn Skálholt. Landskuld var níutíu álnir í landaurum ut supra. Leigukúgildi v. Leigur í smjöri ut supra. Kvaðir voru allar ut supra á stólsjörðunum. Fóðrast kunni þegar bygt var iiiii kýr, xvi lömb, ii hestar. Ómögulegt sýnist, að þessi jörð kunni aftur að byggjast, því að auk áður nefnds sandfalls og vikurs, sem á hana fjell úr Heklu, þegar hún eyðilagðist, hefur síðan ár eftir ár meir og meir landið upplásið og sandur yfir það fokið, so það er nú alt graslaust að kalla, nema ef vera kunna hæstu sandtorfur, sem þó eru í fjarlægð við bæjarstæðið.” segir í Jarðabók

Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II.

“24. Sandatunga er sýnd fyrir austan Sölmundarholt; þar gengur sandvik mikið upp frá Fossá, milli holtsins og hraunsins. Þar sjást móflögur, og mun þar hafa verið mýrlendi. Þar sem hraunið gengur fram með ánni, fyrir austan vikið, er hátt nef, og á því grastorfa lítil. Sú er nú kölluð “Sandatunga”. Þar eru rústirnar lítið lengra upp frá ánni, í vesturjaðri hraunsins. Þær eru fjórar. Tvær þeirra eru neðan til við hraunjaðarinn-en hann liggur þar frá norðri til suðurs - undir þeim hverri fyrir sig er dálítill moldarbringur; þeir eru svo troðnir og grjóti þaktir, að þeir hafa ekki náð að blása burt, eins og jarðvegurinn í kring. Víða hvar er undirstaða veggjanna hrunin út af bringjunum; samt má ráð af því, er til hennar sjest, að hver rústin fyrir sig sje að eins ein tótt; virðast þær nálega jafnstórar, hjer um bil 14-16 ál. langar og 4 ál. víðar. Hin syðri - því langt bil er á milli þeirra - er aflöng frá austri til vesturs, en hin nyrðri frá norðvestri til suðausturs, þar sjest kafli af suðvesturveggnum. Á hvorugri sjást merki til, hvar dyr hafa verið. Nálægt þessum rústum hafa fundizt sindurstykki. Hinar tvær rústirnar eru hærra upp í hraunjaðrinum, önnur fyrir ofan hina, og mjög skammt á milli; þær eru miklar ummáls og margbrotnar, en svo óglöggar að þeim verður ekki lýst, enda er önnur þeirra að nokkru leyti hulin melgrasi. Ef maður skyldi nokkuð ætla á um rústir þessar, þá lægi nærri að halda , að hjer hafi verið tvíbyli, og að hinar neðri rústirnar sjeu fornar bæjartóttir, áþekkar að stærð og lögun tóttinni í vestri Lóþræl [þ.e. Leppum innri]; en að þeir bæir hafi verið færðir - ef til vill undan sandfoki frá ánni - upp í hraunbrúnina, því hinar óreglulegu rústir, sem þar eru, geta varla verið annað en bæjarrústir frá seinni tímum. Það er líka alsagt, að Sandatunga hafi lengi verið byggð “eptir Rauðukambæld”. Er sá maður nefndur Eiríkur, sem bjó þar síðast, og flutist þaðan að Haga, þegar Sandatunga eyddist. Raunar er ekki annað að ráða af munnmælunum, en að þar hafi verið einbyliEkki sjest til fjósrústa, svo þekktanlegar sje; má vera þær felist í hinum efri rústunum, þó ekki sjáist skil á því ...” segir Brynjúlfur Jónsson í ritgerð sinni um Þjórsárdal 1884-85.

“Sumarið 1949 voru bæjarrústirnar allar grafnar upp, og unnu við það auk mín [Kristján Eldjárns] og Sigurðar Þórarinssonar, Gísli Gestsson og Odd Nordland frá Ósló. Lýsingu Brynjólfs á rústunum virtist okkur ekki gott að samrýma því, sem nú er að sjá á staðnum, og kann það að einhverju leyti að stafa af því, að rústirnar eru nú meira blásnar en þær voru fyrir 65 árum. Bæjarrústir eru aðeins einar í Sandártungu, og mun bærinn alltaf hafa staðið á sama stað. Aðrar rústir eru af peningshúsum, yfirleitt mjög blásnar. Þær eru á 7 stöðum, eins og sjá má á afstöðukortinu, sem Gísli Gestsson gerði af umhverfi bæjarins. Bærinn í Sandártungu hefur staðið á hól, sem enn er hvergi nærri örblásinn, enda að töluverðu leyti grasi gróinn enn. Utan úr honum er mjög fokið og steinar olnir út af á alla vegu; sér utan í hólnum ýmsar mannvistarleifar, tennur, bein, marglita smásteina, og bendir allt þetta á langa byggð. Gjall frá rauðablæstri hefur einnig fundizt. Framhlið bæjarins hefur snúið því sem næst móti hásuðri. [...] Bærinn í Sandártungu er gangabær eins og bærinn í Fornu-Lá, og yfirleitt eru þeir töluvert líkir. Sandártunga er þó enn kytrulegri. [...] Gizka má á, að bær þessi hafi verið byggður um 1650, er hann var enn vel uppistandandi 1693,” segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1949-50.

“23. Sandártunga. (Nafnið er þannig í Jb. Brynjúlfur Jónsson notar nafnið Sandatunga. Í Fbrs. II, 867 koma bæði nöfnin fyrir á sömu blaðsíðu, sitt í hvoru bréfi.) Rústirnar eru við hraunjaðarinn austast

í viki því, sem gengur upp frá Þjórsá næst austan við Sölmundarholt. Mest ber þar á fjórum háum rústabungum, en þar eru leifar af fleiri byggingum. Nánar Árb. '84-5, nr. 24. Rústin var grafinn upp á vegum Þjóðminjasafnsins 1949, og er skýrsla um uppgröftinn, ásamt uppdráttum og ljósmyndum, birt í Árb. 1949-50, bls. 108-118," segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

"Sandártunga var bær sem stóð á hraunsléttunni á milli Fossárósa og Sölmundarholts liðlega 2 km í suðvestur frá Hjálparfossi. Í Sandártungu var búið a.m.k. öðru hvoru allt til þess að Hekla gaus síðdegis 13. febrúar árið 1693. Þá lögðust Ásólfstaðir, Skriðufell og Sandártunga ásamt fleiri bæjum í eyði, flestir þó aðeins tímabundið ... Við rústir Sandártungu er vik í hraunjaðarinn. Undir brún er gengur norður-suður eru fjórar rústir, tvær þeirra neðan til við jaðarinn en hinar tvær eru hærra upp í honum. Neðri rústirnar eru með sama sniði og aðrar fornrústir í dalnum en hinar efri eru með allt öðru lagi og yngri. Rústirnar í Sandártungu voru grafnar upp árið 1949," segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Bæjarstæðið er um 800 m austan við minjar 052 og um 300 m norðan við Þjórsá, um 200 m sunnan við syðstu rafmagnslínuna en hægt er að fylgja línuvegum nálega fast upp að rústunum. Minjarnar eru á svæði sem er 250 x 140 m að stærð og snýr austur-vestur. Þar eru þekktar níu fornleifar.

Bæjarstæðið er efst í viki upp í hraunið og eru sléttir sandar upp að því frá Þjórsá að sunnan. Á sandinum eru þó nokkrir melgresishólar. Austan og norðan við er sandorpið hraun en vestan við er hraunið mun lægra og meiri sandur.

Bæjarhóllinn er í miðju svæðisins. Hann er um 85x50 m stór og snýr austur-vestur. Hóllinn er um 5 m hár að sunnan og má greina tóftir húsanna sem Kristján Eldjárn gróf upp en hóllinn sjálfur er mun stærri og hafa verið önnur hús bæði austan og vestan við. Mikil grænka er í bæjarrústinni en að öðru leiti er hóllinn vaxinn melgresi og víða er sandur.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: JÁM II, 217; Árbók 1884-85, 55-56; Árbók 1949-50, 110-114; Árbók 1954, 12; ÁFÍ 1996, 99-100; Friðlýsingaskrá, 58; Biskupasögur II. 30. Gavin Lucas, 2017

ÁR-753:039_02 þúst útihús


A 456417 N 399604

Rúmum 30 m suðvestan við bæjarhól 039_01 er annar og minni rústahóll. Hann er neðar en bæjarhóllinn en þakin grjóti úr byggingum. Hóllinn er 36x22 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hann er 1-2 m á hæð og staðsetning bendir til þess að um útihús sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Útihús ÁR-753:039_2.



Útihús ÁR-753:039_3.

ÁR-753:039_03 þúst útihús

A 456449 N 399688

Annar rústahóll er um 30 m norðaustan við bæ 039_01 og 60 m norðan við útihús 039_02. Hinn er ofar í brekku, nær hraunbrúninni. Hóllinn er 36x18 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og þakin hleðslugrjóti. Hann er 1-1,5 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:039_04 þúst útihús

A 456853 N 399649

Þriðji rústahóllinn er um 15 m ANA við bæ 039_01, ofar og nær hraunbrúninni. Hóllinn er um 39x22

m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Líkt og fyrri hólar er hann um 1-2 m á hæð og þakin grjóti. Sé tekið mið af staðsetningu er um útihús að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Útihús ÁR-753:039_4.



Rústir ÁR-753:039_5 og 6.

ÁR-753:039_05 þúst útihús

A 456607 N 399618

Um 50 m austan við bæ 039_01 eru tvær aflangar steinadreifar, sjá 039_06, greinilega leifar af húsum sem staðið hafa hlið við hlið. Eystri dreifin er 32x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Grjótið liggur á yfirborði og ekki virðist vera uppsöfnun mannvistarlaga undir yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:039_06 þúst útihús

A 456586 N 399612

Tæpum 8 m vestar er samskonar rúst og 039_05. Hún er 26x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Grjótið liggur á yfirborði og ekki virðist vera uppsöfnun mannvistarlaga undir. Á einum stað, milli þessa útihúss og útihúss 039_07 er grjótdreif úr nokkrum steinum. Grjótið er aðflutt en engin leið að sjá hvort að um sérstakt mannvirki er að ræða eða rennsli úr hinum minjunum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:039_07 þúst útihús

A 456549 N 399605

Grjótdreif er sýnd á uppdrætti Gísla Gestsonar sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1950 af Sandártungu. Dreifin er umfangslítill og gæti allt verið komin úr bæjahól 039_01 en bratt er niður af hólnum. Dreifin er um 5x4 m og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er uppsöfnun mannvistarlaga undir henni.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:039_08 heimild um útihús

A 456546 N 399537

Grjótdreif er sýnd á uppdrætti Gísla Gestsonar sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1950 af Sandártungu, nokkuð sunnan við dreif 039_07. Samkvæmt uppdrættinum var hún nærri hraunbrún en er horfin af yfirborði. Þetta var að öllum líkindum útihús, um 100 m suðaustan við bæ 039_01.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:039_09 öskuhaugur

A 456541 N 399625

Í rótum bæjarhóls 039_01 að sunnan er öskuhaugur og lá þar talsvert af beinum og nokkrir gripir voru teknir til handargagns (þ.á.m. brýni, klébergsbrot, járnaglar) árið 1999. Talsvert af beinum og gripir hafa fundist þar í gegnum tíðina og grafið var í öskuhauginn árið 2017 á vegum Háskóla Íslands og Minjastofnunar Íslands. Nánari upplýsingar eru í skýrslunni Archaeological excavations at Sandártunga eftir Gavin Lucas.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:041 náma kolagröf

A 458768 N 401017

Kolagrafir eru um 410 m sunnan við Búrfellsvað ÁR-673:093 og um 80 m suðvestan við Fossá. Alls fundust þrjár kolagrafir en þær gætu verið mun fleiri. Kolagrafirnar eru á svæði sem er 7,5x5,5 og snýr norðvestur-suðaustur.

Kolagrafirnar eru í gjörblásinni brekku sem hallar til norðausturs að Fossá. Svæðið er þakið vikri og svartur jarðvegur gaf staðsetningu kolagrafanna til kynna, ekki viðarkol.

Ekki sér til dælda eða kola á yfirborði. Hins vegar er jarðvegurinn svartur af viðakolaösku og ljóst að kolagrafirnar eru illa farnar af uppblæstri. Yfirborðið er gjörblásið, hallar til norðvestur niður klapparhól. Svæðið var hreinsað að hluta og greinilegur skurður kolagrafar sást til norðausturs, nærri brún brekkunnar. Lengd kolagrafarinnar er hið minnsta 1 m en ekki var unnt að greina breiddina. Tvær aðrar kolagrafir sáust norðvestar, neðar í brekkunni, við hreinsun kom viðarkolaaska upp en sem fyrr engin kol.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs




Kolagröf ÁR-753:041, horft til suðausturs.

ÁR-753:042 tóft óþekkt

A 458800 N 400906

Bjarni F. Einarsson skráði hugsanlega rúst við deiliskráningu árið 2015. Í skýrslu hans segir: “Um 30 m SV af meintri rúst [043]. Á grasi grónni flöt.” Tóftin er tæpum 110 m sunnan við kolagrafir 041, uppi á brekkubrúninni.

Gróin, óblásin torfa suðvestan við Fossá. Bugur er á ánni, að húsum við Búrfellsvirkjun.



Uppmæling af tóft ÁR-753:042.



Tóft ÁR-753:042, horft til norðausturs.

Tóftin er óljós en með góðum vilja er hægt að sjá móta fyrir bogadregnum langvegg, þ.e. vesturvegg tóftarinnar. Hann er algróinn lyngi og mosa. Tóftin var að öllum líkindum 10 - 11 m í þvermál en ekkert er hægt að segja til um op þar sem austurhluta tóftarinnar vantar. Veggir eru 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir. Í miðju er þúst um 3 x 3,5m stór.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 24

ÁR-753:043 heimild

A 458832 N 400950

Bjarni F. Einarsson skráði hugsanlega rúst við deiliskráningu árið 2015. Í skýrslu hans segir: “Á vesturbakka Fossár gegnt Búrfellsstöð (tengivirki). Á grasi grónum hól sem stendur í blásnu landi um 60 - 70 m vestur af ánni. [...] Þarna er grasi gróinn hól sem gæti geymt rústir eða rúst. Vestur af hólnum eru fleiri hólar sem einnig gætu geymt rústir og í sumum þeirra eru greinanlegir bollar sem gæt verið vísbendingar um rými.” Meintar minjar eru tæpum 50 m norðaustan við tóft 042 og um 90 m suðaustan við kolagrafir 041.

Gróin, óblásin torfa suðvestan við Fossá. Bugur er á ánni, að húsum við Búrfellsvirkjun.

Bjarni lýsir staðnum svo: „Hin huganlega rúst er um 20 x 23 m stór (N - S). Þarna er grasi gróinn hóll sem gæti geymt rústir eða rúst. Vestur af hólnum eru fleiri hólar sem einnig gætu geymt rústir og í sumum þeirra eru greinanlegir bollar sem gætu verið vísbendingar um rými. Hin meinta rúst er vel gróin grasi og mosa.“ Ekkert bendir til þess að mannvist sé hér undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Bjarni F. Einarsson 2015, 23

ÁR-753:045 frásögn rétt

Samkæmt Böðvari Guðmundssyni, heimildamanni, var lítil rétt hlaðin við kletta í viki sunnan við Hjálp. Skrásetjarar leituðu tvisvar að réttinni, bæði 2018 og 2019, án árangurs. Mikil lúpína er á svæðinu og annar gróður. Ekki reyndist unnt að staðsetja réttina með innan við 50 m skekkju en hún var á milli kolagrafa 041 að suðaustan og býlis 032 til norðurs, ofan í vikinu.

Hættumat: engin hætta

ÁR-753:049 *Kolviðarhóll* örnefni kolagröf

A 454773 N 398773



Kolviðarhóll ÁR-753:049, horft til suðurs.

“Fram við Þjórsá er hæð, sem heitir Kolviðarhóll.” segir í örnefnaskrá. “Seint á síðustu öld var enn skógur á Sölmundarholti er hét Núpsskógur því að hann tilheyrði jörðinni Stóra-Núpi. Fremsti rani holts þessa heitir Kolviðarhóll og er hann fast fram við Þjórsá,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996. Vitað er að skógar voru einna lengst á þessu svæði í Þjórsárdal og örnefnið bendir til kolagerðar sem afar líkega fór fram á þessu svæði. Kolviðarhóll er um 50 m sunnan við mannvirki 053 og rúmum 900 m suðvestan við minjar 052.

Svæðið er upplásið. Lúpína vex í stórum flákum víða. Engin ummerki kolagrafa sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: ÁFÍ 1996, 99; Ö-Flóa- og Skeiðamannafréttur, 4

ÁR-753:050 *Þórðarholt* heimild um rauðablástur

A 456278 N 400376

“22. Þórðarholt heitir stakt holt, blásið norður af Sölmundarholti og er skarð á milli. Norðan við skarðið er sandbrekka sunnan í Þórðarholti, en klettanibbur eru efst í brúninni. Tveir litlir klettahraukar eru ofarlega í brekkunni. Uppi við brúnina eru leifar af mannvirki. Þaðan að sjá er eystri hraukurinn í stefnu á hæsta koll Sölmundarholts, og er rústin 40 m fyrir ofan hraukinn. Þarna hafa fundizt m.a. brýni og rauðagjall, sem bendir til að þetta sé ekki leifar af dys. Í Árb. ‘84-5, bls. 42 segir um Þórðarholt: “Þar er dys frá heiðni, uppblásin, og sáust til skamms tíma leifar af manna, hesta og hundabeinum.” Tvennt virðist til um þetta: Dysjarnar eru annars staðar og nú óþekktar eða það er misskilningur að mannvirkið, sem Br. J. talar um, séu dysjar,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954.

“Nokkrar smárústir hafa fundist niðri í tungunni á milli Sandár og Þjórsár, vestan bæjarústanna í Sandártungu. Líklega eru sumar rústanna merki um forna mannaabústaði, svo sem í Sölmundarholti [052] og Þórðarholti. ... Norður af Sölmundarholti er Þórðarholt, grjótbali með víðimelum. Þar eru dysjar frá heiðni, uppblásnar, og sáust þar langt fram eftir síðustu öld leifar af manna-, hesta- og hundabeinum. Ekkert fémætt hefur fundist þarna í manna minnum, en hver veit hvað áður er burt tekið?” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1996.

Samkvæmt lýsingunni ætti rústin að vera 10-20 m sunnan undir hæsta kolli holtsins. Þar er aflíðandi brekka með vikurskafla og sér nú engar mannvistarleifar þar. Þessi staður er um 700 m norðvestur frá Sandártungu. Staðurinn var skoðaður aftur 2018 og er litlu við fyrri skráningu að bæta. Staðurinn er um 1,1 km norður af Þjórsá og um 3,7 km SSV af Áslákstungu fremri ÁR-263:002_01. Staðurinn er örfoka og engar greinilegar mannvistarleifar sýnilegar. Þó er eins og smá flati með aðfluttu grjóti sé í suðvesturhlíð Þórðarholts. Hugsanlega hefur einhvers konar mannvirki staðið þar.

Staðurinn þar sem mannvistarleifarnar sáust er uppi í holtinu en neðan við eru sandskaflar með melgresi.

Þar væri líklegra bæjarstæði og er sennilegast að minjar þær sem þeir Gísli og Jóhann lýsa séu af rauðablásturssmiðju.

Leifarnar eru annaðhvort komnar á kaf eða þær hefur algerlega blásið burt. Vatnsrásir eru einnig þar sem leifarnar voru. Ekkert bendir til að þetta sé sami staður og þar sem Brynjúlfur Jónsson fann leifar af kumlum.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 12; ÁFÍ 1996, 99

ÁR-753:051 heimild um leið

A 456124 N 400293

Landamerki Núpsskógar 1888: “Fyrst ræður gata sú, sem liggur sunnan undir Minnanúpshöfða og kölluð var Tíðagata [AR-671:052], allt austur á Sandlautina, sem kallast Farið; á milli Sandártungu og Sölmundarholts ræðu vatnsfarvegur allt að almenningsskógargötu, sem liggur milli Sölmundarholts og Þórðarholts,” segir í Landamerkjabréfi No. 204. Um 1556 eða síðar: “Jtem vestan til fyrst í Burfelle er Hurdarbakshrijs á staurinn. Þá Eigilstada skogur fyrir ofan gautuna. [...]. Þá er Þrændvellingur. Þá Sandvijkur skögur. að Störkonugróf. Þessar allar fyrir ofan gautuna. [...] En fyrir vestan Störkonugróf. fyrir nordan gautuna er Hröasholtingur. [...] Jtem Saulmundarholt ad Nupä. en fyrir nordan gautuna Þordarholt,” segir í DI XIII. 1615: “. Jtem Stockseyringur fyrir framan göturnar a halsinum. Þar nærst kallast Giaskögur. hann er lijka fyrir framan göturnar. [...] Þa eru tuennar Hrossatüingur fremre og nyrdre. sem lijka hafa verid halldinn stadar skogur. Þessar Hrossatüingur eru fyrir austan og framan reidgöturnar. En fyrir vestan reidgöturnar er Hellers skögur allt ad Hölaskoge,” segir í DI XIII. Svæðið umhverfis Sölmundarholt, Þórðarholt og Núpsskóga hefur mikið breyst og er núna allt blásið og gróðurvana. Ekki var hægt að greina neinar götur á svæðinu.



Þúst ÁR7-753:052_1, horft til suðurs.

Umhverfið er sendið og gróðurvana.

Ekkert sér til minja.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Landamerkjabréf No. 204; DI XIII, 165-169

ÁR-753:052_01 þúst smiðja

A 455724 N 399810

“21. Austan í Sölmundarholti er klettabelti, en uppi á því er hákollur holtsins. Undir klettabrúninni er sandkvos og vatnsrásir norðaustur úr henni. Kvosin opnast út á lága sandsléttu í stefnu á Skeljafell. Í brattanum undir klettabrúninni eru rústir, mjög aflagaðar af vatnsrennsli, á 40 til 50 metra löngum kafla. Syðst skagar rúst fram í kvosina, 7x2 m að stærð, og er í henni mikið af rauðablástursgjalli. Ekki sést þessi rúst frá hákollu Sölmundarholts, en stefnan frá honum miðjum í Sámsstaðaklif liggur yfir hana.” segja Gísli Gestsson og Jóhann Briem í ritgerð sinni um Þjórsárdal. Rústirnar eru austurundir klettabrúninni undir hæsta kalli Sölmundarholts, í beina stefnu milli hans og Sandártungu. Þær eru um 150 m norðan við rafmagnsmastur og tæpa 370 m norðaustan við minjar 055.

Undir brúninni er sandflesja sem hallar niður til norðausturs og er klapparholt austan við. Algerlega gróðurlaust svæði.

Um 2 m norðan við gjall 052_03 er grjótdreif, um 7x4m að stærð, á hól sem greinilega er leifar af byggingu. Grjótið snýr norðaustur-suðvestur en er afar óljós vegna mikillar lúpínu og vikurs.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 11-12

ÁR-753:052_02 þúst sel

A 455724 N 399810

Norðar og ofar eru steinadreifar á um 50 m bili sem gætu verið mannvirkjaleifar en þær eru sundurskornar af vatnsrásum. Stærsta dreifin er um 12x12 m og árið 2018 fannst kljásteyninn í norðasusturhorni dreifarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs



Grjótdreif ÁR-753:052_2, horft til norðvesturs.



Gjallhaugur ÁR-753:052_3, horft til suðurs.

ÁR-753:052_03 þúst rauðablástur

A 455745 N 399788

Syðst er 3x3 m gjallhaugur en um 20 m norðaustan og eilítið neðar var árið 1999 aflöng steinahrúga, um 10x3 m sem sennilega er mannvirki. Viðar í kring eru steinahrúgur sem óvissara er um að séu mannvirkjaleifar. Ekkert af þessum hrúgum sáust árið 2018 utan gjallsins.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:053 mannvirki óþekkt

A 454887 N 398830



Grjótdreif ÁR-753:053, horft til suðurs.

“19. Við Kolviðarhól [sjá 049] eru á tveimur stöðum grjótdreifar, sem virðast vera mannaverki. Í skarðinu norður af hólnum er mikil dreif af margs konar grjóti, meðal annars hraunsteinum og stuðlabergsbútum. Undir dreifinni er sums staðar mold, en annars staðar mórof. Þetta er um 50 m frá Fauskásalæminu. Nokkru nær læminu en grjót það, sem á var minnzt, er lágur hryggur, sem líkist húsaleifum. Beint austur frá Kolviðarhól, milli hans og læmisins, er dreif af fallegum stuðlabergsbútum á klapparnibbu. Varla virðist geta verið um annað að ræða en að þetta séu leifar af byggingu,” segir í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1954. Árið 2018 var farið aftur á svæðið og leitað að minjunum við Kolviðarhól. Þær eru um 930 m suðvestan við minjar 045 og 90 m norðaustan við Kolviðarhól 049. Með tilkomu

virkjana í Þjórsá er svæðið mikið breytt og áin rennur m.a. í svokölluðu Fauskárslæmi.

Svæðið er uppblásið og mikill vikur og sandur á yfirborði. Raflína liggur þvert yfir svæðið.

Einungis fannst grjótdreif í vikinu norðan við Kolviðarhól. Það passar við lýsingu frá 1954 en ekki er hægt að sjá neitt lag á steinunum. Bæði er um hraungrýti og móberg að ræða sem liggur á yfirborði. Ekki sáust stuðlar þar og öll grjótdreifin afar óljós. Minjarnar austan við Kolviðarhól fundust ekki en þar áttu ennfremur að vera aðfluttir stuðlar.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 11;

ÁR-753:054_01 gripir

A 455064 N 399267

Við vettvangsvinnu árið 2018 gekk skrásetjari fram á brýni suðvestan við Sölmundarholt, mitt á milli þess og Kolviðarhóls 049. Brýnið var fremur stórt en ekki er hægt að aldursgreina það. Gripnum var skilað á Þjóðminjasafnið haustið 2018.

Brýnið fannst vestan við moldarbarð, liggjandi á yfirborði. Melhólar eru vestan við fundarstaðinn. Vikur og sandur eru ríkjandi á þessu svæði. Raflína liggur skammt austar. Brýnið er líklega tengt skógarhöggi

eða viðarkolagerð fyrir á öldum.

Hættumat: engin hætta

ÁR-753:054_02 gripir

A 455212 N 399391

Árið 1999 fannst um 200 SSV við tóft 055_03 brýni í blásinni moldarbrekku í austurhlíð gilsins sem þar skerst upp í Sölmundarholt. Sá staður er um 30 m sunnar en á móts við gróðurtorfuna sem er síðustu leifar Núpsskógar voru. Þetta brýni fannst um 200 m norðaustar en brýnið sem fannst árið 2018.

Hættumat: engin hætta



Brýni ÁR-753:054_01 á fundarstað árið 2018.

ÁR-753:055_01 Sölmundarholt tóftir rauðablástur

A 455421 N 399605

“20. Sölmundarholt. Hæsti kollur Sölmundarholts er þúfulagaður klapparhóll. Gangi maður frá rótum hans eftir háhrygg holtsins í stefnu á Skarðsfjall á Landi, verður fyrir manni eftir 200 m göngu pallur, sem nær þvert yfir holtið og er allmikið lægri en holtið fyrir norðan. Undir brekkurótum, þar sem pallurinn er hæstur, er rúst mjög óglögg, en gjrótið er dreift um 25x10 m stóran flöt. Í rústinni er talsvert af hraungrjóti (Þjorsárhraun), og virðist byggingin hafa snúið frá austri til vesturs. Frá rústinni ber litla skógartorfu í Núpsskógi syðst í Hagafjalli. Sé nú stefnt lítið eitt austar en á Skarðsfjall, verður fyrir í 100 m fjarlægð rúst mjög lítil, en ótvíræð. Þar fannst meðal annars lítið brýni. Þá skal stefna á skógartorfunu í Núpsskógi (eða Bringu). Verður þá fyrir rúst í 50 m fjarlægð. eru þar æði miklir haugar af rauðablástursgjalli. Þaðan skammt í norður eru enn leifar af byggingu, mjög óljósar, en ótvíræðar. Þar er gólfskán með viðarkolum og nokkrir steinar úr Þjorsárhrauni.” segja Gísli Gestsson og Jóhann Briem í grein sinni um Þjorsárdal. Af lýsingunni að dæma hafa verið þrjár rústir á litlu svæði á suðurenda Sölmundarholts, en nú sjást bara tvær. Sú fyrsta sem þeir telja sést enn sunnan undir stalli sem er um 200 m sunnan við hákoll holtsins. Rafmagnsmastur er um 70 m sunnan við tóftina. Önnur rústin 055_02 sem þeir telja er nú alveg horfin, sá staður er heldur lægra, um 100 m SSA frá rúst 055_01. Þriðja rústin 055_03 sem þeir nefna er um 100 m beint suður af rúst 01, efst í viki sem opnast til SSV. Minjarnar eru á svæði sem er 150x40 m og snýr norðaustur-suðvestur.

Algerlega gróðurlaust svæði. “Núpsskógur” sem þeir Gísli og Jóhann tala um er ekki annað en örlítill jarðvegstorfa, um 10x10 m að stærð, sem trónir upp á hrygg sem gengur til suðvesturs úr Sölmundarholti, og eru nokkrar birkihríslur þar uppi á.



*Uppmæling af rúst ÁR-753_055_1.
©Loftmyndir ehf.*



Rúst ÁR-753_055_1, horft til norðurs.

Rúst 055_01 er á moldarbing en í kring eru sandar og melgresishólar. Hún er 15x10 m að stærð og grjótdreif liggur á yfirborði. Gjallmolar sjást líka á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

Heimildir: Árbók 1954, 11

ÁR-753:055_02 heimild um rauðablástur

Þar sem horfna rústin var er sléttur melur og gil niður af til suðurs. Rústin var líklega um 100-150 m sunnan við rúst 055_01. Ekki reyndist unnt að staðsetja hana með 50 m skekkju.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

ÁR-753:055_03 mannvirki rauðablástur


A 455333 N 399503

Rúst 055_03 er utan í sandöldu og er þar einnig gil niður af til suðvesturs. Árið 1999 var rústin um 8x4-5 m og snéri SA-NV, en norðaustan við hana voru steinaraðir sem gætu verið byggingaleifar. Um 7 m suðaustan við tóftina var dreif af járn gjalli á um 20 m belti. Það kemur allt úr einum haug sem raskað hefur verið af vatnsrásum. Járn gjallsbútar eru einnig í rústinni. Svæðið er í heildina um 25x12 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ummerki um rauðablástur sjást sem sem og gjall en steinaraðirnar eru óljósar.

Hættumat: stórhætta, vegna uppblásturs

5. Saga skráningarsvæðisins

Stærsti hluti skráningarsvæðisins er innan Þjórsárdals en fá svæði hér á landi hafa hlotið meiri athygli í fornleifafræðinga í gegnum tíðina. Þar er ein af eyðibyggðum í hálendisjaðri Íslands og fjölmargar minjar um búsetu frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Þjórsárdalur er norðaustarlega í hinum forna Gnúpverjahreppi, Þjórsá rennur fyrir mynni hans þar sem hún beygir fyrir Búrfell til vesturs að Hagafjalli. Vesturmörk dalsins hafa gjarnan verið dregin við Þverá og austurmörkin við Búrfell. Jarðirnar Skriðufell, Ásólfstaðir og Hagi eru gjarnan taldar hluti Þjórsárdals og um leið einu jarðirnar sem enn eru nýttar í dalnum. Dalurinn er þröngur innst en víkkar fram. Innst klofnar Þjórsárdalur þar sem fjallið Fossalda gengur til suðurs ofan af hálendinu og niður í dalinn. Fram af Fossöldu eru tveir ásar, Rauðukambar ofar og þá Reykholt neðar í dalnum. Bergálfstaðaá, sem sunnar kallast Sandá, rennur niður með Fossöldu að vestanverðu en Fossá niður Fossárdal að austanverðu.⁴ Rauðá rennur austan og sunnan við Stangarfjall og sameinast Fossá nokkuð vestar.



*Helstu kennileiti og lega Þjórsárdals sjást á kortinu. Skráðar minjar eru sýndar sem rauðir punktar.
©Landmælingar Íslands.*

4 Ágúst Guðmundsson. 1996: 75.

Þjórsárdals er getið í *Landnámu* þar sem segir frá Þorbirni laxakarli sem nam land í efri hluta Gnúpverjahrepps. Hann gaf mágum sínum neðri hlutann úr landnáminu en bjó sjálfur í Haga, sem hefd er fyrir að telja til neðsta bæjar í dalnum. Tveir af sonum hans bjuggu í Þjórsárdal og var annar Þorkell trandill faðir Gauks á Stöng.⁵ Gauks er einnig getið í *Njáls sögu*.⁶ *Gauks saga Trandilssonar* var til, en hún er nú glötuð.⁷ Af enn yngri kynslóð er Hjalti Skeggjason, sem var höfðingi í Þjórsárdal um og eftir 1000.⁸ Þessar frásagnir stangast ekki á við vitnisburð fornleifanna í Þjórsárdal, þ.e. kirkjur og kuml eru á jörðum sem koma fram í ritheimildum og örnefni hafa jafnvel varðveist allt til okkar tíma. Kuml eru sjálfstæð heimild um byggð fyrir árið 1000 en staðsetning kirkna og bænhúsa gefur einnig vísbendingu um forna byggð þar sem hvort tveggja er yfirleitt talið reist mjög skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á miklum fjölda guðshúsa á fyrri öldum er að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum sem hafa verið við flesta bæi eins og kumlategar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið kominn í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús kunni að vera seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar.

Tvær kirkjur eru innan skráningarsvæðisins, á Stöng og Skeljastöðum auk þess sem bænhús voru í Haga og á Skriðufelli. Á Skeljastöðum var kirkjugarður ÁR-671:002_02 grafinn upp árið 1939 en ummerki kirkjunnar voru horfin í uppblástur. Kirkjugarðurinn á Stöng ÁR-673:001_02 var ásamt kirkju rannsakaður 1991 og 1992. Elstu heimildir um bænhúsin tvö eru úr fornum máldaga frá árinu 1540. Á Skriðufelli er bænhúss ÁR-263:011 síðast getið um 1600 og strax um 1700 virðist þekking um það fallin í geymsku og aðeins óljós munnmæli um húsið bera því vitni. Ekki hafa fundist bein við bæinn á Skriðufelli eða annað það sem gæti aðstoðað við að staðsetja bænhúsið nákvæmlega. Bænhússins á Haga ÁR-265:002 er getið í öðrum máldaga árið 1592 en ekkert er minnst á það í Jarðabók Árna og Páls árið 1709. Mannabein hafa ekki fundist við bæjarhólinn en hins vegar fundust mannabein ÁR-265:003 um 100 m sunnar árið 1964 við framkvæmdir. Ekki er hægt að staðfesta hvort um kirkjugarð eða bænhúsið sé að ræða, staðurinn var ekki rannsakaður á sínum tíma.⁹

Innan skráningarsvæðisins hafa fundist kuml. Í Hólaskógi ÁR-673:028 voru tvö kuml grafinn upp árið 1978, kuml konu og drengs. Árið 2017 var hrosskuml svo grafið upp nærri kumli konunar og má því í raun tala um kumlategig á þessum stað. Niðurstöður þeirrar rannsóknar hafa ekki verið gefnar út.¹⁰ Vísbendingar um önnur kuml hafa fundist á nokkrum stöðum til viðbótar.

5 Íslensk fornrit I, 380-381.

6 Íslensk fornrit XII, 72.

7 Jón Helgason. Handritaspjall, 59.

8 Íslensk fornrit I, 14.

9 Í handriti frá 1592 eru talin upp bænhús í Núpsþinghá að fornu. Ásólfstaðir eru þar í listanum en strikað er yfir nafn jarðarinnar. AM 2624to bl. 91-b.

10 Uggi Ævarsson og Rúnar Leifsson. Í vinnslu.

Vestan við Gaukshöfða, í landi Haga, er svokallað Mannabeinagil ÁR-265:006. Þar fundust um miðja 19. öld spjótsoddur og mannabein, m.a. höfuðkúpa. Beinin eru týnd og öngull var smíðaður úr oddinum skömmu eftir að hann fannst. Tvö meint kuml eru í landi Skriðufells. Árið 1951 fannst spjótsoddur og tennur úr hrossi ÁR-263:009 við rústina í Fagraskógi ÁR-263:004. Staðurinn var ekki rannsakaður og ekki hafa fundist mannabein eða aðrir gripir á svæðinu. Mannabein ásamt járnleifum ÁR-263:024 fundust uppi á Skriðufelli, á svæði sem kallast Verk, líklega á fyrri hluta 20. aldar. Hluti beinanna barst Þjóðminjasafni árið 1941, þá löngu eftir að þau fundust samkvæmt heimildum. Á Skeljastöðum ÁR-673:108 taldi Matthías Þórðarson að kuml væru á tveimur stöðum, innan meints heimatúns. Alls er óvíst hvort að þetta hafi verið kuml, þetta voru litlar grjótdreifar og örfáir gripir fundust í þeim. Vísbendingar um tvö kuml voru einnig skráðar undir númerinu ÁR-673:115. Í Þjórsárdal fundust tvær kúptar nælur og hringnæla um miðja 19. öld en ekki er vitað hvar eða hvort gripirnir fundust saman. Fundur slíkra gripa getur talist nærri ófrávikjanleg vísbending um kuml. Austan í Búrfellshálsi eru enn vísbendingar um kuml ÁR-673:119 en þar fannst forn öxi (líklega frá 10. öld) og beinaleifar. Ekki er vitað hvar návæmlega minjarnar fundust. Að auki taldi Brynjúlfur Jónsson sig hafa fundið kuml í Þórðarholti ÁR-753:050 en undir lok 19. aldar voru þar leifar af manna-, hesta- og hundabeinum.

Þjórsárdals og örnefna þar er getið í nokkrum ritheimildum. Sandártungu er getið í Hungurvöku en þar segir frá kaupum Magnúsar Einarssonar, biskups í Skálholti á árunum 1134-1148. Þar kemur fram að Skálholtsstóll hafi keypt Sandártungu, líklega er átt við alla tunguna milli Sandár og Rauðár fremur en bara bæinn.¹¹ Þjórsárdals er einnig getið í Skógarskránni Skálholts frá árunum 1555-1587 og 1615. Í skránum er upptalning á skógarheitum í Þjórsárdal og afmörkunum þeirra.¹² Fjölmörg örnefni, vísbendingar um nýtingu dalsins og samgöngukerfi koma þar fram.

Þjórsárdalur var skógivaxinn við upphaf landnáms, skógarleifar eru sjáanlegar undir sumum minjum. Dalurinn leið fyrir nálægð við Heklu og það er ljóst að gjóska úr gosunum 1104 og 1300 féll yfir dalinn en eyddi honum ekki endanlega. Rannsóknir sýna að gróðursæld eykst eftir 1300 sem rakið er til minni beitar og dalurinn var þá að öllum líkindum kominn endanlega í eyði.¹³ Þrátt fyrir að meginhluti byggðarinnar færi í eyði snemma á öldum var dalurinn nýttur áfram, árstíðabundin umsvif voru þar án efa talsverð og umferð um dalinn nokkur. Dalurinn var m.a. nýttur til sumarbeitar og til kola- og járngerðar en miklir skógar voru í dalnum fram á seinni aldir. Uppblástur er viðvarandi vandamál og hafði mikil áhrif á bæina og varðveislu minja innan Þjórsárdals. Á öllum þeim stöðum sem getið er hér neðar er uppblástur vandi og alls staðar er grjótdreif sýnileg á yfirborði sökum uppblásturs. Talið var að helmingur Þjórsárdals hafi verið vaxinn skóg- og kjarrlendi árið 1587 en undir lok 17. aldar var ástand skóg- og kjarrlendis afar bágborið í Þjórsárdal. Ofan á það bættist gos í Heklu 1693 þar sem mikið öskufall varð í

11 Biskupa sögur II: 30.

12 DI II: 265-269.

13 Sigurður Þórarinnsson. 1949: 48-55; Stenberger, Márten. 1943: 111; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1989: 97; Sveinbjörn Rafnsson. 1977: 39-120; Dugmore et. al. 2007: 8.

dalnum sem skemmdi allt kjarr- og skóglendi. Í kjölfarið hófst uppblástur á láglandi dalsins. Milli árana 1587 og 1708 er talið að kjarr- og skóglendi hafi dregist saman um 71% í dalnum. Þrátt fyrir að skóglendið væri illa farið í lok 17. aldar virðist enn mikil nýting á skóginum í upphafi 18. aldar. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem rituð var árið 1709 kemur fram að 131 bæir í austurhluta Árnessýslu höfðu rétt á nýtingu skóg- og kjarrlendis í Þjórsárdal til kolagerðar og eldiviðar og að umrædd nýting hafði neikvæð áhrif á kjarrlendið. Á 19. öld var dalurinn orðinn örfoka að mestu og skógar nær horfnir.¹⁴

Til að setja niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á því svæði sem er til rannsóknar. Þrátt fyrir að Þjórsárdalur sé eitt mest rannsakaða svæði Íslands í fornleifafræðilegu tilliti hafa niðurstöður rannsókna einblýnt á miðaldaleifar en hér er í fyrsta sinn gert grein fyrir öllum fornleifum, þ.e. einnig frá seinni öldum. Hér verður stiklað á stóru í rannsóknarsögu dalsins sem er löng og flókin. Henni hefur m.a. verið gerð skil í grein Sveinbjörns Rafnssonar sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1977 og meistararitgerð Guðrúnar Öldu Gísladóttur frá 2004.¹⁵ Mikil þörf er engu að síður á ítarlegri samantekt á sögu og niðurstöðum fornleifarannsókna í dalnum. Ekki er ætlunin að rekja deilur um eyðingu dalsins í neinum smáatriðum né að taka afstöðu til einstakra deilumála um byggðina þar.¹⁶ Hafa ber í huga að enginn staður í Þjórsárdal er fullrannsakaður og elstu minjar í dalnum hafa ekki verið grafnar upp og enn er mörgum spurningum ósvarað um byggðina þar.

Elstu lýsingar á byggðaleifum í Þjórsárdal eru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709 en þar eru talin upp 15 bæjarnöfn á svæðinu. Um þau flest er sagt að þar „sjáist til“ en um Steinastaði er sagt að „þar sjáist glöggt til minja“.¹⁷ Ekki eru þekktar frekari lýsingar á minjum í Þjórsárdal fyrr en næstum 200 árum síðar þegar Brynjólfur Jónsson fjallar um þær. Brynjólfur var ættaður úr sveitinni (frá Minna-Núpi) og hafði mikinn áhuga á dalnum. Hann skrifaði grein um Þjórsárdal í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885 en elstu athuganir hans á dalnum eru frá því um 1861. Árið 1897 birti hann viðbætur við grein sína í sama riti. Í greinunum staðsetur hann m.a. og lýsir 26 minjastöðum í dalnum og reynir að átta sig á því hvaða nöfn bæirnir kunna að hafa haft, lýsir náttúrfari, örnefnum og segir frá nokkrum gripafundum.¹⁸ Árið 1927 friðlýsti Matthías Þórðarson um 22 bæjarstæði í dalnum og byggir friðlýsingin að stórum hluta á greinum Brynjúlfs Jónssonar.¹⁹

Árið 1895 fór Þorsteinn Erlingsson í Þjórsárdal í þeim tilgangi að safna heimildum um byggingarhefð víkingatímabilsins. Hann skoðaði bæjarrústir í Áslákstungu fremri og Bergólfsstöðum og gróf að auki í rústirnar Áslákstungu innri, rústina „undir Lambhöfða“, Skeljastöðum og Sámsstöðum. Ári síðar var Daniel Bruun á ferðinni Þjórsárdal. Hann endurmældi nokkrar rústir og lagaði teikningar Þorsteins auk þess sem hann skoðaði Áslákstungu innri,

14 DI II: 204-231; Friðgeir Sófus Sigurmundsson. 2011: 3, 6.

15 Guðrún Alda Gísladóttir. 2004; Sveinbjörn Rafnsson, 1977.

16 Sjá t.d. Dugmore et. al. 2007: 8; Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1996.

17 JÁM II: 214-218.

18 Brynjólfur Jónsson. 1885: 39-60; Sami. 1897: 20-21.

19 Friðlýsingaskrá: 72-73.

rústina „undir Lambhöfða“ og á Sámsstöðum.²⁰

Umfangsmestu fornleifarannsóknirnar sem unnar hafa verið í Þjórsárdal fóru fram sumarið 1939 þegar sex bæjarstæði voru grafinn upp og er Stöng þeirra þekktast. Rannsóknirnar voru hluti af samnorrænu verkefni sem miðaði að því að rannsaka byggðarleifar og húsagerð m.a. til að fá samanburðarefni á norrænni byggingarhefð.²¹ Árið 1949 voru gerðar tvær rannsóknir í dalnum af Kristjáni Eldjárn. Önnur þeirra var gerð í Gjáskógum en vegna veðurs og vatnavaxta var tíminn nýttur og einnig grafið í Sandártungu. Rannsóknnum í Gjáskógum var haldið áfram árið 1951 og 1960.²² Um 1950 beindust augu fræðimanna aftur að minjum svæðinu þegar þeir Gísli Gestsson og Jóhann Briem fóru skipulega um dalinn og skráðu allar fornar mannvistarleifar sem þeir fundu, bæði þá staði sem Brynjúlfur hafði áður lýst og 14 minjastaði sem áður voru óþekktir og þeir töldu gamla án þess að skýra nákvæmlega hvar mörkin eru þar á milli.²³ Árin 1971-1972 fóru aftur fram fornleifarannsóknir í dalnum, í þetta sinn á Sámsstöðum undir stjórn Sveinbjarnar Rafnssonar. Tilgangur rannsókna hans var annars vegar að grafa bæjarhúsin upp að nýju og hins vegar að rannsaka aðrar byggingar á bæjarstæðinu s.s. útibúr, fjós og hlöðu.²⁴ Árið 1978 gróf Þór Magnússon upp kuml í Hólaskógi, minnst var á rannsóknina frammar í kaflanum. Á 9. og 10. áratug síðustu aldar var samtals grafið fimm sinnum á Stöng undir stjórn Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar. Upphaflega var talið að byggð í dalnum hefði að mestu fallið í eyði um árið 1300 en minjarnar urðu skyndilega 200 árum eldri þegar tímasetning gjóskulagsins var breytt til 1104.²⁵ Í rannsóknnum Vilhjálms á Stöng voru eldri byggingarstig rannsökuð og m.a. fannst kirkja og grafreitir undir útibúrinu sem var grafið í árið 1939. Með rannsóknnum Villjálms var sýnt fram á að búíð var á Stöng fram á 13. öld.²⁶ Á árunum 1999-2001 var unnið að verkefninu *Vestnordisk byggeskik i vikingtid og middelalder*. Verkefnið var samvinnuverkefni Fornleifastofnunar Íslands ses og danskra og norskra samstarfsaðila. Eitt af markmiðum verkefnisins var að endurmeta eldri fornleifarannsóknir í Þjórsárdal. Í þeim tilgangi var grafið í Skallakoti og staðfest, líkt og hafði áður komið fram á Stöng og Sámsstöðum, að eldri rústir eru þar undir. Jafnframt voru 10 rústir teiknaðar upp á völdum bæjarstæðum og grafnir prufuskurðir á fleiri stöðum.²⁷ Árið 2017 var enn gerð fornleifarannsókn í dalnum. Þá var grafinn könnunarskurður í bæjarhól Sandártungu og var tilgangurinn tvíþættur, í fyrsta lagi að fá betri innsýn í efnismenningu í Sandártungu á 17. öld og í öðru lagi að freista þess að finna öskuhaug síðasta bæjarins.²⁸ Í þessari aðalskráningu fannst áður óþekkt býli, sel eða „útstöð“ eftir ábendingu heimildamanns, sjá ÁR-753:018. Vorið 2020 fór fram uppgröf á staðnum sem fékk heitið „Bergsstaðir“ eftir heimildamanni sem vísaði á staðinn.²⁹

20 Þorsteinn Erlingsson, 1899: 5; Daniel Bruun. 1897: 138-144.

21 Stenberger, Márten. 1943; Hansen, Steffen Stummann, 2005.

22 Kristján Eldjárn. 1961; Kristján Eldjárn. 1950.

23 Gísli Gestsson og Jóhann Briem. 1954: 5-22.

24 Sveinbjörn Rafnsson. 1977: 56.

25 Sigurður Þórarinnsson. 1968: 49-51.


26 Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. 1989.

27 Ísleif-menningarsögulegt gagnasafn; Hansen, Steffen Stummann og Orri Vésteinsson. 2001.

28 Lucas, Gavin og Uggi Ævarsson. 2017: 3.

29 Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. Í vinnslu.

Flest friðlýstu bæjarstæðanna í Þjórsárdal voru mæld upp árið 2008 á vegum Fornleifaverndar ríkisins, nú Minjastofnunar Íslands. Árið 2015 stóð sú stofnun jafnframt fyrir átaki sem sneri að skráningu friðlýstra minja og var uppmælingum á bæjarstæðum í dalnum lokið af Fornleifastofnun Íslands.³⁰ Hægt er að nálgast uppmælingar af flestum bæjarstæðunum í Þjórsárdal í minjavefsjá Minjastofnunar Íslands.³¹ Árið 2020 urðu hins vegar nokkur tímamót í sögu dalsins þegar menningarlandslag Þjórsárdals var friðlýst og er það í fyrsta sinn sem það er gert hérlendis.³²



Friðlýsing Þjórsárdals er afmörkuð með svartri línu. Hvítu punktarnir eru skráðar minjar. ©Loftmyndir ehf.

Segja má að fyrstu rannsóknir í Þjórsárdal marki upphaf íslenskra fornleifarannsókna og mikilvægi svæðisins í þeirri sögu er óumdeilt. Upphaf byggðar í Þjórsárdal virðist, samkvæmt gjóskulagagreiningum, vera fljótlega eftir að landnámslagið féll en óvíst hversu langt fram á miðaldir byggðin varðaði. Yngstu mannvistarlögin eru oftast en ekki blásin burt en almennt má segja að gripasafnið sé ekki yngra en frá árinu 1300 eða svo.

Enn má sjá ummerki um bæjarhús í Áslákstungu fremri ÁR-263:002 en Þorsteinn Erlingsson gróf þar fyrstur árið 1895 og fann leifar bæjarstéttar og skyrbúr. Márten Stenberger gróf aftur í bæinn árið 1939 en öll gjóskulög voru horfin og ekki hægt að nota þau til

30 Eva K. Dal, 2015.

31 Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Slóðin er: <https://www.map.is/minjastofnun/>

32 Sjá t.d. <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Fridlysing-Thjorsardals-rokstudningur-og-vidhengi.pdf>

Byli	Uppgrftarár
Áslákstunga fremri ÁR-263:002	1895, 1939
Áslákstunga innri ÁR-263:003	1895, 1896, 2001
Skallakot ÁR-264:003	1939, 2001
Stórólshlíð ÁR-264:002	1939
Snjáleifartóftir ÁR-265:009	1939
Stöng ÁR-673:001	1939, 1983, 1984, 1986, 1992, 1993
Skeljastaðir ÁR-673:002	1895, 1939
Sámsstaðir ÁR-673:004	1895, 1896, 1971
Gjáskógar ÁR-673:005	1949, 1951, 1960
Fossárdalur vestari ÁR-753:013	2001
Undir Rauðukömbum ÁR-753:014	2001
Bergólfsstaðir ÁR-753:017	1895
Undir Lambhöfða ÁR-753:019	1896, 2001
Sandártunga ÁR-753:039	1949, 2017

Fjölmargar fornleifarannsóknir hafa átt sér stað í Þjórsárdal síðustu áratugi. Umfang rannsókna er ólíkt og sumir staðir hlotið meiri athygli en aðrir.

aldursgreiningar.³³ Áslákstunga innri ÁR-263:003 var einnig heimsótt af Þorsteini Erlingssyni árið 1895 og aftur ári seinna af Daniel Bruun. Í þessum rannsóknum var grafið nógu mikið til þess að heildarmynd fékkst á bæjarrústina sem var ennfremur teiknuð, mæld og ljósmynduð.³⁴ Árið 2001 voru grafnir tveir skurðir í útihús við bæjarrústina. Yfir gólfi rústarinnar lá hvítur vikur, líklega úr Heklu 1104.³⁵ Bylið Undir Lambhöfða ÁR-753:019 var fyrst rannsakað af Þorsteini Erlingssyni 1895 og kom hann niður á skyrbúr. Daniel Bruun kom ári síðar og lýsti rústinni en árið 2001 var grafin könnunarskurður í fjósið. Niðurstöður sýndu fram á að eldri byggingarstig eru undir fjósinu.³⁶ Bergólfsstaðir ÁR-753:017 eru skammt austar og voru fyrst rannsakaðir af Þorsteini Erlingssyni árið 1895 og fannst honum líklegt að skyrásar hefði verið í skyrbúri. Tvo gripi sem fundist hafa á þessum stað eða í grennd við hann er hægt að greina gerðfærðilega, sverð og mál, líklega til 13. aldar.³⁷ Tvisvar hefur verið grafið í Sandártungu ÁR-753:039. Árið 1949 gróf Kristján Eldjárn í yngstu bæjarhúsin og taldi þau byggð um 1650 eða svo. Árið 2017 gróf Gavin Lucas, í samstarfi við Minjastofnun Íslands, í öskuhaug bæjarins, austan í bæjarhólnum sem enn sést vel. Ljóst er að umtalsverðar minjar eru hér enn undir sverði en þær hafa ekki verið rannsakaðar frekar.³⁸ Fyrstu rannsóknirnar í Reykholti ÁR-753:014 voru gerðar árið 2001 þegar prufuskurður var gerður í meinta fjósrúst. Öll mannvistarlög voru blásin burtu.³⁹ Fyrirhugað er að reista hótél og smáhýsi við Reykholt og ljóst að menningarlandslag þar er í stórhættu. Í

33 Stenberger, Márten. 1943: 113-120.

34 Þorsteinn Erlingsson. 1899: 32-42; Bruun, Daniel. 1897: 13-141.

35 Berson, Bruno. 2001: 28, 30.

36 Þorsteinn Erlingsson. 1899: 30; Bruun, Daniel. 1897: 140-141; Berson, Bruno. 2001: 27.

37 Þorsteinn Erlingsson. 1899:30; Kristján Eldjárn. 2000: 314.

38 Kristján Eldjárn: 1950:102-199

39 Berson, Bruno. 2001: 24-25.

Fossárdal vestan ár ÁR-753:013 var einnig grafið fyrst árið 2001, í meinta fjósrúst. Rústin er illa blásin en engu að síður komu mannvistarlög í ljós um 65 cm undir yfirborði. Gjóskulög hafa ekki verið greind á svæðinu en gripirnir sem þarna hafa fundist eru frá fyrstu öldum byggðar.⁴⁰ Stöng ÁR-673:001 telst án efa mest rannsakaði bærinn í Þjórsárdal, en alls hefur verið grafið þar sex sinnum. Þar var fyrst grafið árið 1939 af Aage Rousell og því næst árin 1983, 1984, 1986, 1992 og 1993 af Vilhjálmi Erni Vilhjálmssyni. Niðurstöður rannsókna hans eru m.a. þær að landnámslagið sé rétt undir elsta skálanum og búseta haldist á bænum fram á 13. öld.⁴¹ Fornleifarannsókn fór fram á Gjaskógum ÁR-673:005 árin 1949, 1952 og 1960. Bærinn var byggður eftir að landnámslagið féll en komin í eyði allnokkru áður en gjóskan 1104 féll. Bærinn sem grafinn var fram líkist bænum á Stöng en eldri minjar eru þar undir. Rústin er því að öllum líkindum frá 10.-11. öld.⁴² Þorsteinn Erlingsson gróf á Skeljastöðum ÁR-673:002 árið 1895 og fann eldhús. Kirkjugarðurinn og bæjarrústin voru grafin fram á árið 1939 af Matthíasi Þórðarsyni. Hann taldi nokkur byggingarstig á bænum og að gjóska úr Heklu 1104 væri yfir minjunum.⁴³ Trjárækt ógnar þremur býlum í Þjórsárdal. Skálann í Stórolfshlíð ÁR-264:002 er erfitt að finna í þéttum skógi. Tré vaxa allt umhverfis og ofan í tóftinni, ljóst er að minjarnar eru í stórhættu af þeim sökum. Rústin var rannsökuð af Jouko Voionmaa árið 1939 og tvö byggingarstig fundust. Eldri byggingin er talin byggð um 900 og farin í eyði fyrir 1104. Aftur var einhver notkun stuttu eftir gosið 1104 en óvíst er hversu lengi hún varði, gjóska úr Heklu 1693 var óhreyfð yfir rústunum. Hið sama má segja um Skallakot ÁR-264:003, mikil trjárækt er utan við túnið og tré vaxa í minjunum sjálfum. Aage Rousell gróf fyrstur í Skallakot árið 1939. Þá kom í ljós skáli með viðbyggingum og ummerki voru um eldri byggingarstig.⁴⁴ Talið var að skálinn hefði verið reistur um 900 en byggðin komin í eyði fyrir gosið 1104 í Heklu. Aftur var byggt í Skallakoti milli árána 1104-1693 en ekki er vitað hvenær notkunin lagðist af. Stekkur var þar á 19. öld og rúst hans sést enn. Árið 2001 var aftur grafið í Skallakoti og ljós kom að svæðið var ekki fullgrafið, eldri minjar eru þar enn undir sverði. Könnunarskurðir voru teknir í fjósið og tóft við túngarðinn, báðar voru þær yngri en skálinn.⁴⁵ Ekkert er vitað um aldur Karlsstaða ÁR-263:005, þar hefur aldrei verið grafið en mikil skógrækt er utan við heimatún býlisins sem og í tóftunum sjálfum. Samsstaðir ÁR-673:004 voru grafnir upp árið 1895 af Þorsteini Erlingssyni og Daniel Bruun kom ári seinna. Árið 1971 fóru fram rannsóknir undir stjórn Sveinbjörns Rafnssonar á staðnum og grafin fram bæjarrúst en eldri minjar eru undir henni. Gjóska úr Eldgjá 939 er þar í torfi og mannvist sást ennfremur undir henni. Talið er að bærinn hafi farið í eyði fyrir 1104.⁴⁶ Menningarlandslagi Samsstaða hefur verið raskað á síðustu árum vegna virkjanaframkvæmda og líkist býlið gróinni eyju inn á milli mannvirkja og er í stórhættu af þeim sökum sem og trjáræktar. Eitt býli er í hættu vegna beitar en Snjáleifartóftir

40 Berson, Bruno. 2001: 25-26.

41 Rousell, Aage. 1943: 72-97; Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson. 2009: 17-18.

42 Kristján Eldjárn. 1961: 7-46.

43 Matthías Þórðarson. 1943: 121-136.

44 Rousell, Aage. 1943: 55-71;

45 Berson, Bruno. 2001: 30.

46 Þorsteinn Erlingsson. 1899: 22; Bruun, Daniel. 1897: 143-144; Sveinbjörn Rafnsson. 1977: 56-92.

ÁR-265:009 eru í grónu túni í landi Haga. Rústirnar voru fyrst rannsakaðar árið 1895 þegar Þorsteinn Erlingsson gerði prufuholur hluta úr degi árið 1895. Rústirnar voru grafnar upp árið 1939 af Márten Stenberger og fundust þrjú byggingarstig. Neðst var skáli, talinn vera frá því um 900 þar sem landnámslagið var í torfinu. Ofan á honum var bær sem líklega er byggður eftir 1104 og síðar var byggt í hluta rústanna en ekkert er vitað um aldur þeirrar byggðar.⁴⁷ Segja má að ekki hafi verið grafið í einn bæ í Þjórsárdal, Steinastaði ÁR-673:003.

Fleiri staðir eru í Þjórsárdal þar sem fólk hafðist við. Þetta eru minjastaðir líkt og í Hrossatungum ÁR-673:103, Leppar ÁR-673:006 og 007, Lóþrælar ÁR-753:015 og 016, rúst ÁR-753:032, í Grjótárkrók ÁR-263:006 og rústir austan Fossár ÁR-673:035. Allt eru þetta fornir minjastaðir en umfang þeirra er minna en hinna eiginlegu bæjarstæða. Á öllum þessum stöðum hefur einhvers konar „vinnsla“ átt sér stað og einna best væri að flokka þær sem útstöðvar.

47 Stenberger, Márten. 1943: 98-112.

6. Samantekt helstu minjaflokka

Samtals voru skráðar 395 fornleifar árin 2018-2019 og dreifast þær nokkuð jafnt yfir skráningarsvæðið. Þéttasta dreifingin er í heimatúnum bæja og býla og næsta nágrenni þeirra en þar eru helstu athafnasvæðin. Fornleifarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreytilegar og verður hér fjallað um helstu minjaflokka.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Almenna reglan er sú að oftast standa bæir á svipuðum stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar, og myndast þá bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Hólarnir verða til úr gólfögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og mikilla og fjölbreytilegra fornminja að vænta. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlæt看legt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Aldursgreining
ÁR-263:001	Skriðufell	bústaður	sést til	c.a. 11. öld?
ÁR-264:001	Ásólfstaðir	bústaður	sést til	16. öld
ÁR-265:001	Hagi	bústaður	sést til	c.a. 11. öld?
ÁR-266:001	Fossnes	bústaður	ekki sést til fornleifar	17.öld
ÁR-263:002 1	Áslákstunga fremri	býli	hleðslur útflattar	?
ÁR-263:003 1	Áslákstunga innri	býli	hleðslur útflattar	fyrir 1104?
ÁR-263:005 1	Karlsstaðir	býli	hleðslur signar	18. öld, þá forn.
ÁR-264:002	Stórólshlíð	býli	hleðslur signar	c.a. 900-?
ÁR-264:003 1	Skallakot	býli	hleðslur standa	c.a. 900-?
ÁR-265:009	Snjáleifartóftir	býli	sést til	c.a 900-?
ÁR-265:046 1		býli	ekki sést til fornleifar	?

ÁR-673:001 1	Stöng	býli	hleðslur standa	c.a. 874-1300
ÁR-673:002 1	Skeljastaðir	býli	sést til	10.-11. öld?
ÁR-673:003 1	Steinastaðir	býli	hleðslur útflattar	?
ÁR-673:004 1	Sámsstaðir	býli	hleðslur signar	10. öld-?
ÁR-673:005 1	í Gjaskógum	býli	hleðslur signar	10.-11 öld.
ÁR-673:006	Leppar fremri	býli	hleðslur útflattar	?
ÁR-673:107	Hólar	býli	ekki sést til forn-leifar	?
ÁR-753:013 2	Fossárdalur vestan ár	býli	sést til	10. öld?
ÁR-753:014 1	Reykholt	býli	hleðslur útflattar	?
ÁR-753:017	Bergólfstaðir	býli	hleðslur útflattar	?-13. aldar.
ÁR-753:019 1	undir Lambhöfða	býli	hleðslur útflattar	10. öld?
ÁR-753:039 1	Sandártunga	bústaður	sést til	11. öld?
ÁR-263:004	Fagriskógur	ústöð	hleðslur útflattar	?
ÁR-263:006 1	í Grjótárkrók	ústöð	hleðslur útflattar	?
ÁR-265:010	Sigurðarstaðir	ústöð	sést til	?
ÁR-673:007 1	Leppar innri	ústöð	hleðslur útflattar	?
ÁR-673:009 1		ústöð	sést til	?
ÁR-673:035 1	Fossárdalur austan ár	ústöð	sést til	?
ÁR-673:103 1	í Hrossatungum	ústöð	sést til	?
ÁR-753:015	Lóprælar fremri	ústöð	hleðslur útflattar	?
ÁR-753:016	Lóprælar innri	ústöð	hleðslur útflattar	?
ÁR-753:032		ústöð	sést til	?
ÁR-753:018 1	Bergsstaðir	ústöð	sést til	939-?
ÁR-753:052 2		ústöð	sést til	?
ÁR-753:055 1	Sölmundarholt	ústöð	hleðslur útflattar	?

Taflan sýnir alla skráða bústaði árin 2018-2019.

Í heildina voru skráðir 36 minjastaðir sem flokka mætti sem bústaði. Á skráningarsvæðinu voru skráðir fjórir bæjarhólar á jafnmörgum lögbýlum. Hér teljast til lögbýla allir þeir bæir sem skilgreindir eru sem slíkir í Jarðatali Johnsen frá 1847 en að auki er Sandártunga talin með. Bæjarhólarnir eru í misjöfnu ástandi eins og gefur að skilja. Öllum hefur verið raskað á síðustu áratugum vegna bygginga og framkvæmda. Steinsteipt búðarhús voru byggð á bæjarhólum allra lögbýlanna sem enn eru í ábúð en þrjú þeirra hafa verið rifin. Bæjarhóll Skriðufells ÁR-263:001 er enn vel greinilegur, fast vestan við veg að núverandi íbúðarhúsi sem er nokkuð norðar. Bærinn var fluttur af bæjarhólnum árið 1977 og engin hús eru þar lengur. Síðasta íbúðarhúsið á bæjarhólnum var byggt árið 1936 og rífið í kringum 2000. Á ljósmynd í bókinni *Islands Pompeji* sést bærinn á Skriðufelli árið 1939. Íbúðarhúsið var vestast og útihúsasamstæða í röð til austurs frá því. Lítil ummerki um bæjarhóll Ásólfstaða ÁR-264:001 sjást á yfirborði. Búið er að rífa öll hús á hólnum, fyrir utan íbúðarhús byggt 1928 og súrheysturn sem var byggður 1952. Á milli þeirra voru fleiri útihús, líklega fjós og hlaða. Í bókinni *Islands Pompeji* er ljósmynd sem var tekin af bæjarhólnum á Ásólfstöðum sumarið 1939 og sést vel hversu mikið hann hefur

breyst á síðustu áratugum. Búið er að slétta hólinn og planta trjám á svæðinu. Bæjarhólinn í Haga ÁR-265:001 er mikið raskaður og lítil ummerki um uppsöfnun virðast þar merkjanleg á yfirborði. Vestast á honum er íbúðarhús en austast er fjós. Milli þeirra er malarplan en eldri bærinn á jörðinni náði áður þar á milli. Hið sama má segja um bæjarhólinn í Fossnesi ÁR-266:001, lítil uppsöfnun er greinileg í bæjarhólnum á yfirborði. Núverandi íbúðarhús er um 20 m suðaustan við gamla bæjarhólinn en engin mannvirki eru uppistandandi á honum. Öll útihús á bæjarhólnum hafa verið rifin á síðustu 20-30 árum og ný reist fyrir austan bæinn, innan gamla heimatúnsins. Á ljósmynd í *Sunnlenskum byggðum I* sést glitta í eldri bæjarhús norðvestan við íbúðarhúsið. Fimm tæ bærjarhóllinn er í Sandártungu ÁR-753:039 en bærinn fór í eyði 1693. Tvisvar hefur verið grafið á svæðinu. Árið 1949 gróf Kristján Eldjárn í yngstu bæjarhúsin og árið 2017 gróf Gavin Lucas, í samstarfi við Minjastofnun Íslands, í öskuhaug bæjarins, austan í bæjarhólnum sem enn sést vel. Uppblástur hefur leikið bæjarstæðið grátt, grjót liggur á yfirborði á og við hólinn en töluverð uppsöfnun mannvistarlega virðist enn vera undir sverði.

Alls voru skráð 19 býli innan skráningarsvæðis, flest á afréttum í Þjórsárdal. Í 14 þeirra hefur verið grafið, í sum hver oftast en einu sinni meðan önnur voru rannsökuð að litlu leyti. Það afar óvenjuleg staða í fornleifaskráningu að svo miklar fornleifarannsóknir hafi farið fram innan skráningarsvæðis. Nánar er fjallað um þessa minjastaði í kafla 5. Öll býlin eru illa farin sökum uppblásturs en skógrækt ógnar þeim að auki í vaxandi mæli.

Til viðbótar við þá bæi og býli sem fjallað er um hér að framan voru skráðir 13 staðir sem gætu allt eins verið einhvers konar vinnslustaðir, svokallaðar útstöðvar. Flestir staðanna hafa verið túlkaðir sem bæir í gegnum tíðina en ef horft er til umfangs, þeirra gripa sem þar hafa fundist og jafnvel staðsetningar skera þeir sig úr. Ýmislegt bendir til að sumar útstöðvanna hafi ekki einungis snúist um mjólkurvinnslu eins og þekkt var á síðari öldum heldur eru vísbendingar um að þar hafi farið fram vinnsla á járn og ull sé tekið tillit til fyrirbyggjandi upplýsinga og þeirra gripa sem þar hafa fundist. Á öllum þessum stöðum sjást óljósar minjar og litlar sem engar rannsóknir hafa verið gerðar. Bergsstaðir ÁR-753:018 er eini staðurinn af þessum toga sem hefur verið rannsakaður. Þar fundust ummerki um járnvinnslu, gripir tengdir ullarvinnslu og soðholur. Í töflunni hér framar eru þeir flokkaðir sem útstöð.

Kirkjur, bænhús, kuml og legstaðir

Innan skráningarsvæðisins hafa fundist þrjú kuml en vísbendingar eru um fleiri á nokkrum stöðum. Fjallað var um þessa staði í kafla 5. Í Hólaskógi ÁR-673:028 voru tvö kuml grafin upp árið 1978, kuml konu og drengs. Árið 2017 var hrosskuml svo grafið upp nærri kumli konunnar. Óljósari vísbendingar um kuml hafa fundist á nokkrum stöðum til viðbótar. Vestan við Gaukshöfða er svokallað Mannabeinagil ÁR-265:006 þar sem fundust bein og spjótsoddur. Tveir staðir eru í landi Skriðufells, ÁR-263:009 og ÁR-263:024. Á Skeljastöðum ÁR-673:108 hafa fundist vísbendingar um kuml á tveimur stöðum, innan meints heimatúns þeirrar jarðar.

Austan í Búrfellshálsi eru enn vísbendingar um kuml ÁR-673:119 en þar fannst forn öxi (líklega frá 10. öld) og beinaleifar. Vísbendingar um 2-3 kuml voru einnig skráð undir númerinu ÁR-673:115 en allt eru það lausfundnir gripir sem fundist hafa í Þjórsárdal sem gefur það til kynna.

Tvær kirkjur eru innan skráningarsvæðisins sem og heimildir um tvö bænhús. Á Stöng er kirkja og kirkjugarður ÁR-673:001_02 og á Skeljastöðum var kirkjugarður ÁR-671:002_02. Heimildir um bænhúsin tvö, á Skriðufelli ÁR-263:011 og Haga ÁR-263:003, eru úr fornum máldaga frá 1540.

Einn heimagrafreitur ÁR-263:023 er innan skráningarsvæðisins. Árið 1944 var Ólafur Bergsson, bóndi á Skriðufelli, jarðsettur við sel ÁR-263:008, fjarri bænum en hann hafði 18 árum áður heygt hest sinn á staðnum. Síðast var grafið í heimagrafreitinn árið 2007, þá var Björn Jóhannsson, bóndi á Skriðufelli jarðsettur á sama stað.

Útihús, kál- og túngarðar

Mikið af minjastöðum er yfirleitt að finna í gömlu heimatúnum. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík hús voru fyrir sauðfé en lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Samtals voru skráð 67 útihús innan skráningarsvæðisins en það er um 17% af heildarfjölda fornleifa. Heimildir um útihúsin koma úr ýmsum áttum en einna þýngst vega túnakort lögbýla sem gerð voru í sveitum landsins í upphafi 20. aldar. Slík kort voru gerð í Gnúpverjahreppi árið 1919 og sýna flest þau útihús sem voru á svæðinu á þeim tíma. Einnig vegur þungt hversu miklar fornleifarannsóknir hafa verið unnar í Þjórsárdal en í þeim hafa víða fundist merki um líkleg útihús þar sem grjótdreif hefur varðveist í uppblæstri. Ekki er vitað um nánara hlutverk 42 útihúsa, eða í um 63% tilfella. Þetta hlutfall stafar eflaust af því að mörg útihúsanna voru sléttuð út fyrir löngu og erfitt er nú orðið að hafa upp á heimildamönnum sem muna eftir þeim. Eins er lítið vitað um hlutverk grjótdreifa sem eru umhverfis býlin í Þjórsárdal, fjósin þekkjast helst sökum báshellna sem liggja á yfirborði.

Samtala	Hlutverk	Ástand			
ÁR-263:002 3	útihús	sést til	ÁR-265:057	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-263:002 4	útihús	sést til	ÁR-673:003 3	útihús	sést til
ÁR-263:003 3	útihús	sést til	ÁR-673:003 4	útihús	sést til
ÁR-263:005 2	útihús	hleðslur signar	ÁR-673:007 2	útihús	sést til
ÁR-263:006 2	útihús	hleðslur útflattar	ÁR-673:007 2	útihús	sést til
ÁR-263:032	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-673:007 3	útihús	sést til
ÁR-263:040	útihús	hleðslur útflattar	ÁR-673:009 3	útihús	sést til
ÁR-263:046	útihús	hleðslur standa grónar	ÁR-673:009 4	útihús	sést til
ÁR-264:003 3	útihús	hleðslur signar	ÁR-673:009 5	útihús	sést til
ÁR-264:003 6	útihús	sést til	ÁR-673:035 3	útihús	sést til
ÁR-264:011	útihús	hleðslur standa grónar	ÁR-673:103 2	útihús	sést til
ÁR-264:032	útihús	sést til	ÁR-753:013 3	útihús	hleðslur útflattar
ÁR-265:012	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:013 4	útihús	sést til
ÁR-265:013	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:013 5	útihús	sést til
ÁR-265:014	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:013 6	útihús	sést til
ÁR-265:015	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:014 3	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:026	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:014 4	útihús	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:049	útihús	ekki sést til fornleifar	ÁR-753:039 2	útihús	sést til
			ÁR-753:039 3	útihús	sést til
			ÁR-753:039 4	útihús	sést til
			ÁR-753:039 5	útihús	sést til
			ÁR-753:039 6	útihús	sést til
			ÁR-753:039 7	útihús	sést til
			ÁR-753:039 8	útihús	ekki sést til fornleifar

Tafla yfir útihús með óþekkt hlutverk innan skráningarsvæðis.

Í 25 tilvika (um 36%) er nákvæmt hlutverk útihúsanna sem skráð voru þekkt. Samtals voru skráð 12 fjós sem dreifast nokkuð jafnt yfir skráningarsvæðið en níu þeirra eru við eyðibýli í Þjórsárdal. Örnefnið Fjóshóll er þekkt á þremur lögbýlum, á Skriðufelli ÁR-263:037, í Haga ÁR-265:027 og í Fossnesi ÁR-266:020. Í öllum tilvikum eru öll ummerki um fjósin horfin af yfirborði. Á einum bæ innan skráningarsvæðis, Ásólfstöðum, er ekkert fjós þekkt. Ummerki um fjósin níu í Þjórsárdal sjást enn og í flest þeirra hefur verið grafið að einhverju leiti. Fjósið á Stöng ÁR-673:001_04 var fyrst rannsakað 1939, fjósið á Sámsstöðum ÁR-673:004_03 var grafið fram 1971 og fjósið á Gjáskógum ÁR-673:005_01 um 1960 og segja má að það séu einu fjósin sem hafa verið rannsökuð í heild. Árið 2001 var gerður könnunarskurður í fjögur fjós í Þjórsárdal, í Reykholti ÁR-753:014_02, Fossárdal vestan ár ÁR-753:013_01, Undir Lambhöfða ÁR-753:019_03 og Áslákstungu innri ÁR-263:003_02. Meint fjós í Áslákstungu fremri ÁR-263:002_02 og á Steinastöðum ÁR-673:003_02 hafa ekki verið rannsökuð.

Fimm smiðjur eru þekktar, allar í Þjórsárdal. Í eina þeirra hefur verið grafið, smiðju ÁR-673:001_02 á Stöng. Smiðjan er undir kirkjunni þar og skráð undir því númeri. Smiðjur ÁR-673:003_05 á Steinastöðum, ÁR-673:004_04 á Sámstöðum og ÁR-753:014_05 og ÁR-753:014 í Reykholti eru við þekkt býli en ástand og varðveisla með misjöfnu móti líkt og sést í kafla 4. Smiðja ÁR-673:035 er í Fossárdal austan ár, einum þeim stöðum sem flokka má sem útstöð. Hið sama má segja um skemmur, þrjár slíkar eru þekktar á svæðinu. Hugtakið skemma er gjarnan notað um stakstætt útihús sem ekkert annað hlutverk er hægt að finna fyrir, stundum er það einnig kallað útibúr. Skemma ÁR-673:004_02 var grafin fram á Sámstöðum og skemma ÁR-673:001_03 var rannsökuð á Stöng. Skemma ÁR-753:019_02 er Undir Lambhöfða og hefur ekki verið rannsökuð að neinu ráði. Einungis tvenn fjárhús eru þekkt innan heimatúna á skráningarsvæðinu sem er fremur lágt hlutfall sé horft til annarra svæða sem hafa verið aðalskráð. Bæði fjárhúsin eru á Karlsstöðum, ÁR-263:005_6 og 005_7, og tóftirnar sjást vel. Hið sama má segja um lambhús, þau eru þrjú talsins. Lambhús ÁR-264:014 á Ásólfstöðum er hið eina sem enn sést.

Samtala	Hlutverk	Ástand			
ÁR-263:005 6	fjárhús	hleðslur standa grónar	ÁR-753:019 3	fjós	hleðslur útflattar
ÁR-263:005 7	fjárhús	hleðslur signar	ÁR-263:014	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-263:002 2	fjós	sést til	ÁR-264:014	lambhús	hleðslur signar
ÁR-263:003 2	fjós	sést til	ÁR-265:011	lambhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-263:037	fjós	ekki sést til fornleifar	ÁR-263:005 3	rétt	hleðslur standa grónar
ÁR-265:027	fjós	ekki sést til fornleifar	ÁR-673:001 3	skemma	sést til
ÁR-266:020	fjós	ekki sést til fornleifar	ÁR-673:004 2	skemma	sést til
ÁR-673:001 4	fjós	sést til	ÁR-753:019 2	skemma	hleðslur útflattar
ÁR-673:003 2	fjós	sést til	ÁR-673:003 5	smiðja	sést til
ÁR-673:004 3	fjós	sést til	ÁR-673:004 4	smiðja	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:005 2	fjós	hleðslur signar	ÁR-673:035 2	smiðja	sést til
ÁR-753:013 1	fjós	hleðslur útflattar	ÁR-753:014 5	smiðja	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:014 2	fjós	hleðslur útflattar			

Tafla yfir útihús með þekkt hlutverk innan skráningarsvæðis.

Einungis voru skráðir átta kálgarðar á skráningarsvæðinu, allir á lögbylum sem enn eru í notkun. Allir eru þeir horfnir af yfirborði fyrir utan kálgarða ÁR-264:010 og ÁR-264:021 á Ásólfstöðum.

Menn hafa hlaðið túngarða um tún sín frá örófi alda. Mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Engin gömul tún lögbyla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra

jarðbóta. Engu að síður fundust ummerki um túngarða umhverfis öll heimatúnin fjögur sem og nokkurra býla á skráningarsvæðinu. Flestir túngarðarnir virðast hafa verið hlaðnir úr torfi og grjóti. Samtals voru skráðir 22 túngarðar en í sjö tilfellum eru öll ummerki um garðana horfin. Á lögbýlunum fjórum eru túngarðar sýndir umhverfis heimatúnin á túnakortum frá 1919. Túngarður ÁR-263:016 afmarkaði heimatún Skriðufells og er öll norðhlið túngarðsins varðveitt auk hluta af suðvesturhoni. Túngarður ÁR-264:013 er sýndur á túnakorti Ásólfstaða og sést norðurhlið hans enn. Aðrar hliðar eru horfnar vegma trjáræktar og sléttunar. Á Haga afmarkaði túngarður ÁR-265:017 heimatúnið samkvæmt túnakorti en er horfin vegna sléttunar. Hið sama má segja um túngarð ÁR-266:006 á Fossnesi sem einnig er horfinn.

Í Þjórsárdal eru tveir túngarðar þekktir við býli. Lýsingar eru til á túngarði ÁR-673:002_03 á Skeljastöðum og hann er sýndur á uppdrætti árið 1939. Hann er nú horfinn. Túngarður ÁR-673:005_03 er við Gjáskóga og sést enn nokkuð vel.

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-263:005 4	túngarður	hleðslur signar
ÁR-263:005 5	túngarður	hleðslur standa grónar
ÁR-263:010 3	túngarður	hleðslur signar
ÁR-263:016	túngarður	hleðslur signar
ÁR-263:039 2	túngarður	hleðslur signar
ÁR-264:003 4	túngarður	hleðslur signar
ÁR-264:003 5	túngarður	hleðslur signar
ÁR-264:012	túngarður	hleðslur standa grónar
ÁR-264:013	túngarður	hleðslur signar
ÁR-265:017	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:018	túngarður	ekki sést til fornleifar

ÁR-265:019	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:0462	túngarður	hleðslur signar
ÁR-266:002 4	túngarður	hleðslur útflattar
ÁR-266:006	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-266:007	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:001 5	túngarður	
ÁR-673:002 3	túngarður	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:005 3	túngarður	hleðslur signar
ÁR-673:103 6	túngarður	sést til
ÁR-673:103 7	túngarður	sést til
ÁR-753:014 7	túngarður	sést til

Túngarðar innan skráningarsvæðis.

Á túnakortum lögbýlanna eru í öllum tilfellum einnig sýnd stakstæð tún sem afmörkuð voru með túngörðum. Þau eru öll horfin og erfitt að staðsetja túnin. Túngarðar ÁR-264:012, ÁR-266:007, ÁR-265:018 og 019 eru allir þess eðlis. Skammt austan við heimatún Skriðufells er túngarður ÁR-263:039_02 og afmarkaði hann að öllum líkindum tún umhverfis beitarhús 039_01 en er ekki sýndur á túnakorti. Suðurhlið túngarðs er enn varðveitt en ekki er ljóst hvort að aðrar hliðar voru hlaðnar né heldur hversu stórt túnið var, túngarðurinn hverfur í trjárækt til beggja enda. Nokkuð suðvestan við bæinn á Stöng sást hleðsla ÁR-673:001_05 umhverfis stakstætt tún/rétt árið 1939. Afstaðan er sýnd á uppdrætti af Stöng það ár en öll ummerki þess eru nú horfin.

Á þremur minjastöðum má sjá tvöfalt túngarðakerfi. Á Karlsstöðum við Skriðufell, sést

túngarður ÁR-263:005_04, utan við túngarð 005_05 sem er yngri og líklega frá 19. öld. Túnið virðist því hafa verið minnkað og verið mun stærra á einhverjum tímavarki. Á Ásólfstöðum sést tvöfaldur túngarður umhverfis býlið Skallakot. Ekki er ljóst hvort að túngarðar 003_04 og 003_05 voru í notkun á sama tíma en báðir eru signir, algrónir og án efa fornir. Tvöfaldur túngarður sést einnig austan við rústinar í Hrossatungum. Túngarður ÁR-673:103_06 er innar og sést enn á yfirborði. Túngarður ÁR-673:103_07 er utar og sést eingöngu á yfirborðslíkani.

Við sel ÁR-263:010 er hluti túngarðs ÁR-263:010_03 varðveittur. Selið er í Seljamýri innarlega í Þjórsárdal. Minjarnar eru signar og ekki er ljóst hversu umfangsmikill túngarðurinn var. Túngarður ÁR-266:002_04 sést illa á yfirborði en afmarkaði hringlaga tún umhverfis sel ÁR-266:002. Fornleifarnar eru friðlýstar og tilheyra minjastaðnum Garðabrekku. Túngarður ÁR-265:046_02 er það eina sem ber fornu en nafnlausu býli í landi Haga vitni en öll önnur ummerki um það voru sléttuð í tún fyrir örfáum árum.

Kvíar og stekkir

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oftast í eða við túnjaðar. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið stöðull er stundum notað um kvíar sem ær voru mjólkaðar í en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. Ætla má að þær hafi verið á mörgum af bæjunum á skráningarsvæðinu en þar eru aðeins þrjár kvíar þekktar. Líklegast er ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið sú að færirkvíar voru algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu en auk þess má gera ráð fyrir að margar kvíar hafi horfið við túnastækkun, þar sem þær voru oft við jaðar túna. Einungis má sjá kvíar á einum stað, tóft ÁR-266:014 er í Stöðulgili í landi Fossness. Tóftin er skammt vestan við heimatúnið en er sigin og nánast útfloft.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-263:035	Stöðultorfur	kvíar	ekki sést til fornleifar
ÁR-264:020	Stöðull	kvíar	sést til
ÁR-266:014	Stöðulgilið	kvíar	hleðslur signar
ÁR-263:010 2		stekkur	hleðslur signar
ÁR-264:003 2		stekkur	hleðslur signar
ÁR-264:025	Stekkatúnshólar	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:005		stekkur	hleðslur signar
ÁR-265:038	Stekkatúnsás	stekkur	ekki sést til fornleifar
ÁR-266:013	Stekkjartún	stekkur	hleðslur signar
ÁR-266:018	Gamlistekkur	stekkur	hleðslur signar

Kvíar og stekkir sem skráð voru árin 2018-2019.

Stekkir eru yfirleitt einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Samtals voru skráðir sjö stekkir á fjórum jörðum innan skráningarsvæðisins, en af þeim eru tveir horfnir. Einn stekkur er á Skriðufelli en tveir á hinum lögbýlunum þremur. Hvergi sjást veglegir rústahólar undir tóftunum eða við þær og bendir margt til að flestir þeirra séu fremur ungir. Það heyrir til undantekninga að tóftirnar hafi verið nýttar áfram í nýju hlutverki eftir að fráfarur lögðust af sem er óvenjulegt, á mörgum svæðum sem skráð hafa verið hérlandis er algengt að beitarhús eða réttir hafi verið byggðar upp á stekkjaleifum. Stekkur ÁR-266:018 í landi Fossness hefur tvisvar verið kannaður. Fyrst teiknaði Daniel Bruun hann upp í heimsókn sinni í Þjórsárdal 1896. Þá var gerður könnunarskurður í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í Þjórsá fyrir nokkrum árum af Bjarna F. Einarssyni. Skýrsla með niðurstöðum þeirrar rannsóknar fundust ekki við skráninguna.

Brunnar og vatnsból

Annar minjaflokkur innan gömlu heimatúnanna eru brunnar en þeir eru ekki sýndir á fyrrnefndum túnakortum. Gera má ráð fyrir að á flestum bæjum hafi verið einn eða jafnvel fleiri brunnar en einnig voru lækir víða notaðir sem vatnsból. Alls voru skráðir fimm brunnar/vatnsból innan skráningarsvæðisins, þar af þrjár í landi Skriðufells. Sunnan við bæjarhólinn var brunnur ÁR-263:007 en fyllt var upp í hann fyrir allöngu. Brunnur ÁR-263:038 er yngri og nær bænum. Hann sést enn, vagnhjól er yfir brunnopinu. Örnefnið Brunntorfur ÁR-263:021 er norðan við heimatún Skriðufells og bendir það til brunns eða vatnsbóls á því svæði þótt engin ummerki sjáist um slíkt. Í landi Fossness er lind ÁR-266:005 skammt frá bæjarhólum og á túnakorti er sýnt mannvirki þar. Lindin sést enn en ekkert mannvirki er þar nú. Í Haga var lind ÁR-265:024 innan heimatúnsins en er horfin.

Aðrir minjaflokkar sem tengjast góðu aðgengi að vatni nærri heimatúnum eru myllur. Tvær myllur voru skráðar sem báðar eru í landi Haga, ÁR-265:025 og 039. Öll ummerki þeirra eru horfin af yfirborði.

Sel, beitarhús, fjárskýli og réttir

Fjölbreyttar minjar voru skráðar í úthögum á skráningarsvæðinu. Flestar þeirra tengjast sauðfjárrækt s.s. beitarhús, réttir, fjárborgir og heystæði. Hér fyrir neðan verður fjallað nánar um þessa flokka. Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Tóftum þeirra svipar til tófta fjárhúsa í heimatúnum en helsti munurinn er stærðin, beitarhúsin eru gjarnan stærri. Helsti munurinn á því hvort fjárhús telst beitarhús eða ekki er í raun fólgin í staðsetningu þeirra, þ.e. að fjárhús í úthögum teljast til beitarhúsa. Þar sem gerð húsanna er

áþekk verður hér fjallað um báða minjaflokka saman. Samtals eru þekkt 13 beitarhús í úthögum og þrjú fjárhús, skammt utan heimatúna. Samtals eru því 16 slíkar tóftir skráðar og er dreifing þeirra nokkuð jöfn innan marka lögbýlanna fjögurra sem skráð voru.

Samtala	Hlutverk	Ástand
ÁR-263:039 1	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-263:039 3	beitarhús	hleðslur útflattar
ÁR-263:050	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-264:007	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-264:024	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-264:028	beitarhús	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:028	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-265:031	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-265:034	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-265:051	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-266:022	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-266:032 1	beitarhús	hleðslur standa grónar
ÁR-263:047	beitarhús	hleðslur signar
ÁR-263:019 1	fjárhús	hleðslur standa grónar
ÁR-263:019 2	fjárhús	hleðslur signar
ÁR-263:019 3	fjárhús	hleðslur signar

Beitar- og fjárhús í úthögum sem skráð voru árin 2018–2019.

Alls sjást ummerki um beitarhúsin á 11 stöðum. Útlit þeirra og gerð er nokkuð fjölbreytileg, oftast skiptast húsin þó í 2 – 3 hólf. Við örfá þeirra eru einnig stakstæð heystæði. Flest þessara húsa eru eflaust frá 19. öld en ekki er útilokað að einhver þeirra séu eldri. Í því samhengi má nefna tóftirnar í Hagaey ÁR-265:051. Fjárhúsin eru öll í landi Skriðufells og tilheyra sama minjastað, svokölluðum Torfuhúsum ÁR-263:019_01, 019_02 og 019_03. Ekki er unnt að greina hvort að þau hafi öll verið í notkun á sama tíma.

Sel eru bústaðir í úthögum eða inn til fjalla sem voru notaðir um sumar til að nýta beit og jafnvel slægjur og safna og vinna mjólkurafurðir á seinni öldum. Í sumum tilvikum getur verið erfitt að skera úr um hvort um sel eða beitarhús sé að ræða en selbyggingar voru oft notaðar sem beitarhús á vetrum. Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli, en í flestum tilfellum var seljabúskap hætt á 19. öld eða fyrr. Vísbendingar eru um að seljastörf fyrr á öldum hafi verið frábrugðin seljum á seinni tímum og hlutverk og starfsemin verið mun fjölbreyttari. Skráðir voru alls 13 slíkir staðir og fjallað er um þá framfarir í þessum kafla, sjá Bæjarhólar og býli. Á skráningarsvæðinu er alls þekkt níu sel í hefðbundnum skilningi þess orðs á lögbýlunum fjórum.

Ummerki um selin sjást enn í sex tilfellum. Tvær selstöður eru þekktar í landi Skriðufells, sel ÁR-263:010 er í Seljadal tæpum 8 km frá bæ. Selið er mjög sigið og tóftir við það að hverfa. Sel ÁR-263:008 er við Selhöfða, á svæði sem nú er þakið þéttum skógi. Tóftin er óglögg og mikið röskuð af þeim sökum. Í landi Ásólfstaða eru þekkt þrjú sel en eitt þeirra er varðvett. Sel

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-263:008		sel	hleðslur signar
ÁR-263:010 1	Seljamýri	sel	hleðslur signar
ÁR-264:004		sel	ekki sést til fornleifar
ÁR-264:005		sel	sést til
ÁR-264:006	á Leiti	sel	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:032	Selfitar	sel	ekki sést til fornleifar
ÁR-266:002 2		sel	hleðslur signar
ÁR-266:002 3		sel	hleðslur signar
ÁR-266:010	Seljadalur	sel	hleðslur standa grónar

Sel innan skráningarsvæðis.

ÁR-264:005 er hið eina sem enn er varðveitt og er þar rústahóll. Sel ÁR-264:006 var sléttað út fyrir 30-40 árum þegar starfsmenn Skógræktarinnar lögðu veg yfir það. Öll ummerki um sel ÁR-264:004 eru ennfremur horfin, líklega vegna jarðrasks eða skógræktar. Örnefnið Selfítjar ÁR-265:032 er norðvestan við Hagafjall en ekki fundust tóftir á því svæði. Mögulegt er að örnefnið tengist seli ÁR-266:010 í svokölluðum Seljadal, í landi Fossness. Það sel er vel varðveitt og minjarnar fallegar. Annað sel er í landi Fossness, í Garðabrekku ÁR-266:002. Þar eru fornir akrar sem voru friðlýstir 1927 ásamt þessum minjum. Á svæðinu er tvær signar tóftir, ÁR-266:002_02 og 002_03 auk túngarðs ÁR-266:002_04.

Fjárskýli eru hvers kyns skjól eða afdrep fyrir sauðfénað, þ.m.t. fjárborgir. Fjárskýli er yfirleitt að finna í úthögum og tengjast vetrararbeit sauðfjár. Á þeim svæðum sem skráð hafa verið á Suðurlandi voru flest fjárskýlanna hringhlaðnar fjárborgir, tóftir eða náttúrulegir hellar sem hlaðið var fyrir. Þekkt fjárskýli eru alls þrjú talsins á skráningarsvæðinu. Tvö eru í landi Haga og er annað þeirra Byrgishóll ÁR-265:021 horfið. Hitt fjárskýlið ÁR-265:052 er hringlaga tóft í svokallaðri Hagaey í Þjórsá. Fjárskýli ÁR-264:027 er í helli, ofan við Bringu í landi Ásólfstaða. Eftir hellinum endilögnum liggur garði og framan við hellisopið eru lágreistar hleðslur.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en fjárskýli, gæsaréttir, hrossaborgir, kvíar og stekkir eru flokkuð sem *réttir* í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d. rýja, mjalta eða gelda. Alls voru skráðar fimm réttir á skráningarsvæðinu og enn má sjá ummerki um þrjár þeirra. Rétt ÁR-236:043 er nærri Þjórsá og sést enn en ekki er nákvæmlega vitað hvernig réttin var notuð. Rétt ÁR-264:015 er í landi Ásólfstaða, framan við svokallað Bringuskarð. Þjóðleið ÁR-671:052 lá yfir skarðið en ekki er ljóst hvort að þarna var áningarstaður eða réttin nýtt undir búpening. Rétt ÁR-266:032_03 er við beitarhús í úthögum Fossness og nýtt af þeirri jörð.

Efnisvinnsla

Kolagrafir finnast víða í Þjórsárdal og má segja að dalurinn hafi verið þakin slíkum minjum áður fyrr. Vitað er að fjölmargar kolagrafir voru og eru í Ásólfstaðaskógi en erfitt er að finna þær og án efa var mörgum þeirra raskað þegar barrtrjám var plantað á svæðinu. Einnig er vitað um kolagrafir við Sölmundarholt, Sandafell/Bláskógum og við Búrfell. Ekkert er vitað um aldur kolagrafanna og gætu þær spannað mjög langt tímabil en það var ekki fyrr en á 18. öld skógar á svæðinu voru nánast horfnir.⁴⁸ Alls voru skráðar fimm kolagrafir í Þjórsárdal en ummerki fundust aðeins á einum stað, ÁR-753:041. Þar er viðarkolaaska og mótur fyrir niðurgrefti kolagrafarinnar á yfirborði. Öll kol eru fokin burt og mögulega er það grafarbotninn sem sést. Í öðrum tilfellum voru það örnefni sem gáfu vísbendingar um kolagerð líkt og Kolviðarhóll ÁR-753:049 og Brunaskógshæð ÁR-264:023. Kolagröf ÁR-673:032 fannst við Sandafell árið 1999 en öll ummerki hennar eru nú horfin. Ljóst er að uppblástur hefur mikið að segja um ástand og sýnileika kolagrafanna og hefur uppblástur/uppsöfnun jarðvegs ýmist eytt gröfum eða afhjúpað þær.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-264:023	Brunaskógshæð	kolagröf	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:032		kolagröf	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:101		kolagröf	sést til
ÁR-753:041		kolagröf	sést til
ÁR-753:049	Kolviðarhóll	kolagröf	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:029 1	Sandafell	rauðablástur	hleðslur útflattar
ÁR-673:103 3		rauðablástur	sést til
ÁR-673:109		rauðablástur	sést til
ÁR-753:018 4		rauðablástur	sést til
ÁR-753:050	Þórðarholt	rauðablástur	ekki sést til fornleifa
ÁR-753:052 3		rauðablástur	sést til
ÁR-753:055 2		rauðablástur	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:055 3		rauðablástur	sést til
ÁR-264:016	Torfhóll	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-266:016	Torfholt	rista	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:029 2		smiðja	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:052 1		smiðja	hleðslur útflattar

Alls voru skráðir 17 minjastaðir sem tengjast efnisvinnslu innan skráningarsvæðis.

Alls voru átta minjastaðir tengdir rauðablæstri og járnvinnslu innan skráningarsvæðis sem er óvenjuhátt hlutfall. Allar þessar minjar eru í Þjórsárdal, þ.e. á afréttum. Á þeim öllum fannst gjall, bæði smíða- og smiðjugjall. Fimm þeirra eru við staði sem flokka mætti sem vinnslusel/útstöð og ekki við bæina sjálfa. Á Bergstöðum ÁR-753:018 fundust árið 2018 hlutar

48 Friðgeir Sófus Sigurmundsson, 2017.

úr ofnum innan um mikið af gjalli og ljóst að járnvinnsla var stunduð á svæðinu. Fornleifar ÁR-673:103_03 Í Hrossatungum, Þórðarholti ÁR-673:050, minjar ÁR-753:052_03, minjar ÁR-753:055_02 og 03 eru illa farnar sökum uppblásturs á öllum stöðunum er það gjall sem ber þeim vitni. Að auki eru þrjár smiðjur þekktar. Smiðja ÁR-673:029_2 var vestan í Sandafelli og fannst árið 1954. Í henni var m.a. steðji en öll ummerki hennar eru nú horfin. Önnur smiðja ÁR-753:052_1 er austan í Sölmundarholti og grjótdreif ber henni merki auk gjalls. Í Stórkonugróf, sunnnarlega í Búrfelli var smiðja ÁR-673:109, rauðagjall og viðarkol báru henni einna helst vitni. Árið 1954 var þessi smiðja nánast öll fallin niður bratta brekku í grófinni.

Engar mógrafir voru skráðar innan skráningarsvæðis sem verður að teljast óvanalegt. Ástæðan er að öllum líkindum sú að uppblástur hefur leikið jarðirnar grátt og ekki góð mótekja í mýrum á lögbýlunum fjórum. Svo var líklega minni þörf á mó á svæði sem er frægt fyrir skógarnytjar fram eftir öldum. Tveir ristustaðir eru þekktir, einn í landi Ásólfstaða ÁR-264:016 og annar í Fossnesi ÁR-266:016. Gera má ráð fyrir að torf hafi verið rist á öllum jörðunum þrátt fyrir að heimildir geti þess ekki.

Samgönguminjar

Alls voru skráðar 68 fornleifar tengdar samgöngum sem gerir slíkar minjar að einum stærsta minjaflokkinum innan skráningarsvæðisins. Hægt er að flokka leiðirnar í þrennt: Þjóðleiðir, leiðir innan hreppa og styttri leiðir innan lögbýla. Leiðir innan lögbýla liggja t.d. frá bæjum og út á engjar, milli húsa eða eru óljósar götur sem aðeins var hægt að rekja á stuttum kafla og ekki er vitað með vissu hvert lágu. Það liggur í augum uppi að skráðar leiðir innan jarða og gefa ekki raunsanna mynd af samgöngum innan lögbýlanna enda hafa í öllum tilfellum verið þar ótal leiðir frá bæjum og um landareignirnar. Hið sama má segja um leiðir innan hreppa. Þær lágu meðal annars til kirkna innan svæðis og á milli bæja. Einnig eru dæmi um að leiðir sem lágu innan hreppa hafi sameinast þjóðleiðum. Verðugt rannsóknarefni væri að kanna betur leiðir og samgönguminjar á svæðinu. Allar þjóðleiðirnar eru skráðar undir flokknum Fornleifar á fleiri en einni jörð ÁR-671.

Samtals voru skráðar 22 leiðir. Engin þeirra var rakin í heild sinni, en slíkt væri sem fyrr

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand	Flokkun
ÁR-263:018 1	Selklif	leið	ekki sést til fornleifar	Innan lögbýlis
ÁR-263:031	Stígur	leið	ekki sést til fornleifar	Innan lögbýlis
ÁR-263:033	Kirkjuskarð	leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-263:041	Kornásaklif	leið	ekki sést til fornleifar	Innan lögbýlis
ÁR-264:029		leið	ekki sést til fornleifar	Innan lögbýlis
ÁR-266:023		leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps
ÁR-266:028		leið	hleðslur signar	Innan lögbýlis
ÁR-266:037		leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps
ÁR-671:002	Sprengisandsleið	leið	sést til	Þjóðleið

ÁR-671:003	Þröngagata	leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps
ÁR-671:029		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:030		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:032		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:034 1		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:034 2		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:041	Tæpistígur	leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:042		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:052_01		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-671:052_02	Tíðagata	leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps
ÁR-673:008		leið	sést til	Innan hrepps
ÁR-673:120		leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps
ÁR-753:051		leið	ekki sést til fornleifar	Innan hrepps

Alls voru skráðar 22 leiðir innan skráningarsvæðis. Flestar eru þær hluti af samgögnukefi innan hreppsins.

segir efniviður í sérstakt rannsóknarverkefni sem áhugavert gæti verið að vinna innan marka sveitarfélagsins en rúmast ekki undir aðalskráningarföngu. Mat á ástandi gatnanna segir því aðeins til um ástand þeirra á því svæði sem þær voru kannaðar og þar sem ekki fundust ummerki um götur má vera að slík ummerki kunni að finnast utan þess svæðis sem kannað var að þessu sinni. Flestar af lengri leiðunum sem skráðar voru eru sýndar á Herforingjaráðskorti danskra landmælingamanna en enn fremur eru örnefnaskrár mikilvæg heimild.

Alls voru skráðar fimm traðir sem lágu innan heimatúna að bæjunum. Ummerki þeirra allra eru horfin og þær komnar undir malarvegi.

Alls voru skráðar 27 vörður sem mörkuðu leiðir og teljast því til samgöngubóta. Af þeim eru flestar við Sprengisandsleið, alls 17 talsins. Vörður við Sprengisandsleið eru mun fleiri innan skráningarsvæðisins en vegna umfangs var ekki gengið skipulega eftir leiðinni og þær voru ekki allar hnitsettar. Vitað er að vörðurnar á allri leiðinni skipta hundruðum. Vörðurnar við Sprengisand voru endurhlaðnar árið 2006 og hnitsettar í þeirri vinnu. Hnitin eru aðgengileg á geisladisk sem fylgir bókinni 1001 Þjóðleið og ljóst að þau eru ekki í samræmi við vörðurnar sem sjást. Ekki er ljóst hvort að skekkja í hnitum ræður en einnig er möguleiki að allar vörðurnar hafi ekki verið hnitsettar. Í landi Fossness voru skráðar þrjár vörður við leið ÁR-671:042 sem allar sjást enn. Einnig virðast vörður hafa verið á leið ÁR-263:018 að seljum í landi Skriðufells og Ásólfstaða.

Vatnsföll eru nokkur innan skráningarsvæðis og samtals voru skráð 12 vöð á Þjórsá, Fossá, Sandá, Rauðá og Þverá. Í öllum tilfellum var raunin sú að ekki sáust greinileg merki um vöðin en flest voru þau á þjóðleiðum. Tvær brýr voru enn fremur skráðar, ein þeirra yfir Þverá og hin yfir læk í landi Haga. Brúin yfir Þverá er horfin en undirstöður hennar sjást við núverandi brú. Brúin í landi Haga sést enn.

Fjárleitir

Hlutar af afréttum Skeiða- og Flóamanna- og Gnúpverja voru innan skráningarsvæðis, þ.e. þeir hlutar sem teljast landfræðilega til Þjórsárdals. Ljóst er að í dalnum ægir saman minjum um búsetu, samgöngur, kola- og járnvinnslu auk fjárleita og var stundum erfitt að greina hlutverk þeirra staða sem skráðir voru. Alls voru skráðar 18 minjar sem tengja má við fjárleitir með beinum hætti á svæðinu.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
ÁR-263:028	Hallslaut	áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-264:026		áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-264:033	Flóamannalaut	áfangastaður	sést til
ÁR-753:027		áfangastaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:010	Sandafell	náttstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:113	Skeiðamannahólmi	náttstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:002		náttstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:008	undir Kletti	náttstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-753:031	Hjálparflöt	náttstaður	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:033	Hólaskógur	sæluhús	undir þaki
ÁR-673:097 1	Gjáin	sæluhús	hleðslur signar
ÁR-263:027	Fjallmannabrekka	tjaldstæði	sést til
ÁR-264:022	Fitar	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-265:041	Tjaldhóllinn	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar
ÁR-673:110		fjárskýli	sést til
ÁR-673:097 2		rétt	hleðslur signar
ÁR-673:038	Lambaréttarnef	rétt	hleðslur útflattar
ÁR-673:102		rétt	hleðslur signar
ÁR-753:045		rétt	ekki sést til fornleifar

Minjastaðir sem tengjast fjárleitum sem skráðir voru.

Tvö sæluhús eru innan skráningarsvæðis á afrétti Gnúpverja, Hólaskógur ÁR-673:033 og Gjáin ÁR-673:097_01. Sæluhúsið í Hólaskógi er enn notað til gistingar en eldra sæluhúsið er skammt frá húsinu sem notað er í dag. Í Gjánni var sæluhúsið í litlum hellisskúta sem hlaðið var fyrir. Gjáin er stakstaður klettur en í gegnum hann endilangan er gjá sem lokast í annan endann. Hellisskútinn er í enda hennar en stærra svæði gengur undir þessu nafni í dag og er vinsæll áfangastaður ferðamanna. Fimm réttir sem tengjast fjárleitum voru skráðar á þessu svæði og eru þrjár þeirra við fyrrnefnd sæluhús. Rétt ÁR-673:097_02 er í Gjánni framan við sæluhúsið, farið var úr henni þar inn. Rétt ÁR-673:110 er skammt ofan við hina eiginlegu Gjá og hleðslur eru þar í stórum hellisgapa. Rétt ÁR-673:102 er við sæluhúsið í Hólaskógi en hún er að öllum líkindum ekki mjög forn. Við Lambaréttarnef ÁR-673:038 í Fossárdal er rétt hlaðin

upp við stakstætt bjarg, á brúninni fyrir ofan Fossá. Réttin sést lítið sem ekkert, það eimir eftir að undirstöðum veggja við klettinn. Rétt ÁR-753:045 var í svokallaðri Hjálp, skammt neðan við Hjálparfoss en fannst ekki þegar skrásetjarar voru á ferðinni.

Alls voru skráðir 11 náttstaðir, áningarstaðir og tjaldstæði innan skráningarsvæðis. Engin mannaverk fundust á þessum stöðum enda lítilla minja að vænta. Eitt tjaldstæðið er ekki tengt fjárleitum með beinum hætti, fremur má tengja það við upphaf ferðalaga Íslendinga á fyrri hluta 20. aldar. Perla ÁR-264:022 er í landi Ásólfstaða og varð vinsæll áningarstaður þegar bílaöld Íslendinga rann upp og var staðurinn skráður þótt hann sé strangt til tekið of ungur til að teljast til fornleifa.


Í umfjölluninni hér ofar hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjastaði og fornleifar sem er að finna innan þess svæðis sem skýrslan fjallar um en rétt er að geta þess að umfjöllunin er síður en svo tæmandi. Þar eru margir aðrir minjastaðir s.s. álagablettir og staðir tengdir átrú á huldufólk, staðir tendir þinghaldi, akuryrkju og öskuhaugar en allir eiga þeir sameiginlegt að aðeins voru skráðir fáir staðir á hverri gerð og að umfjöllun um þá er að finna í sjálfri fornleifaskránni.

7. Niðurstöður

Árin 2018-2019 voru skráðar 395 fornleifar á 272 minjastöðum í Þjórsárdal. Fornleifarnar eru á fjórum lögbýlum, tveimur afréttum auk minja sem teljast vera á fleiri en einni jörð. Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum þar sem búið hefur verið alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagngerar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að næstum ekkert lifi eftir af þeim mannvirkjum sem voru sýnilegar heima við bæi í upphafi 20. aldar. Af þessum sökum er algengt að um eða meira en helmingur fornminja á hverri jörð sé horfinn af yfirborði. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sjö flokka:

- Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
- Hleðslur útlattar. Rústin er blásin ofaní grjót þannig að ekki stendur steinn yfir steini í bókstaflegri merkingu. Ef um torfhús er að ræða er miðað við að hleðslur séu ekki hærri en 20 cm.
- Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórbýfi.
- Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólfí. Hleðsluhæð 80-150 cm.
- Hleðslur standa. Þök hrúnin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
- Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
- Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Ástand fornleifa innan skráningarsvæðis




Skífurit 1. Ástand skráðra minjastaða.

Skífurit 1 sýnir ástand fornleifanna á skráningarsvæðinu. Tæplega þriðjungur fornleifanna (eða 30%) er horfinn eða fannst ekki við vettvangsleit. Það er lægra hlutfall en víða annars staðar á landinu en algengt er að um helmingur þeirra sé horfinn. Einungis eitt hús sem telst til fornleifa stendur ennþá undir þaki á skráningarsvæðinu. Fáar tóftir á svæðinu eru með vel varðveittum veggjum en í flestum tilfellum eru hleðslur annað hvort útflattar og signar. Ástæða þessa er að talsverðu leyti túnasléttun og uppblástur en einnig hefur breytt búsetufyrirkomulag og landnýting haft áhrif á varðveislu þar sem framkvæmdir í tengslum við slíkar breytingar hafa oft raskað minjum. Sem dæmi má nefna að hefðbundinn búskapur er aðeins stundaður á helmingi jarðanna sem skráðar voru. Þar er einnig stunduð skógrækt, iðnaður og ferðaþjónusta. Það vekur einnig athygli að aðeins 11% minjastaða teljast vel varðveittir, þ.e. hleðslur sjást greinilega á yfirborði. Ástæðan er sem fyrr að öllum líkindum breytt landnýting, sú staðreynd að úthagar eru víða komnir í tún og skógrækt hefur verið sérlega mikil á þessum slóðum auk fyrrnefnd uppblásturs.

Þar sem ekki sást til fornleifa var reynt að áætla hvers vegna minjarnar væru horfnar en í tæplega helmingi tilfella reyndist ekki unnt að segja til um það með vissu. Þar sem minjaspjöllin voru þekkt var algengast að túnarækt væri ástæðan en 12% minja eru horfin af þeim sökum. Tæp 8% eru horfin vegna uppblásturs.

Minjaspjöll




Skífurit 2. Ástæða minjaspjalla innan skráningarsvæðis.

Á hverjum minjastað var metið hvort hætta steðjaði að fornleifum og þá hverskonar hætta (sjá skífurit 2). Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2, engin hætta, hætta og stórhætta. Fjórði flokkurinn, „óþekkt“, á við þegar ekki er hægt að staðsetja minjastaði né

Þá hættu sem að þeim stafar. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort einhver hætta geti mögulega stöðjað að fornleifum, ef ekki verði gripið sérstakra ráðstafana. Í flestum tilfellum er ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski og hættan því hvorki talin óhjákvæmileg eða óyfírstíganleg heldur er hættumatinu ætlað að vekja athygli á því að umræddur minjastaður geti lent í hættu vegna tiltekinna þátta. Sem dæmi um þetta má nefna að allir minjastaðir í heimatúnum bújarða í byggð eru að jafnaði taldir í hættu vegna ábúðar, þar sem talsverðar framkvæmdir fylgja oftast búskap í sveit og margar minjar hafa á síðustu áratugum vikið í slíkum framkvæmdum. Á skráningarsvæðinu reyndist um þriðjungur fornleifanna í hættu og og annar þriðjungur í stórhættu. Rúmur þriðjungur taldist ekki vera í hættu. Hlutfall minja í stórhættu er afar óvenjulegt enda telst venjulega aðeins brot af minjastöðum í bráðri hættu. Ástæða þessa er í helmingi tilvika vegna uppblásturs en 40% eru í stórhættu sökum trjáræktar, nánast allir þessir staðir eru á uppblásturs- og trjáræktarsvæðum í Þjórárdal, á svæðum sem ekki eru nýtt til landbúnaðar. Minjastaðir sem ekki eru í hættu eru aðallega í úthögum, á svæðum sem eiga það sameiginlegt að náttúruvá (s.s. vatnsrof eða uppblástur) ógnar ekki minjum og ekki er talið líklegt að framkvæmdir muni eiga sér stað á næstu árum.

Hættumat



Skifurit 3. Hættumat fornleifa innan skráningarsvæðis.

Almennt má segja að þeir minjastaðir sem skráðir voru séu dæmigerðir fyrir landbúnað og landnýtingu fyrri alda. Hlutverk um 10% þeirra staða sem skráðir voru var óþekkt, þ.e. ekki er lengur vitað nákvæmlega hvaða hlutverki minjastaðurinn gegndi. Slíkir staðir voru t.d. þústir, tóftir eða vörður sem engar heimildir eru um til hvers voru byggð og bera ekki greinileg einkenni sem hægt er að nota til að ráða í mögulegt hlutverk.

Óvenjumikill fjöldi friðlýstra fornleifa er innan skráningarsvæðisins. Árið 1927 friðlýsti Matthías Þórðarson Sámstaði, Skeljastaði, Steinastaði, Stöng, báða Leppabæina, Gjáskóga,

Stórólshlíð, Skallakot og Snjáleifartóftir með þeim formerkjum að allir þessir staðir væru hluti af eyðibygðinni í Þjórsárdal. Að auki friðlýsti hann þrjá staði í landi Fossness. Einn þeirra er Garðabrekka ÁR-266:003 í Sauðhúsdal, í úthögum Fossness. Þar er fornt gerði í brekku mót suðri og að öllum líkindum sel skammt frá við lækjargil. Skammt sunnan við heimatúnið var Akurhóll ÁR-266:019 friðlýstur en er nú horfinn, litlar sem engar lýsingar eru til á honum. Þriðji friðlýsti staðurinn í landi Fossness er Goðatóft ÁR-266:008 sem var nærri gilbrún Þverár, rétt utan heimatúnsins. Hún sést ekki lengur, eingöngu hóllinn sem hún var á.

Árið 2020 var svo menningarlandslag Þjórsárdals friðlýst.⁴⁹ Afmörkun friðlýsingarinnar er merkt inn á minjakort í Viðauka I. Þjórsárdalur hefur að geyma einstakar minjar sem ná yfir tímabilið frá landnámi og fram á miðaldir líkt og rakið var frammar í þessari skýrslu. Við afmörkun friðlýsingarinnar var reynt að ná utan um eyðibygðina, taka mið af staðháttum og landfræðilegum mörkum dalsins. Landslagi var fylgt við afmörkunina og hálendisbrúnin þrædd nema í suðvestri þar sem aðstæður buðu ekki upp á það. Bújarðirnar Hagi og Ásólfstaðir voru ekki friðlýstar nema að því leyti að friðlýsing fornbylanna Skallakots og Snjáleifartófta helst óbreytt.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar miklir möguleikar ónýttir. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Kynning á fornleifum og sögu getur aukið mjög á gildi útivistar og oft má flétta saman kynningu á gönguleiðum og fróðleik um fornleifar og sögu. Það þarf ekki að vera flókin né dýr framkvæmd, t.d. geta skilti með merkingum og upplýsingum um tóftir og aðra minjastaði skilað miklum fróðleik á einfaldan hátt. Nú þegar er vísir að merkingum og upplýsingaskiltum víða innan skráningarsvæðis. Við sum bylanna í Þjórsárdal eru komin skilti og búið er að byggja upp aðstöðu fyrir ferðamenn við Stöng. Hið sama má segja um Gaukshöfða, þar er upplýsingaskilti og nestisaðstaða. Við Hjálparfoss er bílaplan og göngustígar og aðgengi gott. Gjáin á hins vegar undir högg að sækja og átroðningur ferðamanna veldur skemmdum á gróðri ár hvert en fornleifarnar þar hafa sloppið fram að þessu. Stikuð gönguleið er inn Fossárdal, frá Stöng að Háafossi. Leiðin liggur nærri báðum Leppum auk minja sem eru austan Fossár. Einnig er stikuð leið frá Stöng að Gjánni. Fyrirhugað er að setja göngubú yfir Þjórsá, sunnan við Búrfell og ofan við Þjófafoss. Með þeim hætti verður hægt að fara hjólandi, gangandi og ríðandi um svæðið yfir í Rangárvallasýslu og opnar það á ýmsa möguleika í kynningarmálum. Uppi eru áform um að leggja talsvert kerfi göngu- og reiðleiða í Þjórsárdalnum sjálfum og fornleifaskráningin gæti hæglega orðið grunnur að efni sem miðla mætti á slíkum leiðum. Það er ljóst að fjölmargir möguleikar eru til staðar varðandi kynningu menningarminja en á jafn viðkvæmu minjasvæði líkt og í Þjórsárdal þarf að hyggja að ýmsu áður en ráðist verður í slíkar framkvæmdir til að tryggja varðveislu menningarminja. Ákjósanlegt væri að allar slíkar ráðagerðir væru unnar í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Erfitt er að gera upp á milli minjastaða þegar kemur að því að gera tillögur um hvaða minjastaðir gætu hentað til kynningar og/eða rannsóknar og hvaða staðir hafa óvenjugott minjagildi en þessi skýrsla gæti án

49 Sjá t.d. <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Fridlysing-Thjorsardals-rokstudningur-og-vidhengi.pdf>

efa nýst vel í slíkri vinnu.

Það er rétt að vekja athygli á því hér í lokin að fyllstu varúðar ber að gæta þar sem eru þekktar minjar en lítil sem engin ummerki sjást á yfirborði. Staðreyndin er nefnilega sú að þrátt fyrir að engin ummerki sjáist um minjar á yfirborði leynast oft talsverðar mannvistarleifar undir sverði eða sandi eins og oft er raunin í Þjórsárdal. Þetta er orsökinn fyrir því að skilgreina má allt það svæði sem fellur innan marka gamalla heimatúna sem sérstakt hættusvæði þar sem fornleifar eru hvergi eins þéttar og einmitt þar, þrátt fyrir að lítil ummerki sjáist oft á yfirborði. Það má því minna á það að ekki sé farið í framkvæmdir á slíkum stöðum án samráðs við Minjastofnun Íslands. Að lokum má minna á 22. og 23. grein laga um menningarminjar en þar segir: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Ennfremur segir: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.“

Heimildir

Ágúst Guðmundsson. 1996. *Ofan Hreppafalla. Árbók Ferðafélags Íslands 1996*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Baldvin Einarsson. 1984. „Lýsing á Sprengisandi,“ *Ný félagsrit, gefin út af nokkrum Íslendingum. Áttunda ár. (Ný félagsrit 1848)*, bls. 53-66.

Berson, Bruno. 2001. „Report on investigations of medieval byres in Þjórsárdalur 2001“. *Archaeological investigations Þjórsárdalur 2001. FS181-00041*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, bls. 21-31.

Birgir Sigurðsson. 1966. „Á refaveiðum.“ *Tíminn Sunnudagsblað*. 27. tölublað 31.07.1966, bls. 636-642.

Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi III. (Bsk). Kaupmannahöfn 18581878.

Biskupa sögur II. 2003. Jónar Kristjánsson ritstjóri. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Bjarni F. Einarsson. 1999. *Fornleifaskráning í Þjórsárverum. Skráning vegna mats á umhverfisáhrifum*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2001. *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Skriðufellis í Gnúpsverjabreppi í Árnessýslu*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2002. *Fornleifaskráning við Þjórsá vegna mats á umhverfisáhrifum Núpsvirkjunar. LV-2002/089*. Reykjavík: Landsvirkjun og Fornleifafræðistofan.

Bjarni F. Einarsson. 2017. *Fornleifaskráning í Þjórsárdal við sundlaugina í Reykholti vegna skipulags*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Bjarni Harðarson. 2001. **(LFP)**. *Landið, fólkid og þjóðtrúin. Árnessýsla*. Selfoss: Sunnlenska bókaútgáfan.

Björn Lárusson. 1967. *The old Icelandic land registers*. W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University.

Bragi Sigurjónsson. 1984. *Göngur og réttir. II bindi. Árnessýsla og Mýrarsýsla. (GR II)*. Akureyri: Skjaldborg.

Bruun, Daniel. 1897. *Fortidsminder og Nutidshjem paa Island. Orienterende Undersøgelser Foretagne i 1896*. København: Nordiske Forlag.

Brynjúlfur Jónsson. 1870. „Um þriðjungamót í Rangárþingi o.s.fr. (Framhald).“ *Tímarit gefið út af Jóni Péturssyni, 2. bindi*: bls. 92-114.

Brynjúlfur Jónsson. 1885. „Um Þjórsárdal.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1884-1885*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 38-60.

Brynjúlfur Jónsson. 1894. „Rannsóknir í ofanverðu Árnessþingi 1893.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1894*: bls. 1-15.

Brynjúlfur Jónsson. 1897. „Athugasemdir um Þjórsárdal.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1897*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 20-21.

Brynjúlfur Jónsson. 1904. „Fornleifafundur í Fossnesi 1903.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1904*: bls. 23-24.

Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnessþingi sumarið 1904 (að nokkru leyti áður undirbúin).“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905*: bls. 1-51.

Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. (DI) 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Dugmore, A.J., Church, M.J., Mairs, K-A, McGovern, T.H., Perdikaris, S. and Vésteinsson, O. 2007. „Abandoned Farms, Volcanic Impacts, and Woodland Management: Revisiting Þjórsárdalur, the “Pompeii Of Iceland”“. *Arctic Anthropology 44(1)*: bls. 1-11.

Eva Kristín Dal og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2015. *Friðlýstar minjar á Suðurlandi: skráningarátak. FS570-14171*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Friðgeir Sófus Sigurmundsson. 2011. *Hnignun skóg- og kjarlendis í Þjórsárdal frá 1587 til 1938 og ástæður hennar*. Óbirt MA ritgerð, Líf- og Hugvísindadeild Háskóla Íslands.

Friðlýsingarskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands: Reykjavík.

Gísli Gestsson og Jóhann Briem. 1954. „Byggðarleifar í Þjórsárdal.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1954*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 5-22.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár*. Árbók Ferðafélags Íslands. 1956. (**ÁFÍ 1956**). Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2004. *Gripir úr Þjórsárdal*. Óbirt MA ritgerð, Sagnfæðideild Háskóla Íslands.

- Hallgrímur Jónasson. 1967. *Árbók Ferðafélags Íslands 1967*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Hansen, Steffen Stummann og Orri Vésteinsson. 2002. *Archaeological investigations Þjórsárdalur 2001. FS181-00041*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Hansen, Steffen Stummann. 2005. *Islands Pompeji: Den fællesskandinaviske arkæologiske ekspedition til Þjórsárdalur i 1939*. Kaupmannahöfn: Nationalmuseet København.
- Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2019. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Íslensk fornrit*. I-XVII. bindi. (**ÍF**): Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1935-2002.
- Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri, I.-VI. bindi*. 1961. (**ÞJÁ**). Jón Árnason safnaði. Ný útg. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (JÁM)*. 1913-1917. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller and Hið íslenska fræðafjelag.
- Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. (**JJ**). Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].
- Jóhanna Jóhannsdóttir. 2000. „Verður Landsvirkjun þriðja plágan?“ *Morgunblaðið*. 175. tölublað 03.08.2001, bls. 25.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Gauti Jónsson. „Ódáðahraunsvegur hinn forni.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 129-147.
- Jón Gísli Högnason. 1983. *Gengnar leiðir*. 1. bindi. Akureyri: Bókaforlag Odds Björnssonar.
- Jón Ófeigsson. 1926. (**ÁFÍ 1928**). *Þjórsárdalur*. *Árbók Ferðafélags Íslands*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.
- Jónas Kristjánsson. 2011. *Þúsund og ein þjóðleið*. Reykjavík: Sögur.
- Kálund, Kristian. 1984. *Íslenskir sögustaðir. Sunnlendingafjórðungur I. (KK)*. Reykjavík: Örn og Örlygur.
- Kristján Eldjárn. 1950. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum. Viðauki eftir Sigurð Þórarinsson.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1949-50*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 102-199.

Kristján Eldjárn. 1961. „Bær í Gjáskógum í Þjórsárdal.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1961. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 7-46.

Kristján Eldjárn. 1967. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1966.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1967*: bls. 125-140.

Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum síð á Íslandi. (KEKH 2000)*. 2. útgáfa. Adolf Friðriksson (ritsjóri). Reykjavík: Mál og menning.

Landsbókasafn Íslands. (**Hkort**). Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Lucas, Gavin og Uggi Ævarsson. 2017. *Archaeological investigations at Sandártunga, Þjórsárdalur 2017*. Reykjavík: Háskóli Íslands og Minjastofnun Íslands.

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Slóðin er: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Minjastofnun Íslands. 2018. *Minjavefsjá. Landupplýsingar Minjastofnunar Íslands*. Slóðin er: <https://www.map.is/minjastofnun/>

Minjastofnun Íslands. 2020. *Menningarlandslag Þjórsárdals. Friðlýsing*. Slóðin er: <https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Fridlysing-Thjorsardals-rokstudningur-og-vidhengi.pdf>

Orri Vésteinsson og fl. 2001. *Archaeological investigations in Þjórsárdalur. FS181-00041*. Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2019. Þjórsárdalur: Skráning fornminja úr lofti. FS716-18101. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020a. *Deiliskráning við Búrfell í Þjórsárdal: Gerð reið- og göngubrúar yfir Þjórsá*. FS792-20141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020b. *Deiliskráning við Sultartanga*. FS806-20271. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. [væntanleg 2021] Öskuhaugarnir á Bergsstöðum í Þjórsárdal. *Fornleifarannsókn*. FS822-20061.

Ragnheiður Traustadóttir. 1995. *Greinargerð vegna umhverfismats: Fyrirhugað vegarstæði um Gauksböfða í Þjórsárdal 23. nóvember 1995*. Reykjavík: Fornleifanefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. I-VI. (**StSÍ**). 1856-1939. Kaupmannahöfn: Hið

íslenska bókmenntafélag.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. Slóðin er: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=694375>

Sigurður Guðmundsson. 1868. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík I*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Sigurður Þórarinnsson. 1949. „Örlög byggðarinnar á Hrunamannafrétti í ljósi öskulagarannsókna.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1943–48. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 44–65.

Sigurður Þórarinnsson. 1968. *Heklueldar*. Reykjavík: Sögufélagið.

Steinar Pálsson. 1990. „Leit eftir förum – náttstaðir á Gnúpverjafrétti.“ *Árnesingur. Rit I*: bls. 165–174.

Steinþór Gestsson. 2004. „Fjárleitir og fjallkóngar í Gnúpverjahreppi.“ *Árnesingur. Rit VI*: bls. 121–172.

Stenberger, Mártin ed. 1943. *Fornatida gærdar I Island*. Kaupmannahöfn: Einar Munksgaard.

Sturlunga saga. I.–II. bindi. 1946. (**Sturl**). Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Sunnlenskar byggðir. Tungur, Hreppar, Skeið. (SB) 1980. I bindi. [Án útgáfustaðar]: Búnaðarsamband Suðurlands.

Sveinbjörn Rafnsson. 1977. „Sámsstaðir í Þjórsárdal.“ Árbók hins íslenska fornleifafélags 1976. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja: bls. 39–120.

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843. Árnessýsla. 1979. (**SSÁ**). Reykjavík: Sögufélag.

Uggi Ævarsson og Rúnar Leifsson. *Hrosskuml í Hólaskógi – kuml 3*. Uppgraftarskýrsla. 2018. Minjastofnun Íslands, í vinnslu.

Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson. 1989. „Stöng og Þjórsárdalur-bosættelsens ophör.“ *Hikuin 15*: bls. 75–102.

Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson. 1996. „Ved helvedets port.“ *Skalk 4*: bls 11–15.

Vilhjálmur Ö. Vilhjálmsson. 2009. Úrvinnsla úr niðurstöðum fornleifarannsókna á Stöng í

Þjórsárdal. Áfangaskýrsla fyrir 2009. Án útgáfustaðar Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson.

Þorsteinn Erlingsson. 1899. *Ruins of the Saga Time: Being an Account of Travels and Explorations in Iceland in the Summer of 1895*. London: D. Nutt.

Þorvaldur Þoroddsen. 1905. *Landskjálftar á Íslandi*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Þór Magnússon. 1979. „Fornkuml í Hólaskógi í Þjórsárdal.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1979*: bls. 91-96.

Óprentaðar heimildir:

Þjóðskjalasafn Íslands

Landamerkjabréf: Árnassýsla – Landamerkjabók 1883-1949. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Túnakort 1919/1920: Túnakort Skeiðahrepps & Gnúpverjahrepps. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: <http://testbirting.mannatal.is/>

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

AM 262 4to: *Máldagar Skálholtskirkju*, 1590-1610. Kaupmannahöfn og Reykjavík: Arnamagnæanske samling

Ö-Afréttur Gnúpverja: Örnefnaskrá Afréttar Gnúpverjahrepps. Án ártals. Þorsteinn Bjarnason skráði.

Ö-Ásólfstaðir BG: Örnefnaskrá Ásólfstaða. 1980. Böðvar Guðmundsson skráði.

Ö-Flóa- og Skeiðamannaafréttur: Örnefnaskrá Flóa- og Skeiðamannaafréttar. Án ártals. Þorsteinn Bjarnason skráði.

Ö-Fossnes BJ: Örnefnaskrá Fossness. Án ártals. Brynjólfur Jónsson skráði.

Ö-Fossnes ÞG: Örnefnaskrá Fossness. Án ártals. Þorsteinn Bjarnason skráði.

Ö-Hagi BJ: Örnefnaskrá Haga. Án ártals. Brynjólfur Jónsson skráði.

Ö-Hagi HG: Örnefnaskrá Haga. 1977. Haraldur Georgsson skráði.

Ö-Hagi PB: Örnefnaskrá Haga. Án ártals. Þorsteinn Bjarnason skráði.

Ö-Skriðufell Aths JÓ: Skriðufell. Athugsemdir. Án ártals. Jóhann Ólafsson skráði.

Ö-Skriðufell Aths LP: Skriðufell. Athugsemdir. 1979. Lýður Pálsson skráði.

Ö-Skriðufell BG: Örnefnaskrá Skriðufells. 1976. Böðvar Guðmundsson skráði.

Ö-Skriðufell BJ: Örnefnaskrá Skriðufells. 1980. Björn Jóhannsson skráði.

Ö-Skriðufell PB: Örnefnaskrá Skriðufells. Án ártals. Þorsteinn Bjarnason skráði.

Heimildamenn:

Böðvar Guðmundsson.	Ásólfstaðir og Þjórsárdalur.
Bergur Þór Björnsson.	Skriðufell og Þjórsárdalur.
Jóhanna Jóhannsdóttir.	Hagi
Jóhannes H. Sigurðsson.	Ásólfstaðir.
Sigrún Bjarnadóttir.	Fossnes
Sigrún Guðlaugsdóttir.	Hagi

Viðauki I: hnitaskrá í ISN93

Samtala	northing	easting
263001	453305486	401492661
263002 1	456587451	403693509
263002 2	456629929	403708956
263002 3	456528224	403705783
263002 4	456730652	403747396
263003 1	457151795	404892190
263003 2	457081925	404859256
263003 3	457137324	404862627
263003 4	457101499	404858977
263004	457873483	406371057
263005 1	453795700	401568597
263005 2	453804508	401571935
263005 3	453812092	401557848
263005 4	453820985	401605144
263005 4	453803443	401548549
263005 5	453875909	401561658
263005 6	453859118	401585781
263005 7	453836827	401594692
263006 1	456702732	408157605
263006 2	456720992	408164077
263007	453291799	401437602
263008	455003194	402400809
263009	457830550	406285695
263010 1	457063121	408518283
263010 2	457072919	408529061
263010 3	457073743	408518906
263012	453358605	401485045
263013	453311445	401449003
263014	453298598	401330272
263015	452982594	401740956
263016	453402958	401603625
263018 1	453208329	402322158
263018 2	453076474	402201167
263018 3	453137346	402318324
263018 4	453216301	402553978
263019 1	453656462	401594780
263019 2	453624096	401602036
263019 3	453676661	401624109
263019 4	453689602	401600053

Samtala	northing	easting
263021	453251630	401647981
263022	455144068	403645090
263023	455016734	402410207
263024	455073669	403073008
263027	453015686	400336239
263028	455349695	402263931
263030	454310336	401445163
263031	454436166	401575413
263032	453410614	401583190
263033 1	453084668	401115694
263033 2	453096954	401203847
263034	455112588	403217829
263035	453579931	401605401
263036	452865658	401409065
263037	453275791	401509642
263038	453280611	401482269
263039 1	453193350	401846266
263039 2	453183598	401830454
263039 3	453190784	401851003
263040	453469594	401552471
263041	452891832	401724984
263042	455182515	402074153
263043	453093274	399777942
263044 1	453595992	401339869
263044 2	453590217	401331967
263044 3	453581819	401333776
263045	453300327	401482353
263046	453248601	401574387
263047	452733646	400940609
263049 1	457223628	408367410
263049 2	456988124	408370300
263049 4	456957266	408389041
2630493	456965967	408387010
263051	453109665	401110407
263052	453293480	399503853
264001	452018537	400821019
264002	452438286	401816807
264003 2	451593154	400740730
264003 1	451576681	400712633

Samtala	northing	easting
264003 3	451586925	400673964
264003 4	451615631	400669542
264003 5	451591443	400666042
264004	452599701	402436555
264005	453002624	403373372
264005 6	451563627	400728904
264006	452457627	402687189
264007	452543179	401044828
264008	452066841	400836194
264009	452033048	400761531
264010	451991175	400762701
264011	451880683	400704709
264012	451861102	400703961
264013	451991566	400868322
264014	451802923	399972502
264015	451014668	398935840
264016	451933183	399995909
264017	452068112	400714922
264018	452020828	400798429
264020	452180157	400930639
264021	451989759	400835260
264022	452521210	402030797
264023 1	452404567	402815090
264023 2	452283585	402172808
264023 3	452466443	401614507
264024	451216121	399294599
264025	452038162	400390971
264027 1	451079530	399544570
264027 2	451114544	399520450
264028	453008574	403398746
264029	452420194	401718691
264030	451981383	400711414
264032	451930622	400727152
264033	452293973	401212495
264034	450965916	398864458
265001	447760272	396476629
265003	447809981	396367514
265004	450082442	397579970
265005	449586284	397206570
265006	449747834	397392271
265007	450359209	397867118
265008	448776824	396947943
265009	448566294	396672494

Samtala	northing	easting
265010	450057209	397767044
265011	447837914	396469250
265012	447786044	396376343
265013	447801718	396383594
265014	447817384	396343289
265015	447848206	396367502
265016	447870487	396261674
265017	447894137	396461555
265020	447841563	396407409
265021	448150930	396445756
265022	448346642	396470669
265023	447759028	396447569
265024	447747317	396430717
265025	447737094	396550598
265026	447784336	396568935
265027	447667550	396435073
265028	447099605	398074445
265029	450095567	397563862
265030	449781471	397050225
265031	450236828	397686961
265033	445831483	396221077
265034	448685090	396767950
265035	449515409	397226456
265036	446094042	396066066
265037	446373783	396060438
265040	447389432	396558249
265041	447545892	396091858
265042	447737181	395908060
265043	446677894	396060314
265045	446453017	397089806
265046	446904097	397567982
265048	450951496	398794174
265049	446986473	396265450
265050	447406838	395889251
265051	446548447	395592793
265052	445472492	395245140
265053	447273248	397690435
265054	446825251	396818074
265055	446645814	396764746
265056	446535933	396704364
265057	447637080	396532194
265058	447676429	396495722
266001	445782110	397172754

Samtala	northing	easting
266002 1	446884212	398792314
266002 2	446759883	398870888
266002 3	446735536	398856860
266002 4	446762634	398820906
266004	445761348	397162209
266005	445745908	397158855
266006	445716729	397130132
266007	445861996	397221572
266008	445897832	397108591
266009	444957823	396859850
266010	448375814	399619710
266011	448335539	399719453
266012	445991672	398967578
266012 2	446380784	399423085
266013	445527977	397549666
266014	445659586	397192940
266015	445159916	397171503
266016	445303072	396271679
266017	445635730	396365044
266018	445683445	396483441
266019	445722234	397008147
266020	445754839	397103921
266021	445921198	397123113
266022	446490303	398738018
266023	445627253	396543067
266024	445713566	396283706
266025	445938179	397382089
266026 1	445702954	397005770
266026 2	445836809	396931836
266027 1	445480773	396850024
266027 2	445558652	396977830
266027 3	445568703	397003437
266028	445641005	396843084
266029	444926809	396758722
266030 1	445375371	395984609
266030 2	445424594	396025645
266031	446608390	398504127
266032 1	445592284	397525152
266032 2	445570587	397514700
266032 3	445605989	397486777
266033	445356103	397647140
266033 2	445620773	397425623
266034	445599780	398324738


Samtala	northing	easting
266035	445615139	397739041
266036	446783688	398033894
266037	447967050	399960694
266037	446175995	397611536
671002 1	469911452	409673164
671002 2	463126884	404906079
671002 3	463149276	404872110
671002 4	462981512	404886814
671002 5	462810257	404821384
671002 6	462572052	404746435
671002 7	462464437	404741951
671002 8	462419701	404713566
671002 9	462286429	404767619
671002 10	461893925	404863572
671002 17	466844742	407139747
671002 18	468985288	408693196
671002 19	469082273	408815150
671002 20	470825087	410038374
671002 21	471203473	410131593
671002 22	471530054	410222002
671002 23	472252557	410596995
671002 24	454830041	402066967
671003	453016983	401253505
671029	448240303	399742050
671029	448039983	398570940
671030	461166661	405431619
671030	454179141	401094667
671032	452614011	402444112
671034 1	446474009	398675280
671034 1	445481767	397639103
671041	453001320	401120047
671042	445657966	397088627
671052 2	451879372	400003728
671052 4	445890722	396201810
671052 4	445869904	396180097
671052 9	445865372	396218821
673001 1	463460156	405615029
673001 2	463482015	405598073
673001 3	463504839	405608751
673001 4	463513742	405584102
673002 1	459929287	402273877
673002 2	459902631	402255516
673003 1	462469870	404745.57

Samtala	northing	easting
673003 2	462510717	404755136
673003 3	462508728	404771517
673003 4	462559708	404732003
673003 5	462500939	404722881
673004 1	459348629	400348442
673004 2	459362300	400336850
673004 3	459415084	400275508
673005 1	465072158	406820080
673005 2	465042030	406808940
673005 3	465062255	406756496
673006	463319382	406635202
673007 1	463098570	407085044
673007 2	463060590	407086138
673008	464937283	406698153
673009 1	461908972	404697297
673009 2	461886512	404705060
673009 3	461877826	404693908
673009 4	461861849	404696589
673009 5	461930368	404688333
673010	468892816	408568484
673028	467381970	407577216
673029 1	469014259	408946028
673029 2	468961854	408739577
673032	469040894	408805734
673033	467085736	407568716
673035 1	464666384	409601486
673035 2	464654938	409596521
673035 3	464667400	409609794
673035 4	464687338	409628922
673035 5	464695219	409658973
673035 6	464708437	409644373
673038	463176937	408043695
673052 1	452470351	399975738
673093	458613974	401407254
673094	460305684	405215625
673095	460252800	397431866
673096	463681269	405795729
673097 1	464150380	405440043
673097 2	464142838	405440735
673098	460823630	399126152
673099 1	463589921	405387608
673099 2	463576078	405386204
673100	461951845	407119445

Samtala	northing	easting
673101	463379636	405590748
673102	467055423	407441393
673103 1	463703102	404851709
673103 2	463685267	404850636
673103 3	463701295	404841845
673103 4	463720830	404852690
673103 5	463722935	404845743
673103 6	463716344	404835611
673103 7	463742178	404840475
673104	463761667	404927867
673105	463640290	404971105
673106	463408468	404853070
673108	459991131	402286331
673110	464108500	405415754
673111	458582763	395429313
673112	457936764	395330029
673113	462447540	407045569
673114	465033271	405942423
673116	459624347	401962952
673117	463566135	405029255
673118	462112041	396601903
673121	466618067	411850229
673122	459765005	400987570
673123	459521397	401004172
673124	460185300	400947018
673125	460905054	401026452
673126	459444063	401091807
673127	459487475	400906646
673128	459524309	400976667
753008	457606561	408993758
753013 1	464113561	410044040
753013 2	464154535	410076290
753013 3	463975906	410110229
753013 4	464044951	409954664
753013 5	464113.36	410071650
753013 6	464121596	410078124
753014 1	460463833	406809925
753014 2	460491741	406858569
753014 3	460537592	406767330
753014 4	460535926	406751676
753014 5	460394372	406709752
753014 6	460407506	406742401
753014 7	460504161	406904949

Samtala	northing	easting
753014 8	460514931	406954999
753015	458555294	404545255
753016	459077157	404825385
753017	460417119	409094576
753018 1	461833953	407869151
753018 2	461838394	407900244
753018 3	461834392	407885450
753018 4	461828160	407920793
753018 5	461827342	407937961
753019	459526202	408977213
753019 2	459549385	409000194
753019 3	459574665	409039357
753027	460028993	408810979
753029 1	461975598	407988200
753029 2	462017333	408155824
753031	458576436	401472723
753032	458486584	401386909
753039 1	456510547	399628984
753039 2	456417675	399604044
753039 3	456449387	399688894
753039 4	456582934	399649001
753039 5	456606932	399618770
753039 6	456586518	399612069
753039 7	456549391	399605612
753039 8	456547005	399537620
753039 9	456541059	399625422
753041 1	458768423	401016575
753041 2	458764847	401015520
753041 3	458769596	401011906
753042	458800931	400906912
753043	458832707	400950443
753049	454774309	398773422
753050	456278696	400375559
753051	456124688	400293328
753052 1	455740602	399793214
753052 2	455724515	399810476
753052 3	455745722	399788804
753053	454887545	398830291
753054	455064876	399267714
753054 2	455211730	399391023
753055 1	455421703	399605070
753055 3	455333735	399503801

Viðauki II: Minjakort



Kort 2: Suðurhluti Fosness ÁR-266



Kort 3: Miðhluti Fossness ÁR-266



Skýringar


- Fornleifar
- ▨ grjót
- - - leið
- ▤ þúst
- ▭ bæjarhóll
- ▭ Landamerki
- torf



Kort 4: Norðurhluti Fossness ÁR-266




- Skýringar
- Fornleifar
 - - - leið
 - ▭ bæjarhóll
 - torf
 - ▨ grjót
 - ▭ þúst
 - ▭ Landamerki



0 100 200 300 400 m

© Loftmyndir ehf

Kort 5: Heimatún Fossness
 ÁR-266








Kort 8: NA-hluti Haga ÁR-265





Kort 9: Heimatún Haga ÁR-265









Kort 11: Norðurhluti Ásólfstaða ÁR-264.

Skýringar

- Fornleifar
- - - leið
- ▭ bæjarhóll
- ▭ torf
- ▨ grjót
- ▭ þúst
- ▭ Landamerki
- - - Friðlýst svæði


©Loftmyndir ehf







Kort 14: Miðhluti Skriðufells
ÁR-263.




Kort 15: Norðurhluti Skriðufells ÁR-263.




Kort 16: Heimatún Skriðufells ÁR-263.




Kort 17: Minjar á afreitti ÁR-753.




Kort 18: Minjar á afréttum ÁR-673 og ÁR-753.




Kort 19: Minjar á afreittum ÁR-673 og ÁR-753.






Kort 21: Minjar á afrétti ÁR-673.




Kort 22: Minjar á afrétti ÁR-673.



Kort 23: Minjar á afreittum ÁR-673 og
 ÁR-753.




Kort 24: Minjar á afréttum ÁR-673 og ÁR-753.



©Loftmyndir ehf

Kort 25: Minjar á afrétti ÁR-673.



Kort 26. Minjar á afrétti ÁR-753.

